5. gr.

Öll þau félög og stofnanir, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og tekjuskattskyld eru skv. ákvæðum þeirra laga, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem nemur 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að viðbættum þeim varasjóðstillögum sem heimiluð hafa verið til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna á því ári skv. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess félags eða stofnunar er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 6. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innstæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innstæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja innstæður á reikningum þeim sem hér um ræðir. Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað frávik frá þessu.

6. gr.

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979

til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

7. gr.

Skyldusparnaður skv. 5. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innstæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

## V. KAFLI

### Um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. l. nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

9. gr.

1. og 2. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1977, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 19. febrúar 1978 en 16% tímabilið 20. febrúar til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

10. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið lækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 20. febrúar 1978, skv. 1. gr. laga þessara, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 20. febrúar 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 20. febrúar 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 20. febrúar 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu hins lægra vörugjalds.

Af vöru, sem með leyfi tollyfirvalda hefur verið afhent innflytjanda fyrir 20. febrúar 1978 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða það vörugjald, sem greiða bar af vörunni fyrir 20. febrúar 1978.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

## VI. KAFLI

### Um ríkisframkvæmdir og lántöku.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 er heimilt að lækka fjárveitingar skv. 4. gr. laganna um 1 000 millj. kr. hvort sem er framkvæmda- eða rekstrarliði.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði töluliðar XLIX í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978 skal fjármálaráðherra heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 4 600 m.kr. á árinu 1978.

## VII. KAFLI

### 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma III. og IV. kafli til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda til ríkissjóðs fyrir skattárið 1977.

*Gjört í Reykjavík 17. febrúar 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1978

24. febrúar 1978. 7 Nr. 4.

# LÖG

## um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um ræðissamband sem gerður var í Vínarborg 24. apríl 1963 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og að viðbótarbókunum varðandi ríkisborgararétt og skyldubundna lausn deilumála.

Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

**2. gr.**

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi konungsúrskurður um réttindi ræðismanna annarra ríkja frá 25. apríl 1821 og konungsúrskurður um réttindi útlendra ræðismanna frá 5. ágúst 1834.

*Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**Fylgiskjal I.**

| VÍNARSAMNINGURINN UM RÆÐISSAMBAND | VIENNA CONVENTION ON CONSULAR RELATIONS |
|---|---|
| **Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum** | **The States Parties to the present Convention,** |
| **minna** á að ræðissamband hefur frá fornu fari tíðkast milli þjóða, | **Recalling** that consular relations have been established between peoples since ancient times, |

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

**hafa í huga** markmið og grundvallarreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi jafnræði fullvalda ríkja, varðveislu friðar og öryggis í milliríkjasamskiptum og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða í milli,

**hafa hliðsjón af því** að ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um stjórnarsamskipti og friðhelgi samþykkti Vínarsamninginn um stjórnmálasamband sem lagður var fram til undirritunar 18. apríl 1961,

álíta að alþjóðasamningur um ræðissamband, forréttindi og friðhelgi muni einnig stuðla að eflingu vinsamlegra samskipta þjóða í milli hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er,

**eru þeirrar skoðunar** að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að ívilna einstaklingum heldur að tryggja árangursríka framkvæmd á störfum ræðisstofnana á vegum ríkja sinna,

staðfesta að venjureglur þjóðaréttarins gilda áfram um þau atriði er ákvæði samnings þessa taka ekki ótvírætt til,

**gera samkomulag** um það sem fer hér á eftir:

**Having in mind** the Purposes and Principles of the Charter of the United Nations concerning the sovereign equality of States, the maintenance of international peace and security, and the promotion of friendly relations among nations,

**Considering** that the United Nations Conference on Diplomatic Intercourse and Immunities adopted the Vienna Convention on Diplomatic Relations which was opened for signature on 18 April 1961,

Believing that an international convention on consular relations, privileges and immunities would also contribute to the development of friendly relations among nations, irrespective of their differing constitutional and social systems,

Realizing that the purpose of such privileges and immunities is not to benefit individuals but to ensure the efficient performance of functions by consular posts on behalf of their respective States,

Affirming that the rules of customary international law continue to govern matters not expressly regulated by the provisions of the present Convention,

**Have agreed** as follows:

## 1. gr.
## Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum skulu neðangreind heiti hafa þessa merkingu:

a) „ræðisstofnun“ er sérhver aðalræðisskrifstofa, ræðisskrifstofa, vararæðisskrifstofa eða umboðsræðisskrifstofa;

b) „ræðisumdæmi“ er það landsvæði þar sem ræðisstofnun er ætlað að inna af hendi ræðisstörf;

c) „forstöðumaður ræðisstofnunar“ er maður sem hefur verið falið að gegna slíkri stöðu;

d) „ræðiserindreki“ er hver sá sem falið hefur verið sem slíkum að framkvæma ræðisstörf, og er þar með talinn forstöðumaður ræðisstofnunar;

## Article 1
## Definitions

1. For the purposes of the present Convention, the following expressions shall have the meanings hereunder assigned to them:

a) "consular post" means any consulate-general, consulate, vice-consulate or consular agency;

b) "consular district" means the area assigned to a consular post for the exercise of consular functions;

c) "head of consular post" means the person charged with the duty of acting in that capacity;

d) "consular officer" means any person, including the head of a consular post, entrusted in that capacity with the exercise of consular functions;

e) „ræðisstarfsmaður“ er hver sá sem er ráðinn til að vinna skrifstofu- eða tæknistörf hjá ræðisstofnun;

f) „þjónustustarfsmaður“ er hver sá sem er ráðinn til að vinna heimilisstörf hjá ræðisstofnun;

g) „starfsmenn ræðisstofnunar“ eru ræðiserindrekar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn;

h) „ræðisstarfslið“ er ræðiserindrekar, að undanskildum forstöðumanni ræðisstofnunar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn;

i) „einkaþjónustustarfsmaður“ er sá sem er ráðinn eingöngu í einkaþjónustu starfsmanns ræðisstofnunar;

j) „ræðisstofnunarsvæði“ er þær byggingar eða hlutar bygginga og tilheyrandi lóð sem nýtt er eingöngu í þágu ræðisstofnunar hver svo sem eigandinn er;

k) „ræðisskjalasafn“ er öll blöð, skjöl, bréf, bækur, kvikmyndir, segulbönd og skrár ræðisstofnunar ásamt dulmáls- og merkjamálsgögnum, spjaldskrám og hvers kyns húsmunum sem ætlaðir eru til að hlífa þeim og varðveita.

2. Ræðiserindrekar skiptast í tvo flokka, þ. e. sendiræðiserindreka og kjörræðiserindreka. Ákvæði 2. kafla samnings þessa taka til ræðisstofnana sem sendiræðiserindrekar veita forstöðu en ákvæði 3. kafla til ræðisstofnana undir stjórn kjörræðiserindreka.

3. Um hina sérstöku stöðu þeirra starfsmanna ræðisstofnana sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða hafa þar fasta búsetu gilda ákvæði 71. greinar samnings þessa.

e) “consular employee” means any person employed in the administrative or technical service of a consular post;

f) “member of the service staff” means any person employed in the domestic service of a consular post;

g) “members of the consular post” means consular officers, consular employees and members of the service staff;

h) “members of the consular staff” means consular officers, other than the head of a consular post, consular employees and members of the service staff;

i) “member of the private staff” means a person who is employed exclusively in the private service of a member of the consular post;

j) “consular premises” means the buildings or parts of buildings and the land ancillary thereto, irrespective of ownership, used exclusively for the purposes of the consular post;

k) “consular archives” includes all the papers, documents, correspondence, books, films, tapes and registers of the consular post, together with the ciphers and codes, the card-indexes and any article of furniture intended for their protection or safekeeping.

2. Consular officers are of two categories, namely career consular officers and honorary consular officers. The provisions of Chapter II of the present Convention apply to consular post headed by career consular officers; the provisions of Chapter III govern consular posts headed by honorary consular officers.

3. The particular status of members of the consular posts who are nationals or permanent residents of the receiving State is governed by Article 71 of the present Convention.

## I. KAFLI
## RÆÐISSAMBAND ALMENNT

### I. þáttur.
### Upptaka og meðferð ræðissambands.

**2. gr.**
**Upptaka ræðissambands.**

1. Upptaka ræðissambands milli ríkja fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

2. Samþykki sem veitt er til upptöku stjórnmálasambands milli tveggja ríkja felur jafnframt í sér samþykki til upptöku ræðissambands nema annað sé tekið fram.

3. Slit stjórnmálasambands skal ekki sjálfkrafa hafa í för með sér slit ræðissambands.

**3. gr.**
**Framkvæmd ræðisstarfa.**

Ræðisstofnanir inna af hendi ræðisstörf. Sendiráð annast einnig slík störf í samræmi við ákvæði samnings þessa.

**4. gr.**
**Opnun ræðisstofnunar.**

1. Ræðisstofnun má eigi koma á fót í landi viðtökuríkisins nema með samþykki þess.

2. Sendiríkið skal ákveða aðsetur ræðisstofnunar, stig hennar og umdæmi, en samþykki viðtökuríkisins er áskilið.

3. Breytingar á aðsetri ræðisstofnunar, stigi hennar eða umdæmi má sendiríkið eigi gera nema með samþykki viðtökuríkisins.

4. Samþykki viðtökuríkisins þarf einnig til að koma ef aðalræðisskrifstofa eða ræðisskrifstofa vill opna vararæðisskrifstofu eða umboðsræðisskrifstofu annars staðar en þar sem hún sjálf hefur aðsetur.

5. Ótvírætt fyrirframsamþykki viðtökuríkisins er líka nauðsynlegt til þess

## CHAPTER I
## CONSULAR RELATIONS IN GENERAL

### Section I
### Establishment and conduct of consular relations.

**Article 2**
**Establishment of consular relations.**

1. The establishment of consular relations between States takes place by mutual consent.

2. The consent given to the establishment of diplomatic relations between two States implies, unless otherwise stated, consent to the establishment of consular relations.

3. The severance of diplomatic relations shall not **ipso facto** involve the severance of consular relations.

**Article 3**
**Exercise of consular functions.**

Consular functions are exercised by consular posts. They are also exercised by diplomatic missions in accordance with the provisions of the present Convention.

**Article 4**
**Establishment of a consular post.**

1. A consular post may be established in the territory of the receiving State only with that State's consent.

2. The seat of the consular post, its classification and the consular district shall be established by the sending State and shall be subject to the approval of the receiving State.

3. Subsequent changes in the seat of the consular post, its classification or the consular district may be made by the sending State only with the consent of the receiving State.

4. The consent of the receiving State shall also be required if a consulate-general or a consulate desires to open a vice-consulate or a consular agency in a locality other than that in which it is itself established.

5. The prior express consent of the receiving State shall also be required for

að opna skrifstofu sem telst hluti ræðisstofnunar, en er ekki á aðsetursstað hennar.

5. gr.
**Ræðisstörf.**

Ræðisstörf eru fólgin í því:

a) að gæta hagsmuna sendiríkisins og ríkisborgara þess, jafnt einstaklinga sem lögaðila, í viðtökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðarétturinn setur;

b) að stuðla að aukningu viðskiptalegra, efnahagslegra, menningarlegra og vísindalegra samskipta sendiríkisins og viðtökuríkisins og efla með öðrum hætti vinsamleg samskipti þeirra í samræmi við ákvæði samnings þessa;

c) að afla með öllum löglegum ráðum upplýsinga um ástand og þróun viðskipta-, efnahags-, menningar- og vísindamála í viðtökuríkinu, gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um þessi efni og skýra einstaklingum, sem þess óska, frá þeim;

d) að gefa út vegabréf og ferðaskilríki til handa ríkisborgurum sendiríkisins, og staðfestingaráritanir eða nauðsynleg skilríki til handa þeim, sem ætla að ferðast til sendiríkisins;

e) að veita ríkisborgurum sendiríkisins, jafnt einstaklingum sem lögaðilum, aðstoð og fyrirgreiðslu;

f) að koma fram sem notarius publicus og skráningarstjóri eða gegna svipuðum störfum, og annast viss stjórnsýslustörf, enda sé þetta í engu andstætt lögum og reglum viðtökuríkisins;

g) að gæta hagsmuna ríkisborgara sendiríkisins, einstaklinga jafnt sem lögaðila, vegna arfstæmingar í viðtökuríkinu, og þá í samræmi við lög og reglur viðtökuríkisins;

h) að vernda, innan þeirra takmarka, sem lög og reglur viðtökuríkisins setja, hagsmuni þeirra, sem eigi hafa náð lögaldri, og annarra manna, sem skortir fullt gerhæfi og eru ríkisborgarar sendi-

the opening of an office forming part of an existing consular post elsewhere than at the seat thereof.

Article 5
**Consular functions.**

Consular functions consist in:

a) protecting in the receiving State the interests of the sending State and of its nationals, both individuals and bodies corporate, within the limits permitted by international law;

b) furthering the development of commercial, economic, cultural and scientific relations between the sending State and the receiving State and otherwise promoting friendly relations between them in accordance with the provisions of the present Convention;

c) ascertaining by all lawful means conditions and developments in the commercial, economic, cultural and scientific life of the receiving State, reporting thereon to the Government of the sending State and giving information to persons interested;

d) issuing passports and travel documents to nationals of the sending State, and visas or appropriate documents to persons wishing to travel to the sending State;

e) helping and assisting nationals, both individuals and bodies corporate, of the sending State;

f) acting as notary and civil registrar and in capacities of a similar kind, and performing certain functions of an administrative nature, provided that there is nothing contrary thereto in the laws and regulations of the receiving State;

g) safeguarding the interests of nationals, both individuals and bodies corporate, of the sending State in cases of succession mortis causa in the territory of the receiving State, in accordance with the laws and regulations of the receiving State;

h) safeguarding, within the limits imposed by the laws and regulations of the receiving State, the interests of minors and other persons lacking full capacity who are nationals of the sending State,

ríkisins, einkum þegar þörf er á einhvers konar lögráðamennsku eða fjárhaldsmennsku fyrir slíka menn;

i) að koma fram eða útvega viðeigandi fulltrúa til að koma fram fyrir hönd ríkisborgara sendiríkisins fyrir dómstólum eða öðrum stjórnvöldum viðtökuríkisins í samræmi við venjur og reglur viðtökuríkisins, enda sé tilgangurinn sá að gera bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins í því skyni að vernda réttindi og hagsmuni þessara ríkisborgara, þegar þeir geta ekki í tæka tíð gætt réttinda sinna og hagsmuna vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum;

j) að koma réttarskjölum og utanréttarskjölum til skila eða koma réttartilmælum eða beiðnum um öflun sönnunargagna handa dómstólum sendiríkisins á framfæri og þá í samræmi við gildandi alþjóðasamninga eða á annan hátt, er samrýmist lögum og reglum viðtökuríkisins, séu alþjóðasamningar um þetta ekki til;

k) að hafa með höndum þá umsjón og það eftirlit með skipum af þjóðerni sendiríkisins, loftförum skrásettum þar og áhöfnum þeirra, sem mælt er fyrir um í lögum og reglum sendiríkisins;

l) að aðstoða skip þau og loftför, sem nefnd eru í k-lið greinar þessarar, og áhafnir þeirra, taka við skýrslum varðandi ferð skips, rannsaka og árita skipsskjöl, framkvæma rannsóknir á atburðum, sem gerðust í sjóferð, enda brjóti slík rannsókn ekki í bága við valdbeitingu stjórnvalda viðtökuríkisins, og leiða til lykta hvers kyns deilur milli skipstjóra, annarra yfirmanna og óbreyttra skipverja, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt lögum og reglum sendiríkisins;

m) að inna af hendi hvers konar önnur störf, er sendiríkið felur ræðisskrifstofu og eru ekki óheimil samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins, eða viðtökuríkið mótmælir ekki, eða fjallað er

particularly where any guardianship or trusteeship is required with respect to such persons;

i) subject to the practices and procedures obtaining in the receiving State, representing or arranging appropriate representation for nationals of the sending State before the tribunals and other authorities of the receiving State, for the purpose of obtaining, in accordance with the laws and regulations of the receiving State, provisional measures for the preservation of the rights and interests of these nationals, where, because of absence or any other reason, such nationals are unable at the proper time to assume the defence of their rights and interests;

j) transmitting judicial and extra-judicial documents or executing letters rogatory or commissions to take evidence for the courts of the sending State in accordance with international agreements in force or, in the absence of such international agreements, in any other manner compatible with the laws and regulations of the receiving State;

k) exercising rights of supervision and inspection provided for in the laws and regulations of the sending State in respect of vessels having the nationality of the sending State, and of aircraft registered in that State, and in respect of their crews;

l) extending assistance to vessels and aircraft mentioned in sub-paragraph k) of this Article and to their crews, taking statements regarding the voyage of a vessel, examining and stamping the ship's papers, and, without prejudice to the powers of the authorities of the receiving State, conducting investigations into any incidents which occurred during the voyage, and settling disputes of any kind between the master, the officers and the seamen in so far as this may be authorized by the laws and regulations of the sending State;

m) performing any other functions entrusted to a consular post by the sending State which are not prohibited by the laws and regulations of the receiving State or to which no objection is taken

um í gildandi alþjóðasamningum milli sendiríkisins og viðtökuríkisins.

6. gr.
**Framkvæmd ræðisstarfa utan ræðisumdæmisins.**

Þegar sérstaklega stendur á getur ræðiserindreki með samþykki viðtökuríkisins framkvæmt störf sín utan ræðisumdæmis síns.

7. gr.
**Framkvæmd ræðisstarfa í þriðja ríki.**

Sendiráðið má fela ræðisstofnun sem komið hefur verið á fót í ákveðnu ríki að fara með framkvæmd ræðisstarfa í öðru ríki enda hafi hlutaðeigandi ríkjum verið tilkynnt það fyrir fram og hvorugt hreyft ótvíræðum mótmælum.

8. gr.
**Framkvæmd ræðisstarfa fyrir hönd þriðja ríkis.**

Að undanfarinni viðhlítandi tilkynningu til viðtökuríkisins má ræðisstofnun sendiríkisins annast ræðisstörf í viðtökuríkinu fyrir hönd þriðja ríkis nema viðtökuríkið beri fram mótbárur gegn því.

9. gr.
**Stig forstöðumanna ræðisstofnana.**

1. Forstöðumenn ræðisstofnana hafa fjögur stig, þ. e.:
a) aðalræðismenn,
b) ræðismenn,
c) vararæðismenn,
d) umboðsræðismenn.

2. Fyrsta málsgrein greinar þessarar takmarkar á engan hátt rétt neins aðila þessa samnings til að ákveða starfsheiti annarra ræðiserindreka en forstöðumanna ræðisstofnana.

10. gr.
**Skipun og starfsheimild forstöðumanna ræðisstofnana.**

1. Sendiríkið skipar forstöðumenn ræðisstofnana en viðtökuríkið veitir þeim starfsheimild.

by the receiving State or which are referred to in the international agreements in force between the sending State and the receiving State.

Article 6
**Exercise of consular functions outside the consular district.**

A consular officer may, in special circumstances, with the consent of the receiving State, exercise his functions outside his consular district.

Article 7
**Exercise of consular functions in a third State.**

The sending State may, after notifying the States concerned, entrust a consular post established in a particular State with the exercise of consular functions in another State, unless there is express objection by one of the States concerned.

Article 8
**Exercise of consular functions on behalf of a third State.**

Upon appropriate notification to the receiving State, a consular post of the sending State may, unless the receiving State objects, exercise consular functions in the receiving State on behalf of a third State.

Article 9
**Classes of heads of consular posts.**

1. Heads of consular posts are divided into four classes, namely:
a) consuls-general;
b) consuls;
c) vice-consuls;
d) consular agents.

2. Paragraph 1 of this Article in no way restricts the right of any of the Contracting Parties to fix the designation of consular officers other than the heads of consular posts.

Article 10
**Appointment and admission of heads of consular posts.**

1. Heads of consular posts are appointed by the sending State and are admitted to the exercise of their functions by the receiving State.

2. Með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum samnings þessa fer um formsatriði varðandi skipun og starfsheimild forstöðumanns ræðisstofnunar samkvæmt lögum, reglum og venjum sendiríkisins og viðtökuríkisins eftir því sem við á.

**11. gr.**
**Skipunarbréf til ræðisstarfa eða tilkynning um skipun.**

1. Sendiríkið skal láta forstöðumanni ræðisstofnunar í té skjal, í formi skipunarbréfs eða svipaðs skjals, og skal það sérstaklega útbúið fyrir hverja skipun. Þar skal tilgreina stöðu hans og að jafnaði skal taka fram fullt nafn hans, flokk og stig, hvert ræðisumdæmið er og aðsetur ræðisstofnunarinnar.

2. Sendiríkið skal koma skipunarbréfinu eða áþekku skjali stjórnarboðleið eða á annan viðeigandi hátt til stjórnar þess lands þar sem forstöðumaður ræðisstofnunar á að framkvæma störf sín.

3. Í stað skipunarbréfs eða áþekks skjals getur sendiríkið með samþykki viðtökuríkisins sent hinu síðarnefnda tilkynningu þar sem greint er frá þeim atriðum sem áskilin eru samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar.

**12. gr.**
**Viðurkenning.**

1. Forstöðumanni ræðisstofnunar er veitt heimild til að framkvæma störf sín með viðurkenningu af hálfu viðtökuríkisins og kallast viðurkenningin **exequatur** í hvaða formi sem hún er.

2. Ríki sem neitar að veita viðurkenningu er ekki skylt að skýra sendiríkinu frá ástæðum til slíkrar neitunar.

3. Forstöðumaður ræðisstofnunar skal ekki hefja störf sín fyrr en hann hefur fengið viðurkenningu, nema samkvæmt reglum 13. gr. og 15. gr.

**13. gr.**
**Bráðabirgðastarfsheimild forstöðumanna ræðisstofnana.**

Meðan viðurkenningar er beðið má veita forstöðumanni ræðisstofnunar

2. Subject to the provisions of the present Convention, the formalities for the appointment and for the admission of the head of a consular post are determined by the laws, regulations and usages of the sending State and of the receiving State respectively.

**Article 11**
**The consular commission or notification of appointment.**

1. The head of a consular post shall be provided by the sending State with a document, in the form of a commission or similar instrument, made out for each appointment, certifying his capacity and showing, as a general rule, his full name, his category and class, the consular district and the seat of the consular post.

2. The sending State shall transmit the commission or similar instrument through the diplomatic or other appropriate channel to the Government of the State in whose territory the head of a consular post is to exercise his functions.

3. If the receiving State agrees, the sending State may, instead of a commission or similar instrument, send to the receiving State a notification containing the particulars required by paragraph 1 of this Article.

**Article 12**
**The exequatur.**

1. The head of a consular post is admitted to the exercise of his functions by authorization from the receiving State termed an **exequatur**, whatever the form of this authorization.

2. A State which refuses to grant an **exequatur** is not obliged to give to the sending State reasons for such refusal.

3. Subject to the provisions of Articles 13 and 15, the head of a consular post shall not enter upon his duties until he has received an **exequatur**.

**Article 13**
**Provisional admission of heads of consular posts.**

Pending delivery of the **exequatur**, the head of a consular post may be admitted

bráðabirgðaheimild til að rækja störf sín. Í slíku tilviki skulu ákvæði samnings þessa gilda.

### 14. gr.
### Tilkynning til stjórnvalda í ræðisumdæmi.

Þegar forstöðumanni ræðisstofnunar hefur verið veitt heimild til að rækja störf sín, jafnvel til bráðabirgða, skal viðtökuríkið þegar í stað veita hlutaðeigandi stjórnvöldum ræðisumdæmisins vitneskju um það. Jafnframt skal það sjá til þess að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að forstöðumaður ræðisstofnunar geti gegnt starfi sínu og notið þess hagræðis er felst í ákvæðum þessa samnings.

### 15. gr.
### Framkvæmd starfa forstöðumanns ræðisstofnunar um stundarsakir.

1. Ef forstöðumaður ræðisstofnunar getur ekki gegnt störfum sínum eða staða forstöðumanns ræðisstofnunar er laus má settur forstöðumaður ræðisstofnunar starfa um stundarsakir sem forstöðumaður ræðisstofnunarinnar.

2. Sendiráð sendiríkisins skal tilkynna utanríkisráðuneyti viðtökuríkisins eða þeim stjórnvöldum sem það vísar á fullt nafn setts forstöðumanns ræðisstofnunar. Ef sendiríkið hefur ekki sendiráð í viðtökuríkinu skal forstöðumaður ræðisstofnunarinnar sjá um tilkynninguna. Geti hann það ekki skulu þar til bær stjórnvöld sendiríkisins annast það. Tilkynningu þessari skal að jafnaði koma á framfæri fyrir fram. Sé settur forstöðumaður ræðisskrifstofu hvorki sendierindreki né ræðiserindreki sendiríkisins í viðtökuríkinu getur viðtökuríkið gert starfsheimild hans háða samþykki sínu.

3. Þar til bær stjórnvöld viðtökuríkisins skulu veita settum forstöðumanni ræðisstofnunar aðstoð og vernd. Á meðan hann veitir ræðisstofnuninni forstöðu skulu ákvæði samnings þessa taka til hans á sama grundvelli sem til forstöðumanns hlutaðeigandi ræðisstofnunar.

on a provisional basis to the exercise of his functions. In that case, the provisions of the present Convention shall apply.

### Article 14
### Notification to the authorities of the consular district.

As soon as the head of a consular post is admitted even provisionally to the exercise of his functions, the receiving State shall immediately notify the competent authorities of the consular district. It shall also ensure that the necessary measures are taken to enable the head of a consular post to carry out the duties of his office and to have the benefit of the provisions of the present Convention.

### Article 15
### Temporary exercise of the functions of the head of a consular post.

1. If the head of a consular post is unable to carry out his functions or the position of head of consular post is vacant, an acting head of post may act provisionally as head of the consular post.

2. The full name of the acting head of post shall be notified either by the diplomatic mission of the sending State or, if that State has no such mission in the receiving State, by the head of the consular post, or, if he is unable to do so, by any competent authority of the sending State, to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or to the authority designated by that Ministry. As a general rule, this notification shall be given in advance. The receiving State may make the admission as acting head of post of a person who is neither a diplomatic agent nor a consular officer of the sending State in the receiving State conditional on its consent.

3. The competent authorities of the receiving State shall afford assistance and protection to the acting head of post. While he is in charge of the post, the provisions of the present Convention shall apply to him on the same basis as to the head of the consular post con-

Viðtökuríkið skal samt sem áður ekki vera skylt að veita settum forstöðumanni ræðisstofnunar neina slíka aðstöðu, forréttindi né friðhelgi ef forstöðumaður ræðisstofnunarinnar nýtur þeirra aðeins að fullnægðum skilyrðum sem settur forstöðumaður ræðisstofnunar fullnægir ekki.

4. Þegar svo stendur á sem greint er í 1. mgr. greinar þessarar og sendiríkið tilnefnir stjórnarsendimann úr sendiráði sendiríkisins í viðtökuríkinu sem settan forstöðumann ræðisstofnunar skal hann eftir sem áður njóta forréttinda og friðhelgi stjórnarsendimanna ef viðtökuríkið hreyfir ekki andmælum gegn því.

### 16. gr.
### Innbyrðis virðingarröð forstöðumanna ræðisstofnana.

1. Virðingarröð forstöðumanna ræðisstofnana með sama stigi skal miða við það hvaða dag viðurkenning var veitt.

2. Ef forstöðumanni ræðisstofnunar er veitt heimild til að rækja störf sín um stundarsakir áður en hann fær viðurkenningu skal sæti hans í virðingarröð miðað við það hvaða dag bráðabirgðastarfsheimild var veitt. Virðingarröð þessi skal haldast eftir að viðurkenning hefur verið veitt.

3. Ef tveir eða fleiri forstöðumenn ræðisstofnana hafa fengið viðurkenningu eða bráðabirgðastarfsheimild sama dag skal sæti þeirra í virðingarröðinni ákvarðað með hliðsjón af því hvaða daga viðtökuríkinu voru látin í té skipunarbréf þeirra eða svipuð skjöl eða tilkynningar þær sem 3. mgr. 11. gr. fjallar um.

4. Settir forstöðumenn ræðisstofnana skulu taka sæti í virðingarröðinni á eftir öllum forstöðumönnum ræðisstofnana. Fer innbyrðis virðingarröð þeirra eftir því hvaða dag þeir hófu störf sín sem settir forstöðumenn ræðisstofnana og er þá miðað við tilkynningar þar að lútandi samkvæmt 2. mgr. 15. gr.

5. Kjörræðiserindrekar sem eru forstöðumenn ræðisstofnana skulu innan hvers stigs taka sæti í virðingarröð á eftcerned. The receiving State shall not, however, be obliged to grant to an acting head of post any facility, privilege or immunity which the head of the consular post enjoys only subject to conditions not fulfilled by the acting head of post.

4. When, in the circumstances referred to in paragraph 1 of this Article, a member of the diplomatic staff of the diplomatic mission of the sending State in the receiving State is designated by the sending State as an acting head of post, he shall, if the receiving State does not object thereto, continue to enjoy diplomatic privileges and immunities.

### Article 16
### Precedence as between heads of consular posts.

1. Heads of consular posts shall rank in each class according to the date of the grant of the **exequatur.**

2. If, however, the head of a consular post before obtaining the **exequatur** is admitted to the exercise of his functions provisionally, his precedence shall be determined according to the date of the provisional admission; this precedence shall be maintained after the granting of the **exequatur.**

3. The order of precedence as between two or more heads of consular posts who obtained the **exequatur** or provisional admission on the same date shall be determined according to the dates on which their commission or similar instruments or the notifications referred to in paragraph 3 of Article 11 were presented to the receiving State.

4. Acting heads of posts shall rank after all heads of consular posts and, as between themselves, they shall rank according to the dates on which they assumed their functions as acting heads of posts as indicated in the notifications given under paragraph 2 of Article 15.

5. Honorary consular officers who are heads of consular posts shall rank in each class after career heads of consular posts,

ir forstöðumönnum sendiræðisstofnana, í þeirri röð og samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í ofangreindum málsgreinum.

6. Forstöðumenn ræðisstofnana skulu taka sæti framar í virðingarröðinni en ræðiserindrekar sem hafa ekki þá stöðu.

in the order and according to the rules laid down in the foregoing paragraphs.

6. Heads of consular posts shall have precedence over consular officers not having that status.

### 17. gr.
### Framkvæmd stjórnarerindreksturs af hálfu ræðiserindreka.

1. Í ríki þar sem sendiríkið hefur ekki sendiráð og sendiráð þriðja ríkis er ekki fulltrúi þess má með samþykki viðtökuríkisins heimila ræðiserindreka að hafa með höndum stjórnarerindrekstur án þess að það hafi áhrif á stöðu hans sem ræðiserindreka. Framkvæmd slíks erindreksturs af hálfu ræðiserindreka skal ekki veita honum neinn rétt til þess að krefjast forréttinda og friðhelgi sem sendierindrekar hafa.

2. Ræðiserindreki má vera fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er eftir að viðtökuríkinu hefur verið tilkynnt það. Á meðan hann gegnir slíku hlutverki skal hann hafa rétt á að njóta allra þeirra forréttinda og friðhelgi sem slíkum fulltrúum eru veitt samkvæmt þjóðréttarvenjum og alþjóðasamningum. Við framkvæmd ræðisstarfa skal hann þó ekki eiga rétt á frekari undanþágu frá lögsögu en ræðiserindreki hefur samkvæmt samningi þessum.

### Article 17
### Performance of diplomatic acts by consular officers.

1. In a State where the sending State has no diplomatic mission and is not represented by a diplomatic mission of a third State, a consular officer may, with the consent of the receiving State, and without affecting his consular status, be authorized to perform diplomatic acts. The performance of such acts by a consular officer shall not confer upon him any right to claim diplomatic privileges and immunities.

2. A consular officer may, after notification addressed to the receiving State, act as representative of the sending State to any inter-governmental organization. When so acting, he shall be entitled to enjoy any privileges and immunities accorded to such a representative by customary international law or by international agreements; however, in respect of the performance by him of any consular function, he shall not be entitled to any greater immunity from jurisdiction than that to which a consular officer is entitled under the present Convention.

### 18. gr.
### Tvö eða fleiri ríki skipa sama mann ræðiserindreka.

Tvö eða fleiri ríki mega með samþykki viðtökuríkisins skipa sama mann ræðiserindreka í því ríki.

### Article 18
### Appointment of the same person by two or more States as a consular officer.

Two or more States may, with the consent of the receiving State, appoint the same person as a consular officer in that State.

### 19. gr.
### Skipun ræðisstarfsliðs.

1. Með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum 20. gr., 22. gr. og 23. gr. hefur sendiríkið frjálsar hendur varðandi skipun ræðisstarfsliðs.

### Article 19
### Appointment of members of consular staff.

1. Subject to the provisions of Articles 20, 22 and 23, the sending State may freely appoint the members of the consular staff.

2. Sendiríkið skal tilkynna viðtökuríkinu fullt nafn, flokk og stig allra ræðiserindreka nema forstöðumanns ræðisstofnunar það snemma að viðtökuríkið hafi nægan tíma til þess að neyta réttar síns samkvæmt 3. mgr. 23. gr. ef það kýs að gera það.

3. Sendiríkið má fara þess á leit við viðtökuríkið að það veiti öðrum ræðiserindreka en forstöðumanni ræðisstofnunar viðurkenningu ef slíkt er áskilið í lögum og reglum sendiríkisins.

4. Viðtökuríkið getur veitt öðrum ræðiserindreka en forstöðumanni ræðisstofnunar viðurkenningu, ef slíkt er áskilið í lögum og reglum þess.

### 20. gr.
### Stærð ræðisstarfsliðsins.

Þegar ekki er gerður ótvíræður samningur um stærð ræðisstarfsliðsins getur viðtökuríkið krafist þess að stærð starfsliðsins séu sett takmörk sem það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í ræðisumdæminu og þörfum hlutaðeigandi ræðisstofnunar.

### 21. gr.
### Innbyrðis virðingarröð ræðiserindreka við ræðisstofnun.

Sendiráð sendiríkisins — eða forstöðumaður ræðisstofnunar ef það ríki hefur ekki sendiráð í viðtökuríkinu — skal tilkynna utanríkisráðuneyti viðtökuríkisins eða þeim stjórnvöldum er það ráðuneyti vísar á innbyrðis virðingarröð ræðiserindreka við ræðisstofnunina, svo og allar breytingar þar á.

### 22. gr.
### Ríkisfang ræðiserindreka.

1. Það skal vera meginregla að ræðiserindrekar séu ríkisborgarar sendiríkisins.

2. Ræðiserindreka má ekki skipa úr hópi ríkisborgara viðtökuríkisins nema með ótvíræðu samþykki þess ríkis og má afturkalla slíkt samþykki hvenær sem er.

2. The full name, category and class of all consular officers, other than the head of a consular post, shall be notified by the sending State to the receiving State in sufficient time for the receiving State, if it so wishes, to exercise its rights under paragraph 3 of Article 23.

3. The sending State may, if required by its laws and regulations, request the receiving State to grant an **exequatur** to a consular officer other than the head of a consular post.

4. The receiving State may, if required by its laws and regulations, grant an **exequatur** to a consular officer other than the head of a consular post.

### Article 20
### Size of the consular staff.

In the absence of an express agreement as to the size of the consular staff, the receiving State may require that the size of the staff be kept within limits considered by it to be reasonable and normal, having regard to circumstances and conditions in the consular district and to the needs of the particular consular post.

### Article 21
### Precedence as between consular officers of a consular post.

The order of precedence as between the consular officers of a consular post and any change thereof shall be notified by the diplomatic mission of the sending State or, if that State has no such mission in the receiving State, by the head of the consular post, to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or to the authority designated by that Ministry.

### Article 22
### Nationality of consular officers.

1. Consular officers should, in principle, have the nationality of the sending State.

2. Consular officers may not be appointed from among persons having the nationality of the receiving State except with the express consent of that State which may be withdrawn at any time.

3. Viðtökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis sem eru ekki jafnframt ríkisborgarar sendiríkisins.

3. The receiving State may reserve the same right with regard to nationals of a third State who are not also nationals of the sending State.

**23. gr.**
**Menn lýstir óæskilegir.**

1. Viðtökuríki getur hvenær sem er tilkynnt sendiríkinu að ræðiserindreki sé óæskilegur **(persona non grata)** eða að einhver annar úr ræðisstarfsliðinu sé ekki viðtökuhæfur. Í slíku tilviki skal sendiríkið, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda enda á störf hans við ræðisstofnunina.

2. Ef sendiríkið neitar að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar eða lætur það undir höfuð leggjast innan hæfilegs frests getur viðtökuríkið, eftir því sem við á, annaðhvort afturkallað viðurkenningu á hlutaðeigandi manni eða hætt að telja hann til ræðisstarfsliðsins.

3. Lýsa má yfir því að maður sem skipaður hefur verið starfsmaður ræðisstofnunar sé ekki viðtökuhæfur, annaðhvort áður en hann kemur í land viðtökuríkisins eða áður en hann hefur störf sín hjá ræðisstofnuninni ef hann er kominn í viðtökuríkið. Í tilvikum sem þessum skal sendiríkið ætíð afturkalla skipun hans.

4. Þegar svo stendur á sem um getur í 1. og 3. mgr. greinar þessarar er viðtökuríkið ekki skylt að gefa sendiríkinu skýringar á ákvörðun sinni.

**Article 23**
**Persons declared non grata.**

1. The receiving State may at any time notify the sending State that a consular officer is **persona non grata** or that any other member of the consular staff is not acceptable. In that event, the sending State shall, as the case may be, either recall the person concerned or terminate his functions with the consular post.

2. If the sending State refuses or fails within a reasonable time to carry out its obligations under paragraph 1 of this Article, the receiving State may, as the case may be, either withdraw the **exequatur** from the person concerned or cease to consider him as a member of the consular staff.

3. A person appointed as a member of a consular post may be declared unacceptable before arriving in the territory of the receiving State or, if already in the receiving State, before entering on his duties with the consular post. In any such case, the sending State shall withdraw his appointment.

4. In the cases mentioned in paragraphs 1 and 3 of this Article, the receiving State is not obliged to give to the sending State reasons for its decision.

**24. gr.**
**Tilkynning til viðtökuríkisins um skipun, komu og brottför.**

1. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti viðtökuríkisins eða þeim stjórnvöldum sem það ráðuneyti vísar á eftirfarandi:

a) skipun starfsmanna ræðisstofnunar, komu þeirra til ræðisstofnunarinnar að undangenginni skipun, endanlega brottför þeirra eða lok starfa þeirra og hverjar þær breytingar aðrar sem hafa

**Article 24**
**Notification to the receiving State of appointments, arrivals and departures.**

1. The Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or the authority designated by that Ministry shall be notified of:

a) the appointment of members of a consular post, their arrival after appointment to the consular post, their final departure or the termination of their functions and any other changes affecting

áhrif á stöðu þeirra og kunna að verða meðan þeir eru í þjónustu ræðisstofnunarinnar;

b) komu og endanlega brottför manns sem er í fjölskyldu starfsmanns ræðisstofnunar og telst til heimilisfólks hans og, þar sem það á við, þegar maður bætist í hóp slíkra fjölskylduaðila eða hverfur úr honum;

c) komu og endanlega brottför einkaþjónustustarfsmanna og, þegar við á eftir atvikum, lok slíks starfs þeirra;

d) ráðningu og lausn manna sem búsettir eru í viðtökuríkinu sem starfsmanna ræðisstofnunar eða einkaþjónustustarfsmanna er njóta forréttinda og friðhelgi;

2. Einnig skal tilkynna komu og endanlega brottför fyrir fram þegar það er unnt.

their status that may occur in the course of their service with the consular post;

b) the arrival and final departure of a person belonging to the family of a member of a consular post forming part of his household and, where appropriate, the fact that a person becomes or ceases to be such a member of the family;

c) the arrival and final departure of members of the private staff and, where appropriate, the termination of their service as such;

d) the engagement and discharge of persons resident in the receiving State as members of a consular post or as members of the private staff entitled to privileges and immunities.

2. When possible, prior notification of arrival and final departure shall also be given.

## II. þáttur.
## Lok ræðisstarfa.

### 25. gr.
### Lok starfa hjá starfsmanni ræðisstofnunar.

Störfum starfsmanns ræðisstofnunar skal meðal annars ljúka:

a) þegar sendiríkið tilkynnir viðtökuríkinu að störfum hans sé lokið;

b) þegar viðurkenning er afturkölluð;

c) þegar viðtökuríkið tilkynnir sendiríkinu að það sé hætt að telja hann til ræðisstarfsliðsins.

## Section II
## End of consular functions.

### Article 25
### Termination of the functions of a member of a consular post.

The functions of a member of a consular post shall come to an end inter alia:

a) on notification by the sending State to the receiving State that his functions have come to an end;

b) on withdrawal of the exequatur;

c) on notification by the receiving State to the sending State that the receiving State has ceased to consider him as a member of the consular staff.

### 26. gr.
### Brottför úr landi viðtökuríkisins.

Viðtökuríkið skal, jafnvel á hernaðartímum, veita þeim starfsmönnum ræðisstofnunar og einkaþjónustustarfsmönnum sem eru ekki ríkisborgarar viðtökuríkisins og þeim úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, án tillits til ríkisborgararéttar, nægilegan frest og aðstöðu til að gera þeim kleift að undirbúa brottför sína og hverfa úr landi eins fljótt og auðið er eftir að störf-

### Article 26
### Departure from the territory of the receiving State.

The receiving State shall, even in case of armed conflict, grant to members of the consular post and members of the private staff, other than nationals of the receiving State, and to members of their families forming part of their households irrespective of nationality, the necessary time and facilities to enable them to prepare their departure and to leave at the earliest possible moment after the termi-

um hlutaðeigandi starfsmanna lýkur. Sérstaklega skal viðtökuríkið, ef þörf krefur, útvega þeim nauðsynleg samgöngutæki til að flytja þá sjálfa og eignir þeirra, að undanskildum þeim eignum sem þeir hafa aflað sér í viðtökuríkinu og útflutningur er bannaður á þegar brottför ber að höndum.

### 27. gr.
### Vernd ræðisstofnunarsvæðis og ræðisskjalasafns og gæsla hagsmuna sendiríkisins við óvenjulegar aðstæður.

1. Ef til slita á ræðissambandi milli tveggja ríkja kemur:

a) skal viðtökuríkið, jafnvel á hernaðartímum, virða og vernda ræðisstofnunarsvæðið ásamt eignum ræðisstofnunarinnar og ræðisskjalasafninu;

b) getur sendiríkið falið þriðja ríki sem viðtökuríkið samþykkir umsjá með ræðisstofnunarsvæðinu, eignunum þar og ræðisskjalasafninu;

c) getur sendiríkið falið þriðja ríki sem viðtökuríkið samþykkir að gæta hagsmuna sinna og ríkisborgara sinna.

2. Komi til lokunar ræðisstofnunar um stundarsakir eða til langframa eiga ákvæði a-liðar 1. mgr. greinar þessarar við. Þar við bætist

a) að sendiríki sem hefur ekki sendiráð í viðtökuríkinu en hins vegar aðra ræðisstofnun í landi þess ríkis getur falið þeirri ræðisstofnun umsjá með svæði ræðisstofnunarinnar sem lokað hefur verið, ásamt eignunum þar og ræðisskjalasafni, svo og falið henni, ef samþykki viðtökuríkisins kemur til, framkvæmd ræðisstarfa í umdæmi þeirrar ræðisstofnunar; eða

b) að ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. greinar þessarar skulu gilda ef sendiríkið hefur hvorki sendiráð né aðra ræðisstofnun í viðtökuríkinu.

nation of the functions of the members concerned. In particular, it shall, in case of need, place at their disposal the necessary means of transport for themselves and their property other than property acquired in the receiving State the export of which is prohibited at the time of departure.

### Article 27
### Protection of consular premises and archives and of the interests of the sending State in exceptional circumstances.

1. In the event of the severance of consular relations between two States:

a) the receiving State shall, even in case of armed conflict, respect and protect the consular premises, together with the property of the consular post and the consular archives;

b) the sending State may entrust the custody of the consular premises, together with the property contained therein and the consular archives, to a third State acceptable to the receiving State;

c) the sending State may entrust the protection of its interests and those of its nationals to a third State acceptable to the receiving State.

2. In the event of the temporary or permanent closure of a consular post, the provisions of sub-paragraph a) of paragraph 1 of this Article shall apply. In addition,

a) if the sending State, although not represented in the receiving State by a diplomatic mission, has another consular post in the territory of that State, that consular post may be entrusted with the custody of the premises of the consular post which has been closed, together with the property contained therein and the consular archives, and, with the consent of the receiving State, with the exercise of consular functions in the district of that consular post; or

b) if the sending State has no diplomatic mission and no other consular post in the receiving State, the provisions of sub-paragraphs b) and c) of paragraph 1 of this Article shall apply.

## II. KAFLI

## AÐSTAÐA, FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI RÆÐISSTOFNANA, SENDIRÆÐISERINDREKA OG ANNARRA STARFSMANNA RÆÐISSTOFNANA

### I. þáttur.

### Aðstaða, forréttindi og friðhelgi ræðisstofnunar.

#### 28. gr.

#### Starfsaðstaða við ræðisstofnun.

Viðtökuríkið skal veita ræðisstofnuninni sem besta aðstöðu til að rækja störf sín.

#### 29. gr.

#### Notkun þjóðfána og skjaldarmerkis.

1. Sendiríkið skal hafa rétt til að nota þjóðfána sinn og skjaldarmerki í viðtökuríkinu í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

2. Draga má þjóðfána sendiríkisins að hún og hafa skjaldarmerki þess á byggingu ræðisstofnunarinnar og við inngangsdyr hennar, á bústað forstöðumanns ræðisstofnunarinnar og á farartæki hans þegar það er notað í opinberum erindagerðum.

3. Taka skal tillit til laga, reglna og venja í viðtökuríkinu þegar neytt er þess réttar sem grein þessi veitir.

#### 30. gr.

#### Húsnæði.

1. Viðtökuríkið skal annaðhvort auðvelda sendiríkinu að afla sér, eftir því sem lög og reglur heimila, nauðsynlegra húsakynna fyrir ræðisstofnun þess í viðtökuríkinu eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt.

2. Viðtökuríkið skal einnig liðsinna ræðisstofnuninni við öflun hentugs húsnæðis handa starfsmönnum hennar þegar þörf krefur.

## CHAPTER II

## FACILITIES, PRIVILEGES AND IMMUNITIES RELATING TO CONSULAR POSTS, CAREER CONSULAR OFFICERS AND OTHER MEMBERS OF A CONSULAR POST

### Section I

### Facilities, privileges and immunities relating to a consular post.

#### Article 28

#### Facilities for the work of the consular post.

The receiving State shall accord full facilities for the performance of the functions of the consular post.

#### Article 29

#### Use of national flag and coat-of-arms.

1. The sending State shall have the right to the use of its national flag and coat-of-arms in the receiving State in accordance with the provisions of this Article.

2. The national flag of the sending State may be flown and its coat-of-arms displayed on the building occupied by the consular post and at the entrance door thereof, on the residence of the head of the consular post and on his means of transport when used on official business.

3. In the exercise of the right accorded by this Article regard shall be had to the laws, regulations and usages of the receiving State.

#### Article 30

#### Accommodation.

1. The receiving State shall either facilitate the acquisition on its territory, in accordance with its laws and regulations, by the sending State of premises necessary for its consular post or assist the latter in obtaining accommodation in some other way.

2. It shall also, where necessary, assist the consular post in obtaining suitable accommodation for its members.

31. gr.
**Friðhelgi ræðisstofnunarsvæðis.**

1. Ræðisstofnunarsvæðið skal njóta friðhelgi að svo miklu leyti sem mælt er fyrir um í grein þessari.

2. Stjórnvöld viðtökuríkisins skulu ekki koma inn á þann hluta ræðisstofnunarsvæðisins sem er eingöngu notaður vegna starfsemi ræðisstofnunarinnar nema með samþykki forstöðumanns ræðisstofnunarinnar, þess sem hann nefnir til eða forstöðumanns sendiráðs sendiríkisins. Þó má gera ráð fyrir samþykki forstöðumanns ræðisstofnunarinnar þegar að höndum ber eldsvoða eða önnur óhöpp sem gera tafarlausar varnaraðgerðir nauðsynlegar.

3. Með þeim takmörkunum sem felast í 2. mgr. greinar þessarar ber viðtökuríkinu sérstök skylda til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda ræðisstofnunarsvæðið fyrir öllum atlögum eða tjóni og koma í veg fyrir að friði ræðisstofnunarinnar verði á nokkurn hátt raskað eða virðing hennar skert.

4. Ræðisstofnunarsvæðið, innbú þar, aðrar eignir ræðisstofnunarinnar og ökutæki hennar skulu undanþegin hvers kyns töku í þágu landvarna eða almannahags. Ef eignarnám er nauðsynlegt í slíku augnamiði skal grípa til allra hugsanlegra ráða til að forðast að valda tálmunum við framkvæmd ræðisstarfa og skulu sendiríkinu án undandráttar greiddar fullar, viðunandi bætur.

Article 31
**Inviolability of the consular premises.**

1. Consular premises shall be inviolable to the extent provided in this Article.

2. The authorities of the receiving State shall not enter that part of the consular premises which is used exclusively for the purpose of the work of the consular post except with the consent of the head of the consular post or of his designee or of the head of the diplomatic mission of the sending State. The consent of the head of the consular post may, however, be assumed in case of fire or other disaster requiring prompt protective action.

3. Subject to the provisions of paragraph 2 of this Article, the receiving State is under a special duty to take all appropriate steps to protect the consular premises against any intrusion or damage and to prevent any disturbance of the peace of the consular post or impairment of its dignity.

4. The consular premises, their furnishings, the property of the consular post and its means of transport shall be immune from any form of requisition for purposes of national defence or public utility. If expropriation is necessary for such purposes, all possible steps shall be taken to avoid impeding the performance of consular functions, and prompt, adequate and effective compensation shall be paid to the sending State.

32. gr.
**Skattfrelsi ræðisstofnunarsvæðis.**

1. Ræðisstofnunarsvæði og bústaður forstöðumanns sendiræðisskrifstofu sem sendiríkið eða maður, starfandi á þess vegum, á eða tekur á leigu skulu undanþegin hvers kyns gjöldum og sköttum til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna þjónustu.

2. Skattfrelsi samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar skal ekki taka til þeirra gjalda og skatta sem eiga samkvæmt lögum viðtökuríkisins að greiðast af við-

Article 32
**Exemption from taxation of consular premises.**

1. Consular premises and the residence of the career head of consular post of which the sending State or any person acting on its behalf is the owner or lessee shall be exempt from all national, regional or municipal dues and taxes whatsoever, other than such as represent payment for specific services rendered.

2. The exemption from taxation referred to in paragraph 1 of this Article shall not apply to such dues and taxes if, under the law of the receiving State, they

semjanda sendiríkisins eða umboðsmanns þess.

33. gr.
**Friðhelgi ræðisskjalasafns og ræðisskjala.**

Ræðisskjalasafn og ræðisskjöl skulu ætíð vera friðhelg hvar sem þau eru niðurkomin.

34. gr.
**Umferðarfrelsi.**

Með þeim takmörkunum sem felast í lögum og reglum viðtökuríkisins varðandi landsvæði þar sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður vegna öryggis ríkisins skal það tryggja öllum starfsmönnum ræðisstofnunarinnar umferðar- og ferðafrelsi í landi sínu.

35. gr.
**Samgöngufrelsi.**

1. Viðtökuríkið skal heimila og tryggja ræðisstofnuninni samgöngufrelsi í öllum opinberum erindrekstri. Ræðisstofnunin getur farið allar eðlilegar leiðir til að hafa samband við ríkisstjórn, sendiráð og aðrar ræðisstofnanir sendiríkisins án tillits til staðsetningar, þar á meðal notað stjórnarpóstbera eða ræðispóstbera og sent stjórnarpóst eða ræðispóst auk tilkynninga á merkjamáli eða dulmáli. Þó má ræðisstofnun því aðeins setja upp og nota fjarsenditæki að viðtökuríkið veiti leyfi til þess.

2. Opinber bréf ræðisstofnunarinnar skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfum er átt við öll bréf sem varða ræðisstofnunina og starfsemi hennar.

3. Hvorki má opna né leggja hald á ræðispóst. Ef hlutaðeigandi stjórnvöld viðtökuríkisins hafa rökstudda ástæðu til að ætla að í póstinum sé eitthvað annað en þau bréf, skjöl eða hlutir sem 4. mgr. greinar þessarar fjallar um geta þau engu að síður farið fram á að þar til bær fulltrúi sendiríkisins opni póstinn í viðurvist þeirra. Neiti stjórnvöld sendiríkis-

are payable by the person who contracted with the sending State or with the person acting on its behalf.

Article 33
**Inviolability of the consular archives and documents.**

The consular archives and documents shall be inviolable at all times and wherever they may be.

Article 34
**Freedom of movement.**

Subject to its laws and regulations concerning zones entry into which is prohibited or regulated for reasons of national security, the receiving State shall ensure freedom of movement and travel in its territory to all members of the consular post.

Article 35
**Freedom of communication.**

1. The receiving State shall permit and protect freedom of communication on the part of the consular post for all official purposes. In communicating with the Government, the diplomatic missions and other consular posts, wherever situated, of the sending State, the consular post may employ all appropriate means, including diplomatic or consular couriers, diplomatic or consular bags and messages in code or cipher. However, the consular post may install and use a wireless transmitter only with the consent of the receiving State.

2. The official correspondence of the consular post shall be inviolable. Official correspondence means all correspondence relating to the consular post and its functions.

3. The consular bag shall be neither opened nor detained. Nevertheless, if the competent authorities of the receiving State have serious reason to believe that the bag contains something other than the correspondence, documents or articles referred to in paragraph 4 of this Article, they may request that the bag be opened in their presence by an authorized re-

ins að verða við slíkri beiðni skal senda póstinn aftur til upprunastaðar.

4. Bögglar þeir sem teljast til ræðispóstsins skulu hið ytra bera þess merki hvers eðlis þeir séu og mega aðeins vera í þeim opinber bréf og skjöl eða munir sem ætlaðir eru til opinberra starfa eingöngu.

5. Ræðispóstbera skal láta í té opinbert skjal sem gefur til kynna stöðu hans og fjölda bögglа í ræðispóstinum. Hann skal ekki vera ríkisborgari viðtökuríkisins nema samþykki þess komi til, og einnig þarf samþykki viðtökuríkisins ef hann hefur fasta búsetu í því ríki og er ekki ríkisborgari sendiríkisins. Við framkvæmd starfa sinna skal hann njóta verndar viðtökuríkisins. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og eigi má beita hann handtöku né kyrrsetningu í neinni mynd.

6. Sendiríkinu, sendiráðum þess og ræðisstofnunum er heimilt að tilnefna sérstaka ræðispóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. mgr. greinar þessarar einnig gilda nema hvað friðhelgi sú sem þar er greind skal falla niður þegar slíkur póstberi hefur afhent viðtakanda ræðispóstinn sem var í vörslu hans.

7. Ræðispóst má fela í umsjá skipstjóra eða flugstjóra atvinnuloftfars sem samkvæmt áætlun mun koma til viðurkennds viðkomustaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal sem greinir fjölda bögglа í póstinum en ekki skal hann teljast ræðispóstberi. Ræðisstofnun getur sent einn af starfsmönnum sínum til að taka póstinn beint og óhindrað í sína vörslu frá skipstjóranum eða flugstjóranum enda sé samið um slíkt við hlutaðeigandi stjórnvöld á staðnum.

### 36. gr.
### Samband og samskipti við ríkisborgara sendiríkisins.

1. Í því skyni að auðvelda framkvæmd ræðisstarfa sem snerta ríkisborgara sendiríkisins:

presentative of the sending State. If this request is refused by the authorities of the sending State, the bag shall be returned to its place of origin.

4. The packages constituting the consular bag shall bear visible external marks of their character and may contain only official correspondence and documents or articles intended exclusively for official use.

5. The consular courier shall be provided with an official document indicating his status and the number of packages constituting the consular bag. Except with the consent of the receiving State he shall be neither a national of the receiving State, nor, unless he is a national of the sending State, a permanent resident of the receiving State. In the performance of his functions he shall be protected by the receiving State. He shall enjoy personal inviolability and shall not be liable to any form of arrest or detention.

6. The sending State, its diplomatic missions and its consular posts may designate consular couriers ad hoc. In such cases the provisions of paragraph 5 of this Article shall also apply except that the immunities therein mentioned shall cease to apply when such a courier has delivered to the consignee the consular bag in his charge.

7. A consular bag may be entrusted to the captain of a ship or of a commercial aircraft scheduled to land at an authorized port of entry. He shall be provided with an official document indicating the number of packages constituting the bag, but he shall not be considered to be a consular courier. By arrangement with the appropriate local authorities, the consular post may send one of its members to take possession of the bag directly and freely from the captain of the ship or of the aircraft.

### Article 36
### Communication and contact with nationals of the sending State.

1. With a view to facilitating the exercise of consular functions relating to nationals of the sending State:

a) skal ræðiserindrekum vera frjálst að hafa samband og samskipti við ríkisborgara sendiríkisins. Ríkisborgarar sendiríkisins skulu njóta sama réttar að því er varðar samband og samskipti við ræðiserindreka sendiríkisins;

b) skulu þar til bær stjórnvöld viðtökuríkisins án undandráttar tilkynna ræðisstofnun sendiríkisins ef ríkisborgari þess er handtekinn, settur í fangelsi, látinn sæta gæsluvarðhaldi meðan á málsrannsókn stendur eða hnepptur í hald á annan hátt innan ræðisumdæmisins enda biðji hann um að það sé tilkynnt. Öllum orðsendingum til ræðisstofnunarinnar frá þeim sem hefur verið handtekinn, situr í fangelsi, gæsluvarðhaldi eða haldi skulu ofangreind stjórnvöld einnig koma til skila án tafar. Stjórnvöld þessi skulu strax veita hlutaðeigandi manni vitneskju um rétt hans samkvæmt þessum lið;

c) skulu ræðiserindrekar hafa rétt til að hitta þann ríkisborgara sendiríkisins sem er í fangelsi, gæsluvarðhaldi eða haldi, ræða við hann, skrifast á við hann og útvega honum lögfræðilega aðstoð. Þeir skulu einnig hafa rétt til að hitta sérhvern þann ríkisborgara sendiríkisins sem er í fangelsi, gæsluvarðhaldi eða haldi í umdæmi þeirra samkvæmt dómi eða úrskurði. Engu að síður skulu ræðiserindrekar varast að aðhafast nokkuð fyrir ríkisborgara sem er í fangelsi, gæsluvarðhaldi eða haldi ef hann er ótvírætt andvígur slíku.

2. Réttar samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar skal neytt í samræmi við lög og reglur viðtökuríkisins enda geri lögin og reglurnar kleift að ná til fulls þeim markmiðum sem stefnt er að með veitingu réttinda samkvæmt grein þessari.

a) consular officers shall be free to communicate with nationals of the sending State and to have access to them. Nationals of the sending State shall have the same freedom with respect to communication with and access to consular officers of the sending State;

b) if he so requests, the competent authorities of the receiving State shall, without delay, inform the consular post of the sending State if, within its consular district, a national of that State is arrested or committed to prison or to custody pending trial or is detained in any other manner. Any communication addressed to the consular post by the person arrested, in prison, custody or detention shall also be forwarded by the said authorities without delay. The said authorities shall inform the person concerned without delay of his rights under this sub-paragraph;

c) consular officers shall have the right to visit a national of the sending State who is in prison, custody or detention, to converse and correspond with him and to arrange for his legal representation. They shall also have the right to visit any national of the sending State who is in prison, custody or detention in their district in pursuance of a judgment. Nevertheless, consular officers shall refrain from taking action on behalf of a national who is in prison, custody or detention if he expressly opposes such action.

2. The rights referred to in paragraph 1 of this Article shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the receiving State, subject to the proviso, however, that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under this Article are intended.

### 37. gr.
### Tilkynningar varðandi dauðsföll, lögráða- eða fjárhaldsmennsku, skipströnd og flugslys.

Ef þar til bær stjórnvöld viðtökuríkisins hafa nauðsynlegar upplýsingar tiltækar er þeim skylt:

### Article 37
### Information in cases of deaths, guardianship or trusteeship, wrecks and air accidents.

If the relevant information is available to the competent authorities of the receiving State, such authorities shall have the duty:

a) að tilkynna ræðisstofnun án tafar ef andlát ríkisborgara sendiráðsins hefur borið að höndum í umdæmi hennar;

b) að tilkynna hlutaðeigandi ræðisstofnun án tafar sérhvert tilvik þar sem tilnefning lögráðamanns eða fjárhaldsaðila virðist vera í þágu hagsmuna manns undir lögaldri eða annars manns sem skortir fullt gerhæfi enda séu slíkir menn ríkisborgarar sendiríkisins. Veiting upplýsinga þessara skal þó ekki hagga framkvæmd laga og reglna viðtökuríkisins varðandi slíkar tilnefningar;

c) að tilkynna tafarlaust þeirri ræðisstofnun sem næst er vettvangi ef skip með þjóðernisskírteini sendiríkisins ferst eða strandar í landhelgi eða á innsævi viðtökuríkisins eða loftfari, skrásettu í sendiríkinu, hlekkist á í landi viðtökuríkisins.

a) in the case of the death of a national of the sending State, to inform without delay the consular post in whose district the death occurred;

b) to inform the competent consular post without delay of any case where the appointment of a guardian or trustee appears to be in the interests of a minor or other person lacking full capacity who is a national of the sending State. The giving of this information shall, however, be without prejudice to the operation of the laws and regulations of the receiving State concerning such appointments;

c) if a vessel, having the nationality of the sending State, is wrecked or runs aground in the territorial sea or internal waters of the receiving State, or if an aircraft registered in the sending State suffers an accident on the territory of the receiving State, to inform without delay the consular post nearest to the scene of the occurrence.

### 38. gr.
### Samband við stjórnvöld viðtökuríkisins.

Við framkvæmd starfa sinna mega ræðiserindrekar snúa sér til:

a) þar til bærra stjórnvalda ræðisumdæmis þeirra;

b) þar til bærra ríkisstjórnvalda viðtökuríkisins ef og að svo miklu leyti sem lög, reglur og venjur viðtökuríkisins eða alþjóðasamningar þar um heimila.

### Article 38
### Communication with the authorities of the receiving State.

In the exercise of their functions, consular officers may address:

a) the competent local authorities of their consular district;

b) the competent central authorities of the receiving State if and to the extent that this is allowed by the laws, regulations and usages of the receiving State or by the relevant international agreements.

### 39. gr.
### Greiðslur og gjöld fyrir ræðisathafnir.

1. Í viðtökuríkinu getur ræðisstofnun krafist þeirra greiðslna og gjalda fyrir ræðisathafnir sem mælt er fyrir um í lögum og reglum sendiríkisins.

2. Fjárhæðir þær sem innheimtar eru sem greiðslur og gjöld á grundvelli 1. mgr. greinar þessarar og greiðsluviðurkenningar vegna slíkra greiðslna og gjalda skulu vera undanþegnar öllum álögum og sköttum í viðtökuríkinu.

### Article 39
### Consular fees and charges.

1. The consular post may levy in the territory of the receiving State the fees and charges provided by the laws and regulations of the sending State for consular acts.

2. The sums collected in the form of the fees and charges referred to in paragraph 1 of this Article, and the receipts for such fees and charges, shall be exempt from all dues and taxes in the receiving State.

II. þáttur.

**Aðstaða, forréttindi og friðhelgi sendiræðiserindreka og annarra starfsmanna ræðisstofnunar.**

40. gr.

**Vernd til handa ræðiserindrekum.**

Viðtökuríkið skal sýna ræðiserindrekum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu þeirra, frelsi eða sæmd.

41. gr.

**Persónuleg friðhelgi ræðiserindreka.**

1. Ræðiserindreka má ekki handtaka né hafa í haldi meðan á málsrannsókn stendur nema um sé að ræða alvarlegan glæp enda hafi ákvörðun þar til bærs handhafa dómsvalds komið til.

2. Með þeim takmörkunum sem greint er frá í 1. mgr. greinar þessarar má ekki setja ræðiserindreka í fangelsi né leggja annars konar hömlur á persónufrelsi þeirra nema til að fullnægja endanlegri dómsúrlausn.

3. Ef refsimál er höfðað gegn ræðiserindreka er honum skylt að koma fyrir þar til bær stjórnvöld. Þó skal reka málið þannig að honum sé sýnd sú virðing sem honum ber vegna hinnar opinberu stöðu sinnar og tálmað sé sem allra minnst framkvæmd ræðisstarfa nema 1. mgr. greinar þessarar eigi við. Þegar nauðsynlegt hefur reynst að setja ræðiserindreka í hald við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. greinar þessarar skal mál höfðað gegn honum eins fljótt og auðið er.

42. gr.

**Tilkynning um handtöku, hald eða höfðun refsimáls.**

Ef einhver úr ræðisstarfsliðinu er handtekinn eða hafður í haldi meðan á málsrannsókn stendur eða refsimál er höfðað gegn honum skal viðtökuríkið

Section II.

**Facilities, privileges and immunities relating to career consular officers and other members of a consular post.**

Article 40

**Protection of consular officers.**

The receiving State shall treat consular officers with due respect and shall take all appropriate steps to prevent any attack on their person, freedom or dignity.

Article 41

**Personal inviolability of consular officers.**

1. Consular officers shall not be liable to arrest or detention pending trial, except in the case of a grave crime and pursuant to a decision by the competent judicial authority.

2. Except in the case specified in paragraph 1 of this Article, consular officers shall not be committed to prison or liable to any other form of restriction on their personal freedom save in execution of a judicial decision of final effect.

3. If criminal proceedings are instituted against a consular officer, he must appear before the competent authorities. Nevertheless, the proceedings shall be conducted with the respect due to him by reason of his official position and, except in the case specified in paragraph 1 of this Article, in a manner which will hamper the exercise of consular functions as little as possible. When, in the circumstances mentioned in paragraph 1 of this Article, it has become necessary to detain a consular officer, the proceedings against him shall be instituted with the minimum of delay.

Article 42

**Notification of arrest, detention or prosecution.**

In the event of the arrest or detention, pending trial, of a member of the consular staff, or of criminal proceedings being instituted against him, the receiving State

þegar í stað tilkynna forstöðumanni ræðisstofnunarinnar það. Hafi forstöðumaðurinn sjálfur orðið að sæta einhverri ofangreindra aðgerða skal viðtökuríkið tilkynna sendiríkinu það stjórnarboðleið.

43. gr.
**Undanþága frá lögsögu.**

1. Ræðiserindrekar og ræðisstarfsmenn skulu ekki lúta lögsögu handhafa dómsvalds eða framkvæmdarvalds viðtökuríkisins varðandi athafnir sem falla undir framkvæmd ræðisstarfa.

2. Ákvæði 1. mgr. greinar þessarar skulu þó ekki taka til einkamáls sem:

a) á rætur sínar að rekja til samnings þar sem ræðiserindreki eða ræðisstarfsmaður hefur verið samningsaðili án þess að semja beint eða óbeint sem fulltrúi sendiríkisins; eða

b) þriðji aðili höfðar út af tjóni vegna slyss í viðtökuríkinu af völdum ökutækis, skips eða loftfars.

44. gr.
**Vitnaskylda.**

1. Starfsmenn ræðisstofnunar má kveðja til að bera vitni í málum sem handhafar dómsvalds eða framkvæmdarvalds hafa til meðferðar. Ræðisstarfsmaður eða þjónustustarfsmaður skal ekki neita að bera vitni nema í þeim tilvikum sem greind eru í 3. mgr. greinar þessarar. Neiti ræðiserindreki að bera vitni er ekki unnt að beita neinum þvingunaraðgerðum gegn honum né láta hann sæta refsingu.

2. Stjórnvöld þau sem fara fram á vitnisburð af hálfu ræðiserindreka skulu forðast að trufla framkvæmd starfa hans. Þegar unnt er mega þau afla slíks vitnisburðar í bústað hans eða ræðisstofnuninni eða taka við skriflegri skýrslu hans.

3. Starfsmönnum ræðisstofnunar ber engin skylda til að bera vitni um mál sem snerta framkvæmd starfa þeirra né

shall promptly notify the head of the consular post. Should the latter be himself the object of any such measure, the receiving State shall notify the sending State through the diplomatic channel.

Article 43
**Immunity from jurisdiction.**

1. Consular officers and consular employees shall not be amenable to the jurisdiction of the judicial or administrative authorities of the receiving State in respect of acts performed in the exercise of consular functions.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not, however, apply in respect of a civil action either:

a) arising out of a contract concluded by a consular officer or a consular employee in which he did not contract expressly or impliedly as an agent of the sending State; or

b) by a third party for damage arising from an accident in the receiving State caused by a vehicle, vessel or aircraft.

Article 44
**Liability to give evidence.**

1. Members of a consular post may be called upon to attend as witnesses in the course of judicial or administrative proceedings. A consular employee or a member of the service staff shall not, except in the cases mentioned in paragraph 3 of this Article, decline to give evidence. If a consular officer should decline to do so, no coercive measure or penalty may be applied to him.

2. The authority requiring the evidence of a consular officer shall avoid interference with the performance of his functions. It may, when possible, take such evidence at his residence or at the consular post or accept a statement from him in writing.

3. Members of a consular post are under no obligation to give evidence concerning matters connected with the exer-

leggja fram opinber bréf og skjöl þeim viðvíkjandi. Þeim er einnig heimilt að neita að bera vitni sem sérfróðir aðilar að því er varðar lög sendiríkisins.

cise of their functions or to produce official correspondence and documents relating thereto. They are also entitled to decline to give evidence as expert witnesses with regard to the law of the sending State.

45. gr.
**Afsal forréttinda og friðhelgi.**

1. Sendiríkið getur afsalað öllum þeim forréttindum og friðhelgi starfsmanns ræðisstofnunar sem gert er ráð fyrir í 41. gr., 43. gr. og 44. gr.

2. Afsal skal ætíð gefa berum orðum nema 3. mgr. greinar þessarar eigi við og skal viðtökuríkinu tilkynnt það skriflega.

3. Ef ræðiserindreki eða ræðisstarfsmaður höfðar mál þar sem hann mundi að öðru jöfnu vera undanþeginn lögsögu samkvæmt 43. gr. girðir slíkt fyrir að hann geti borið fyrir sig undanþágu frá lögsögu varðandi neina gagnkröfu sem er beint tengd aðalkröfunni.

4. Afsal undanþágu frá lögsögu í einkamálum eða framkvæmdarvaldsmálum skal ekki telja fela í sér afsal undanþágu frá fullnustugerðum á grundvelli dómsúrlausnar. Sérstakt afsal þarf að koma til um slíkar gerðir.

Article 45
**Waiver of privileges and immunities.**

1. The sending State may waive, with regard to a member of the consular post, any of the privileges and immunities provided for in Articles 41, 43 and 44.

2. The waiver shall in all cases be express, except as provided in paragraph 3 of this Article, and shall be communicated to the receiving State in writing.

3. The initiation of proceedings by a consular officer or a consular employee in a matter where he might enjoy immunity from jurisdiction under Article 43 shall preclude him from invoking immunity from jurisdiction in respect of any counter-claim directly connected with the principal claim.

4. The waiver of immunity from jurisdiction for the purposes of civil or administrative proceedings shall not be deemed to imply the waiver of immunity from the measures of execution resulting from the judicial decision; in respect of such measures, a separate waiver shall be necessary.

46. gr.
**Undanþága frá skráningarskyldu útlendinga og reglum um dvalarleyfi.**

1. Ræðiserindrekar og ræðisstarfsmenn ásamt þeim úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra skulu undanþegnir öllum skyldum samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins að því er varðar skráningarskyldu útlendinga og reglur um dvalarleyfi.

2. Ákvæði 1. mgr. greinar þessarar skulu þó ekki gilda um neinn þann ræðisstarfsmann sem er ekki fastur starfsmaður sendiríkisins eða rekur einhverja ábatasama einkastarfsemi í viðtökuríkinu og gegnir sama máli um alla í fjölskyldu sérhvers slíks starfsmanns.

Article 46
**Exemption from registration of aliens and residence permits.**

1. Consular officers and consular employees and members of their families forming part of their households shall be exempt from all obligations under the laws and regulations of the receiving State in regard to the registration of aliens and residence permits.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not, however, apply to any consular employee who is not a permanent employee of the sending State or who carries on any private gainful occupation in the receiving State or to any member of the family of any such employee.

47. gr.
**Undanþága frá reglum um atvinnuleyfi.**

1. Að því er við kemur þjónustustörfum í þágu sendiríkisins skulu starfsmenn ræðisstofnunar vera undanþegnir hvers konar skyldum um atvinnuleyfi sem lög og reglur viðtökuríkisins kveða á um varðandi nýtingu erlends vinnuafls.

2. Einkaþjónustustarfsmenn ræðiserindreka og ræðisstarfsmanna skulu vera undanþegnir þeim skyldum sem frá greinir í 1. mgr. greinar þessarar ef þeir gegna ekki einhverjum öðrum ábatasömum störfum í viðtökuríkinu.

Article 47
**Exemption from work permits.**

1. Members of the consular post shall, with respect to services rendered for the sending State, be exempt from any obligations in regard to work permits imposed by the laws and regulations of the receiving State concerning the employment of foreign labour.

2. Members of the private staff of consular officers and of consular employees shall, if they do not carry on any other gainful occupation in the receiving State, be exempt from the obligations referred to in paragraph 1 of this Article.

48. gr.
**Undanþága frá almannatryggingaákvæðum.**

1. Með þeim takmörkunum sem felast í 3. mgr. greinar þessarar skulu starfsmenn ræðisstofnunar og þeir úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra vera undanþegnir þeim almannatryggingaákvæðum sem kunna að gilda í viðtökuríkinu að því er varðar þjónustu þeirra í þágu sendiríkisins.

2. Undanþága sú sem getið er í 1. mgr. greinar þessarar skal einnig ná til þeirra einkaþjónustustarfsmanna sem starfa eingöngu í þjónustu starfsmanna ræðisstofnunar að því tilskildu:

a) að þeir séu ekki ríkisborgarar viðtökuríkisins né hafi fasta búsetu þar; og

b) að þeir njóti réttinda samkvæmt almannatryggingaákvæðum sem eru í gildi í sendiríkinu eða þriðja ríki.

3. Ef starfsmenn ræðisstofnunar hafa í þjónustu sinni menn sem undanþágan samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar tekur ekki til skulu þeir uppfylla þær skyldur sem almannatryggingaákvæði viðtökuríkisins leggja vinnuveitendum á herðar.

4. Undanþágur þær sem felast í 1. og 2. mgr. greinar þessarar skulu ekki girða fyrir frjálsa aðild að almannatryggingakerfi viðtökuríkisins enda heimili það ríki slíka aðild.

Article 48
**Social security exemption.**

1. Subject to the provisions of paragraph 3 of this Article, members of the consular post with respect to services rendered by them for the sending State, and members of their families forming part of their households, shall be exempt from social security provisions which may be in force in the receiving State.

2. The exemption provided for in paragraph 1 of this Article shall apply also to members of the private staff who are in the sole employ of members of the consular post, on condition:

a) that they are not nationals of or permanently resident in the receiving State; and

b) that they are covered by the social security provisions which are in force in the sending State or a third State.

3. Members of the consular post who employ persons to whom the exemption provided for in paragraph 2 of this Article does not apply shall observe the obligations which the social security provisions of the receiving State impose upon employers.

4. The exemption provided for in paragraphs 1 and 2 of this Article shall not preclude voluntary participation in the social security system of the receiving State, provided that such participation is permitted by that State.

49. gr.
**Skattfrelsi.**

1. Ræðiserindrekar og ræðisstarfsmenn ásamt þeim úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra skulu vera undanþegnir öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og eignir hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma nema:

a) þeim óbeinu sköttum sem eru að jafnaði innifaldir í verði vöru og þjónustu;

b) gjöldum eða sköttum á fasteignir í einkaeign í landi viðtökuríkisins, þó með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum 32. gr.;

c) dánarbús- og erfðafjársköttum ásamt gjöldum af eignayfirfærslum sem viðtökuríkið leggur á, þó með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum b-liðar 51. gr.;

d) gjöldum og sköttum á einkatekjur, þar á meðal arði af eignum sem eiga upphaf sitt í viðtökuríkinu, og eignasköttum af fjárfestingu í viðskipta- eða fjármálafyrirtækjum í viðtökuríkinu;

e) gjöldum sem lögð eru á fyrir tiltekna veitta þjónustu;

f) þinglýsingar- og réttargjöldum, veðmála- og stimpilgjöldum, þó með þeim undantekningum sem felast í ákvæðum 32. gr.

2. Þjónustustarfsmenn skulu undanþegnir gjöldum og sköttum af launum sem þeir fá fyrir þjónustu sína.

3. Ef starfsmenn ræðisstofnunar hafa í þjónustu sinni menn sem eru ekki undanþegnir greiðslu tekjuskatts af kaupi sínu eða launum í viðtökuríkinu skulu þeir fullnægja þeim skyldum sem lög og reglur þess ríkis leggja vinnuveitendum á herðar varðandi innheimtu tekjuskattsins.

Article 49
**Exemption from taxation.**

1. Consular officers and consular employees and members of their families forming part of their households shall be exempt from all dues and taxes, personal or real, national, regional or municipal, except:

a) indirect taxes of a kind which are normally incorporated in the price of goods or services;

b) dues or taxes on private immovable property situated in the territory of the receiving State, subject to the provisions of Article 32;

c) estate, succession or inheritance duties, and duties on transfers, levied by the receiving State, subject to the provisions of paragraph b) of Article 51;

d) dues and taxes on private income, including capital gains, having its source in the receiving State and capital taxes relating to investments made in commercial or financial undertakings in the receiving State;

e) charges levied for specific services rendered;

f) registration, court or record fees, mortgage dues and stamp duties, subject to the provisions of Article 32.

2. Members of the service staff shall be exempt from dues and taxes on the wages which they receive for their services.

3. Members of the consular post who employ persons whose wages or salaries are not exempt from income tax in the receiving State shall observe the obligations which the laws and regulations of that State impose upon employers concerning the levying of income tax.

50. gr.
**Tollfrelsi og undanþága frá tollskoðun.**

1. Í samræmi við lög þau og reglur sem viðtökuríkið kann að setja skal það heimila innflutning á og veita undanþágur frá öllum tollum, sköttum og

Article 50
**Exemption from customs duties and inspection.**

1. The receiving State shall, in accordance with such laws and regulations as it may adopt, permit entry of and grant exemption from all customs duties, taxes,

skyldum gjöldum, að undanteknum gjöldum fyrir geymslu, akstur og svipaða þjónustu, að því er varðar:

a) muni sem ætlaðir eru til opinberra nota ræðisstofnunarinnar;

b) muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota ræðiserindreka eða þeirra úr fjölskyldu hans sem teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans. Neysluvarningur skal ekki vera meiri en nauðsynlegur getur talist til beinna þarfa viðkomandi einstaklinga.

2. Ræðisstarfsmenn skulu njóta þeirra forréttinda og undanþága sem greindar eru í 1. mgr. greinar þessarar að því er við kemur munum sem fluttir eru inn þegar þeir fyrst setjast að í viðtökuríkinu.

3. Persónulegur farangur sem ræðiserindrekar og þeir úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra hafa meðferðis skal undanþeginn skoðun. Þó má skoða hann ef gildar ástæður eru til að ætla að í honum séu aðrir munir en þeir sem greint er frá í b-lið 1. mgr. greinar þessarar, munir sem samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins er bannað að flytja inn í landið eða út úr því eða munir sem lúta lögum og reglum þess um sóttvarnir. Slík skoðun skal fara fram í viðurvist ræðiserindrekans eða þess úr fjölskyldu hans sem hlut á að máli.

and related charges other than charges for storage, cartage and similar service, on:

a) articles for the official use of the consular post;

b) articles for the personal use of a consular officer or members of his family forming part of his household, including articles intended for his establishment. The articles intended for consumption shall not exceed the quantities necessary for direct utilization by the persons concerned.

2. Consular employees shall enjoy the privileges and exemptions specified in paragraph 1 of this Article in respect of articles imported at the time of first installation.

3. Personal baggage accompanying consular officers and members of their families forming part of their households shall be exempt from inspection. It may be inspected only if there is serious reason to believe that it contains articles other than those referred to in sub-paragraph b) of paragraph 1 of this Article, or articles the import or export of which is prohibited by the laws and regulations of the receiving State or which are subject to its quarantine laws and regulations. Such inspection shall be carried out in the presence of the consular officer or member of his family concerned.

### 51. gr.
### Dánarbú starfsmanns ræðisstofnunar eða einhvers úr fjölskyldu hans.

Ef starfsmaður ræðisstofnunar eða einhver úr fjölskyldu hans sem telst til heimilisfólks hans deyr skal viðtökuríkið:

a) leyfa flutning lausafjár hins látna úr landi, að undanteknum öllum þeim eignum sem aflað hefur verið í viðtökuríkinu og bannað var að flytja út þegar dauðann bar að höndum;

b) ekki leggja dánarbús- og erfðafjárskatta né eignayfirfærslugjöld, hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma, á lausafé ef það er í viðtökuríkinu af þeirri ástæðu

### Article 51
### Estate of a member of the consular post or of a member of his family.

In the event of the death of a member of the consular post or of a member of his family forming part of his household, the receiving State:

a) shall permit the export of the movable property of the deceased, with the exception of any such property acquired in the receiving State the export of which was prohibited at the time of his death;

b) shall not levy national, regional or municipal estate, succession or inheritance duties, and duties on transfers, on movable property the presence of which in the receiving State was due solely to

einni að hinn látni var þar starfsmaður ræðisstofnunar eða í fjölskyldu starfsmanns ræðisstofnunar.

52. gr.
**Undanþága frá persónubundinni þjónustu og framlagi.**

Viðtökuríkið skal undanþiggja starfsmenn ræðisstofnunar og þá úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra allri persónubundinni þjónustu, hvers konar opinberri þjónustu og hernaðarskyldum, t. d. í tengslum við upptöku, hernaðarframlög og vistun herliðs.

53. gr.
**Upphaf og lok forréttinda og friðhelgi sem eru samfara ræðisstörfum.**

1. Sérhver starfsmaður ræðisstofnunar skal njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem samningur þessi gerir ráð fyrir frá þeirri stundu er hann kemur í land í viðtökuríkinu til þess að taka við stöðu sinni eða, ef hann er þegar kominn í land þess, frá þeirri stundu er hann tekur við störfum sínum hjá ræðisstofnuninni.

2. Þeir úr fjölskyldu starfsmanns ræðisstofnunar sem teljast til heimilisfólks hans skulu ásamt einkaþjónustustarfsmönnum hans njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem samningur þessi gerir ráð fyrir frá þeim degi er hann nýtur forréttinda og friðhelgi samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar, frá þeim degi er þeir koma í land viðtökuríkisins eða frá þeim degi er þeir komast í hóp ofangreindra fjölskylduaðila eða einkaþjónustustarfsmanna, og er miðað við þann dag sem síðastur er.

3. Þegar störfum starfsmanns ræðisstofnunar er lokið skulu forréttindi og friðhelgi hans, þeirra úr fjölskyldu hans sem teljast til heimilisfólks hans og einkaþjónustustarfsmanna hans að jafnaði falla niður á þeirri stundu er hlutaðeigandi einstaklingur hverfur úr viðtökuríkinu eða við lok hæfilegs frests til brottfarar, eftir því hvort ber fyrr að höndum, en haldast skulu þau til þess

the presence in that State of the deceased as a member of the consular post or as a member of the family of a member of the consular post.

Article 52
**Exemption from personal services and contributions.**

The receiving State shall exempt members of the consular post and members of their families forming part of their households from all personal services, from all public service of any kind whatsoever, and from military obligations such as those connected with requisitioning, military contributions and billeting.

Article 53
**Beginning and end of consular privileges and immunities.**

1. Every member of the consular post shall enjoy the privileges and immunities provided in the present Convention from the moment he enters the territory of the receiving State on proceeding to take up his post or, if already in its territory, from the moment when he enters on his duties with the consular post.

2. Members of the family of a member of the consular post forming part of his household and members of his private staff shall receive the privileges and immunities provided in the present Convention from the date from which he enjoys privileges and immunities in accordance with paragraph 1 of this Article or from the date of their entry into the territory of the receiving State or from the date of their becoming a member of such family or private staff, whichever is the latest.

3. When the functions of a member of the consular post have come to an end, his privileges and immunities and those of a member of his family forming part of his household or a member of his private staff shall normally cease at the moment when the person concerned leaves the receiving State or on the expiry of a reasonable period in which to do so, whichever is the sooner, but shall subsist

tíma, jafnvel á hernaðartímum. Forréttindum og friðhelgi þeirra sem taldir eru í 2. mgr. greinar þessarar skal ljúka þegar þeir teljast ekki lengur til heimilisfólks eða í þjónustu starfsmanns ræðisstofnunar en þó skulu forréttindi og friðhelgi þeirra haldast allt fram til brottfarartíma ef þeir hyggjast halda úr viðtökuríkinu innan hæfilegs frests.

4. Undanþága frá lögsögu skal þó haldast um ótakmarkaðan tíma að því er tekur til athafna sem ræðiserindreki eða ræðisstarfsmaður framkvæmir í starfi sínu sem slíkur.

5. Beri andlát starfsmanns ræðisstofnunar að höndum skulu þeir úr fjölskyldu hans sem töldust til heimilisfólks hans halda áfram að njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem þeim var veitt þar til þeir hverfa úr viðtökuríkinu eða hæfilegur frestur til þess er á enda hvort heldur sem gerist fyrr.

### 54. gr.
### Skyldur þriðja ríkis.

1. Ef ræðiserindreki sem býst til að taka við stöðu sinni hverfur aftur til starfa eða snýr aftur til sendiríkisins, ferðast um eða dvelst í landi þriðja ríkis sem hefur veitt honum staðfestingaráritun, ef hennar var þörf, skal þriðja ríki veita honum öll þau réttindi sem gert er ráð fyrir í öðrum greinum samnings þessa og þörf er á til þess að tryggja ferð hans um landið eða heimferð. Sama máli gegnir um þá í fjölskyldu hans sem teljast til heimilisfólks hans enda njóti þeir slíkra forréttinda og friðhelgi og eru annað hvort í för með ræðiserindrekanum eða ferðast einir sér til hans eða aftur til sendiríkisins.

2. Þegar svo stendur á sem greint er frá í 1. mgr. greinar þessarar skal þriðja ríki ekki hindra för annarra starfsmanna ræðisstofnunar eða þeirra úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra um land sitt.

until that time, even in case of armed conflict. In the case of the persons referred to in paragraph 2 of this Article, their privileges and immunities shall come to an end when they cease to belong to the household or to be in the service of a member of the consular post provided, however, that if such persons intend leaving the receiving State within a reasonable period thereafter, their privileges and immunities shall subsist until the time of their departure.

4. However, with respect to acts performed by a consular officer or a consular employee in the exercise of his functions, immunity from jurisdiction shall continue to subsist without limitation of time.

5. In the event of the death of a member of the consular post, the members of his family forming part of his household shall continue to enjoy the privileges and immunities accorded to them until they leave the receiving State or until the expiry of a reasonable period enabling them to do so, whichever is the sooner.

### Article 54
### Obligations of third States.

1. If a consular officer passes through or is in the territory of a third State, which has granted him a visa if a visa was necessary, while proceeding to take up or return to his post or when returning to the sending State, the third State shall accord to him all immunities provided for by the other Articles of the present Convention as may be required to ensure his transit or return. The same shall apply in the case of any member of his family forming part of his household enjoying such privileges and immunities who are accompanying the consular officer or travelling separately to join him or to return to the sending State.

2. In circumstances similar to those specified in paragraph 1 of this Article, third States shall not hinder the transit through their territory of other members of the consular post or of members of their families forming part of their households.

3. Þriðja ríki skal veita opinberum bréfum og öðrum opinberum skilaboðum sem send eru um land þess, þar á meðal tilkynningum á dulmáli eða merkjamáli, sama frjálsræði og vernd og viðtökuríkið er skuldbundið til að veita samkvæmt samningi þessum. Það skal veita ræðispóstberum sem veitt hefur verið staðfestingaráritun þar sem slíks var þörf og ræðispósti á leið til áfangastaðar sömu friðhelgi og vernd og viðtökuríkinu ber skylda til að veita samkvæmt samningi þessum.

4. Skuldbindingar þær sem hvíla á þriðja ríki samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. greinar þessarar skulu einnig taka til þeirra manna sem þar eru greindir og til ræðispósts og opinberra skilaboða sem komin eru í land þriðja ríkis af óviðráðanlegum orsökum.

3. Third States shall accord to official correspondence and to other official communications in transit, including messages in code or cipher, the same freedom and protection as the receiving State is bound to accord under the present Convention. They shall accord to consular couriers who have been granted a visa, if a visa was necessary, and to consular bags in transit, the same inviolability and protection as the receiving State is bound to accord under the present Convention.

4. The obligations of third States under paragraphs 1, 2 and 3 of this Article shall also apply to the persons mentioned respectively in those paragraphs, and to official communications and to consular bags, whose presence in the territory of the third State is due to **force majeure.**

55. gr.
**Virðing fyrir lögum og reglum viðtökuríkisins.**

1. Öllum þeim sem njóta forréttinda og friðhelgi ber skylda til að virða lög og reglur viðtökuríkisins, en slík skylda skerðir þó ekki forréttindi þeirra og friðhelgi. Þeim er einnig skylt að skipta sér ekki af innanlandsmálum í því ríki.

2. Ræðisstofnunarsvæðið skal ekki nota á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er framkvæmd ræðisstarfa.

3. Ákvæði 2. mgr. greinar þessarar skulu ekki girða fyrir það að unnt sé að koma fyrir skrifstofum annarra stofnana eða fyrirtækja í hluta byggingar þar sem ræðisstofnunarsvæðið er enda séu slíkar skrifstofur aðskildar frá þeim skrifstofum sem ræðisstofnunin notar. Í því tilviki skulu téðar skrifstofur ekki teljast hluti ræðisstofnunarsvæðisins samkvæmt samningi þessum.

Article 55
**Respect for the laws and regulations of the receiving State.**

1. Without prejudice to their privileges and immunities, it is the duty of all persons enjoying such privileges and immunities to respect the laws and regulations of the receiving State. They also have a duty not to interfere in the internal affairs of that State.

2. The consular premises shall not be used in any manner incompatible with the exercise of consular functions.

3. The provisions of paragraph 2 of this Article shall not exclude the possibility of offices of other institutions or agencies being installed in part of the building in which the consular premises are situated, provided that the premises assigned to them are separate from those used by the consular post. In that event, the said offices shall not, for the purposes of the present Convention, be considered to form part of the consular premises.

56. gr.
**Ábyrgðartrygging.**

Starfsmenn ræðisstofnunar skulu fullnægja öllum kröfum sem mælt er fyrir í lögum og reglum viðtökuríkisins varð-

Article 56
**Insurance against third party risks.**

Members of the consular post shall comply with any requirement imposed by the laws and regulations of the receiving

andi ábyrgðartryggingar vegna notkunar hvers kyns ökutækja, skipa eða loftfara.

State in respect of insurance against third party risks arising from the use of any vehicle, vessel or aircraft.

57. gr.
**Sérstök ákvæði viðvíkjandi ábatavænlegri einkastarfsemi.**

1. Sendiræðiserindrekar skulu ekki stunda neina atvinnu- eða viðskiptastarfsemi í eigin ágóðaskyni í viðtökuríkinu.

2. Forréttindi og friðhelgi samkvæmt þessum kafla skal ekki veita:

a) ræðisstarfsmönnum né þjónustustarfsmönnum sem stunda einhvers konar ábatavænlega einkastarfsemi í viðtökuríkinu;

b) neinum úr fjölskyldu þeirra sem getið er í a-lið málsgreinar þessarar né einkaþjónustustarfsmönnum þeirra;

c) þeim úr fjölskyldu starfsmanns ræðisstofnunar sem stunda sjálfir einhvers konar ábatasama einkastarfsemi í viðtökuríkinu.

Article 57
**Special provisions concerning private gainful occupation.**

1. Career consular officers shall not carry on for personal profit any professional or commercial activity in the receiving State.

2. Privileges and immunities provided in this Chapter shall not be accorded:

a) to consular employees or to members of the service staff who carry on any private gainful occupation in the receiving State;

b) to members of the family of a person referred to in sub-paragraph a) of this paragraph or to members of his private staff;

c) to members of the family of a member of a consular post who themselves carry on any private gainful occupation in the receiving State.

## III. KAFLI
## REGLUR UM KJÖRRÆÐISERINDREKA OG RÆÐISSTOFNANIR UNDIR FORSTÖÐU ÞEIRRA

58. gr.
**Almenn ákvæði um aðstöðu, forréttindi og friðhelgi.**

1. Ákvæði 28., 29., 30., 34., 35., 36., 37., 38. og 39. gr., 3. mgr. 54. gr. og 2. og 3. mgr. 55. gr. skulu taka til ræðisstofnana sem kjörræðiserindreki veitir forstöðu. Auk þess skal fara um aðstöðu, forréttindi og friðhelgi slíkra ræðisstofnana eftir ákvæðum 59., 60., 61. og 62. gr.

2. Ákvæði 42. og 43. gr., 3. mgr. 44. gr., 45. og 53. gr. og 1. mgr. 55. gr. skulu taka til kjörræðiserindreka. Þar að auki skal um aðstöðu, forréttindi og friðhelgi slíkra ræðiserindreka fara eftir 63., 64., 65., 66. og 67. gr.

## CHAPTER III
## REGIME RELATING TO HONORARY CONSULAR OFFICERS AND CONSULAR POSTS HEADED BY SUCH OFFICERS

Article 58
**General provisions relating to facilities, privileges and immunities.**

1. Articles 28, 29, 30, 34, 35, 36, 37, 38 and 39, paragraph 3 of Article 54 and paragraphs 2 and 3 of Article 55 shall apply to consular posts headed by an honorary consular officer. In addition, the facilities, privileges and immunities of such consular posts shall be governed by Articles 59, 60, 61 and 62.

2. Articles 42 and 43, paragraph 3 of Article 44, Articles 45 and 53 and paragraph 1 of Article 55 shall apply to honrary consular officers. In addition, the facilities, privileges and immunities of such consular officers shall be governed by Articles 63, 64, 65, 66 and 67.

3. Þau forréttindi og friðhelgi sem samningur þessi gerir ráð fyrir skal hvorki veita neinum úr fjölskyldu kjörræðiserindreka né fjölskyldu ræðisstarfsmanns sem vinnur við ræðisstofnun undir forstöðu kjörræðiserindreka.

4. Ekki er heimilt að senda ræðispóst milli tveggja ræðisstofnana í mismunandi ríkjum sem kjörræðiserindrekar veita forstöðu nema til komi samþykki þeirra tveggja viðtökuríkja sem hlut eiga að máli.

### 59. gr.
### Vernd ræðisstofnunarsvæðisins.

Viðtökuríkið skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar geta talist til að vernda svæði ræðisstofnunar undir forstöðu kjörræðiserindreka fyrir öllum árásum eða tjóni og koma í veg fyrir hvers konar röskun á friði ræðisstofnunarinnar eða skerðingu á virðingu hennar.

### 60. gr.
### Skattfrelsi ræðisstofnunarsvæðisins.

1. Það svæði ræðisstofnunar undir forstöðu kjörræðiserindreka sem sendiríkið á eða tekur á leigu skal undanþegið hvers kyns gjöldum og sköttum til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu.

2. Skattfrelsi samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar skal ekki taka til þeirra gjalda og skatta sem eiga samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins að greiðast af viðsemjanda sendiríkisins.

### 61. gr.
### Friðhelgi ræðisskjalasafns og ræðisskjala.

Ræðisskjalasafn og skjöl ræðisstofnunar sem kjörræðiserindreki veitir forstöðu skulu ætíð vera friðhelg hvar sem þau eru niður komin svo framarlega sem þeim er haldið aðskildum frá öðrum gögnum

3. Privileges and immunities provided in the present Convention shall not be accorded to members of the family of an honorary consular officer or of a consular employee employed at a consular post headed by an honorary consular officer.

4. The exchange of consular bags between two consular posts headed by honorary consular officers in different States shall not be allowed without the consent of the two receiving States concerned.

### Article 59
### Protection of the consular premises.

The receiving State shall take such steps as may be necessary to protect the consular premises of a consular post headed by an honorary consular officer against any intrusion or damage and to prevent any disturbance of the peace of the consular post or impairment of its dignity.

### Article 60
### Exemption from taxation of consular premises.

1. Consular premises of a consular post headed by an honorary consular officer of which the sending State is the owner or lessee shall be exempt from all national, regional or municipal dues and taxes whatsoever, other than such as represent payment for specific services rendered.

2. The exemption from taxation referred to in paragraph 1 of this Article shall not apply to such dues and taxes if, under the laws and regulations of the receiving State, they are payable by the person who contracted with the sending State.

### Article 61
### Inviolability of consular archives and documents.

The consular archives and documents of a consular post headed by an honorary consular officer shall be inviolable at all times and wherever they may be, provided that they are kept separate from

og skjölum, og þá sér í lagi einkabréfum forstöðumanns ræðisstofnunar eða hvers þess manns sem starfar með honum og gögnum þeim, bókum eða skjölum sem varða atvinnu þeirra eða viðskipti.

**62. gr.**
**Tollfrelsi.**

Í samræmi við lög þau og reglur sem viðtökuríkið kann að setja skal það heimila innflutning á og veita undanþágur frá öllum tollum, sköttum og skyldum gjöldum, að undanteknum gjöldum fyrir geymslu, akstur og svipaða þjónustu, að því er varðar eftirtalda muni sem ætlaðir eru til opinberra nota ræðisstofnunar undir forstöðu kjörræðiserindreka: skjaldarmerki, fána, skilti, innsigli og stimpla, bækur, opinber prentuð rit, skrifstofuhúsgögn, skrifstofutæki og svipaða muni sem ræðisstofnuninni eru látnir í té af sendiríkinu eða samkvæmt beiðni af þess hálfu.

**63. gr.**
**Refsimál.**

Ef refsimál er höfðað gegn kjörræðiserindreka er honum skylt að koma fyrir þar til bær yfirvöld. Þó skal reka málið þannig að honum sé sýnd sú virðing sem honum ber vegna hinnar opinberu stöðu sinnar og tálmað sé sem allra minnst framkvæmd ræðisstarfa nema þegar hann er handtekinn eða hafður í haldi. Þegar nauðsynlegt hefur reynst að setja kjörræðiserindreka í hald skal mál höfðað gegn honum eins fljótt og auðið er.

**64. gr.**
**Vernd til handa kjörræðiserindrekum.**

Viðtökuríkinu ber skylda til að veita kjörræðiserindreka þá vernd sem nauðsynleg getur talist með hliðsjón af opinberri stöðu hans.

**65. gr.**
**Undanþága frá skráningarskyldu útlendinga og reglum um dvalarleyfi.**

Kjörræðiserindrekar skulu undanþegnir öllum skyldum samkvæmt lögum og

other papers and documents and, in particular, from the private correspondence of the head of a consular post and of any person working with him, and from the materials, books or documents relating to their profession or trade.

Article 62
**Exemption from customs duties.**

The receiving State shall, in accordance with such laws and regulations as it may adopt, permit entry of, and grant exemption from all customs duties, taxes, and related charges other than charges for storage, cartage and similar services on the following articles, provided that they are for the official use of a consular post headed by an honorary consular officer: coats-of-arms, flags, signboards, seals and stamps, books, official printed matter, office furniture, office equipment and similar articles supplied by or at the instance of the sending State to the consular post.

Article 63
**Criminal proceedings.**

If criminal proceedings are instituted against an honorary consular officer, he must appear before the competent authorities. Nevertheless, the proceedings shall be conducted with the respect due to him by reason of his official position and, except when he is under arrest or detention, in a manner which will hamper the exercise of consular functions as little as possible. When it has become necessary to detain an honorary consular officer, the proceedings against him shall be instituted with the minimum of delay.

Article 64
**Protection of honorary consular officers.**

The receiving State is under a duty to accord to an honorary consular officer such protection as may be required by reason of his official position.

Article 65
**Exemption from registration of aliens and residence permits.**

Honorary consular officers, with the exception of those who carry on for per-

reglum viðtökuríkisins að því er varðar skráningarskyldu útlendinga og reglur um dvalarleyfi nema þeir stundi í eigin ágóðaskyni einhverja atvinnu- eða viðskiptastarfsemi í viðtökuríkinu.

66. gr.
**Skattfrelsi.**

Kjörræðiserindreki skal undanþeginn öllum gjöldum og sköttum af greiðslum og launum sem hann þiggur af sendiríkinu vegna framkvæmdar ræðisstarfa.

67. gr.
**Undanþága frá persónubundinni þjónustu og framlagi.**

Viðtökuríkið skal undanþiggja kjörræðiserindreka allri persónubundinni þjónustu, hvers konar opinberri þjónustu og hernaðarskyldum, t. d. í tengslum við upptöku, hernaðarframlög og vistun herliðs.

68. gr.
**Kjörfrelsiseðli kjörræðiserindrekafyrirkomulagsins.**

Sérhverju ríki er frjálst að ákveða hvort það vill skipa eða taka við kjörræðiserindrekum.

## IV. KAFLI
## ALMENN ÁKVÆÐI

69. gr.
**Umboðsræðismenn sem eru ekki forstöðumenn ræðisstofnana.**

1. Sérhverju ríki er í sjálfsvald sett að ákveða hvort það krefst að koma á fót eða leyfa umboðsræðisskrifstofur undir stjórn umboðsræðismanna sem sendiríkið tilnefnir ekki sem forstöðumenn ræðisstofnana.

2. Sendiríkið og viðtökuríkið skulu í samningi sín á milli ákveða skilyrði varðandi starfsemi umboðsræðisskrifstofa þeirra sem nefndar eru í 1. mgr. greinar þessarar og kveða á um forréttindi þau og friðhelgi sem umboðsræðismenn í

sonal profit any professional or commercial activity in the receiving State, shall be exempt from all obligations under the laws and regulations of the receiving State in regard to the registration of aliens and residence permits.

Article 66
**Exemption from taxation.**

An honorary consular officer shall be exempt from all dues and taxes on the remuneration and emoluments which he receives from the sending State in respect of the exercise of consular functions.

Article 67
**Exemption from personal services and contributions.**

The receiving State shall exempt honorary consular officers from all personal services and from all public services of any kind whatsoever and from military obligations such as those connected with requisitioning, military contributions and billeting.

Article 68
**Optional character of the institution of honorary consular officers.**

Each State is free to decide whether it will appoint or receive honorary consular officers.

## CHAPTER IV
## GENERAL PROVISIONS

Article 69
**Consular agents who are not heads of consular posts.**

1. Each State is free to decide whether it will establish or admit consular agencies conducted by consular agents not designated as heads of consular post by the sending State.

2. The conditions under which the consular agencies referred to in paragraph 1 of this Article may carry on their activities and the privileges and immunities which may be enjoyed by the consular agents in charge of them shall be deter-

fyrirsvari fyrir skrifstofunum skulu njóta.

### 70. gr.
### Framkvæmd ræðisstarfa af hálfu sendiráða.

1. Ákvæði samnings þessa taka einnig, eftir því sem við á, til framkvæmdar ræðisstarfa af hálfu sendiráðs.

2. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti viðtökuríkisins eða þeim stjórnvöldum sem það vísar á nöfn þeirra sendiráðsmanna sem falið er að starfa í ræðisstarfadeild sendiráðsins eða skulu með öðrum hætti annast framkvæmd ræðisstarfa sendiráðsins.

3. Við framkvæmd ræðisstarfa má sendiráð snúa sér til:

a) stjórnvalda ræðisumdæmisins;

b) ríkisstjórnvalda viðtökuríkisins ef það er heimilt samkvæmt lögum, reglum og venjum viðtökuríkisins eða alþjóðasamningum þar um.

4. Um forréttindi og friðhelgi sendiráðsmanna sem greindir eru í 2. mgr. greinar þessarar skulu þjóðréttarreglur um stjórnmálasamband gilda áfram.

### 71. gr.
### Einstaklingar sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar.

1. Ræðiserindrekar sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar skulu einungis njóta undanþágu frá lögsögu og persónulegrar friðhelgi að því er varðar opinber störf sem þeir framkvæma innan verkahrings síns og forréttinda sem veitt eru í 3. mgr. 44. gr., nema viðtökuríkið veiti frekari aðstöðu, forréttindi og friðhelgi. Að því er kemur við ræðiserindrekum þessum skal viðtökuríkið einnig fullnægja skyldu þeirri sem kveðið er á um í 42. gr. Ef refsimál er höfðað gegn ræðiserindreka sem hér um ræðir skal reka málið þannig að tálmað sé sem allra minnst framkvæmd ræðmined by agreement between the sending State and the receiving State.

### Article 70
### Exercise of consular functions by diplomatic missions.

1. The provisions of the present Convention apply also, so far as the context permits, to the exercise of consular functions by a diplomatic mission.

2. The names of members of a diplomatic mission assigned to the consular section or otherwise charged with the exercise of the consular functions of the mission shall be notified to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or to the authority designated by that Ministry.

3. In the exercise of consular functions a diplomatic mission may address:

a) the local authorities of the consular district;

b) the central authorities of the receiving State if this is allowed by the laws, regulations and usages of the receiving State or by relevant international agreements.

4. The privileges and immunities of the members of a diplomatic mission referred to in paragraph 2 of this Article shall continue to be governed by the rules of international law concerning diplomatic relations.

### Article 71
### Nationals or permanent residents of the receiving State.

1. Except in so far as additional facilities, privileges and immunities may be granted by the receiving State, consular officers who are nationals of or permanently resident in the receiving State shall enjoy only immunity from jurisdiction and personal inviolability in respect of official acts performed in the exercise of their functions, and the privilege provided in paragraph 3 of Article 44. So far as these consular officers are concerned, the receiving State shall likewise be bound by the obligation laid down in Article 42. If criminal proceedings are instituted against such a consular officer,

isstarfa nema þegar hann er handtekinn eða hafður í haldi.

2. Aðrir starfsmenn ræðisstofnunar sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar skulu ásamt fjölskyldum sínum og fjölskyldum þeirra ræðiserindreka sem greint er frá í 1. mgr. greinar þessarar aðeins njóta aðstöðunnar, forréttindanna og friðhelginnar að svo miklu leyti sem viðtökuríkið veitir þeim þau réttindi. Sömuleiðis skulu þeir úr fjölskyldum starfsmanna ræðisstofnunar og þeir einkaþjónustustarfsmenn sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða heimilisfastir þar einungis njóta aðstöðunnar, forréttindanna og friðhelginnar í þeim mæli sem viðtökuríkið heimilar. Viðtökuríkið skal þó fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á framkvæmd starfa við ræðisstofnunina.

the proceedings shall, except when he is under arrest or detention, be conducted in a manner which will hamper the exercise of consular functions as little as possible.

2. Other members of the consular post who are nationals of or permanently resident in the receiving State and members of their families, as well as members of the families of consular officers referred to in paragraph 1 of this Article, shall enjoy facilities, privileges and immunities only in so far as these are granted to them by the receiving State. Those members of the families of members of the consular post and those members of the private staff who are themselves nationals of or permanently resident in the receiving State shall likewise enjoy facilities, privileges and immunities only in so far as these are granted to them by the receiving State. The receiving State shall, however, exercise its jurisdiction over those persons in such a way as not to hinder unduly the performance of the functions of the consular post.

### 72. gr.
### Jafnræði.

1. Við framkvæmd ákvæða samnings þessa skal viðtökuríkið ekki mismuna ríkjum.

2. Þó skal ekki talið að mismunun eigi sér stað:

a) þegar viðtökuríkið túlkar eitthvert ákvæði samnings þessa þröngt í framkvæmd vegna þess að þröngri túlkun er beitt við framkvæmd ákvæðisins gagnvart ræðisstofnunum þess í sendiríkinu;

b) þegar ríki veita hvert öðru, á grundvelli venju eða með samningi, betri kjör en tilskilið er í ákvæðum samnings þessa.

### Article 72
### Non-discrimination.

1. In the application of the provisions of the present Convention the receiving State shall not discriminate as between States.

2. However, discrimination shall not be regarded as taking place:

a) where the receiving State applies any of the provisions of the present Convention restrictively because of a restrictive application of that provision to its consular posts in the sending State;

b) where by custom or agreement States extend to each other more favourable treatment than is required by the provisions of the present Convention.

### 73. gr.
### Tengsl samnings þessa við aðra alþjóðasamninga.

1. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á aðra alþjóðasamninga sem í

### Article 73
### Relationship between the present Convention and other international agreements.

1. The provisions of the present Convention shall not affect other internatio-

gildi eru milli ríkja sem eru aðilar að þeim.

2. Ekkert í samningi þessum skal girða fyrir það að ríki geti gert alþjóðasamninga er staðfesti, auki við, rýmki eða kveði nánar á um ákvæði hans.

## V. KAFLI
## LOKAÁKVÆÐI

### 74. gr.
### Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra eða samþykktum alþjóðadómstólsins, og allra annarra ríkja sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður að gerast aðilar að samningum, á þeim tíma sem hér segir:

til 31. október 1963 í utanríkisráðuneyti lýðveldisins Austurríkis og síðan til 31. mars 1964 í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

### 75. gr.
### Fullgilding.

Samning þennan skal fullgilda. Skulu fullgildingarskjölin afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

### 76. gr.
### Aðild.

Sérhverju ríki í einhverjum þeirra fjögurra hópa sem taldir eru í 74. gr. skal heimilt að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

### 77. gr.
### Gildistaka.

1. Samningur þessi skal ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

nal agreements in force as between States parties to them.

2. Nothing in the present Convention shall preclude States from concluding international agreements confirming or supplementing or extending or amplifying the provisions thereof.

## CHAPTER V
## FINAL PROVISIONS

### Article 74
### Signature.

The present Convention shall be open for signature by all States Members of the United Nations or of any of the specialized agencies or Parties to the Statute of the International Court of Justice, and by any other State invited by the General Assembly of the United Nations to become a Party to the Convention, as follows until 31 October 1963 at the Federal Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Austria and subsequently, until 31 March 1964, at the United Nations Headquarters in New York.

### Article 75
### Ratification.

The present Convention is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

### Article 76
### Accession.

The present Convention shall remain open for accession by any State belonging to any of the four categories mentioned in Article 74. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

### Article 77
### Entry into force.

1. The present Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta og annars fullgildingar- eða aðildarskjalsins til vörslu skal samningurinn ganga í gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu þess ríkis á fullgildingar- eða aðildarskjali sínu til vörslu.

78. gr.
**Tilkynningar framkvæmdastjórans.**

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum innan sérhvers þeirra fjögurra hópa sem taldir eru í 74. gr.:

a) undirritanir undir samning þennan og afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjala til vörslu samkvæmt 74., 75. og 76. gr.;

b) gildistökudag samnings þessa samkvæmt 77. gr.

79. gr.
**Gildir textar.**

Frumriti samnings þessa sem gerður er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku með jafngildum textum skal komið í vörslu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna en hann skal senda öllum ríkjum innan sérhvers hópanna fjögurra sem taldir eru í 74. gr. staðfest eftirrit af því.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Vínarborg 24. apríl 1963.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 78
**Notifications by the Secretary-General.**

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States belonging to any of the four categories mentioned in Article 74:

a) of signatures to the present Convention and of the deposit of instruments of ratification or accession, in accordance with Articles 74, 75 and 76;

b) of the date on which the present Convention will enter into force, in accordance with Article 77.

Article 79
**Authentic texts.**

The original of the present Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all states belonging to any of the four categories mentioned in Article 74.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Convention.

DONE AT VIENNNA, this twenty-fourth day of April, one thousand nine hundred and sixty-three.

**Fylgiskjal II.**

## KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI RÍKISBORGARARÉTT

**Aðildarríki að bókun þessari og Vínarsamningnum um ræðissamband** sem samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, haldinni í Vínarborg dagana 4. mars til 22. apríl 1963, og verður hér á eftir nefndur „samningurinn"

**láta í ljós ósk um að** setja reglur sín á milli um ríkisborgararétt starfsmanna ræðisstofnunar og þeirra manna úr fjölskyldu þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, og

**gera samkomulag** um það sem fer hér á eftir:

### 1. gr.

Í bókun þessari skal heitið „starfsmenn ræðisstofnunar" hafa þá merkingu sem ákveðin er í g-lið 1. mgr. 1. gr. samningsins, þ. e. „ræðiserindrekar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn".

### 2. gr.

Starfsmenn ræðisstofnunar sem eru ekki ríkisborgarar viðtökuríkisins og þeir menn úr fjölskyldum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra skulu ekki öðlast ríkisborgararétt viðtökuríkisins eingöngu á grundvelli laga þess ríkis.

### 3. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem kunna að verða aðilar að samningum á þeim tíma sem hér segir:
til 31. október 1963 í utanríkisráðuneyti lýðveldisins Austurríkis og síðan til 31. mars 1964 í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

### 4. gr.

Bókun þessa skal fullgilda. Skulu fullgildingarskjölin afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

## OPTIONAL PROTOCOL CONCERNING ACQUISITION OF NATIONALITY

**The States Parties to the present Protocol and to the Vienna Convention on Consular Relations**, hereinafter referred to as "the Convention", adopted by the United Nations Conference held at Vienna from 4 March to 22 April 1963,

**Expressing their wish** to establish rules between them concerning acquisition of nationality by members of the consular post and by members of their families forming part of their households,

**Have agreed** as follows:

### Article I

For the purposes of the present Protocol, the expression "members of the consular post" shall have the meaning assigned to it in sub-paragraph g) of paragraph 1 of Article 1 of the Convention, namely, "consular officers, consular employees and members of the service staff".

### Article II

Members of the consular post not being nationals of the receiving State, and members of their families forming part of their households, shall not, solely by the operation of the law of the receiving State, acquire the nationality of that State.

### Article III

The present Protocol shall be open for signature by all States which may become Parties to the Convention, as follows: until 31 October 1963 at the Federal Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Austria and, subsequently, until 31 March 1964, at the United Nations Headquarters in New York.

### Article IV

The present Protocol is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

5. gr.

Öllum ríkjum sem kunna að verða aðilar að samningnum skal heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

6. gr.

1. Bókun þessi skal ganga í gildi sama dag og samningurinn eða á þrítugasta degi eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjal að bókuninni hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu, og skal miðað við síðari dagsetninguna.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir gildistöku hennar í samræmi við 1. mgr. greinar þessarar skal bókunin ganga í gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu þess ríkis á fullgildingar- eða aðildarskjali sínu til vörslu.

7. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum sem kunna að verða aðilar að samningnum:

a) undirritanir undir bókun þessa og afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjala til vörslu samkvæmt 3., 4. og 5. gr.;

b) gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt 6. gr.

8. gr.

Frumriti bókunar þessarar sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku og spænsku með jafngildum textum skal komið í vörslu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna en hann skal senda öllum ríkjum sem greind eru í 3. gr. staðfest eftirrit af því.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirritað bókun þessa.

Article V

The present Protocol shall remain open for accession by all States which may become Parties to the Convention. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article VI

1. The present Protocol shall enter into force on the same day as the Convention or on the thirtieth day following the date of deposit of the second instrument of ratification of or accession to the Protocol with the Secretary-General of the United Nations, whichever date is the later.

2. For each State ratifying or acceding to the present Protocol after its entry into force in accordance with paragraph 1 of this Article, the Protocol shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article VII

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which may become Parties to the Convention:

a) of signatures to the present Protocol and of the deposit of instruments of ratification or accession, in accordance with Articles III, IV and V;

b) of the date on which the present Protocol will enter into force, in accordance with Article VI.

Article VIII

The original of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States referred to in Article III.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

GJÖRT í Vínarborg 24. apríl 1963.

DONE AT VIENNA, this twenty-fourth day of April, one thousand nine hundred and sixty-three.

**Fylgiskjal III.**

## KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI SKYLDUBUNDNA LAUSN DEILUMÁLA

**Aðildarríki að bókun þessari og Vínarsamningnum um ræðissamband** sem samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, haldinni í Vínarborg dagana 4. mars til 22. apríl 1963, og verður hér á eftir nefndur „samningurinn"

**láta í ljós ósk um** að hlíta hinni skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins í öllum deilumálum þeirra á milli varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins nema aðilarnir hafi komið sér saman um einhverja aðra leið til lausnar deilunni innan hæfilegs frests, og

**gera samkomulag um** það sem fer hér á eftir:

1. gr.

Deilur sem rísa um túlkun eða framkvæmd samningsins skulu falla undir hina skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins og má því skjóta þeim til Alþjóðadómstólsins samkvæmt kröfu hvers þess deiluaðila sem er aðili að þessari bókun.

2. gr.

Á tveggja mánaða tímabili frá því að annar aðilinn hefur tilkynnt hinum þá skoðun sína að um deilu sé að ræða geta aðilarnir samið um að skjóta málinu til gerðardóms en ekki Alþjóðadómstólsins. Að þeim fresti liðnum getur hvor aðilinn um sig krafist þess að deilan sé lögð til Alþjóðadómstólsins.

## OPTIONAL PROTOCOL CONCERNING THE COMPULSORY SETTLEMENT OF DISPUTES

**The States Parties to the present Protocol and to the Vienna Convention on Consular Relations,** hereinafter referred to as "the Convention", adopted by the United Nations Conference held at Vienna from 4 March to 22 April 1963,

**Expressing their wish** to resort in all matters concerning them in respect of any dispute arising out of the interpretation or application of the Convention to the compulsory jurisdiction of the International Court of Justice, unless some other form of settlement has been agreed upon by the parties within a reasonable period,

**Have agreed** as follows:

Article I

Disputes arising out of the interpretation or application of the Convention shall lie within the compulsory jurisdiction of the International Court of Justice and may accordingly be brought before the Court by an application made by any party to the dispute being a Party to the present Protocol.

Article II

The parties may agree, within a period of two months after one party has notified its opinion to the other that a dispute exists, to resort not to the International Court of Justice but to an arbitral tribunal. After the expiry of the said period, either party may bring the dispute before the Court by an application.

3. gr.

1. Á sama tveggja mánaða tímabilinu geta aðilarnir samið um að taka upp sáttaumleitanir áður en málið er lagt fyrir Alþjóðadómstólinn.

2. Sáttanefnd skal gera tillögur innan fimm mánaða frá því að hún var skipuð. Ef aðilarnir samþykkja ekki tillögur hennar innan tveggja mánaða eftir að þær voru gerðar getur hvor aðili um sig krafist þess að Alþjóðadómstóllinn fjalli um málið.

4. gr.

Ríki þau sem eru aðilar að samningnum, hinni kjörfrjálsu bókun varðandi öðlun ríkisborgararéttar og bókun þessari geta hvenær sem er lýst yfir því að þau vilji rýmka ákvæði bókunar þessarar svo að þau taki til deilna sem rísa út af túlkun eða framkvæmd hinnar kjörfrjálsu bókunar um öðlun ríkisborgararéttar. Slíkum yfirlýsingum skal beint til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

5. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem kunna að verða aðilar að samningnum á þeim tíma sem hér segir:

til 31. október 1963 í utanríkisráðuneyti lýðveldisins Austurríkis og síðan til 31. mars 1964 í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

6. gr.

Bókun þessa skal fullgilda. Skulu fullgildingarskjölin afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

7. gr.

Öllum ríkjum sem kunna að verða aðilar að samningnum skal heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article III

1. Within the same period of two months, the parties may agree to adopt a conciliation procedure before resorting to the International Court of Justice.

2. The conciliation commission shall make its recommendations within five months after its appointment. If its recommendations are not accepted by the parties to the dispute within two months after they have been delivered, either party may bring the dispute before the Court by an application.

Article IV

States Parties to the Convention, to the Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality, and to the present Protocol may at any time declare that they will extend the provisions of the present Protocol to disputes arising out of the interpretation or application of the Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality. Such declarations shall be notified to the Secretary-General of the United Nations.

Article V

The present Protocol shall be open for signature by all States which may become Parties to the Convention as follows: until 31 October 1963 at the Federal Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Austria and, subsequently, until 31 March 1964, at the United Nations Headquarters in New York.

Article VI

The present Protocol is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article VII

The present Protocol shall remain open for accession by all States which may become Parties to the Convention. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

**8. gr.**

1. Bókun þessi skal ganga í gildi sama dag og samningurinn eða á þrítugasta degi eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjal að bókuninni hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu, og skal miðað við síðari dagsetninguna.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir gildistöku hennar í samræmi við 1. mgr. greinar þessarar skal bókunin ganga í gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu þess ríkis á fullgildingar- eða aðildarskjali sínu til vörslu.

**9. gr.**

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum sem kunna að verða aðilar að samningnum:

a) undirritanir undir bókun þessa og afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjala til vörslu samkvæmt 5., 6. og 7. gr.;

b) yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt 4. gr. bókunar þessarar;

c) gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt 8. gr.

**10. gr.**

Frumriti bókunar þessarar sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku með jafngildum textum skal komið í vörslu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna en hann skal senda öllum ríkjum sem greind eru í 5. gr. staðfest eftirrit af því.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Vínarborg 24. apríl 1963.

**Article VIII**

1. The present Protocol shall enter into force on the same day as the Convention or on the thirtieth day following the date of deposit of the second instrument of ratification or accession to the Protocol with the Secretary-General of the United Nations, whichever date is the later.

2. For each State ratifying or acceding to the present Protocol after its entry into force in accordance with paragraph 1 of this Article, the Protocol shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

**Article IX**

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which may become Parties to the Convention:

a) of signatures to the present Protocol and of the deposit of instruments of ratification or accession, in accordance with Articles V, VI and VII;

b) of declarations made in accordance with Article IV of the present Protocol;

c) of the date on which the present Protocol will enter into force, in accordance with Article VIII.

**Article X**

The original of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States referred to in Article V.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

DONE AT VIENNA, this twenty-fourth day of April, one thousand nine hundred and sixty-three.

# LÖG

## um breyting á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. des. 1976.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

2. gr.

2. gr. orðist svo:
Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.
Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.
Forseti skipar vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Skal hann fullnægja sömu skilyrðum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til skipunar í embætti. Vararannsóknarlögreglustjóri fer með vald rannsóknarlögreglustjóra í fjarveru eða forföllum rannsóknarlögreglustjóra eftir nánari ákvörðun hans.
Dómsmálaráðherra skipar annað starfslið rannsóknarlögreglu ríkisins, þ. á m. deildarstjóra og/eða fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:
Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Ólafur Jóhannesson.*

**Stjórnartíðindi A—3, nr. 4—5. Útgáfudagur 6. apríl 1978.**

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1978

5. maí 1978. 51 Nr. 6.

## GJALDÞROTALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Orðskýringar og almenn atriði.

#### 1. gr.

1. Í lögum þessum merkir orðið frestdagur:
   a) Daginn, þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti.
   b) Dánardag skuldara, ef með dánarbúið er farið eftir þessum lögum.
   c) Daginn þegar skiptaráðandi samkvæmt þessum lögum kveður upp úrskurð um, að hann skuli fara með skipti vegna félagsslita eða uppgjörs á eignum stofnunar.

   Ef fleiri dagar en einn geta skv. framanskráðu verið frestdagar, skal hinn fyrsti þeirra vera það.
2. Frestdagur telst sá dagur, þegar óskað er greiðslustöðvunar skv. 2. kafla, þó að lögverkanir greiðslustöðvunar falli brott skv. 12. gr., ef krafist er nauðasamninga eða gjaldþrotaskipta innan 3 vikna eftir brottfall lögverkananna.
3. Frestdagur telst sá dagur, þegar skiptaráðandi fær nauðasamningakröfu, þó að nauðasamningar nái ekki staðfestingu, ef krafist er gjaldþrotaskipta innan 3 vikna, eftir að krafa um nauðasamninga var afturkölluð eða henni hafnað eða eftir að hætt var tilraunum til að ná slíkum samningum.
4. Frestdagur telst sá dagur, þegar gjaldþrotaskipta er krafist, þótt krafan sé afturkölluð eða henni hafnað, ef skiptaráðandi fær innan 3 vikna nýja ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.

#### 2. gr.

Í lögum þessum merkir orðið nákomnir:

a) Hjón, skyldmenni í beinan legg, systkini, mann og maka skyldmenna í beinan legg og systkina og aðra menn, sem sérstaklega náið persónulegt samband hefur verið á milli.
b) Mann og félag eða stofnun, ef maðurinn eða fólk nákomið honum á verulegan hluta félagsins eða stofnunarinnar.
c) Tvö félög eða stofnanir, ef annað þeirra eða fólk nákomið því á verulegan hluta af hinu félaginu eða hinni stofnuninni.
d) Annað fólk, félög eða stofnanir, sem hafa sambærilegt hagsmunasamband og nefnt er í b- og c-lið.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

1. Ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti skal send skiptaráðanda þar sem skuldari á heimili.
2. Sá sem krefst gjaldþrotaskipta, getur þó óskað þess við skiptaráðanda, þar sem hann telur meginhluta atvinnurekstrar skuldara fara fram, að hann fari með skiptin. Í beiðninni skal skýra þessa ósk. Skiptaráðandi skal þegar senda hana dómsmálaráðuneyti ásamt umsögn sinni. Ráðuneytið ákveður, hvort við henni skuli orðið. Ef úrskurður um gjaldþrotaskipti skv. 1. mgr. er kveðinn upp, áður en ákvörðun ráðuneytis hefur leitt til úrskurðar með heimild í þessari mgr., fara skiptin fram þar sem skuldari á heimili. Ef dánarbú er til opinberra skipta, fara gjaldþrotaskipti þess fram í sama lögsagnarumdæmi.
3. Ef ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda, sem ekki má með hana fara, skal hann senda hana þeim skiptaráðanda, sem með hana skal fara.

4. gr.

1. Ósk um greiðslustöðvun og krafa um gjaldþrotaskipti skal vera skrifleg. Geta skal þess, hver ber hana fram, svo og nafns skuldara, nafnnúmers hans eða auðkennisnúmers í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, heimilisfangs og eftir atvikum atvinnu. Gögn, sem vitnað er til, skulu að jafnaði fylgja.
2. Skiptaráðandi skal halda skrá yfir framkomnar óskir um greiðslustöðvun og kröfur um gjaldþrotaskipti. Tilgreina skal í skránni, hvaða dag óskin eða krafan berst.

5. gr.

Skiptaráðandi getur gefið þeim, sem ber fram ósk eða kröfu skv. 4. gr., stuttan frest, sem að jafnaði skal ekki vera lengri en ein vika, til að leggja fram upplýsingar eða gögn, sem vantar, eða senda tilskildar tilkynningar.

6. gr.

1. Ekki skal auglýsa opinberlega, að fram sé komin ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti.
2. Hver sá, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur fengið upplýsingar hjá skiptaráðanda, hvort og hvenær slík ósk eða krafa sé fram komin, hver sé skuldara til aðstoðar, ef einhver er, og hvaða meðferð óskin eða krafan hafi fengið.
3. Ef ósk eða krafa skv. 1. mgr. hefur verið lögð fram á dómþingi, fer um endurrit eftir almennum reglum réttarfarslaga um þau.

## II. KAFLI
## Greiðslustöðvun.

7. gr.

Sá sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur til þess ráðið, getur óskað þess að skiptaráðandi heimili honum greiðslustöðvun í allt að 3 mánuði með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. segir. Ekki má heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu 3 árum fyrir frestdag.

8. gr.

1. Meðan á greiðslustöðvun stendur, er skuldara óskylt og óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir, sbr. þó 9. gr. Ekki má hann heldur stofna til verulegra skuld-

bindinga, umfram það sem þarf til að halda áfram starfsemi sinni, til að gæta með sanngjörnum hætti hagsmuna lánardrottna sinna, til að forða verulegu tjóni eða til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja.

2. Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta, gera fógetagerð í eignum hans eða selja eigur hans á nauðungaruppboði. Fógeti skal þó framkvæma vörslusviptingu vegna fógetagerðar fyrir upphaf greiðslustöðvunar, nema skiptaráðandi telji, að hún torveldi með ósanngjörnum hætti, að tilgangi greiðslustöðvunarinnar verði náð.
3. Ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taka ekki gildi á þeim tíma, sem greiðslustöðvun er. Þannig er óheimilt að gjaldfella skuld vegna vanefnda á greiðslu afborgunar og vaxta, rýrnunar veðs eða slíks.

9. gr.

Ákvæði 39.—41. gr. laga nr. 39 1922 um lausafjárkaup skulu gilda um greiðslustöðvun eftir því, sem við getur átt.

10. gr.

1. Skiptaráðandi skal svo fljótt sem við verður komið kveða upp úrskurð um greiðslustöðvunarbeiðni. Ef greiðslustöðvun er heimiluð, skal skuldari þegar senda endurrit úrskurðarins öllum þeim lánardrottnum sínum, sem honum er kunnugt um. Synjunarúrskurði verður ekki skotið til æðra dóms, en sá, sem hagsmuna hefur að gæta, getur kært úrskurð um, að greiðslustöðvun sé heimil, til Hæstaréttar innan viku eftir að honum barst vitneskja um úrskurðinn.
2. Skuldari skal veita skiptaráðanda og þeim manni, sem skuldara er til aðstoðar, sbr. 7. gr., allar þær upplýsingar, sem þeir krefjast, og stuðla eftir mætti að því, að greiðslustöðvunin leiði til sanngjarnrar niðurstöðu.

11. gr.

1. Sá, sem er skuldara til aðstoðar, skal strax tilkynna skiptaráðanda, ef hann telur ekki horfur á, að samningar takist um greiðslu skulda skuldarans, eða skuldarinn starfi ekki af trúmennsku með honum eða hann hættir að sinna málum skuldara.
2. Ef skiptaráðandi fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða verður þess með öðrum hætti áskynja, að ekki er á viðunandi hátt unnið að því að ná samningum um skuldir skuldara, tekur hann ákvörðun um, hvort fella skuli niður réttaráhrif greiðslustöðvunarinnar. Áður en svo er ákveðið, skal ef unnt er án verulegra erfiðleika gefa skuldaranum, aðstoðarmanninum og þeim lánardrottnum sem kunna að hafa gefið sig fram við skiptaráðanda, tækifæri til að tjá sig. Gefa má skuldara stuttan frest til að taka upp nýja starfshætti. Ákvörðun skiptaráðanda eftir þessari mgr. skal tekin með úrskurði. Úrskurðinum verður ekki skotið til æðra dóms.

12. gr.

1. Reglum þessa kafla skal beita, uns hið fyrsta þessa gerist:
   a) Skuldarinn afturkallar ósk sína um greiðslustöðvun.
   b) Tilraunir til nauðasamninga hefjast.
   c) Skiptaráðandi ákveður, að réttaráhrif greiðslustöðvunarinnar skuli niður falla.
   d) 3 mánuðir eru frá upphafi greiðslustöðvunar.
2. Ef mjög sérstaklega stendur á, getur skiptaráðandi lengt 3 mánaða frestinn skv. 1. mgr. d í alls 5 mánuði, ef skuldari ber fram ósk um það, áður en hinn fyrsti frestur er úti.

3. Ef réttaráhrif greiðslustöðvunar falla niður skv. 1. mgr. a-c eða lengi skiptaráðandi frestinn skv. 2. mgr., skal öllum lánardrottnum, sem vitað er um, tilkynnt um þetta á þann hátt, sem skiptaráðandi mælir fyrir um. Getur hann lagt fyrir skuldara eða þann, sem honum er til aðstoðar, að senda tilkynninguna.

## III. KAFLI
## Upphaf gjaldþrotaskipta.

### 13. gr.

1. Bú einstaklings, félags eða stofnunar skal taka til gjaldþrotaskipta:
   a) Ef þess er krafist af þeim, sem telur sig ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga.
   b) Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, sem strokið hefur af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum skulda, enda sé hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiptum baki lánardrottnum tjón.
   c. Eftir kröfu lánardrottins, ef á síðustu 3 mánuðum fyrir móttöku kröfu hans um gjaldþrotaskipti hefur farið fram hjá skuldara árangurslaus aðför eða kyrrsetning. Þó getur skiptaráðandi hafnað kröfunni, ef fógetagerðin gefur ekki að hans áliti ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir skuldara. Í stað árangurslausrar fógetagerðar getur komið yfirlýsing skuldara frá síðustu 3 mánuðum um, að hann geti ekki staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, eða ef yfirlýsingar, sem skiptaráðandi telur réttar, liggja fyrir um þetta frá löggiltum endurskoðanda, sem kannað hefur hag skuldara, eða frá skattyfirvöldum eða öðrum opinberum stofnunum, sem slíkt hafa gert.
2. Bú opinberra stofnana verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta, ef ríkissjóður ábyrgist skuldir þeirra. Um fjárþröng sveitarfélags og stofnana þess fer eftir sveitarstjórnarlögum.
3. Bú sameignarfélaga verða aðeins tekin til gjaldþrotaskipta ásamt búum eigenda. Bú einstaklinga, félaga og stofnana, sem ekki eru skattskyldar, verða tekin til gjaldþrotaskipta, þó ekki bú forseta Íslands eða maka hans.
4. Dánarbú skal taka til gjaldþrotaskipta, ef það er skuldafrágöngubú og lánardrottinn krefst. Hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna dánarbúsins og sé kröfulýsingarfrestur liðinn, þegar krafa berst skiptaráðanda um gjaldþrotaskipti eða slík krafa er bókuð í skiptabók, kemur slík kröfulýsing í stað kröfulýsingar skv. 19. gr. 3. mgr. laga þessara. Ella skal gefa út innköllun á ný eftir því ákvæði. Hið sama gildir að þessu leyti, þegar skiptaráðandi skiptir eignum hjóna, sem bæði eru á lífi.

### 14. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, ef þeir sjá fram á, að þeir muni ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, og ef fjárhagur þeirra hefur versnað síðasta reikningsár, enda verði búið tekið til gjaldþrotaskipta skv. 13. gr.

### 15. gr.

1. Lánardrottinn getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldunauts síns, ef
   a) krafa hans er nægilega tryggð í eignum skuldara,
   b) krafa hans er nægilega tryggð í eignum þriðjamanns og gjaldþrotaskipti myndu leiða til breytinga á réttarstöðu veðhafa skv. veðbréfinu,

c) krafa hans er ekki fallin í gjalddaga og nægilega tryggð í eignum þriðjamanns eða þriðjimaður býður nægilegt veð.

2. Aðrar nægilegar tryggingar geta komið í stað veðs í þessu sambandi.
3. Að öðru leyti er það ekki skilyrði fyrir því, að lánardrottinn krefjist gjaldþrotaskipta, að krafa hans sé fallin í gjalddaga.

16. gr.

1. Komi fram fleiri kröfur en ein um gjaldþrotaskipti, ákveður skiptaráðandi, í hvaða röð hann fjallar um þær.
2. Frestdagur er móttökudagur þeirrar kröfu, sem fyrst barst.
3. Kröfu um gjaldþrotaskipti má afturkalla, þar til úrskurður um hana hefur gengið.

17. gr.

1. Skuldari, sem krefst gjaldþrotaskipta á búi sínu, skal senda skiptaráðanda yfirlit yfir eignir sínar og skuldir og skrá yfir lánardrottna.
2. Skiptaráðandi skal kalla skuldara á sinn fund án tafar og krefja hann um þær upplýsingar og gögn, sem hann telur þurfa.
3. Komi skuldari ekki á fund skiptaráðanda, skal telja kröfu hans afturkallaða.

18. gr.

1. Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti skal rökstudd.
2. Skiptaráðandi lætur þegar birta skuldara tilkynningu um kröfuna. Jafnframt boðar hann lánardrottin og skuldara á sinn fund með a. m. k. sólarhrings fresti.
3. Birting skv. 2. mgr. þarf ekki að fara fram, ef skiptaráðandi hefur með öðrum hætti samband við skuldunaut eða hann finnst ekki.
4. Komi lánardrottinn ekki á fund skiptaráðanda, skal telja kröfu hans um gjaldþrotaskipti afturkallaða.
5. Komi skuldari ekki á fund skiptaráðanda, skal eftir atvikum líta svo á, að fullyrðingar lánardrottins séu réttar, eða láta lögreglu færa skuldara á fund skiptaráðanda.

19. gr.

1. Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um það, hvort orðið skuli við kröfu um gjaldþrotaskipti.
2. Ekki frestar málskot skiptunum, en ekki skal selja eða ráðstafa munum búsins nema með samþykki þrotamanns, fyrr en fullnaðardómur er genginn. Þó skal skiptaráðandi ráðstafa þeim eignum búsins, sem liggja undir skemmdum.
3. Þegar er úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrstu birtingu í Lögbirtingablaði. Að jafnaði skal einnig tilgreint hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.
4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki, þegar skiptin fara eftir 120. gr. laga þessara.

20. gr.

1. Ef kröfu um gjaldþrotaskipti er hafnað eða síðar kemur fram, að hún var ástæðulaus, skulu þeir, sem krafist hafa skiptanna, greiða kostnað þann, sem búið á að greiða skv. lögum þessum. Sé um fleiri aðila en einn að ræða, er ábyrgð þeirra solidarisk.

2. Ef lánardrottinn hefur krafist gjaldþrotaskipta, en skilyrði til þeirra reynast eigi vera fyrir hendi, skal hann bæta skuldara fjártjón hans og miska, ef lánardrottni mátti vera ljóst, að skilyrði skorti eða hann átti ekki þá kröfu á skuldunaut, sem hann byggði á. Bætur má dæma, þó að krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið tekin til greina. Skiptaráðandi úrskurðar bótakröfuna.

21. gr.

Skiptaráðandinn getur krafið lánardrottin um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta, áður en hann kveður upp úrskurð um gjaldþrotaskipti. Sé trygging ekki sett, skal líta svo á, að krafa um gjaldþrotaskiptin hafi verið afturkölluð.

## IV. KAFLI
## Þýðing gjaldþrotaskipta.

22. gr.

Við uppsögu gjaldþrotaúrskurðar missir þrotamaður rétt til að framselja eignir sínar, til að gefa eftir réttindi sín, til að taka við greiðslum og öðrum framsölum, taka við uppsögnum, mótmælum og þess háttar löggerningum, stofna til skuldbindinga og til að ráða með öðrum hætti yfir eignum sínum þannig, að það hafi þýðingu fyrir þrotabúið.

23. gr.

1. Gjaldþrotið hefur þýðingu gagnvart öllum næsta dag eftir útgáfudag þess Lögbirtingablaðs, þar sem auglýsing um úrskurðinn birtist í fyrsta skipti. Frá uppkvaðningu úrskurðarins og fram til áðurnefnds dags, hefur gjaldþrotið þýðingu gagnvart þeim, sem vissi eða mátti um það vita.
2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki, ef reglur um viðskiptabréf og þinglýsingu eða aðra skráningu leiða til annars.

24. gr.

1. Ekki verður gerð gild fógetagerð í eignum, sem heyra þrotabúinu til, eftir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, nema til fullnustu dóms um afhendingu tiltekins hlutar eða fasteignar. Slík fógetagerð má fara fram, ef meðferð eigna búsins er falin bústjóra til bráðabirgða eða skiptastjóra.
2. Gjaldþrot breytir ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafa látið fara fram fullnustugerð fógeta í eignum skuldara eða eiga haldsrétt í þeim, handveð eða handveðsígildi eða megi láta selja af eignum skuldara á nauðungaruppboði án undanfarandi réttargerða.
3. Kyrrsetning gerð fyrir upphaf gjaldþrotaskipta fellur brott.

## V. KAFLI
## Eignir þrotabús.

25. gr.

Til skipta skal taka eignir þrotamanns á frestdegi svo og það, sem hann eignast meðan á skiptunum stendur, sbr. þó 26. gr.

26. gr.

Það, sem þrotamaður vinnur sér inn, meðan á skiptum stendur, rennur ekki til búsins.

27. gr.

1. Arfur, sem þrotamanni tæmist, meðan á skiptum stendur, rennur til búsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, sem þrotamanni hlotnast á því tímabili. Þetta gildir ekki ef lögmætar ákvarðanir gefanda eða arfleiðanda eru því til fyrirstöðu.
2. Þrotabúið getur ekki vefengt ákvæði erfðaskrár um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns.
3. Þrotamaður getur samþykkt, að maki arfláta sitji í óskiptu búi.

28. gr.

1. Ef þrotamanni tæmist arfur, meðan á skiptum stendur, getur skiptaráðandi, sem fer með skipti þrotabúsins, heimilað einkaskipti eða látið þrotabúið gangast við skuldum dánarbúsins, ef aðrir erfingjar skuldbinda sig skriflega til að bæta þrotabúinu in solidum tjón, sem af þessu kann að hljótast.
2. Kröfur á þrotabúið vegna ábyrgðar á skuldum dánarbús skv. 1. mgr. skal greiða sem forgangskröfur skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

29. gr.

Eignir þrotamanns, sem ekki má gera fjárnám í, renna ekki til þrotabús hans, nema svo sé sérstaklega ákveðið í lögum.

## VI. KAFLI
## Kröfur á búið.

30. gr.

1. Eignum þrotabús skal varið til að greiða þeim, sem kröfur áttu á þrotamann, þegar úrskurður var kveðinn upp um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, og þeim, sem síðar eignast kröfur á búið með lögmætum hætti.
2. Endurgreiðslukrafa vegna greiðslu á skuldbindingu, sem hvíldi á þrotamanni, telst stofnuð við upphaf þeirrar skuldbindingar.

31. gr.

1. Allar lögmætar kröfur, sem lánardrottnar hafa á hendur þrotamanni og fullnægja á af eignum búsins, skal meta til peningaverðs, og sé miðað við, hve miklu það varði lánardrottna að fá kröfurnar greiddar.
2. Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar upp er kveðinn úrskurður skv. 19. gr., og getur búið greitt þær þegar í stað án tillits til þess gjalddaga, sem áður var.
3. Kröfum í erlendum gjaldeyri skal breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi, þegar lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna.

32. gr.

1. Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, eða hann fékk kröfuna til að skuldajafna.
2. Ekki má framselja viðskiptabréf búsins, áður en innköllunarfrestur er liðinn og ekki síðar, ef mótkröfu er lýst þannig, að fyrirgert sé með því gagnkröfu-

rétti. Sé þetta gert, skal búið greiða bætur og fer um rétt eigenda þeirrar bótakröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

3. Kröfur þær, sem taldar eru í 86. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 6. gr. laga nr. 32/1974, verða ekki notaðar til skuldajafnaðar gagnvart þrotabúi, nema eignir búsins nægi til að greiða þær, þegar að úthlutun kemur.

33. gr.

Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu, sem búið á, ef skilyrðið er uppfyllt. Ef svo er ekki og krafa búsins er greidd, en skilyrðið síðar uppfyllt, skal greiða kröfuna á búið eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Ef óvíst er, þegar úthlutun fer fram, hvort skilyrðið verður uppfyllt, skal taka frá fé til greiðslu kröfunnar, sbr. 124. gr.

34. gr.

Ef hluti kröfu er greiddur úr búi vegna veðs eða annarra tryggingarréttinda, skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar en ekki heildarupphæð hennar.

35. gr.

1. Ef fleiri en þrotamaður ábyrgjast kröfu og sú ábyrgð er óskipt (solidarisk), skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af heildarupphæð kröfunnar, þó að
   a) annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar og hann hafi mátt endurkrefja þrotamann,
   b) hluti kröfunnar hafi verið greiddur úr búi annars skuldara,
   c) annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.
2. Ef annar skuldari hefur þegar fengið endurgreiðslu frá þrotamanni vegna greiðslu hins fyrrnefnda á hluta kröfunnar, og þrotabúið riftar ekki þeirri endurgreiðslu, skal þó reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar.

36. gr.

Kröfuhafa, er fengið hefur greiðslur frá fleirum en þrotabúinu, skal ekki greiða meira samtals en kröfu hans með vöxtum og málskostnaði. Ef greiðsla, sem hann átti að fá úr þrotabúinu, myndi leiða til, að hann fengi hærri greiðslu, skal skiptaréttur skipta mismuninum milli samskuldara kröfunnar eftir réttarsambandi þeirra. Sé samskuldari þrotabú, er ekki um frekari kröfu í það að ræða.

37. gr.

Ef lýst er kröfu í bú (aðalkröfu) og einnig endurgreiðslukröfu vegna sömu aðalkröfu, skal reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af samanlögðum fjárhæðum þessara krafna. Upp í endurgreiðslukröfuna skal það aðeins greitt, sem er umfram fjárhæð aðalkröfunnar. Ef fleiri en einn gera réttar endurgreiðslukröfur, skal skipta fé milli þeirra eftir reglu 36. gr.

38. gr.

1. Ef kröfu (aðalkröfu) er lýst í bú og endurgreiðslukrafa samskuldara er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þrotamanns, skal lækka þá fjárhæð, sem samskuldari getur krafið á grundvelli tryggingarréttarins, um þá upphæð, sem kemur upp í aðalkröfuna vegna þeirrar upphæðar sem tryggingarrétturinn er fyrir.

2. Beita skal reglum 1. mgr., ef samskuldari getur fengið greiðslu með skuldajöfnuði.

39. gr.

1. Samskuldari, sem á endurkröfurétt á þrotamann og hefur greitt skuld þeirra á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag, á sama rétt til greiðslu úr þrotabúinu og lánardrottinn þeirra hefði átt, ef hann hefði ekki fengið þessa greiðslu frá samskuldaranum. Samskuldarinn á þó ekki kröfu til að fá hærri fjárhæð úr þrotabúinu en hann hefði getað krafið þrotamann um, ef ekki hefði til gjaldþrotsins komið.
2. Ef fleiri samskuldarar en einn hafa greitt skuldina, skal því fé, sem þeir fá úr þrotabúi, skipt á milli þeirra eftir reglum 36. gr.

40. gr.

Beita skal reglum 35.—39. gr. er krafa á búið er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þriðja manns.

## VII. KAFLI
## Gagnkvæmir samningar.

41. gr.

Ákvæðum í þessum kafla skal ekki beita, ef annað leiðir af öðrum lagaákvæðum eða af eðli réttarsambandsins.

42. gr.

Ef þrotamaður hefur gert gagnkvæman samning fyrir upphaf skipta, en ekki innt sína greiðslu af hendi, þá getur viðsemjandi hans haldið sinni greiðslu eða, sé greiðslan farin frá honum, varnað því, að hún sé afhent búinu, uns nægileg trygging er sett fyrir greiðslu frá búinu á gjalddaga. Þetta gildir, þó að kominn sé gjalddagi greiðslu viðsemjandans.

43. gr.

1. Búið getur tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi.
2. Viðsemjandinn getur krafist þess, að búið taki afstöðu til þess innan hæfilegs frests, hvort það noti rétt sinn skv. 1. mgr. Í samningnum má kveða á um lengd þessa frests.
3. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur úr búinu smátt og smátt, á viðsemjandi rétt til að fá greiðslu, sem búið skyldi inna af hendi síðar en við upphaf skiptanna, greidda sem forgangskröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

44. gr.

1. Ef sá tími er kominn, er viðsemjandinn má greiða, og búið notar rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., skal búið að kröfu viðsemjanda inna sínar greiðslur af hendi eða setja tryggingu, ef það á rétt á greiðslufresti. Sama rétt á viðsemjandinn, ef hann hefur greitt og gæti fengið greiðslunni skilað, ef búið hefði ekki notað rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr.
2. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur smátt og smátt af beggja hálfu, skal trygging, sem búið setur, jafnan vera fyrir elstu kröfum á það, þeirra sem til urðu eftir upphaf skipta.

3. Skiptaréttarinn getur vikið frá ákvæðum 1. og 2. mgr., ef talið er, að sanngjarnt sé vegna hagsmuna viðsemjandans. Einnig getur skiptaréttur fellt úr gildi eða breytt samningsákvæðum um tryggingar, ef talið er, að þau séu ósanngjörn í garð þrotabúsins.

45. gr.

1. Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr. eða setji það ekki tryggingu skv. 44. gr., getur viðsemjandinn rift samningnum.
2. Hið sama er, er rifta hefði mátt, ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskiptanna.
3. Ef viðsemjandinn hefur greitt að nokkru eða öllu, getur hann rift og krafist skila þess, er hann hefur greitt, ef reglur um samninga eins og þann, sem um er að ræða, heimila slíkt.

46. gr.

Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., getur viðsemjandinn krafið það um bætur, sbr. þó 48. gr.

47. gr.

Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., en því barst greiðsla frá viðsemjandanum eftir upphaf skiptanna, skal það skila henni.

48. gr.

1. Búið getur sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti. Þetta gildir, þó að þrotamaður hafi samið um lengri frest eða að réttarsambandið skuli vera óuppsegjanlegt, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti.
2. Viðsemjandinn getur einnig gagnvart búinu sagt samningnum upp með venjulegum eða sanngjörnum fresti, nema þrotamaður hafi mátt framselja sinn rétt.
3. Þegar sérstaklega stendur á, má úrskurða í skiptarétti, að sá, sem notar uppsagnarrétt skv. 1. eða 2. mgr., skuli greiða hinum aðilanum bætur fyrir tjón vegna hins stytta uppsagnarfrests. Krafan í þrotabúið er almenn krafa.

49. gr.

Ef þrotamaður hefur tekið fasteign á leigu til atvinnurekstrar síns og geti búið ekki strax gefið yfirlýsingu skv. 43. gr. 1. mgr., á viðsemjandinn rétt á að fá leigu frá upphafi skipta og þar til yfirlýsingin er gefin greidda skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

50. gr.

1. Án tafar skal ákveða, hvort búið taki við réttindum og skyldum skv. vinnusamningum við starfsmenn við atvinnurekstur þrotamanns.
2. Jafnan má krefja búið um laun frá upphafi skiptanna og þar til gefin er yfirlýsing skv. 1. mgr. eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.
3. Ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir launþega krefjast þess, getur hann rift vinnusamningi án tillits til annarra ákvæða í þessari grein.

## VIII. KAFLI
### Riftun ráðstafana þrotamanns o. fl.

51. gr.

1. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag.
2. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent 6—12 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildir og um gjafir til nákominna, ef gjöfin var afhent 6—24 mánuðum fyrir frestdag.
3. Ekki verður krafist riftunar venjulegra tækifærisgjafa eða svipaðra gjafa eða styrkveitinga, ef gerningar þessir voru ekki kostnaðarsamari en svaraði til aðstöðu þrotamanns.

52. gr.

1. Ef þrotamaður hefur afsalað sér arfi á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, má krefjast riftunar þeirrar ráðstöfunar. Hafi arfsúthlutun farið fram, skal kröfu beint að þeim, sem vegna arfsafsalsins hefur fengið arf eða aukinn arf.
2. Krefjast má riftunar á arfsafsali, sem fram fór 6—24 mánuðum fyrir upphaf skipta, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir arfsafsalið.

53. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslum á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag frá þrotamanni til nákominna á launum, annarri þóknun fyrir vinnu og/eða eftirlaunum, ef greiðslan er bersýnilega hærri en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Aðeins verður rift að því leyti, sem greiðslan er hærri en sanngjarnt var.
2. Sama gildir um greiðslu 6—24 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

54. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.
2. Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

55. gr.

Ef þrotamaður hefur greitt víxil eða tékka, verður ekki rift gagnvart þeim, sem varð að taka við greiðslu, ef hann vildi halda víxil- eða tékkarétti á hendur öðrum. Þó má rifta, ef búið sannar að ekki var unnt að fá greiðslu hjá þeim. Hins vegar ber þeim að greiða fjárhæðina, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt, enda hefðu verið skilyrði til að rifta, ef þrotamaður hefði greitt honum.

56. gr.

Ákvæði um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð, ef ekki má lýsa honum skv. 32. gr.

57. gr.

1. Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum, sem kröfuhafinn fékk á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, en ekki um leið og til skuldar-

innar var stofnað. Hið sama er, ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki á annan hátt tryggð gegn réttargerðum án ástæðulausrar tafar eftir að skuldin stofnaðist og ekki fyrr en á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.

2. Sé veð sett til hagsbóta aðila nákomnum þrotamanni, má rifta, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun er gerð með þeim hætti, sem segir í 1. mgr., á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir stofnun tryggingarréttindanna.

58. gr.

1. Fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindur búið á engan hátt, og ekki heldur, þótt rétturinn hafi verið framseldur þriðjamanni.
2. Sama gildir um fullnustugerð á síðustu 2 árum fyrir frestdag, sem gerð var að kröfu aðila, sem er nákominn þrotamanni, nema gerðarbeiðandi leiði í ljós með málssókn, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir fullnustugerðina.
3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um fullnustugerð til innheimtu á lífeyri til maka eða fyrrverandi maka eða á barnsmeðlagi nema annað leiði til sérstöðu, sem er óhæfileg eftir atvikum.

59. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar, ef greitt er eftir frestdag, nema reglur um skuldaröð leiði til að skuldin fengist greidd eða nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá, sem greiðslu naut, hafi hvorki vitað né mátt vita, að óskað hafði verið greiðslustöðvunar eða fram var komin krafa um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.
2. Krefjast má riftunar annarra ráðstafana, sem gerðar eru eftir frestdag, nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg vegna framhalds á starfsemi þrotamanns, eðlilegs tillits til sameiginlegra hagsmuna kröfuhafanna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verður rift gagnvart þeim, sem mátti líta svo á, að ráðstöfunin væri nauðsynleg samkvæmt framansögðu eða hvorki vissi né mátti vita um ósk um greiðslustöðvun eða kröfu um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.
3. Ef sá sem er skuldara til aðstoðar skv. 7. gr., hefur samþykkt greiðsluna eða ráðstöfunina, verður ekki rift nema samþykkið hafi augsýnilega verið gefið án heimildar.

60. gr.

Ef það er skilyrði riftunar, að ráðstöfun eða fullnustugerð fari fram á tilteknum tíma, telst það skilyrði uppfyllt, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun, sem nauðsynleg er til að betri réttur fáist ekki með réttargerð, fer fram á hinum tiltekna tíma.

61. gr.

Krefjast má riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða sem leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, eða sem leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

62. gr.

1. Ef riftun fer fram skv. 51.—58. gr. á ráðstöfun eða á réttargerð, skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni eða réttargerðinni, greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni búsins. Hafi hann fengið peninga greidda eða hafi greiðsla búsins verið seld og greidd í peningum, skiptir notkun peninganna engu um kröfu búsins. Ef ljóst er, að viðsemjanda var kunnugt um riftanleika ráðstöfunar, skal þó dæma hann til greiðslu tjónbóta.
2. Hagnað, sem fæst, eftir að riftunarmál er höfðað, skal greiða búinu.

63. gr.

Ef riftun fer fram skv. 59. gr. eða 61. gr., skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni, greiða bætur eftir almennum reglum.

64. gr.

Ef annar hvor aðila krefst þess, skal skila greiðslum í þeim mæli, sem þær eru enn til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Jafna skal greiðslur eftir því sem þarf með peningagreiðslu.

65. gr.

Ef sérstaklega stendur á, má lækka eða fella niður kröfu á þann, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin, að ósanngjarnt má teljast, og önnur atvik leiða til hins sama.

66. gr.

1. Ef sá, sem fékk verðmæti, hefur framselt þau þriðjamanni, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglum 62.—65. gr., ef hann vissi eða mátti vita um þær aðstæður, sem leiða til kröfu um riftun.
2. Ef þriðjimaður var nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann í þeim mæli, sem segir í 62. gr., sbr. 64. og 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

67. gr.

1. Ef þriðjimaður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum þrotamanns, en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða réttargerðar, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglunum í 62. og 63. gr., sbr. 65. gr., ef þriðjimaður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar, sem leiða til kröfu um riftun, þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Búið getur krafist veðtryggingar á ný, ef unnt er að setja hana.
2. Ef þriðjimaður er nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann skv. 62. gr., sbr. 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir riftun gagnvart þriðjamanni eftir 54. gr. 2. mgr., 57. gr. 2. mgr., 59. gr. eða 61. gr.

68. gr.

1. Ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun, skal það gert áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því að sá, sem með skipti fer, átti þess kost að gera riftunarkröfuna.
2. Þessi frestur gildir ekki um mótmæli gegn kröfum sem lýst er í búið.

## IX. KAFLI
## Fullnusta sérstakra réttinda.

### 69. gr.

Eignir þriðjamanns, sem komast í vörslur búsins, skal afhenda honum. Öðrum rétthöfum skal með sama hætti afhenda eignir, sem ekki verða dregnar undir skiptin. Eftir því sem við verður komið, skal sá, sem með skiptin fer, kanna réttindi annarra í eignum í búinu og tilkynna þeim skiptin.

### 70. gr.

1. Ef hlutur, sem var í vörslum búsins, er seldur eftir lok kröfulýsingarfrests, á sá, sem rétt átti til hlutarins, en lýsti honum ekki áður en salan fór fram, enga kröfu á kaupanda, sem keypti í góðri trú.
2. Sá, sem rétt átti til hlutarins, getur aðeins krafið búið um þá fjárhæð, sem til þess var greidd, nema sá, sem með skiptin fer, hafi vitað eða mátt vita um rétt þriðjamanns eða selt hafi verið á ótilhlýðilegan hátt. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

### 71. gr.

Selja má hlut í vörslum búsins, ef réttur til hans er óviss eða ef eigandi hlutarins sinnir ekki innan eðlilegs tíma áskorun um að hirða hann eða ef búið hefur ekki þrátt fyrir nægilegar tilraunir komist í samband við eigandann. Þó má ekki selja, ef búið getur haldið áfram að annast hlutinn án verulegs kostnaðar eða óþæginda. Ef hlutnum eru búnar bráðar skemmdir, skal selja hann. Sé sala ógerleg, má fleygja hlutnum. Áður en selt er eða fleygt, skal af hálfu búsins tilkynna það þeim, sem kunna að eiga rétt til hlutarins, ef það er unnt.

### 72. gr.

Komi fram eða sé það viðurkennt af búinu, að það átti ekki rétt til hins selda hlutar, á sá, sem réttinn átti, heimtingu á að fá greidda úr búinu þá fjárhæð, sem í það rann vegna sölunnar. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

### 73. gr.

1. Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, verða eignir þrotamanns ekki seldar á nauðungaruppboði nema eftir kröfu búsins eða með samþykki þess.
2. Ef eign þrotamanns er seld á nauðungaruppboði andstætt ákvæði 1. mgr., fer um rétt uppboðskaupanda eftir 23. gr. Falli réttur hans niður, skal, ef þarf, kveða upp um það úrskurð í uppboðsrétti.

### 74. gr.

1. Ef búið hefur ekki krafist nauðungaruppboðs innan 6 mánaða frá upphafi skipta, getur veðhafi krafist þess, að búið láti uppboðið fara fram þegar í stað, enda væri krafa hans komin í gjalddaga án tillits til ákvæðis 31. gr. 2. mgr.
2. Á nauðungaruppboði getur búið krafist þess, að tekið sé framkomnu boði, ef telja má, að hluti söluverðsins renni til búsins.

### 75. gr.

Nauðungaruppboð vegna gjaldþrotaskipta fara eftir lögum nr. 57/1949.

### 76. gr.

1. Ef fullnustugerð stendur þrátt fyrir ákvæði 58. gr., skal beita reglum 74. gr.
2. Þegar fullnustugerð hefur farið fram í kröfu, getur búið innheimt hana.

77. gr.

Áður en sala á nauðungaruppboði fer fram skv. 24. gr., 2. eða 3. mgr., skal beina greiðsluáskorun til búsins, og er búinu heimilt að láta meta veðið.

## X. KAFLI
## Skuldaröðin.

78. gr.

Um gjaldþrotaskipti gilda ákvæði 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974.

## XI. KAFLI
## Staða þrotamanns.

79. gr.

Þrotamanni ber að veita skiptarétti og öðrum, sem með skipti fara, upplýsingar, sem þeir krefjast vegna meðferðar búsins. Honum ber, ef krafist er, að mæta í skiptarétti og vera við uppskrift á eignum búsins.

80. gr.

Ekki má þrotamaður fara úr landi án leyfis skiptaráðanda.

81. gr.

Ef þrotamaður hyggst skipta um heimili eða dvalarstað, skal hann tilkynna það skiptaráðanda með hæfilegum fyrirvara. Er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni bústaðaskiptin, ef nauðsyn krefur vegna búskiptanna. Af sömu ástæðu er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni á tilteknum tíma brottför úr lögsagnarumdæminu. Þrotamaður getur krafist um þessi atriði úrskurðar, sem kæra má til Hæstaréttar.

82. gr.

1. Að kröfu skiptaráðanda er lögreglumönnum skylt að sækja þrotamann og færa hann á fund skiptaráðanda eða annarra, sem með skiptin fara, meðan á þeim stendur. Lögreglumönnum er einnig skylt að kröfu skiptaráðanda að ljá atbeina sinn til að halda uppi banni hans, sem sett er skv. 80. gr. og 81. gr. Lögreglumönnum er heimilt að beita valdi, ef með þarf, við framkvæmd þessara skyldustarfa.
2. Skiptaráðandi getur án kröfu eða eftir kröfu lánardrottins eða þess, sem krefst eignar úr búinu eða úr vörslum skuldara, kveðið svo á í úrskurði, að þrotamaður skuli sæta sekt í ríkissjóð fyrir brot á 79., 80., 81. eða 84. gr. Í úrskurði má ákveða varðhald sem vararefsingu.

83. gr.

Þrotamanni er heimilt að vera á skiptafundum í búi sínu.

84. gr.

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið, að þeim skuli beita um þá, sem eru nákomnir félagi eða stofnun.

85. gr.

Heimilt er skiptaráðanda að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sé örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fé búsins, sér og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot eigna búsins má ekki veita lengur en eitt ár, nema skiptafundur leyfi, og þó aldrei eftir skiptalok.

## XII. KAFLI
## Upphafsráðstafanir.

86. gr.

Þegar kveðinn hefur verið upp gjaldþrotaúrskurður, skal þrotamaður tafarlaust sviptur umráðum yfir öllu því, sem talið verður til eigna hans. Skiptaráðandi tekur ákvörðun um ráðningu bústjóra til bráðabirgða, eftir að hafa ráðfært sig við þá kröfuhafa, sem þegar næst til. Álíti hann ekki nauðsynlegt að ráða bústjóra til bráðabirgða, t. d. vegna þess, að búið er lítið eða litlar líkur á, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði, tekur hann sjálfur að sér bráðabirgðabústjórn.

87. gr.

1. Skiptaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiptin, sbr. 19. gr. 3. mgr. Þar skal og boðað til skiptafundar, sem haldinn skal á tilteknum stað og stundu innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.
2. Þegar skal senda afrit auglýsingarinnar í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt þeim kröfuhöfum, sem um er vitað eða upplýsingar fást um, meðan frestur er til kröfulýsingar.
3. Ef skráð félag eða stofnun er tekið til gjaldþrotaskipta, skal tilkynna það skráningarmanni.

88. gr.

1. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., tekur strax í sínar vörslur bókhaldsgögn þrotamanns og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hann fari með eignir sínar á óheimilan hátt og ráðstafi þeim.
2. Skiptaráðandi ákveður, hvort búið skuli halda áfram um sinn atvinnurekstri þrotamanns. Skiptaráðandi gerir mikilvægar ráðstafanir varðandi búið, sem ekki þola bið, m. a. getur hann ráðið þrotamann til starfa við búið til bráðabirgða gegn þóknun fyrir þá vinnu, sem þrotamanni er óskylt að sinna. Ákvarðanir þessar skulu teknar að höfðu samráði við bústjóra, ef hann hefur verið ráðinn skv. 86. gr.
3. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., skal taka til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, og afla viðbótargagna, ef þurfa þykir. Skal aflað upplýsinga um eignir og skuldir þrotamanns, fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið og hvort líkur séu til, að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.
4. Telji skiptaráðandi, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.
5. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., skal skýra skiptafundi, sem haldinn er skv. 86. gr., frá meðferð búsins og niðurstöðum könnunar skv. 3. mgr.

## XIII. KAFLI
## Bústjórn.

### 89. gr.

Meðferð eigna búsins skal falin skiptastjórum, einum eða fleiri, nema skiptaráðandi telji þess ekki þörf vegna þess, að búið er lítið, eða af öðrum sérstökum ástæðum, sbr. og 86. gr. um bústjóra til bráðabirgða og 94. gr. um aðstoðarmann skiptaráðanda.

### 90. gr.

1. Á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests, sbr. 87. gr., skal skiptaráðandi bera fram tillögu um tiltekinn skiptastjóra og skal greiða um hana atkvæði eftir kröfufjárhæðum. Skiptaráðandi úrskurðar hvaða kröfum atkvæðisréttur fylgi. Ef meirihluti greiddra atkvæða, sem jafnframt er að minnsta kosti þriðjungur atkvæða, er fram gat komið, hafnar tillögu skiptaráðanda, er hún fallin, en ella samþykkt. Ef tillagan er felld, skal gefa fundarmönnum kost á að gera tillögur. Fái tillaga meirihluta allra atkvæða á fundinum og meira en þriðjung atkvæða sem fram geta komið, er það gild kosning. Ella getur skiptaráðandi ákveðið, að aftur skuli kosið á þessum eða síðari skiptafundi, eða ákveðið að fara sjálfur með búið. Ef ekki fást lögmæt úrslit skv. framansögðu í enn einni atkvæðagreiðslu, getur skiptaráðandi skipað skiptastjóra.
2. Skiptafundur getur ákveðið, að skiptastjórar skuli vera tveir eða fleiri. Skiptaráðandi mælir fyrir um tilhögun atkvæðagreiðslna í því sambandi.
3. Ef sérstakar ástæður eru til að dómi skiptaráðanda, getur hann ógilt kosningu skiptastjóra eftir 1. eða 2. mgr. eða vikið honum frá síðar. Gefa skal þá kröfuhöfum kost á að kjósa á ný, og skal, ef með þarf, kjósa allt að þrisvar, sbr. 1. mgr.

### 91. gr.

1. Skiptastjóri skal gæta hagsmuna búsins, vera umboðsmaður þess gagnvart öðrum og fyrir dómstólum og gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir varðandi meðferð þess. Í því skyni skal hann gera ráðstafanir til að allar eignir þrotamanns komi fram og séu afhentar búinu eins og lög mæla, að eignirnar séu tryggilega varðveittar og að þeim sé ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal skiptastjóri stjórna atvinnurekstri búsins, ef einhver er. Hann skal innheimta kröfur búsins á aðra. Þar sem því verður við komið og máli skiptir skal hann ávaxta í banka eða sparisjóði peninga búsins því til hags. Þá skal skiptastjóri afla þeirra upplýsinga, sem þarf til að afstaða verði tekin til krafna í búið og krafna þess á aðra.
2. Ef kröfuhafanefnd er kosin, sbr. 92. gr., skal skiptastjóri skýra henni frá mikilvægum ráðstöfunum, sem búið varða.
3. Telji skiptastjóri, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.

### 92. gr.

1. Ef fram kemur um það krafa frá þeim, sem eiga a. m. k. fimmtung krafna, er atkvæðisréttur fylgir á skiptafundum, skal stofnuð kröfuhafanefnd.
2. Í nefndinni skulu eigi vera fleiri en þrír menn. Þeir skulu kosnir á skiptafundi á þann hátt, sem skiptaráðandi ákveður. Skal hann stefna að því, að þeir séu fulltrúar sem flestra kröfuhafa. Ef tiltekinn maður fær meira en helming greiddra atkvæða á fundinum, er hann þó kjörinn.

3. Skiptafundur getur hvenær sem er ákveðið, að kröfuhafanefndin skuli hætta störfum.

93. gr.

1. Innan mánaðar eftir skiptafund skv. 87. gr. skal skiptastjóri semja yfirlit um hag búsins. Ef skiptaráðandi telur ástæðu til, skal skiptastjóri innan sama frests semja skýrslu um helstu orsakir gjaldþrotsins og gera tillögur um, hvort freista skuli riftunar eftir 8. kafla. Ef skiptaráðandi telur greinargerðir skiptastjóra ófullnægjandi, getur hann veitt stuttan viðbótarfrest til úrbóta.
2. Skiptastjóri skal innan frests, sem skiptaráðandi ákveður, gera eða láta gera uppgjör um hag búsins byggt á þeim gögnum, sem fyrir liggja. Ef ástæða er til, getur skiptaráðandi mælt fyrir um sérstaka athugun á bókhaldi þrotamanns eða færslu þess.
3. Gögn, sem samin eru skv. þessari grein, skulu lögð fram til sýnis í skrifstofu skiptaráðanda.

94. gr.

1. Ef skiptaráðandi telur þess ekki þörf, að skiptastjóri fari með bú, sbr. 89. gr., skal hann gera það sjálfur, en tekið getur hann sér aðstoðarmann.
2. Aðstoðarmaður má eftir nánari ákvörðun skiptaráðanda og undir eftirliti hans framkvæma það, sem ella er í verkahring skiptastjóra.
3. Ef kröfuhafanefnd starfar, skal gefa henni upplýsingar um störf skiptaráðanda og aðstoðarmanns hans.

95. gr.

Skiptaráðandi ákveður, hvort bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri og aðstoðarmaður skiptaráðanda skuli setja tryggingu vegna starfa sinna við meðferð búsins, og hve há hún skuli vera.

## XIV. KAFLI
## Skiptafundir.

96. gr.

1. Skiptaráðandi getur boðað til skiptafunda, þegar hann telur þess þörf. Hann skal boða skiptafund, ef skiptastjóri eða maður í kröfuhafanefnd krefst þess.
2. Fundarboð skal birta í Lögbirtingablaði og tilgreina fundartíma, fundarstað og dagskrá í aðalatriðum. Sérstök tilkynning skal send í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt til þeirra, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta.
3. Skiptaráðandi stjórnar skiptafundum.
4. Skiptafundir hafa ákvörðunarvald um málefni þrotabús innan þeirra marka, sem lög ákveða, sbr. 105. gr.

97. gr.

1. Atkvæðisréttur á skiptafundum fer eftir fjárhæð krafna nema annað segi í lögum. Atkvæði má greiða eftir umboði.
2. Ályktanir skiptafundar eru bindandi, ef hann sækja fulltrúar þriðjungs kröfuhafa, talið eftir kröfufjárhæðum.
3. Ef fundur er ekki ályktunarfær skv. 2. mgr. og boði skiptaráðandi ekki annan fund, skal skiptastjóri ráða málefni til lykta, eða skiptaráðandi, ef skiptastjóri fer ekki með búið.

98. gr.

1. Ef skiptaráðandi telur ljóst, að krafa fáist að fullu greidd eða að engu greidd, hvernig sem atkvæðagreiðsla fer á skiptafundi, skal eigandi kröfunnar ekki eiga atkvæðisrétt á fundinum á grundvelli hennar.
2. Kröfuhafi á atkvæðisrétt á skiptafundi á grundvelli hluta kröfu, sem að öðru leyti er að mati skiptaráðanda tryggð með veði eða á annan hátt.

99. gr.

Skilyrt krafa veitir atkvæðisrétt, þó að skilyrðið sé enn ekki uppfyllt. Ef fleiri en einn eiga kröfu, en réttindi eins standa réttindum annars að baki, á sá atkvæðisrétt, sem fyrst getur neytt réttindanna.

100. gr.

Ef krafa er umdeild, ákveður skiptaráðandi, ef þörf krefur, hvort og fyrir hvaða upphæð atkvæðisréttur fylgir kröfunni. Ekki bindur sú ákvörðun, þegar síðar er fjallað um kröfuna.

101. gr.

1. Ef svo er fyrir mælt, að atkvæði skuli greiða eftir fjölda kröfuhafa, hefur hver þeirra eitt atkvæði, þó að kröfur hans séu fleiri en ein. Framsal kröfu eftir frestdag leiðir ekki til að hinn nýi eigandi fái atkvæðisrétt.
2. Ef fleiri en einn eiga kröfu, geta þeir aðeins greitt eitt atkvæði.

## XV. KAFLI
## Eftirlit.

102. gr.

1. Bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri eða aðstoðarmaður skiptaráðanda skal semja og leggja reikningsyfirlit fyrir skiptaráðanda og kröfuhafanefndina, að jafnaði á 3 mánaða fresti.
2. Sá, sem fer með bú, skal sjá um reikningshald búsins. Skiptaráðandi getur kveðið nánar á um reikningsgerðina.
3. Skiptaráðandi og kröfuhafanefndin geta krafið skiptastjóra upplýsinga um málefni búsins.
4. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um, hvernig haga skuli varðveislu þrotabúa.

103. gr.

1. Skiptaráðandi endurskoðar eða lætur endurskoða eftir þörfum reikninga þá, sem skiptastjóri semur skv. lögum þessum.
2. Þegar eignir bús eru verulegar eða málefni þess flókin getur skiptaráðandi ráðið löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga búsins í þeim mæli, sem skiptaráðandi ákveður fyrir fram. Til þess má og fá aðra, sem haft hafa afskipti af málum þrotamanns fyrir gjaldþrotið Kostnað við þessa endurskoðun skal greiða úr búinu.

104. gr.

Þegar liðið er eitt ár frá upphafi skipta, skal skiptastjóri gefa skiptaréttinum skýrslu um ástæður þess, að skiptum er ólokið, og skýra frá, hvenær vænta megi skiptaloka. Síðan skal gefa slíka skýrslu misserislega eða oftar, ef skiptaráðandi mælir svo fyrir.

105. gr.

Ef skiptastjóri eða skiptafundur hefst eitthvað að, sem er til tjóns fyrir búið, eða sé brotinn réttur veðhafa, þrotamanns eða annarra, getur skiptaráðandi ógilt ákvarðanirnar, gefið skiptastjóra fyrirmæli og gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Bústjóri til bráðabirgða skal auk þess hlíta fyrirmælum skiptaráðanda og fá samþykki hans til mikilvægra ráðstafana.

## XVI. KAFLI
## Meðferð krafna.

106. gr.

1. Gjaldþrot skal auglýsa skv. 19. gr. og 86. gr.
2. Tilkynninguna í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi sjá um, en hann getur falið það bústjóra til bráðabirgða. Í tilkynningunni má geta annarra atriða en nefnd eru í fyrrgreindum ákvæðum.
3. Ef kröfu hefur verið lýst vegna nauðasamninga og gjaldþrotaskiptin eru í beinu framhaldi tilraunar til að ná slíkum samningum, má ákveða í tilkynningunni í Lögbirtingablaði, að frekari kröfulýsing vegna þessara krafna sé óþörf.

107. gr.

1. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um skrásetningu lýstra krafna.
2. Ef kröfulýsing berst í tvíriti, skal annað endursent með áritun um móttökutíma.
3. Krafa um gjaldþrotaskipti er jafnframt lýsing þeirra krafna, sem þar eru nefndar og sá, sem skiptanna krefst, á eða innheimtir.

108. gr.

1. Sá, sem með bú fer, gerir skrá um lýstar kröfur og um þær kröfur, sem tryggðar eru með veði eða öðrum slíkum rétti, og getur þess við hverja kröfu, hvort hann telur, að hana skuli viðurkenna. Ef kröfu er lýst sem forgangskröfu eða kröfu, sem á annan hátt komi á tiltekinn stað í skuldaröð, skal þess og getið á skránni. Ef krafa er gerð í erlendri mynt, skal þess og getið, sbr. 31. gr. 3. mgr.
2. Skráin, sem gerð er skv. 1. mgr., skal liggja frammi til sýnis fyrir kröfuhafa, þrotamann og aðra, sem skiptaráðandi telur hafa af því lögmæta hagsmuni, í a. m. k. eina viku fyrir skiptafund þann, sem um getur í 87. gr. 1. mgr. Skriflegar athugasemdir má senda skiptaráðanda fyrir fundinn.
3. Ef sá, sem með búið fer, telur, að ekki skuli viðurkenna kröfu að fullu, eins og henni er lýst, skal hann tilkynna það þeim, sem kröfunni lýsti, með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt með hæfilegum fyrirvara og geta þess, hvenær skiptafundur verður haldinn til að taka afstöðu til kröfunnar.

109. gr.

1. Boða skal þrotamann á skiptafund, þar sem afstöðu skal taka til krafna, og skal hann eiga þess kost að tjá sig um kröfurnar.
2. Ef ljóst er, að ekkert komi upp í kröfu, kemur hún ekki til álita á skiptafundi.

110. gr.

1. Sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitsgerð skv. 1. mgr. 108. gr., er hún endanlega samþykkt.
2. Ef andmæli við álitsgerðina koma fram og ekki er frá þeim fallið á skiptafundinum, skal boða til nýs fundar innan 2 vikna. Ef sá, sem umþráttaðri kröfu lýsti eða mótmælti henni skriflega fyrir fundinn, er ekki á honum boðaður á

hinn síðari skiptafund, skal það gert með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt án tafar.

3. Ef ekki er á síðari skiptafundinum fallið frá andmælum við álitsgerð þess, sem skiptin annast, kveður skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn.

111. gr.

1. Ef kröfu er ekki lýst innan kröfulýsingarfrests og hún er ekki tryggð með veði eða öðrum slíkum rétti, kemur hún ekki til greina við úthlutun úr búinu, nema eigendur 75% krafna á lista skiptaráðanda, sem atkvæðisréttur fylgir, samþykki á skiptafundi, sem haldinn er til að taka afstöðu til lýstra krafna, eða skiptaráðandi telji, að afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum, að kröfulýsing dróst. Skiptaráðanda er heimilt en ekki skylt að halda eða leyfa skiptastjóra að halda sérstakan fund til að taka afstöðu til þess, hvort krafa, sem of seint var lýst, komi til greina skv. framansögðu.

## XVII. KAFLI

### Dómsmál við hina almennu dómstóla.

112. gr.

Sá, sem með búið fer, höfðar dómsmál fyrir þess hönd fyrir hinum almennu dómstólum nema aðilar málsins semji um, að það skuli rekið fyrir skiptarétti.

113. gr.

1. Búið tekur við máli, sem þrotamaður hefur höfðað fyrir upphaf skipta, ef krafan rennur til búsins, sbr. 53. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.
2. Ef fram kemur í dómi, að bú sækjanda er til gjaldþrotaskipta, skal fresta máli og tilkynna um það þeim, sem með málið fer.

114. gr.

1. Ef kröfu þrotabús er ekki haldið til dóms eða gerð um hana dómssátt, getur hver sá, sem á kröfu á skrá þeirri, sem getur í 108. gr., höfðað mál í eigin nafni vegna þrotabúsins eða tekið við máli, sem höfðað hefur verið. Búið skal taka frest til að gera þetta kleift, þar sem það á við, og gefa kröfuhöfum frest til að taka ákvörðun um að höfða eða ganga inn í mál í hæfilegan tíma eftir að ákveðið er á skiptafundi að búið skuli ekki gera það. Búið skal greiða eðlilegan kostnað kröfuhafa af máli, þó aldrei meira en eignir þess aukast vegna málsins.
2. Reglum 1. mgr. skal beita um áfrýjun eftir því sem við á.

115. gr.

Ef enginn kröfuhafi gengur inn í mál, höfðar mál eða áfrýjar eftir 114. gr., getur þrotamaður gert þessar ráðstafanir vegna búsins, en á sinn kostnað. Búið getur tekið við málinu hvenær sem er.

116. gr.

Í málum skv. þessum kafla má koma að gagnkröfum á búið, enda sé ekki krafist sjálfstæðs dóms um þær eða hluta þeirra. Gagnkröfu til sjálfstæðs dóms, sem þingfest er fyrir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, skal þó dæma í málinu.

117. gr.

Ef bú eignast ekki réttindi þrotamanns, getur hann sjálfur rekið dómsmál um þau. Verjandi getur þá stefnt búi inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

118. gr.

1. Ef dómsmál er höfðað gegn þrotamanni, áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, kemur búið í stað þrotamanns, sbr. 54. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nema sækjandi lýsi því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir skuldaranum persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og skuldarann persónulega.
2. Ef sækjandi krefst dóms yfir búinu, skal hann tilkynna það þeim, sem með það fer.
3. Ef þrotamaður sækir ekki dómþing í máli, sem hann er aðili að, þann dag, sem gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, eða síðar, getur búið fengið málið endurupptekið eftir reglum um lögmæt forföll.
4. Ef gjaldþrotabú er aðili máls fyrir almennum dómstóli, geta aðilar samið um, að málinu sé vísað til meðferðar þess skiptaráðanda, sem um búið fjallar.

119. gr.

Ef bú eignast ekki tiltekin réttindi þrotamanns, verður mál um þau höfðað gegn honum persónulega. Hið sama er, ef einungis er krafist dóms, sem bindur hann. Sækjandi getur þá stefnt búinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

## XVIII. KAFLI

### Úthlutun og skiptalok.

120. gr.

1. Ef fram kemur, að búið á ekki eignir umfram kostnað við skiptin, skal þegar ljúka skiptunum.
2. Hrökkvi eignir búsins ekki fyrir kostnaði við skiptin, ber sá, sem krafist hefur gjaldþrotaskipta, ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar. Kröfuhafi, sem þannig ábyrgð ber, getur krafist loka búskipta hvenær sem er, enda krefjist ekki annar gjaldfær kröfuhafi þess, að skiptum sé fram haldið á sína ábyrgð.

121. gr.

Ef þrotamaður nær nauðasamningum og ef þeir kröfuhafar fá fullnustu eða fullnægjandi tryggingu, sem ekki eru aðilar að samningunum, skal þegar ljúka skiptunum. Hið sama er, ef þrotamaður leggur að loknum kröfulýsingarfresti fram yfirlýsingu allra, sem lýst hafa kröfum, um, að þeir afturkalli kröfur sínar eða ef þrotamaður sannar, að þær séu niður fallnar. Eignir búsins skulu fengnar þrotamanni, eftir að lokið er greiðslu kostnaðar við skiptin.

122. gr.

1. Forgangskröfur skv. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, skal greiða svo fljótt sem unnt er.
2. Aðrar forgangskröfur skal greiða að hluta eða að fullu, þegar fram er komið, að þeim er ekki mótmælt, eða þegar endanlegur úrskurður vegna mótmæla er genginn.

3. Þegar greiddar hafa verið kröfur skv. 1. og 2. mgr., eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra, má sá, sem fer með skiptin, greiða öðrum kröfuhöfum að hluta.
4. Þegar greitt er skv. þessari grein, skal gæta þess, að ekki sé skertur réttur þeirra, sem í skuldaröð eru jafnsettir þeim, sem greiðslu fá.

123. gr.

1. Ef krafa er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum og hún er greidd að öllu eða nokkru skv. 122. gr., skal greiðslan koma til frádráttar, ef síðar er gengið að tryggingunni. Veðhafar, er standa þeim að baki, sem greiðslu fékk, njóta ekki uppfærsluréttar á grundvelli greiðslunnar.
2. Ef kröfuhafi er utan skuldaraðar, skal til bráðabirgða taka frá fé til greiðslu allrar kröfu hans af eignum búsins, en aðeins greiða honum af þessu fé þann hluta kröfunnar, sem ekki er greiddur án afskipta búsins.

124. gr.

Við úthlutun úr búinu skal taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna og skilyrtra krafna, ef skilyrðið er ekki fram komið.

125. gr.

Þegar eignum þrotabús hefur verið komið í peninga, útistandandi skuldir innheimtar og ágreiningsmálum til lykta ráðið, semur sá, sem með búið fer, reikninga um búið og frumvarp að endanlegri úthlutunargerð svo og stutta greinargerð um meðferð búsins. Af reikningunum skal mega sjá tekjur búsins og gjöld eftir að skiptaúrskurður var kveðinn upp. Skiptaráðandi skal að jafnaði fá og bóka í skiptarétti yfirlýsingu annarra, sem með bú hafa farið, og þrotamanns um, að allar þær eignir búsins, sem þeim sé um kunnugt, hafi komið fram.

126. gr.

Skiptaráðandi getur ákveðið að ljúka skiptum, þótt enn séu ekki til ráðstöfunar allar eignir búsins eða þótt fé hafi verið tekið frá vegna umdeildra og skilyrtra krafna eða þótt afmarkaður hluti búsins sé með öðrum hætti óuppgerður. Búsmeðferð skal þá endurupptaka, ef tilefni verður til.

127. gr.

Með auglýsingu í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi boða skiptafund til að fjalla um reikninga búsins og frumvarp að úthlutunargerð. Frumvarpið, reikningarnir og fylgiskjöl skulu liggja frammi á auglýstum stað og tíma í a.m.k. 2 vikur til athugunar fyrir þrotamann, kröfuhafa og aðra, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta.

128. gr.

1. Á skiptafundi þeim, sem haldinn er skv. 127. gr., skal gefa þrotamanni og kröfuhöfum kost á að tjá sig um reikninga búsins og frumvarpið að úthlutunargerð. Ágreining úrskurðar skiptaráðandi.
2. Skiptaráðandi staðfestir frumvarpið nema á því séu slíkir gallar, að því beri að breyta.

129. gr.

Þegar skiptaráðandi hefur staðfest frumvarp að úthlutunargerð og áfrýjunarfrestur er liðinn án þess að áfrýjað sé eða allir kröfuhafar hafa lýst yfir, að þeir muni ekki áfrýja, skal úthlutun fara fram.

130. gr.

1. Skiptaráðandi getur ákveðið, að við uppgjör og úthlutun skuli ekki tekið tillit til krafna, sem mjög lítið myndi fást greitt af.
2. Skiptaráðandi getur ákveðið að greiðslur, sem ekki verða inntar af hendi nema með tiltölulega miklum kostnaði, renni í ríkissjóð.
3. Ef ekki er vitjað greiðslu úr þrotabúi innan árs, skal greiðslan renna í ríkissjóð.
4. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að fé sé síðar greitt kröfuhafa, ef það hefur runnið í ríkissjóð skv. 2. eða 3. mgr. eða 131. gr. 2. mgr.

131. gr.

1. Ef eignir koma til skipta eftir skiptalok, skulu þær renna til kröfuhafa í hlutfalli við það, sem þeir fengu skv. úthlutunargerðinni. Skiptaráðandi getur falið skiptastjóra að annast meðferð búsins eftir endurupptöku af þessu tilefni. Skiptafundi skal halda, ef skiptaráðandi telur þörf á því.
2. Ef eignir, sem um ræðir í 1. mgr., hrökkva ekki til greiðslu kostnaðar við úthlutun þeirra, getur skiptaráðandi ákveðið, að þær renni í ríkissjóð.
3. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um það, sem um ræðir í 2. mgr. og í 130. gr.

132. gr.

1. Þegar úthlutunargerð hefur verið staðfest og greiðslur til kröfuhafa geta farið fram skv. henni, skal skiptaráðandi auglýsa skiptalok í Lögbirtingablaði. Geta skal hvenær bú var tekið til gjaldþrotaskipta, fjárhæðar lýstra krafna, sem viðurkenndar voru að lokum, hundraðstölu greiðslna upp í forgangskröfur og aðrar kröfur og heildarfjárhæðar krafna, sem fé var ekki til að greiða.
2. Ef þrotamaður er skráð félag, skal tilkynna skiptalokin til skráningarmanns.

133. gr.

Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.

## XIX. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

134. gr.

Skiptaráðandi heldur dómþing til að úrskurða þau atriði, sem hann skal um fjalla samkvæmt þessum lögum, ef úrskurðar er þörf, þar á meðal um kröfur, sem búið gerir, ef um það er samið, sbr. 112. gr.

135. gr.

Málsmeðferð skal fara eftir reglum um meðferð einkamála í héraði eftir því sem við getur átt sé ekki annað ákveðið.

136. gr.

Ef krafa er gerð í þrotabú og krafist úrskurðar um hana, má jafnframt krefjast þess, að úrskurðurinn bindi þrotamann persónulega. Ef skiptaráðandi telur, að meðferð kröfunnar á þrotamann persónulega valdi verulegum töfum á meðferð skiptanna, getur hann vísað henni frá.

137. gr.

1. Enginn má vera bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri, aðstoðarmaður skiptaráðanda, í kröfuhafanefnd, endurskoðandi, umsjónarmaður eða matsmaður við skiptameðferðina, ef hann væri óhæfur dómari skv. reglum um meðferð einkamála. Sé félag eða stofnun undir gjaldþrotaskiptum, má enginn gegna þeim störfum, sem fyrr eru talin, ef hann væri óhæfur dómari í málum stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra eða manna, sem haft hafa sjálfstæða ábyrgð sem bókhaldarar eða gjaldkerar hjá félaginu eða stofnuninni.
2. Ef maður hefur tekið við einhverju því starfi, sem nefnt er í 1. mgr., skal hann því aðeins víkja sæti, að sá krefjist þess, sem hagsmuna hefur að gæta. Skiptaráðandi getur þá ákveðið, að hann sjálfur eða maður, sem hann tilnefnir, skuli taka að sér störfin að hluta, en falið þeim, sem vikið hefur, að sinna búskiptunum áfram að öðru leyti. Um þetta skal, ef ágreiningur verður, kveða upp úrskurð, sem kæra má til Hæstaréttar.

138. gr.

Skiptaráðandi ákveður þóknun bústjóra til bráðabirgða, skiptastjóra, aðstoðarmanns skiptaráðanda, endurskoðenda, umsjónarmanns, svo og matsmanna og vitna, og tekur þá tillit til þess, hve mikið starfið var, og eðlis búsins. Ef sérstaklega stendur á getur skiptaráðandi ákveðið, að þeir, sem í kröfuhafanefnd hafa starfað, skuli fá þóknun. Þóknun skv. þessari grein skal greidd af fé búsins.

139. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabú, er fyrningu slitið gagnvart búinu og þrotamanni persónulega. Ef krafa er viðurkennd, hefst nýr 10 ára fyrningarfrestur, þegar skiptum er lokið. Ef kröfu er hafnað, hefst nýr fyrningarfrestur á þeim degi, og fer lengd hans eftir almennum reglum.

140. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.
2. Þá falla úr gildi lög nr. 25 frá 14. júní 1929 með síðari breytingum.
3. Ef krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda fyrir 1. janúar 1979, skal beita núgildandi reglum.
4. Um skuldajöfnuð krafna, sem báðar eru til orðnar fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur.
5. Ef fleiri en einn skuldari eru að kröfu og ábyrgð þeirra óskipt, og sé búið að greiða kröfuna að einhverju eða öllu fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur um þýðingu þess.
6. Um riftun ráðstafana og réttargerða sem gerðar eru fyrir 1. janúar 1979 fer eftir núgildandi lögum, og gildir þetta einnig, þó að gjaldþrotaskipti hefjist eftir þann dag.

*Gjört að Bessastöðum 5. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# LÖG

## um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

Nr. 8. 2. maí 1978.

# LÖG

## um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Selfosskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Selfosshrepp og heitir Selfoss. Umdæmi þetta er í Suðurlandskjördæmi.

2. gr.

Um valdssvið bæjarfógeta á Selfossi og launakjör fer samkvæmt lögum þar um. Sýslumaður Árnessýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Árnessýslu og bæjarstjórn Selfoss skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Árnessýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárhagsskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

*Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

5. maí 1978. Nr. 9.

# LÖG

## um geymslufé.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu, en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé (depositum).

2. gr.

Við greiðslu á geymslureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda, ef unnt er.

Greiði banki röngum aðila geymslufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geymslureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

3. gr.

Geymslufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn til þess.

4. gr.

Sá, sem greitt hefur inn á geymslureikning, getur ekki fengið geymsluféð endurgreitt, nema hann annaðhvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geymslufjárins skv. ákvæðum 3. gr., eða skv. ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

Geri greiðandi viðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geymslufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

5. gr.

Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymsluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð, sé þess kostur.

Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslufjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

6. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geymslufé og meðferð geymslureikninga.

7. gr.

Sérreglur um geymslufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 10. 5. maí 1978.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

# LÖG

## um afnám laga nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Lög nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, eru úr gildi felld.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 3. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*



# LÖG

## um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Aftan við síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði laganna er sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað, enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn, búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu. Um heimild til veiða og löndunar fer þá eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum, sem ráðherra er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 5. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:
Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildabrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

2. gr.

17., 18. og 19. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978, og gilda um skjöl sem afhent eru til þinglýsingar eftir það tímamark.

*Gjört að Bessastöðum 5. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

Nr. 14. 8. maí 1978.

# LÖG

## um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Kvikmyndasafn.

1. gr.

Stofna skal Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndasafn hefur aðsetur í Fræðslumyndasafni ríkisins og starfar í tengslum við það uns annað verður ákveðið af stjórn þess og menntamálaráðuneyti.

2. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati safnsstjórnar.

3. gr.

Kvikmyndasafn fær til umráða ásamt Fræðslumyndasafni tæknilega útbúið geymslurými þar sem kvikmyndir þess skulu varðveittar. Á fjárlögum skal veita sérstakt fjárframlag til handa Kvikmyndasafni og Fræðslumyndasafni til að koma á fót þessari kvikmyndageymslu og gera hana svo úr garði sem nauðsyn krefur.

4. gr.

Fræðslumyndasafn annast rekstur Kvikmyndasafns, gegn hæfilegri borgun, þar til annað verður ákveðið, sbr. 1. gr.

Ráðinn skal sérhæfur starfsmaður að Kvikmyndasafni í a. m. k. hálfa stöðu og greiðast laun hans beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir til Kvikmyndasafns árið 1979 5 m.kr. og árlegt framlag eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

5. gr.

Kvikmyndasafn skal hafa sýningar á myndum safnsins fyrir áhugahópa um kvikmyndir og kvikmyndagerðarlist ef óskað er og safnstjórn telur tiltækilegt. Aðgangseyrir skal tekinn fyrir kostnaði við þessar sýningar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndasafns til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna, Fræðslumyndasafns ríkisins, Ríkisútvarps — sjónvarps og Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um kvikmyndakaup og heildarstarfsemi safnsins en felur forstöðumanni Fræðslumyndasafns framkvæmdir.

## II. KAFLI
## Kvikmyndasjóður.

7. gr.

Stofna skal kvikmyndasjóð með 30 m.kr. framlagi úr ríkissjóði, sem greiðist árið 1979. Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til Kvikmyndasjóðs eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

8. gr.

Tilgangur Kvikmyndasjóðs er að styrkja íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárframlögum eða lánum til kvikmyndagerðarmanna.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Kvikmyndasjóðs til fjögurra ára og úthlutar hún úr sjóðnum. Formaður skal vera formaður stjórnar Kvikmyndasafns en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafns ríkisins.

## III. KAFLI
## Almenn ákvæði.

10. gr.

Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóður skulu í sameiningu stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og auknum skilningi á kvikmyndagerðarlist almennt.

Skulu safn og sjóður leitast við í traustri samvinnu að sinna þessu verkefni með öllum tiltækum ráðum eftir því sem fjárhagur og aðstæður frekast leyfa.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð með lögum þessum þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Kvikmyndasafns og reglur settar um úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Sérstaklega skal kveða á um tengsl og samvinnu Kvikmyndasafns og Fræðslumyndasafns og tillit tekið til hugsanlegra breytinga á því fyrirkomulagi. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafn.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 8. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

Nr. 15. 8. maí 1978.

# ÆTTLEIÐINGARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki **mínu:**

## I. KAFLI

**Veiting ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim.**

1. gr.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra, er óska ættleiðingar, að ættleiðing sé barninu til gagns, enda sé það ætlun ættleiðenda að ala upp barnið eða barn hafi verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður liggi til ættleiðingar.

3. gr.

**Eigi er manni heimilt að ættleiða barn sitt.**

4. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

5. gr.

Hjón skulu bæði standa að ættleiðingu, sbr. þó 2. málsgr., enda er hjónum einum heimilt að ættleiða saman.

Öðru hjóna má þó veita leyfi til ættleiðingar, ef hitt er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Öðru hjóna má og með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

6. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem orðinn er tólf ára, án samþykkis hans. Samþykki skal gefa skriflega, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr.

7. gr.

Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns undir 18 ára aldri.

Nú hefur annað foreldra eigi forræði barns eða er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess er að öðru leyti svo háttað, að það má eigi láta uppi marktæka yfirlýsingu, og er þá samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

8. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um umsókn um ættleiðingarleyfi, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 7. gr., enda sé geðrænum högum þess eigi svo háttað, að girði fyrir, að það geti látið uppi yfirlýsingu, sem mark sé takandi á. Nú er sérstakur lögráðamaður skipaður, og skal þá leita umsagnar hans. Enn fremur skal leita umsagnar barnaverndarnefndar, sem í hlut á.

Nú er sá, sem ættleiða á, í hjúskap, og skal þá leita umsagnar maka hans.

9. gr.

Nú er sá lögræðissviptur, sem ættleiða á, og skal þá leita umsagnar lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni.

10. gr.

Samþykki til ættleiðingar skal gefa skriflega, og skal viðkomandi staðfesta yfirlýsingu fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa.

Samþykki er eigi gilt, nema staðfest sé hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Rita skal á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytisins eða annars opinbers starfsmanns eða starfsmanns stofnunar, sbr. 1. málsgr., þess efnis, að viðkomandi hafi fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar.

Samþykki er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingar. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar erlendis, jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar hér á landi, sbr. 1. málsgr. 10. gr., og má að því leyti heimila frávik frá reglum 1.—3. málsgr. 10. gr.

12. gr.

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki samkvæmt 7. sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.

Nú hefur barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsgr.

Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1.—3. málsgr., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

13. gr.

Nú er veitt leyfi til ættleiðingar samkv. 12. gr. án þess að samþykki samkvæmt 7., sbr. 10. gr., liggi fyrir, og skal ráðuneytið þá án tafar skýra þeim aðiljum, sem bærir voru til að samþykkja ættleiðingu, frá leyfi og benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstól.

Réttur aðili getur borið framangreinda ákvörðun dómsmálaráðuneytis undir dómstól, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því að dómsmálaráðuneyti sendi aðilja tilkynningu samkv. 1. málsgr. Stefnandi skal njóta gjafsóknarkjara.

14. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal leiða í ljós, hvort innt hafi verið gjald eða ætlun sé að greiða af hendi gjald í sambandi við ættleiðingu af hálfu annars hvors aðiljans, og ef svo er, þá hversu hátt gjaldið sé. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta.

Ef ættleiðendum er greitt gjald samkv. 1. málsgr., má binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

## II. KAFLI
## Lagaáhrif ættleiðingar.

15. gr.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.

Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.

Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldri óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálft, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjör-

foreldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðatengsl kjörbarns og kjörforeldris fer að erfðalögum.

## III. KAFLI
## Niðurfelling ættleiðingar.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef aðili er sviptur lögræði, þarf einnig samþykki lögráðamanns.

Nú er kjörbarn ólögráða, og verður ættleiðing þá eigi niður felld samkvæmt 1. málsgr., nema kjörforeldrar og kynforeldrar séu sammála um það, og niðurfelling ættleiðingar verði talin henta best þörfum barns. Ef kjörbarn hefur náð 12 ára aldri, þarf einnig samþykki þess. Samþykkið skal vera skriflegt, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, sbr. 10. gr.

Nú hafa kjörforeldrar látist, og getur dómsmálaráðherra þá samkvæmt ósk kynforeldra fellt niður ættleiðingu, ef þarfir barnsins mæla með því. Nú hefur kjörbarn náð 12 ára aldri, og þarf þá samþykki þess. Um samþykki fer svo sem segir í 3. málslið 2. mgr.

18. gr.

Unnt er að fella ættleiðingu niður með dómi, sbr. 2. málsgr., ef kjörforeldri brýtur mjög af sér gagnvart barni eða vanrækir stórlega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, svo og ef telja verður að öðru leyti að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.

Mál til niðurfellingar ættleiðingar samkv. 1. málsgr. höfðar kjörbarn. Nú er það ólögráða, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það getur ekki staðið að málssókn, og höfðar lögráðamaður þá málið eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur það. Stefnandi nýtur gjafsóknarkjara.

19. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda sé hjúskap þeirra eigi lokið.

Unnt er að fella niður ættleiðingu samkvæmt 18. gr. 1. málsgr., þótt aðeins annað kjörforeldra hafi sýnt af sér atferli, sem þar greinir.

20. gr.

Nú er barn ættleitt öðru sinni, og fellur þá fyrri ættleiðing niður, sbr. þó 15. gr. 2. málsgr.

21. gr.

Nú er ættleiðing felld niður, og falla þá úr gildi lagaáhrif ættleiðingar milli kjörbarns og kjörforeldris og ættmenna kjörforeldris. Þegar sérstaklega stendur á,

getur dómstóll, sbr. 18. gr., kveðið svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barnsins.

Nú er ættleiðing felld úr gildi samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 17. gr., og takast þá að nýju lagatengsl milli barnsins og kynforeldra þess. Ef ættleiðing er felld niður samkvæmt 18. gr., getur dómstóll ákveðið, með hliðsjón af aðdraganda að niðurfellingu ættleiðingar, aldri barns og atvikum að öðru leyti, að lagatengsl barns við kynforeldra og ættmenni þess skuli rakna við.

Kjörbarni er heimilt þrátt fyrir niðurfellinguna að halda kenningarnafni sínu, er það fékk við ættleiðingu, en getur einnig tekið upp fyrra kenningarnafn sitt.

Að öðru leyti veldur niðurfelling ættleiðingar því eigi, að lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakni við.

22. gr.

Dómstóll leitar, ef hægt er, eftir áliti þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Dómstóll getur þó, ef sérstök rök mæla með, ákveðið, að umsagnar skuli ekki leitað, einkum ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakna við.

## IV. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um ættleiðingarumsóknir og getur mælt fyrir um sérstök eyðublöð undir þær og um gögn, er þeim skuli fylgja, og um form og efni samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

24. gr.

Heimilt er að ákveða, með samningum við önnur ríki, að ríkisborgurum þeirra ríkja megi eigi veita leyfi til ættleiðingar hér á landi og að ríkisborgarar þeirra verði eigi ættleiddir hér á landi, nema með skilyrðum, sem greind séu í samningi. Slík samningsákvæði geta einnig tekið til niðurfellingar ættleiðingar, ef ríkisborgari frá ríki því, sem samningur er gerður við, á í hlut.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að íslenskir ríkisborgarar verði eigi ættleiddir, nema með nánar tilteknum skilyrðum í ríkjum, sem til eru greind í reglugerð, svo og að íslenskir ríkisborgarar megi því aðeins ættleiða barn í ríkjum þessum, að nánar tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Með hliðstæðum hætti getur dómsmálaráðherra ákveðið, að ættleiðing verði eigi felld niður í tilteknum erlendum ríkjum, svo að réttaráhrif hafi hér á landi, ef ættleiðandi er íslenskur ríkisborgari.

## V. KAFLI
## Gildistökuákvæði o. fl.

26. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953, um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975, um breytingu á þeim.

27. gr.

Ákvæði 10. gr. á ekki við um samþykki, sem látið er uppi fyrir gildistöku laganna.

Ákvæði III. kafla laganna eiga einnig við um ættleiðingu, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna.

*Gjört í Reykjavík 8. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

28. apríl 1978. Nr. 16.

# LÖG

## um varnir gegn kynsjúkdómum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:
Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhoea),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (nongonococcal urethritis),
linsæri (ulcus molle), lymphogranuloma venereum og granuloma inguinale.

Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

Hver sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefur grun um að svo sé, skal leita sér læknishjálpar þegar í stað. Honum er skylt að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð gegn smitun annarra.

3. gr.

Veita skal þeim sjúklingum, sem haldnir eru kynsjúkdómum eða grunur leikur á að svo sé, ókeypis læknishjálp á heilsugæslustöð. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja. Þar sem til staðar eru stofnanir eða sérfræðingar á sviði kynsjúkdómavarna skal sjúklingum vísað þangað sé þess nokkur kostur.

4. gr.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla sjúklinga með kynsjúkdóma. Skráningum skal hagað þannig, að sjúklingur skal auðkenndur með upphafsstöfum og fæðingarnúmeri á þar til gert eyðublað, sem skrifstofa landlæknis gefur út. Sérhver starfandi læknir skal annast þessa skráningu eftir því sem þurfa þykir og senda héraðslækni, í Reykjavík borgarlækni. Lokaskráning og úrvinnsla gagna fer fram hjá landlæknisembættinu.

Tíðni kynsjúkdóma skal tilfærð á venjulegan hátt á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem læknum er skylt að senda viðkomandi héraðslækni, sem síðan annast

skýrslugerð til landlæknis. Sé rökstuddur grunur um, að sjúklingur hafi kynsjúkdóm, skal hann skráður, þótt eigi hafi fundist óræk merki þess, að hann sé sjúkur.

5. gr.

Læknir skal útskýra fyrir sjúklingum með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Læknir skal skýra vandlega fyrir þeim hvernig sjúkdómur smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að sé út af brugðið varði slíkt hegningu samkv. almennum hegningarlögum. Þá skal læknir enn fremur fá hverjum sjúklingi, sem til hans leitar vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem landlæknir lætur í té. Í öllum íslenskum skipum skal vera upplýsingarit um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum skal fylgja lyfjakistli skipsins.

6. gr.

Hafi læknir greint kynsjúkdóm skal hann grennslast vandlega eftir því af hverjum sjúklingur hefur smitast, svo og hverja sjúklingur kann að hafa smitað. Sjúklingur skal láta í té alla vitneskju sína um það efni. Læknirinn skal gera gangskör að því að hinir grunuðu séu rannsakaðir og teknir til meðferðar ef þörf krefur. Lögregluyfirvöld skulu aðstoða lækni telji hann þörf á aðstoð. Sé um að ræða einstaklinga í öðru læknisháraði skal tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni það tafarlaust og ber hann upp frá því ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar.

7. gr.

Sérhverjum, sem starfs síns vegna kemst að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, ber að gæta þagmælsku þar um, nema lög bjóði annað eða brýn nauðsyn krefji, t. d. vegna yfirvofandi smitunar.

8. gr.

Komi kynsjúkdómur upp á stað þar sem enginn læknir er, eða þar sem erfitt er að ná í fullkomna læknisþjónustu, skal landlækni heimilt að senda þangað lækni svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Í grunnskólum skal veita fræðslu um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim. Menntamálaráðuneytið kveður á um námsefni og tilhögun fræðslunnar í samráði við yfirlækni húð- og kynsjúkdómadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, landlækni og skólayfirlækni.

10. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum hegningarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 91/1932 um varnir gegn kynsjúkdómum.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*



# LÖG

## um þroskaþjálfa.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfi hér á landi og kalla sig þroskaþjálfa hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusystraskóli Íslands).

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stund-

að. Áður en leyfi er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfa og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

3. gr.

Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Þroskaþjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða þroskaþjálfun.

6. gr.

Þroskaþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Um þroskaþjálfa gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota þroskaþjálfa.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

Nr. 19. 2. maí 1978.

# LÖG

## um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:
Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa

sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Kjósa skal aðalmenn og varamenn á sama kjörseðli, sem er tvískiptur, þannig að tilgreindur er fjöldi aðalmanna sérstaklega og síðan sami fjöldi varamanna. Þeir eru kjörnir aðalmenn í hreppsnefnd sem flest atkvæði fá í sæti aðalmanna. 1. varamaður er sá kosinn er flest atkvæði hlýtur í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann fékk á lista yfir aðalmenn, hafi hann ekki náð kosningu sem aðalmaður. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut á lista aðalmanna og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í.

Nú er sýslunefndarmaður og varamaður hans kosnir óbundinni kosningu og gilda þá sömu ákvæði um kosningu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

3. maí 1978. Nr. 20.

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá, um hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðila, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.
3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðila og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 4. gr.
7. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara, er gefur út stefnu að beiðni hans, sbr. 87. laga nr. 85/23. júní 1936.

Stefnu skal rita á tvöfalda örk í stærðinni A4, og skal hún auðkennd í upphafi máls með orðinu áskorunarstefna.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 cm séð frá kili arkarinnar.

Stefna skal vera í fjórriti enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal bæta við einu eintaki fyrir hvern, sem stefnt er til viðbótar.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stefnu skal vera áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum, þar eð annars megi búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú snýr stefnandi sér til dómara með beiðni um útgáfu áskorunarstefnu, og skal hann þá leggja fyrir hann stefnu í nægilega mörgum eintökum samkvæmt 3. gr. Auk þess skal stefnandi sýna dómara skjöl þau, er hann byggir kröfur sínar á.

Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál megi reka samkvæmt lögum þessum, gefur hann út áskorunarstefnuna.

Dómari er óbundinn af þessu áliti sínu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur dómari, að eigi séu efni til, að mál sæti meðferð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá synja um útgáfu áskorunarstefnu með rökstuddri bókun í þingbók, sé þess krafist. Þessari ákvörðun dómara verður ekki skotið til Hæstaréttar.

6. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, þar af annað með stefnubirtingarvottorði, og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim, er hann byggir dómkröfur sínar á. Hafi dómari gefið út áskorunarstefnu, skulu bæði frumritin vera með áritun hans, en ella með áritun stefnanda.

7. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Nú verður útivist af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum, og ritar dómari þá eða stimplar samkvæmt kröfu stefnanda á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá dagsetningu áritunar, enda sé málatilbúningi stefnanda í engu áfátt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík 3. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. breyting á þeim lögum nr. 10/1971.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „600 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: 2 000 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 26. apríl 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

8. maí 1978. Nr. 22.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. 5. málsl. laganna orðist svo:

Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 8. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1978

12. maí 1978. 95 Nr. 24.

# LÖG

## um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Aðalsteinsdóttir, barn á Akureyri, f. í Suður-Kóreu 10. janúar 1977.
2. Beers, Christa, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Þýskalandi 8. mars 1924.
3. Calatayud, Miguel Casanova, verkamaður í Reykjavík, f. á Spáni 16. september 1928.
4. Druzina, Alevtina Valerievna, cand. mag., Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 18. nóvember 1938.
5. Falkvard, Eydna Sólbrún, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 22. september 1938.
6. Fannberg, Yrsa Roca, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 22. nóvember 1973.
7. Gicheva, Evgenia Peneva, arkitekt í Reykjavík, f. í Búlgaríu 22. mars 1947.
8. Haagensen, John, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 1. október 1946.
9. Hansen, Agnes, kennari í Hveragerði, f. á Íslandi 13. júní 1954.
10. Honkanen, Anja Iris Katarina, húsmóðir í Kópavogi, f. í Finnlandi 19. janúar 1933.
11. Hübner, Herdís Magnea, gjaldkeri á Ísafirði, f. á Íslandi 22. janúar 1954.
12. Kankam, Kankaew, húsmóðir í Kópavogi, f. í Thailandi 8. júlí 1953. Fær réttinn 10. júlí 1978.
13. Kim, Hyun Jin, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 25. apríl 1977.
14. Koo Man Suk, barn á Hólmavík, f. í Suður-Kóreu 27. desember 1973.
15. Loebell, Maja, kennari í Keflavík, f. í Þýskalandi 25. nóvember 1949.
16. Marti, Maria Teresa, húsmóðir í Reykjavík, f. á Spáni 17. apríl 1950.
17. McGinley, Eleanor Beatrice, húsmóðir í Reykjavík, f. í Skotlandi 6. nóvember 1930.
18. Mekkinó Björnsson, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 20. mars 1953.
19. Newman, Jón Róbert, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 5. febrúar 1954.
20. Nielsen, Meinert Johannes, hafnarvörður í Njarðvík, f. í Færeyjum 23. ágúst 1922.
21. Niemenen, Laila Björt, húsmóðir í Laufási í Víðidal, Vestur-Húnavatnssýslu, f. í Danmörku 24. apríl 1943.
22. Oldfield, Richard, nemandi í Sandgerði, f. í Englandi 5. nóvember 1959.
23. Ólöf Viktorsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Danmörku 28. febrúar 1977.
24. Ómar Þorsteinn Árnason, barn á Akureyri, f. í Suður-Kóreu 17. mars 1976.
25. Pedersen, Else Lilian, húsmóðir í Kópavogi, f. í Danmörku 26. ágúst 1937.
26. Poulsen, Johanne Sofie, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 19. júlí 1942.
27. Ramos, Ernesto Hilmar, barn í Reykjavík, f. á Kúbu 13. júní 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

28. Sunna Björk Gylfadóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 6. apríl 1977.
29. Tegeder, Edda, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. apríl 1939.
30. Veronika Sigríður Bjarnardóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 23. september 1973.
31. Vignir Már Runólfsson, barn í Grundarfirði, f. í Suður-Kóreu 24. desember 1976.
32. Vinther, Jóhanna Birgitta, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 25. apríl 1932.
33. Yamagata, Nobuyasu, verkamaður í Borgarnesi, f. í Japan 11. október 1950.
34. Yoo, Jin-Sung, barn á Akranesi, f. í Suður-Kóreu 24. apríl 1977.
35. Zharova, Tatyana Borisovna, barn í Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 8. september 1966.
36. Þórunn Gísladóttir, húsmóðir í Sandgerði, f. á Íslandi 24. apríl 1918.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 25. 11. maí 1978.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69 23. maí 1974, komi ný grein, svo hljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslutækjum eða mannvirkjum þeirra.

Stjórn Sölustofnunar lagmetis ráðstafar fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Gunnar Thoroddsen.*

12. maí 1978. Nr. 26.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.

2. Viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1978.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

**Stjórnartíðindi A 5, nr. 24—26. Útgáfudagur 12. maí 1978.**

26. apríl 1978. 99 Nr. 27.

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 2. málsgreinar 3. gr. laganna orðist svo:

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en síld ....

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi, skal Verðlagsráð skipað sömu fulltrúum og um getur í 2. málsgrein 3. greinar um verðlagningu á fiskúrgangi, með þeirri breytingu, að í stað eins fulltrúa tilnefnds sameiginlega af fulltrúum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, komi einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi í Verðlagsráði. Um hæfi þessa fulltrúa gilda sömu ákvæði og um getur í 2. málsgrein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 26. apríl 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Matthías Bjarnason.*

28. apríl 1978. Nr. 28.

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:


Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Matthías Á. Mathiesen.*

Nr. 29. 12. maí 1978.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

2. gr.

Við 85. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, sbr. a-, c- og d-lið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

# LÖG

## um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vesturmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur á Seltjarnarnesi skulu ákveðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

1. Bein lína úr punkti 77 í stórstraumsfjöruborði við Eiði í punkt 70.
2. Þaðan bein lína í punkt 73.
3. Þaðan bein lína í punkt 75.
4. Þaðan bein lína í punkt 93.
5. Þaðan bein lína í punkt 78 í stórstraumsfjöruborði við Faxaskjól.

2. gr.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

3. gr.

Frá gildistöku laga þessara tekur Seltjarnarneskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða kunna þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Reykjavík, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem til Seltjarnarneskaupstaðar fellur með lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Gunnar Thoroddsen.*

12. maí 1978. Nr. 31.

# LÖG

## um breyting á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

**4. gr. laganna orðist svo:**

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum,

skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Til viðbótar 13. gr. laganna komi:

Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Gunnar Thoroddsen.*

Nr. 32. 12. maí 1978.

# LÖG

## um hlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum.

Hlutafélag merkir í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Í hlutafélagi skal vera hlutafé, sem skipt er í hluti. Hlutaféð skal minnst vera kr. 2 000 000. Hlutir skulu eigi vera færri en fimm.

Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina h.f. (h/f). Að öðru leyti fer um firmu hlutafélaga eftir ákvæðum firmalaga.

2. gr.

Nú á hlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi, að það fer með meirihluta atkvæða í félaginu, og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru félagi, sem um ræðir í 1. mgr., og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef hlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga yfirráð í öðru hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess, telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða hlutafélaga.

## II. KAFLI
## Stofnun hlutafélags.

3. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um það efni, sem greint er í 4. og 5. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu vera fimm hið fæsta. Meirihluti stofnenda skal hafa haft heimilisfesti hér á landi í minnst tvö ár.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sýslu- og sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, skráð sameignarfélög, sem eru sjálfstæðir skattþegnar, og sjálfseignarstofnanir, sem eru undir opinberu eftirliti.

Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá, sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila, skal fullnægja þeim skilyrðum, er segir um einstaklinga, enda ber hann auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi.

4. gr.

Í stofnsamningi skal m. a. greina:

1. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
2. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
3. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr., að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði um:

1. Ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé.
2. Ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum.
3. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun.
4. Hvort einhverjir hluthafar eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess, að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. Í því sambandi skal sérstaklega greina:

a. Nöfn og heimilisföng þeirra aðila, er hér um ræðir.
b. Endurgjald það, sem ákveðið hefur verið fyrir verðmætin, en það má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð, sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins. Ennfremur að hve miklu leyti endurgjaldið skuli greiðast í hlutum og að öðru leyti meginatriði skilmála þeirra, sem um er samið vegna yfirtökunnar.
c. Hámark stofnkostnaðar. Stofnkostnaður, að undanskildum opinberum gjöldum, má þó aldrei nema meiru en 5% af hlutafé. Ráðherra getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri, skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess, ef það er síðar. Ennfremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um, að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað á tímabilinu frá því, að fyrirtækið var yfirtekið, og að stofnun hlutafélagsins.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja í sambandi við stofnun hlutafélags, sem ekki er getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum félags.

Í samþykktum skal m. a. greina eftirtalin atriði:

1. Heiti félagsins.
2. Í hvaða sveitarfélagi félagið skal teljast hafa heimilisfang.
3. Tilgang félagsins.
4. Hlutafé. Í stofnsamningi má ákveða hlutafé sem þá lágmarksfjárhæð, sem áskrift verður að fást að til þess að unnt sé að stofna félagið, og hærri fjárhæð, sem áskrift má fást að.
5. Fjárhæð hluta og atkvæðisrétt hluthafa.
6. Fjölda eða hámarks- og lágmarksfjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna og endurskoðenda.
7. Ákvæði um, hvernig boða skuli til hluthafafunda.
8. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
9. Ákvæði um, hvert skuli vera reikningsár félagsins.
10. Hvort hlutabréf skuli hljóða á nafn eða handhafa.
11. Ákvæði um, hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
12. Ákvæði um, hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
13. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi.

Að því marki, sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, skal í félagssamþykktum greint, hvernig ráðstafa skuli ágóða og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

7. gr.

Áskrift hluta skal gerð í stofnsamningi eða á sérstaka áskriftarskrá, sem eftirrit stofnsamnings skal þá fylgja. Reikningar þeir, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr.,

skulu einnig fylgja áskriftarskrá. Félagið getur ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup, ef eigi hefur verið gætt framangreindra reglna, svo fremi að sá, er áskriftina gerði, mótmæli því við ráðherra, áður en félagið er skrásett, að áskriftin sé bindandi.

Ef aðili skráir sig fyrir hlutum með skilyrðum, sem ekki samrýmast stofnsamningi, er áskriftin ógild. Sé ekki mótmælt við ráðherra, áður en félagið er skráð, er áskriftin þó bindandi og skilyrðið brott fallið.

8. gr.

Stofnendur ákveða, hvort áskrift skuli samþykkt. Ef áskriftaraðilar hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum en unnt er að selja þeim, skulu stofnendur, áður en stofnfundur er haldinn, ákveða, hve marga hluti hver áskriftaraðili skuli fá.

Ef áskrift er ekki samþykkt, stofnendur telja áskrift ógilda, eða áskriftir hljóða um meira fé en ákveðið var og því þörf á að lækka það, skulu stofnendur strax tilkynna það áskriftaraðila.

9. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi.

Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um, er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki, skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar. Um stofnfundinn gilda reglur laga þessara og samþykkta félagsins um hluthafafundi.

Stofnendur skulu sjá um, að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn, sem um ræðir í stofnsamningi, séu til sýnis fyrir áskrifendur í eina viku fyrir stofnfund á stað, sem greinir í fundarboði.

Á stofnfundi skulu stofnendur leggja fram stofnsamning og öll þau skjöl, sem um ræðir í 3. mgr., ásamt skrá yfir þann fjölda hluta, sem stofnendur hafa samþykkt, skiptingu hlutafjárins á einstaka áskrifendur og skýrslu um það fé, sem þegar hefur verið greitt. Þessar upplýsingar skal færa til bókar.

10. gr.

Komi fram á stofnfundi, að ekki hefur fengist áskrift að öllu hlutafé því, sem ákveðið hefur verið, eða þeirri lágmarksfjárhæð, sem áskrift verður að fást að, ef um hana er að ræða, sbr. 4. tl. 2. mgr. 6. gr., má ekki stofna félagið. Það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé, skal þá þegar endurgreiða.

Ekki má ákveða stofnun félags, fyrr en tillögur, sem fram kunna að koma um breytingu á samþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti, hafa verið ræddar og afgreiddar. Tillögur til breytinga á samþykktum, sem greindar eru í fundarboði stofnfundar, má samþykkja eftir þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktum. Tillögur til breytinga á samþykktum um hækkun hlutafjár, er ekki hafa verið greindar í fundarboði, eða tillögur um breytingar á ákvæðum stofnsamnings að öðru leyti má ekki samþykkja nema allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um það.

Tillaga um að stofna félag telst samþykkt, ef hún fær samþykki meirihluta þeirra, er greiða atkvæði og fara með minnst ⅔ hluta þess hlutafjár, sem mætt er fyrir á stofnfundi. Náist slíkt samþykki ekki, verður félagið ekki stofnað.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið, skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur.

11. gr.

Stjórnin skal tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það, er greinir um hlutafé í samþykktum, og þar af skal minnst fjórðungur, sbr. þó 1. mgr. 13. gr., vera greiddur. Sama gildir um það, sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal minna en kr. 1 000 000 vera greitt við skráningu.

Ef tilkynning um stofnun hlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests, sem um ræðir í 1. mgr., skal synja skráningar. Fari svo, falla burtu skuldbindingar þeirra, er hafa skráð sig fyrir hlutafé, sbr. 1. mgr. 10. gr. Sama gildir, ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum.

12. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum til innheimtu hlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir, og öðrum dómsmálum varðandi hlutafjáráskrift.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd hlutafélags, áður en það er skráð, og bera þeir, sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann, óskipt persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum, sem leiddi af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur, áður en félag var skráð, og hinn samningsaðilinn vissi, að félagið var ekki skráð, getur hann, nema annað sé um samið, riftað gerningnum svo fremi að tilkynning til hlutafélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests, er um ræðir í 1. mgr. 11. gr., eða að skráningar hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki, að félagið var óskráð, getur hann riftað löggerningnum, meðan félagið er ekki skráð.

## III. KAFLI
## Greiðsla hlutafjár.

13. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans að frádreginni sannanlegri söluþóknun allt að 10%.

Áskrifandi hlutafjár má ekki skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, við kröfu, er hann kann að eiga á hendur félaginu, nema stjórn félagsins samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa, ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

Kröfu félags um greiðslu hlutafjár má það ekki framselja eða veðsetja og eigi verður gerð í henni aðför.

Ef hlutur, sem ekki hefur verið að fullu greiddur, er framseldur, ber framsalshafi, þegar hann hefur tilkynnt framsalið, ábyrgð á greiðslu eftirstöðva hlutarverðsins, óskipt með framseljanda.

14. gr.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga, skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi, er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum, enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins skal þá án tafar annaðhvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda 4 vikna frest til að koma málum sínum í rétt horf. Hafi áskrifandi fengið afhent bráðabirgðaskírteini, getur félagið, að liðnum fyrrnefndum fresti, krafist afhendingar þess með beinni fógetagerð.

Komi í ljós, að skuldin verði ekki innheimt, skal reglum 15. og 16. gr. beitt.

15. gr.

Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan þriggja ára frá því, að félagið var skráð. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt, að hlutafé sé að fullu greitt, skal ráðherra gefa félagi hæfilegan frest, þó eigi lengri en 6 mánuði, til að koma þessu í lag. Ef frestur þessi er látinn ónotaður, skal ráðherra tilkynna það skiptarétti, sem ákveður, að félagi skuli slitið og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta, ef það telst vera gjaldþrota.

16. gr.

Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi þremur árum eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt, að hinir nýju hlutir séu að fullu greiddir, skal ráðherra gefa félaginu hæfilegan frest, sem þó má eigi vera lengri en 3 mánuðir, til að bæta úr annmörkum. Ef ekki hefur verið úr bætt innan frestsins og stjórnin hefur heldur ekki tilkynnt, að hlutafé hafi verið lækkað samkvæmt 44. gr., skal ráðherra láta skrá, að hlutaféð hafi verið lækkað sem samsvarar nafnverði þeirra hluta, er eigi hafa verið greiddir, og samþykktum sé breytt samkvæmt því. Hækkunarhlutir skulu teljast ógildir, þegar lækkunin hefur verið skráð.

## IV. KAFLI
## Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

17. gr.

Í hlutafélagi skulu jafnan vera fimm hluthafar hið fæsta, sbr. 114. gr.

Allir hlutir skulu hafa jafnan rétt í félaginu. Í samþykktum má þó ákveða, að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka. Í því tilviki skal í samþykktum taka fram um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé, sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár.

18. gr.

Hluti má selja og veðsetja, nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum hlutafélags. Í samþykktum mega þó viðskiptahömlur, að því er hlutabréf varðar, aðeins ná til þeirra hluta, sem hljóða á nafn, og aðeins í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga. Hömlur má þó ekki leggja á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri.

19. gr.

Í samþykktum má ákveða, að við eigendaskipti að hlutabréfi önnur en við erfð eða búskipti skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m. a. greina:

a) Röð forkaupsréttarhafa.
b) Ákvæði um frest, er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum, sem lengstur má vera tveir mánuðir, og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð.
c) Ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs, sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því, að kaup voru ákveðin.

Taki tilboð til margra hluta, er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því, er varðar nokkra þeirra, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta, er það ógilt, ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það, skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum, sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðilja eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því, að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu. Félagið ber kostnað af matinu.

20. gr.

Ákveða má í samþykktum, að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins, sbr. þó 3. málsl. 18. gr.

Stjórn félags tekur ákvörðun um, hvort samþykki skuli veitt, nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir, að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim, er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það, skal svo litið á, að samþykki hafi verið veitt.

21. gr.

Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila eða til handhafa. Ef samþykktir reisa skorður við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eða hluthafar skyldir til að þola innlausn þeirra, skulu hlutabréfin hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig, að gildi hafi gagnvart félaginu.

Hlutabréf skulu gefin út eigi síðar en ári eftir, að hlutaáskriftin er skráð, og þau má ekki afhenda, fyrr en skráning hefur farið fram og hluturinn er að fullu greiddur. Nafnbréf má aðeins afhenda þeim hluthafa, sem skráður er í hlutaskrá.

Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Hvort hluturinn skuli hljóða á nafn eða handhafa.
4. Útgáfudag hlutabréfs.

Ef ákvæði eru í félagssamþykktum um eftirtalin atriði, skulu þau einnig greind í hlutabréfi:

1. Þann flokk, er hlutabréf tilheyrir, ef um er að ræða skiptingu hluta í sérstaka flokka.
2. Skorður þær, sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
3. Innlausnarrétt, sem á hlutabréfi hvílir, eða rétt til að skipta því fyrir aðra hluti án samþykkis hluthafa.
4. Aðrar sérstakar skyldur, er hvíla á hlutum, umfram skylduna til að greiða hlutafé.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

22. gr.

Nú er hlutur ekki að fullu greiddur, og getur stjórn félags þá gefið út bráðabirgðaskírteini, er hljóða skal á nafn. Í bráðabirgðaskírteini skal tekið fram, að hlutabréf verði aðeins látið í té gegn afhendingu skírteinisins. Síðari greiðslur skulu skráðar á bráðabirgðaskírteinið, sé þess óskað. Einn stjórnarmaður, sem fengið

hefur til þess sérstaka heimild stjórnar, getur undirritað bráðabirgðaskírteini. Að öðru leyti eiga reglur 21. gr. við um bráðabirgðaskírteini.

Áskriftarvottorð þau, sem um ræðir í 29. gr., skulu greina nafn félags, númer þeirra hluta, sem þeim tilheyra, svo og hlutaflokk. Reglur um undirskriftir á bráðabirgðaskírteini gilda einnig um skilríki fyrir áskriftarrétti.

23. gr.

Um framsal og veðsetningu hlutabréfa gilda venjulegar reglur viðskiptabréfa, nema annað sé skýrt tekið fram í hlutabréfinu. Þótt handhafahlutabréf hafi verið áritað af félaginu, að nafn eiganda hafi verið skráð, telst það handhafabréf, ef nafn hefur ekki verið skráð á bréfið sjálft.

24. gr.

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað, skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Skráin skal færð í bók, er ráðherra löggildir. Heimilt er þó að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi.

Í hlutaskrá skulu skráð nöfn áskrifenda hlutafjár og getið stöðu þeirra, heimilisfangs, nafnnúmers, fjölda hluta og númers á hlut eða hlutabréfum. Þá skal þar skráð númer handhafahluta eða -hlutabréfa.

Verði eigendaskipti að hlut, sem skráður er á nafn, og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja hlúthafa fært í hlutaskrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Ennfremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Nú fær félag tilkynningu um framsal hlutar frá framseljanda, miðlara eða öðrum og skal þess þá getið í hlutaskrá ásamt upplýsingum um nafn og heimilisfang þess, sem talinn er vera eigandi.

Þegar nafn nýs eiganda er fært í hlutaskrá, skal hlutabréfið einnig áritað um færsluna.

Hlutaskrá skal ætíð vera geymd á skrifstofu hlutafélags, og eiga allir hlúthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

25. gr.

Sá, er eignast hefur hlutabréf, sem hljóðar á nafn, getur ekki beitt réttindum sínum sem hlúthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár.

26. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

## V. KAFLI
## Hækkun hlutafjár.

27. gr.

Hlúthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 35. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða, fyrr en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hlúthafa og send þeim eftir þeim reglum, sem greinir í 4. mgr. 71. gr. Tillagan skal ennfremur lögð fram á hlúthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hlúthafafundi, skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. Eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga.
b. Skýrslu stjórnar, þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði, sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið, eftir að reikningar voru gerðir.
c. Umsögn endurskoðenda um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 28. gr., ásamt upplýsingum um, hvernig þeir, er áskriftarrétt hafa, skuli bera sig að, ef þeir vilja notfæra sér áskriftarréttinn. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa, skal gera grein fyrir ástæðum.

28. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Nú notar einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar.

Í samþykktum má ákveða, að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk, skal beita reglum samþykkta um innbyrðis áskriftarrétt flokkanna, sbr. 17. gr.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 76. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu, er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

29. gr.

Hver hluthafi á rétt til að fá áskriftarvottorð fyrir hvert hlutabréf, sem hann á, þar sem greini, hvers krafist sé til áskriftar að nýjum hlutum. Ef hækka á hlutafé með útgáfu jöfnunarhluta, á hver hluthafi rétt á að fá vottorð um hlutdeild sína í heildarútgáfunni.

Skrá skal á hlutabréf, að áskriftarvottorð hafi verið gefin út. Ef áskrift er gerð að hlutafjárauka án þess, að áskriftarvottorð hafi verið gefin út, skal rita á hlutabréfið um áskriftina. Á sama hátt skal skrá á hlutabréf, ef jöfnunarbréf eru gefin út án þess, að notað hafi verið áskriftarvottorð.

30. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. Hve mikið hækka skal hlutafé. Setja má hámark og lágmark fyrir hækkuninni.
2. Þann hlutaflokk, sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra, ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar.
3. Forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum.
4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn miðaður við framlagningu áskriftarskrár og eigi vera skemmri en tvær vikur.
5. Frest til greiðslu hluta ásamt reglum um, hvernig skipta skuli hlutum, ef þeir, sem ekki eiga forgangsrétt, hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, enda sé skiptingin ekki falin stjórninni.
6. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.
7. Hvort hinir nýju hlutir skuli hljóða á nafn eða handhafa.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skyldir til að sæta innlausn hluta sinna, skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar, enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

31. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé, skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5. gr. skulu gilda um þetta.

Löggiltur endurskoðandi skal gefa skýrslu um þau atriði, sem um ræðir í 1. mgr., þ. á m. sérstaklega, hvort skuldajöfnuður eða greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé sé eðlileg. Skýrsla endurskoðandans og skjöl þau, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku, áður en hluthafafundur er haldinn, og einnig vera lögð fram á fundinum.

32. gr.

Áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem félagsstjórn undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Við áskrift skal leggja fram samþykktir félagsins og gögn þau, er greinir í 2. mgr. 27. gr. Ef um greiðslu hlutafjárins skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 31. gr., skulu gögn þau, er um ræðir í 2. mgr. 31. gr., einnig lögð fram við áskriftina.

Ef áskrift þeirra, sem samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins hafa rétt til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutum, fæst á hluthafafundinum að öllum hlutum, má ljúka áskrift með skráningu í gerðabók fundarins.

33. gr.

Fari áskrift ekki fram eftir reglum 32. gr. eða áskrift er gerð með fyrirvara, skal beita reglum 7. gr.

34. gr.

Hafi ekki fengist áskrift fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka, áður en áskriftarfrestur er liðinn, er niður fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbinding þeirra hluthafa, er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum.

Hafi hið ákveðna lágmark hlutafjárauka verið skráð á réttum tíma og minnst fjórðungur hans greiddur, sbr. þó 1. mgr. 13. gr., að viðbættum minnst fjórðungi þess, sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá, sem skráð hefur verið, stjórn hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr., ásamt þeirri fjárhæð, sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan árs frá því ákvörðun var tekin eða ef skráningar er synjað, eiga reglur 1. mgr. við.

35. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Í samþykktum skal þá taka fram hámark þeirrar fjárhæðar, sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, ásamt þeim atriðum, sem um getur í 2., 3. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. Ef heimilt er, að hækkunin sé gerð að nokkru eða öllu án greiðslu í reiðufé, skal þess getið í samþykktum.

36. gr.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkun samkvæmt 35. gr., má stjórnin gera, svo fremi að ekki séu í sambandi við ákvörðun um hækkun hlutafjárins gerðar aðrar breytingar á samþykktum.

Þeim hluthöfum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun stjórnar um hlutafjárhækkun send tilkynning um það eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um, hvernig þeir skuli bera sig að, ef þeir vilja nota sér forgangsrétt sinn til áskriftar.

Áskriftarskráin skal hafa að geyma upplýsingar þær, sem um ræðir í 2. mgr. 35. gr., ásamt ákvörðun stjórnarinnar um áskriftarfrest, greiðslu, nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra, sbr. 4.—6. tl. 1. mgr. 30. gr. Að öðru leyti skal við áskriftina beita reglum 29. og 31.—34. gr., eftir því sem við á.

37. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt, að yfirfærðar séu fjárhæðir, sem samkvæmt 107. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir, sem komið hafa fram vegna verðhækkunar eigna samkvæmt 4. mgr. 97. gr. eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði samkvæmt 3. mgr. 108. gr.

Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina, hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild, fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

38. gr.

Séu liðin fimm ár frá skráningu hlutafjárhækkunar vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa og sá, er rétt á til slíkra bréfa, hefur ekki komið fram með kröfu um að fá bréfin afhent, getur stjórnin með tilkynningu í Lögbirtingablaði skorað á þá, er hlut eiga að máli, að sækja bréf sín innan sex mánaða. Þegar sá frestur er liðinn og hluthafi hefur ekki snúið sér til félagsins, getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði á kostnað hluthafans. Söluverð bréfa þessara, að frádregnum kostnaði, skal teljast eign hluthafans, en hafi hann ekki vitjað þess innan fimm ára frá söludegi, rennur fé þetta til félagsins.

## VI. KAFLI

### Lántaka með sérstökum skilyrðum.

39. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meirihluta atkvæða, sem krafist er til breytinga á samþykktum, að félagið taki skuldabréfalán, er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því. Slíkt lán má ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma, þegar ákvörðun er tekin.

Í samþykkt hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins, ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin út ný breytanleg skuldabréf, félagi slitið, þ. á m. með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 27.—29. gr., 1.—5. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. og 31. gr.

Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð, sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Í heimildinni skal taka fram um þau efni, sem greinir í 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta, sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum, má breytingin því aðeins fara fram, að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

40. gr.

Samþykkt samkvæmt 39. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá, sem hækka má hlutaféð um, og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur samkvæmt 1. mgr. er liðinn, skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni, hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár, skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna, hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynnt hefur verið um breytinguna, telst hlutaféð hækkað um fjárhæð, er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

41. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum, sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð, sem greiddur er hluthöfum, eða við árságóða, enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

## VII. KAFLI
## Lækkun hlutafjár.

42. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 16. og 45. gr., má aðeins hluthafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka, fyrr en félagið hefur verið skráð.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um, hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu, en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps, sem ekki verður jafnað á annan hátt.
2. Til greiðslu til hluthafa.
3. Til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa.
4. Til greiðslu í sérstakan sjóð, sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr., að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir, er svara a. m. k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félags hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun samkvæmt 44. gr. ásamt þeirri fjárhæð, sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVIII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, fellur ákvörðunin úr gildi.

43. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi, skal strax tilkynnt, að hlutafjárlækkun hafi farið fram. Næstu þrjú ár frá skráningu þessarar tilkynningar má ekki ákveða hærri arðgreiðslu en sem nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins árlega nema hlutaféð hafi aftur verið hækkað um fjárhæð, er svarar til lækkunarinnar, eða ákvæða 44. gr. hefur verið gætt.

44. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu í þeim tilgangi, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr. 42. gr., skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo fremi sem tilkynntar, gjaldfallnar kröfur ekki eru greiddar og sett fullnægjandi trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna, má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Ráðherra getur úrskurðað eftir ósk aðila, hvort frambočin trygging sé nægileg.

Sanni félag, að það eigi fyrir skuldum, er ráðherra heimilt að veita því undanþágu frá innkollunarskyldu samkvæmt 1. mgr.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu, að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því, að ákvörðunin var skráð, missir hún gildi sitt og tilkynning sú, sem gerð var samkvæmt 5. mgr. 42. gr., skal afmáð úr hlutafélagaskrá

45. gr.

Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar samkvæmt 44. gr., þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða, sé um að ræða útgefin hlutabréf vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Hlutafjárlækkun samkvæmt 1. mgr. má því aðeins framkvæma, að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem a. m. k. svara til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

## VIII. KAFLI

## Eigin hlutabréf.

46. gr.

Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist félagið meira af hlutafénu, skal það hafa selt hlutabréf þannig, að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hlutabréf í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Hlutafélagi er óheimilt að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa.

## IX. KAFLI

## Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

47. gr.

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst 3 menn

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meirihluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfalls- eða margfeldiskosningu. Við margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis í félaginu margfaldað með tölu þeirra manna, sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. aðeins einum

manni er greitt atkvæði, er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjárins, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi 4 árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

48. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim, sem tilnefnt hefur hann, hafi hann ekki verið kjörinn af hluthafafundi. Sá, sem kjörið hefur eða tilnefnt stjórnarmann, getur vikið honum frá störfum.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur, áður en kjörtímabili er lokið, eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 50. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað, hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund, er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar, þar sem stjórnarkjör skal fara fram, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum, sem eftir eru.

49. gr.

Í félagi, þar sem hlutafé er kr. 30 000 000 eða meira, skal stjórn ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Í öðrum félögum getur stjórn ráðið framkvæmdastjóra.

Í félagi, þar sem hlutafé er kr. 30 000 000 eða meira, skal meirihluti stjórnar vera menn, sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu.

50. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Framkvæmdastjórar og meirihluti stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

51. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutabréfaeign sína í félaginu og í félögum innan sömu hlutafélagasamstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup þeirra og sölu á slíkum hlutabréfum.

52. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um, að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn, fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félags-

stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri, skal hann sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

53. gr.

Þegar samstæða hlutafélaga er mynduð, skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélags. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

54. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann. Ef atkvæði eru jöfn, ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum, þar sem hlutafé er kr. 30 000 000 eða meira.

Formaður kveður til stjórnarfunda. Fund skal og jafnan halda, ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það, sem gerist á stjórnarfundum, skal haldin gerðabók, sem undirrituð skal af þeim, er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

55. gr.

Félagsstjórn er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o. þ. h. og valinn hefur verið varamaður, skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum, meðan forföllin vara.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á, að atkvæði formanns ráði úrslitum, þegar atkvæði eru jöfn.

56. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

57. gr.

Í samþykktum má ákveða, að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd. Ef fulltrúanefnd er kjörin, skal með ákvæðum í samþykktum nánar kveða á um vald hennar og starfssvið. Hluthafafundur kýs nefndina. Í samþykktum má þó ákveða, að einn eða fleiri fulltrúanefndarmenn skuli tilnefndir með öðrum hætti, en meirihluti nefndarinnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Minnst fimm menn skulu eiga sæti í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um nefndina og starfstíma nefndarmanna.

Fulltrúanefndin skal hafa eftirlit með því, hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um, hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Fulltrúanefnd skal gefa skýrslu um störf sín á aðalfundi.

Ákvæði þau um stjórn og stjórnarmenn í 48., 50.—51., 54.—56., 62., 2. mgr. 100., 112. og 132. gr. eiga við um fulltrúanefnd og nefndarmenn, eftir því sem við á.

58. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins, svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 50. og 56. gr. eiga við um þá, er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt, að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur, hvenær sem er, afturkallað heimild, sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

59. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum, sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 52. gr.

60. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins, ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

61. gr.

Ef sá, sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 58.—59. gr., fer út fyrir heimild sína, er löggerningurinn ekki bindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

62. gr.

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

## X. KAFLI

## Hluthafafundir.

63. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

64. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

65. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða, að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, þó ekki frekar en svo, að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira en atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar.

Í félagssamþykktum má ákveða, að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Í félagssamþykktum má ákveða, að hluthafi, sem hefur eignast hluti með framsali, geti ekki farið með atkvæðisrétt að því er þá hluti varðar, fyrr en að liðnum ákveðnum tíma, þó ekki lengri en þrjá mánuði, eftir að hann hefur verið skráður í hlutaskrá eða tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutafjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn honum sjálfum eða um ábyrgð hans gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra, ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

66. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á, að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar, ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

67. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan níu mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. Staðfestingu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.
b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
c. Önnur þau mál, sem heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. eða varða lausn undan ábyrgð, til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

68. gr.

Aukafund skal halda, þegar félagsstjórn eða fulltrúanefnd telja þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, enda sé ekki lægra mark ákveðið í félagssamþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

69. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

70. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar, sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar, skal ráðherra láta boða til fundarins, ef stjórnarmaður, fulltrúanefndarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður ráðherra skal stýra hluthafafundum, sem ráðherra hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 73. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins. Ráðherra greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins, en félagið ber kostnaðinn endanlega.

71. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur, skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda, skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram, fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti, sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Ef hlutabréf félags hljóða á handhafa, skal boðun vera opinber.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

72. gr.

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki ⅔ hluta mættra hluthafa. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá, er það því ekki til fyrirstöðu, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

73. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar samkvæmt 2. mgr. 70. gr., ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

74. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi, skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum, er þess hafa óskað.

75. gr.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

76. gr.

Ákvörðun um breyting félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim, sem nefnd eru í 16., 36. og 45. gr., skal tekin á hluthafafundi. Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli, er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 77. gr.

Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags skal tilkynnt til hlutafélagaskrár þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi, fyrr en hún hefur verið skráð.

77. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess, að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess, að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó, að 1. tl. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild, að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að

gera breytingu á félagssamþykktum, sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna, ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks, er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi, og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

78. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun, sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

79. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar, sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti, eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því, að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild.

Ákvæði 2. málsgreinar eiga ekki við:

a. Þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa.
b. Þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið.
c. Þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt.
d. Þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál, eftir að frestur sá, sem tiltekinn er í 2. mgr., er útrunninn, en þó innan tveggja ára, eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau, að ákvörðun hluthafafundar telst ógild, og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera, að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða, hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa, er ekki hafa staðið að málshöfðun.

Endurrit dóma í slíkum málum skal senda til hlutafélagaskrár og þar skráð niðurstaða þeirra, ef ástæða þykir til.

## XI. KAFLI

### Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

80. gr.

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðendur, tvo eða fleiri, í samræmi við samþykktir félagsins. Í félögum, sem kjósa löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfélag, skulu endurskoðendur vera einn eða fleiri. Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félagsins má ákveða, að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt.

Hafi tillaga um kosningu endurskoðanda verið felld á aðalfundi og hluthafahópur, sem ræður minnst ⅕ hlutafjár, krefst þess á aðalfundi, þar sem endurskoðendur skal kjósa, skal stjórn félags fara þess á leit við ráðherra, að hann nefni til einn endurskoðanda, er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna frá aðalfundi, getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við ráðherra. Telji ráðherra nægilegar ástæður til þess að verða við óskinni, skal hann nefna til löggiltan endurskoðanda. Þóknun til þess endurskoðanda, er ráðherra tilnefnir, er háð samþykki hans og skal félagið greiða hana.

81. gr.

Endurskoðendur hlutafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Af endurskoðendum félags skal að minnsta kosti einn vera heimilisfastur hér á landi.

Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum, sem nauðsynleg er til rækslu starfans.

Þegar endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun, skal sá, sem falin er endurskoðunin, uppfylla skilyrði 81.—83. gr.

Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur að endurskoðunarstofu sem endurskoðendur í sama hlutafélagi.

Kjósa skal einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda í dóttur félagi, ef þess er nokkur kostur.

82. gr.

Í hlutafélögum með hlutafé að fjárhæð 30 000 000 króna eða þar yfir eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þegar skuldir og bundið eigið fé nemur samtals 500 000 000 króna eða þar yfir, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar, að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð, skal regla 1. málsliðar gilda frá þeim tíma, en annars skal við það miða, að skuldir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningi tveggja síðast liðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 100 tvö síðast liðin reikningsár.

Í félögum, þar sem hlutabréf eru háð opinberri verðskráningu, skulu kosnir endurskoðendur eigi vera færri en tveir og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

Í öðrum félögum getur hluthafahópur, sem ræður yfir minnst ⅕ hlutafjár, krafist þess, að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Krafa um þetta skal fram borin á aðalfundi, þar sem kjósa skal endurskoðendur.

83. gr.

Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd þess, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður. Eigi má hann heldur vera í þjónustu formanns stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra þess, prókúruhafa eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi þess eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins.

Þann, sem ekki er hlutgengur við kosningu endurskoðanda í móðurfélagi, má ekki kjósa sem endurskoðanda í dótturfélagi.

Endurskoðandi má hvorki vera skuldugur félaginu né félögum í sömu samstæðu.

84. gr.

Í samþykktum félags skal kveðið á um starfstíma endurskoðanda. Starfi endurskoðanda skal ljúka við lok þess aðalfundar, sem haldinn er eftir lok síðasta reikningsárs, sem endurskoðandi var kosinn fyrir, eða ef endurskoðandi er kosinn til óákveðins tíma, þá þegar annar endurskoðandi er kosinn í hans stað.

Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt af sér störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra, er kusu hann eða tilnefndu.

Ljúki starfi endurskoðanda, áður en kjörtímabili hans er lokið, eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi, og enginn varamaður er til

að koma í hans stað, þá skal stjórnin annast um, að kosinn verði nýr endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

85. gr.

Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 81. gr., 1. og 2. mgr. 82. gr. eða 1.—3. mgr. 83. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins, þá skal ráðherra tilnefna endurskoðanda, ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa

Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda skv. ákvæðum 3. mgr. 82. gr., skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda, þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði eftir að aðalfundurinn var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

86. gr.

Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu.

Ef um móðurfélag er að ræða, skulu endurskoðendur einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum, sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun, ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

87. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess, að endurskoðendur fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð, sem þeir álíta nauðsynlega til að framkvæma verk sitt. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri dótturfélags hafa samsvarandi skyldur við endurskoðendur móðurfélags.

88. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu, sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund.

Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um, að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal fram koma skoðun endurskoðenda á því, hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags, skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni, ef kostur er. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun, að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra, skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni, sem þeir telja rétt, að hluthafar fái vitneskju um.

89. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin varðveitir gögn þessi á öruggan hátt.

90. gr.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins.

91. gr.

Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Endurskoðanda, sem segir af sér starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim endurskoðanda, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

92. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða á öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um, að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps, sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins, getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins, farið þess á leit við ráðherra, að hann tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina, svo framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra. Ráðherra skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim, sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna, áður en hann tekur ákvörðun sína. Ráðherra ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði 1. mgr. 81. gr., 83. gr., 87. gr., 90. gr. og 91 gr. eiga einnig við um rannsóknarmenn, eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af ráðherra.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

## XII. KAFLI
## Ársreikningur.

93. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt reikning félagasamstæðu, ef um móðurfélag er að ræða. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi, skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu, hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

94. gr.

Reikningsár hlutafélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár, nema sérstakar aðstæður gefi efni til annars.

95. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 99., 101. og 102. gr. um eignarhluta í hlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum.

Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

96. gr.

Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum, sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

97. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. fastafjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur, sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4. og 6. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfært verð þeirra er í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega afskrifaðir a. m. k. um þá fjárhæð, er nemur verðrýrnuninni, nema viðkomandi eign hafi þegar verið afskrifuð nægilega. Afskrifa skal, þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, ber að lækka verð viðkomandi eignar að því marki, sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs, má hækka bókfært verð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, enda sé hækkunin talin varanleg. Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, má aðeins nota til:

1) nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
2) hækkunar á hlutafé,
3) að leggja í endurmatssjóð, sem aðeins má nota í þeim tilgangi, sem um getur í liðum 1 og 2.

Þá lækkun fastafjármuna, sem ekki verður jöfnuð samkvæmt liðum 1 eða 3 að framan, má jafna með sérstakri afskrift.

Langtímakröfu má færa með áætluðu raunvirði, enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

98. gr.

Eigin hlutabréf skulu færð til frádráttar heildarhlutafé. Ef hlutabréfin hafa verið löglega keypt á síðustu tveimur reikningsárum, er heimilt að færa þau til eignar í efnahagsreikningi með verði allt að kostnaðarverði.

Við mat á hlutabréfum móðurfélags í dótturfélagi skal ekki tekið tillit til verðgildis þeirra hlutabréfa, sem dótturfélag kann að eiga í móðurfélagi.

Hafi félag tekið við starfsemi eða fyrirtæki og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna, þá má færa það, sem umfram er, til eignar meðal fastafjármuna, ef talið verður, að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði.

Færa má sem fastafjármuni kostnað við tæknilega og viðskiptalega aðstoð, rannsóknar- og þróunarvinnu, tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir og þess háttar, ef um er að ræða verulegt og varanlegt verðmæti fyrir félagið. Árleg afskrift skal nema hæfilegri fjárhæð og ekki lægri en 20% af eignfærðum kostnaði nema við þær sérstöku aðstæður, að lægri afskrift verði talin eðlileg samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána, gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána er heimilt að eignfæra og afskrifa innan lánstímans, hafi kostnaðurinn ekki verið gjaldfærður strax.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun á hlutafé má ekki eignfæra.

Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, má telja með hluta af áætluðum hagnaði, en sýna ber fyllstu varfærni við matið.

**99. gr.**

Efnahagsreikningur skal sýna eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs.

Eftirfarandi liðir skulu sérgreindir í efnahagsreikningi. Þó skal frekari greining gerð, þar sem aðstæður gefa tilefni til þess. Víkja má frá uppsetningu þessari, að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

**A. EIGNIR**

1. **Veltufjármunir**
   - 1.1. Sjóður.
   - 1.2. Innstæður í bönkum o. þ. h.
   - 1.3. Viðskiptakröfur.
   - 1.4. Viðskiptavíxlar.
   - 1.5. Aðrar skammtímakröfur.
   - 1.6. Fyrirframgreiðslur.
   - 1.7. Vörubirgðir.
   - 1.8. Verk í vinnu.

2. **Fastafjármunir**
   - 2.1. Hlutabréf og stofnfé í dótturfélögum.
   - 2.2. Hlutabréf og stofnfé í öðrum félögum.
   - 2.3. Skuldabréf og önnur verðbréf.
   - 2.4. Innstæður hjá dótturfélögum.
   - 2.5. Aðrar langtímakröfur.
   - 2.6. Fyrirframgreiðslur.
   - 2.7. Vélar, áhöld og önnur varanleg rekstrartæki.
   - 2.8. Skip og flugvélar.
   - 2.9. Fasteignir.
   - 2.10. Einkaleyfi og hliðstæð réttindi.
   - 2.11. Viðskiptavild, sbr. 3. mgr. 98. gr.
   - 2.12. Skipulagningarkostnaður og annar eignfærður stofnkostnaður, sbr. 4. og 5. mgr. 98. gr.

3. **Aðrar eignir**
   3.1. Hlutafjárloforð.
   3.2. Eigin hlutabréf.

## B. SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. **Skammtímaskuldir**
   1.1. Skuldir í bönkum.
   1.2. Viðskiptaskuldir.
   1.3. Viðskiptavíxlar.
   1.4. Aðrar víxilskuldir.
   1.5. Aðrar skammtímaskuldir.
   1.6. Fyrirframgreiðslur.
   1.7. Ógreiddur arður.
   1.8. Ógreiddur tekju- og eignarskattur.
   1.9. Ógreiddir aðrir skattar.

2. **Langtímaskuldir**
   2.1. Veðskuldir.
   2.2. Aðrar langtímaskuldir.

3. **Bundið óskattlagt fjármagn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir**

4. **Eigið fé**
   4.1. Bundið eigið fé.
   4.1.1. Hlutafé.
   4.1.2. Lögbundinn varasjóður.
   4.1.3. Endurmatssjóður.
   4.2. Frjálst eigið fé.
   4.2.1. Frjáls varasjóður.
   4.2.2. Yfirfært til næsta árs. Ójafnað tap færist sem frádráttarliður.

Í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum skal ennfremur veita upplýsingar um:

1. **Veðsetningar**
1. Skrá yfir veð í fasteignum félagsins.
2. Skrá yfir aðrar veðsetningar, með upplýsingum um bókfært verð veðsins.

2. **Ábyrgðarskuldbindingar**
   2.1. Víxlaábyrgðir.
   2.2. Aðrar ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar.

### 100. gr.

Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal tilgreina sérstaklega í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að gefa upplýsingar um fjárhæðir slíkra krafna eða skulda í texta í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum. Á sama hátt skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir dótturfélög eða móðurfélög.

Hafi félag lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess, eða móður- eða dótturfélags, skal samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hafi félag sett veðtryggingu eða tekið á sig aðrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir þá aðila, sem nefndir eru í þessari málsgrein, skal þess einnig sérstaklega getið í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila, án þess að það falli undir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

101. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð, eftir því sem rekstur félagsins gefur tilefni til.

Meðal tekna skal sérstaklega greina:

1. Tekjur af aðalstarfsemi með upplýsingum um heildartekjur og -gjöld.
2. Arð af hlutabréfum í dóttur- eða móðurfélagi.
3. Arð af hlutabréfum í öðrum félögum.
4. Vaxtatekjur.
5. Hagnað, sem fram kemur við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Aðrar óreglulegar tekjur.

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. Vaxtagjöld.
2. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
3. Tap, sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
4. Önnur óregluleg gjöld.
5. Tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir.
6. Tekju- og eignarskatt vegna reikningsársins.

Hagnað þann eða tap, sem tilgreint er í 5. lið 3. mgr. og 3. lið 4. mgr. þessarar greinar, svo og afskriftir og niðurfærslur, sem nefndar eru í 2. lið 4. mgr., skal færa á viðeigandi liði í efnahagsreikningi. Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 6. lið 3. mgr. og 4. lið 4. mgr. svo og þær ráðstafanir, sem nefndar eru í 5. lið 4. mgr. þessarar greinar, skal sundurliða eftir tegundum.

102. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi, komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum:

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi.
2. Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum. Þá skal greina heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi.
3. Gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra.
4. Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði, skal það upplýst, ásamt fjárhæð mismunar.
5. Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun.

6. Ef eftirlaunaskuldbinding félags er ekki færð í efnahagsreikning, skal gefa upplýsingar um hana.
7. Þegar útgefin hlutabréf eru ekki öll sömu tegundar, skal greina frá því, að hvaða leyti bréfin eru frábrugðin, og heildarfjárhæð bréfa í hverjum flokki.
8. Breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða.
9. Ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs, sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu.
10. Heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings, sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu.
11. Ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi, sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs, skal gera grein fyrir þeim breytingum.
12. Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hlutabréf á reikningsárinu eða hlutabréf í móður- eða dótturfélagi, sbr. 46. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra og kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags.
13. Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd, skal það koma fram ásamt greinargerð um matið.
14. Þau atriði, sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð gæti leitt til skattlagningar.
15. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 99. gr.
16. Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 100. gr.
17. Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o. fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr.

**103. gr.**

Í ársskýrslu skal gefa, nema sérstakar ástæður séu til að ætla, að slíkt gæti skaðað félagið, upplýsingar um atriði, sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

Ársskýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu félagsins. Ágóðahluti til stjórnar og framkvæmdastjóra skal sérgreindur.

Stjórnin skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

Í ársskýrslu móðurfélags skal veita upplýsingar um afkomu félagssamstæðunnar á reikningsárinu, ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé hennar eða ójafnað tap.

**104. gr.**

Í móðurfélagi skal gera samstæðureikning, sem ná skal til sama tímabils og ársreikningur þess.

Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á ársreikningum móður- og dótturfélaganna, saminn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa kafla. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og arðgreiðslur milli félaga í samstæðunni svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar, svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi, sem aflaði hennar.

Ef samsetning samstæðunnar eða aðrar sérstakar aðstæður gera það að verkum, að gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin, má víkja frá ákvæðum þessarar greinar.

105. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreikningsins, þó ekki síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár. Með ársreikningnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um, hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal ennfremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

## XIII. KAFLI

### Arðsúthlutun, varasjóðir o. fl.

106. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

107. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði árságóða samkvæmt samþykktum reikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum ágóða frá fyrri árum og frjálsum sjóðum, eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, það fé, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa, og hæfilegt fé tekið frá til greiðslu áætlaðra skatta til ríkis og sveitarfélaga vegna rekstrar félagsins á reikningsárinu. Nú nemur varasjóður ekki einum tíunda hluta af hlutafénu, og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé, sem svarar til vaxta á almennum sparisjóðsbókum, sbr. og 43. gr.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði, að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

108. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess árságóða, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð, uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð, skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar, þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti, þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað, skal fé það, sem greitt var umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé, sem félagið hefur fengið vegna sölu hlutabréfa samkvæmt 38. gr.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap, sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá, sem umfram er, til þess að hækka hlutafé eða, sé fyrirmæla 44. gr. gætt, til annarra þarfa.

109. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs, eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan fyrirfram tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð, sem minnst svarar til helmings þess, sem eftir stendur af árságóða, þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað, það dregið frá, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess, að meiru sé úthlutað en sem nemur fimm hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

110. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara, skal hann endurgreiða það, sem hann hefur við tekið, með vöxtum, er séu jafnháir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs, ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita, að greiðslan var ólögmæt.

Nú kemur í ljós, að féð fæst ekki endurgreitt, og skulu þá þeir, sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd hennar, í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila, bera ábyrgð eftir ákvæðum 132.—134. gr.

111. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins svo og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum, miðað við fjárhagsstöðu félagsins, í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

112. gr.

Félagi er einungis heimilt gegn fullnægjandi tryggingu, og aðeins að því marki, sem eigið fé félagsins er hærra en bundið eigið fé, að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán eða setja tryggingu fyrir þá. Trygging félagsins fyrir áðurnefnda aðila er þó bindandi nema viðsemjendur vissu eða máttu vita, að tryggingin var sett andstætt framanskráðu.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers þess láns, sem veitt hefur verið samkvæmt 1. mgr., svo og sérhverrar þeirrar tryggingar, sem sett hefur verið.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um lán til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags. Ákvæðum 1. mgr. verður ekki beitt um hlutafélagsbanka.

## XIV. KAFLI

## Félagsslit.

113. gr.

Um skyldu hlutafélags til að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti.

Nú verða eignir afgangs, þegar bú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eftir að allar kröfur hafa verið greiddar, og úthlutar þá skiptaráðandi þeim til hluthafa

í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, nema lögmætur hluthafafundur ákveði að halda starfsemi félagsins áfram, enda sé lögmæltum skilyrðum til þess fullnægt.

114. gr.

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin af hluthafafundi.

Ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins.

Slíta skal hlutafélagi samkvæmt ákvörðun skiptaréttar:

1. Þegar félagi skal slíta samkvæmt ákvæðum í lögum eða samþykktum félagsins, en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en fimm.
3. Þegar félagið hefur ekki tilkynnt hlutafélagaskrá um stjórn og stjórnarmenn, sem fullnægja skilyrðum, sem ákveðin eru í lögum, eða hefur ekki framkvæmdastjóra, þegar þess er krafist í lögum.
4. Þegar ársreikningar, samþykktir og endurskoðaðir, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir hin síðustu þrjú reikningsár.

Kröfu um slit félags samkvæmt ákvæðum í félagssamþykktum getur einungis hluthafi gert. Þegar þau atvik að öðru leyti liggja fyrir, sem um ræðir í 1.—4. tl. 3. mgr., skal ráðherra tilkynna það skiptaréttinum og krefjast þess, að bú félagsins verði tekið til skipta. Jafnan skal gefa félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf.

115. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir ⅕ hluta hlutafjárins, geta krafist þess, að félagi sé slitið með dómi, ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félags.

116. gr.

Hafi hluthafafundur tekið ákvörðun um félagsslit, skal þegar í stað tilkynna hlutafélagaskrá þá ákvörðun.

Hluthafafundur sá, sem ákveður félagsslit, skal kjósa skilanefnd, er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, enda hafi hluthafafundur ekki ákveðið að fá skiptarétti bú félagsins til meðferðar. Hluthafahópur, sem ræður yfir meiru en 1/3 hluta hlutafjár, hefur rétt til að ráða vali eins skilanefndarmanns. Skilanefndarmenn skulu þegar í stað óska löggildingar ráðherra á starfa sínum.

117. gr.

Skilanefnd gerir, svo fljótt sem unnt er, rekstrarreikning fyrir tímabil það, sem liðið er frá síðustu reikningsskilum, svo og efnahagsreikning við upphaf félagsslita. Skylt er fráfarandi félagsstjórn og framkvæmdastjóra að veita alla nauðsynlega aðstoð við reikningsgerð þessa.

118. gr.

Skilanefnd skal láta birta þrisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

119. gr.

Þegar innköllunarfrestur er liðinn, skuldir hafa verið greiddar eða næg trygging sett fyrir þeim að dómi ráðherra og lokið er að koma eignum félagsins í verð, skal skilanefnd gera skýrslu um störf sín og frumvarp að úthlutunarskrá

til hluthafa og annarra, sem við eignum eiga að taka. Greiðsla til hluthafa skal vera í réttu hlutfalli við hlutaeign þeirra, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

Þegar aflað hefur verið álits löggilts endurskoðanda um skýrslur skilanefndar og frumvarp að úthlutunarskrá, skal nefndin leggja hvort tveggja fyrir hluthafafund til samþykktar.

120. gr.

Skilanefnd skal annast greiðslur samkvæmt úthlutunarskrá, eftir að úthlutun hefur verið ákveðin til fullnaðar. Ef hluthafa eða öðrum hefur verið greitt meira en honum ber, skal hann endurgreiða það, enda ábyrgist skilanefndarmenn, einn fyrir alla og allir fyrir einn, endurheimtuna.

121. gr.

Ágreining um skuldakröfur, skiptingu félagseigna og kostnað af félagsslitum má bera undir skiptarétt, þar sem félag á varnarþing, enda sé um ágreining að ræða, sem bæri undir skiptarétt við opinber búskipti.

Nú rís ágreiningur um málefni, sem í 1. mgr. getur, og skal hann þá borinn undir dómstól innan sex vikna frá því, að skilanefnd tilkynnti aðila vefengingu eða honum varð vefenging á annan hátt kunn.

122. gr.

Ef aðili vitjar ekki fjár þess, sem í hlut hans hefur komið við félagsslit, skal það varðveitt í banka, sem hefur heimild til að taka við geymslufé (depositum), og skal það tilkynnt aðila, ef unnt er. Féð verður eign ríkissjóðs, ef þess er ekki vitjað innan 10 ára frá því, að það var afhent bankanum.

123. gr.

Þegar skilanefnd hefur lokið greiðslum samkvæmt 120. gr. eða komið fé í vörslu samkvæmt 122. gr., skal hún tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja eintak af úthlutunarskrá, kvittanir fyrir greiðslum eða eftirrit þeirra svo og vörsluskírteini, ef um þau er að ræða.

Skilanefnd sendir hlutafélagaskrá bækur félags og gögn, er afhendir þau Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.

Skilanefnd skal birta í Lögbirtingablaði niðurstöður skipta svo og að skiptum sé lokið.

Nú hefur skiptaréttur fengið bú hlutafélags til opinberra skipta og skal hann þá tilkynna hlutafélagaskrá upphaf og lok skipta.

124. gr.

Nú koma fram eignir, eftir að félagsslitum er lokið og skal skilanefnd þá taka skipti upp að nýju án innköllunar til kröfuhafa. Ef þess er ekki kostur, að skilanefnd taki upp skiptin, skal ráðherra hlutast til um, að skiptaréttur framkvæmi þau.

Tilkynna skal til hlutafélagaskrár upphaf og lok framhaldsskipta og senda þangað eintak af úthlutunarskrá ásamt fylgigögnum.

125. gr.

Meðan greiðslur til hluthafa hafa ekki farið fram, getur hluthafafundur ákveðið, að félagsslitum, er ráðin hafa verið samkvæmt 2. mgr. 114. gr., skuli hætt og félagið haldi áfram störfum, enda gjaldi hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins, því jákvæði.

Samþykkt er því aðeins gild, að greiddar séu eða tryggðar kröfur allra lánardrottna, er ekki hafa fallist á samþykktina. Samþykkt skal tilkynna til hlutafélaga-

skrár þegar í stað. Ekki má félag hefja starfsemi að nýju, fyrr en samþykkt um það hefur verið skráð í hlutafélagaskrá, enda fullnægi félagið lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

## XV. KAFLI
## Samruni hlutafélaga

### 126. gr.

Með þeirri undantekningu, sem um getur í 131. gr., hefur hluthafafundur einn vald til þess að taka ákvörðun um slit hlutafélags án skuldaskila með þeim hætti, að félagið sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi. Þegar ákvörðun er tekin um þetta, skal gætt fyrirmæla 76. gr. auk frekari fyrirmæla, er félagssamþykktir kunna að kveða á um varðandi félagsslit eða samruna. Á hluthafafundinum skulu lögð fram drög að samningi milli félaganna og skal fylgt ákvæðum 4. mgr. 71. gr. um það. Einnig skal lagt fram endurskoðað, sameiginlegt reikningsyfirlit, er sýnir allar eignir og skuldir hvors félagsins um sig, þær breytingar, sem samruninn er álitinn hafa í för með sér, og drög að efnahagsreikningi (upphafsreikningi) þess félags, sem við tekur, eins og hann mun verða, þegar samruninn hefur farið fram.

Eftir fyrirmælum 1.—3. málsliðar 1. mgr. skal farið með hliðstæðum hætti, ef hluthafafundur ákveður að framselja íslenska ríkinu eða íslensku sveitarfélagi allar eignir hlutafélags. Auk þess skal ákvæðum 128. gr. beitt með hliðstæðum hætti. Framsalið getur farið fram án þess, að gætt sé fyrirmæla 130. gr. Félagsstjórn skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðunina innan viku og getur um leið tilkynnt, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., og skal hann annaðhvort vera í frumriti eða staðfestu endurriti.

### 127. gr.

Nú er ákveðið að sameina tvö eða fleiri hlutafélög og stofna þannig nýtt félag, og eiga þá ákvæði 1. mgr. 126. gr. svo og ákvæði 128.—130. gr. við með hliðstæðum hætti. Ef kjör félagsstjórnar og endurskoðenda fer ekki fram, eftir að hluthafafundirnir hafa samþykkt sameininguna og staðfest samþykktir og efnahagsreikning (upphafsreikning) hins nýja félags, skal innan viku þar frá halda hluthafafund í nýja félaginu til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur.

Tilkynningar vegna sameiningarinnar skulu sendar hlutafélagaskrá innan viku frá samþykkt hennar.

### 128. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því, að hlutabréf þeirra verði innleyst, ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því, að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu, að þeir, sem nota vilja innlausnarréttinn, gæfu til kynna vilja sinn í því efni, og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði, að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði, sem svarar til verðmætis hlutanna og sem skal ákveðið, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því, að mat hefur farið fram.

### 129. gr.

Ákvörðun um samruna skal tilkynna til hlutafélagaskrár innan viku frá því, að hún var gerð. Hafi tilkynning ekki farið fram innan tveggja mánaða frá því, að ákvörðunin var tekin, fellur hún úr gildi.

130. gr.

Stjórn þess félags, sem sameinað er öðru, skal láta birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið. Eignum félagsins skal halda aðgreindum, þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf að halda eignunum aðgreindum, ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging. Ráðherra úrskurðar eftir kröfu aðila, hvort trygging sú, sem fram er boðin, sé fullnægjandi.

Ef það félag, sem við eignum og skuldum tekur, verður gjaldþrota, meðan það hefur aðgreindar eignir þess félags, sem sameinað er, skulu kröfur á hendur síðarnefnda félaginu svo og kröfur fyrri hluthafa til greiðslu samkvæmt samningnum njóta forgangsréttar til greiðslu af eignum félagsins.

Þegar ekki er lengur skylt að halda eignum þess félags aðgreindum, sem sameinað er öðru og hluthöfum þess félags hefur verið fullnægt, skal senda tilkynningu til hlutafélagaskrár um afskráningu félagsins innan viku. Félagsstjórnir beggja félaganna skulu undirrita tilkynninguna.

Ef endurgjald hluthafa í því eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðru hlutafélagi, er að öllu leyti eða hluta fólgið í hlutabréfum í síðarnefnda félaginu, skal ákvæðum 32. gr. ekki beitt um þá hækkun hlutafjár félagsins, sem við þetta verður óhjákvæmileg.

131. gr.

Ef móðurfélag á meira en 9/10 hluta hlutabréfanna í dótturfélagi og fer með samsvarandi hluta atkvæðanna, geta stjórnir félaganna tekið ákvörðun um innlausn móðurfélagsins á þeim hluta hlutabréfanna í dótturfélaginu, sem ekki eru í eigu móðurfélagsins, og ákveðið, að móðurfélagið taki við öllum eignum og skuldum dótturfélagsins. Ákvæði 129. gr. og 1.—3. mgr. 130. gr. eiga við með hliðstæðum hætti.

Nú næst ekki samkomulag við hluthafa þá, sem í minnihlutanum eru, um innlausnarverð, og skal það þá ákveðið af matsmönnum, sbr. 3.—5. málsl. 128. gr.

Hluthafar þeir, sem í minnihlutanum eru, eiga rétt á því, að móðurfélagið innleysi hluti þeirra í dótturfélaginu. Ákvæði 2. mgr. eiga þá við með hliðstæðum hætti.

## XVI. KAFLI

### Skaðabætur o. fl.

132. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir, þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

133. gr.

Ákvörðun um, að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 132. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð, geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst ⅕ heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist, að kostn-

aður sé greiddur af félaginu allt að þeirri fjárhæð, sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins, ef félagið telst hafa verið ógjaldfært, þegar ákvörðun var tekin, eða gjaldþrotaskipti hefjast innan árs frá ákvörðuninni.

134. gr.

Skaðabótamál þau, sem um ræðir í 133. gr., skal höfða, nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a) Gegn stofnendum innan þriggja ára frá því, að ákvörðun um stofnun félags var tekin.
b) Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan þriggja ára frá lokum þess reikningsárs, þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.
c) Gegn endurskoðendum innan tveggja ára frá því, að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing lögð fram.

Mál samkvæmt 3. mgr. 133. gr. skal höfða síðast þrem mánuðum eftir, að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

## XVII. KAFLI
## Erlend hlutafélög.

135. gr.

Ráðherra getur veitt hlutafélagi, sem á lögheimili og varnarþing erlendis, rétt til að starfa hér á landi, ef fullnægt er eftirtöldum skilyrðum:

1. Að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Að félagið fullnægi meginskilyrðum laga þessara fyrir því að teljast hlutafélag.
3. Að íslensk hlutafélög njóti sama réttar í heimalandi erlenda félagsins.
4. Að félagið fullnægi ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.
5. Að félagið hafi hér skrásett útibú.

136. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

137. gr.

Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn og heimilisfang hins erlenda félags svo og þess getið, að um útibú sé að ræða. Ef félag eða útibú er undir forræði skilanefndar, skal þess sérstaklega getið.

138. gr.

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og heimilisfastur hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum um íslenskan ríkisborgararétt.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á, að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúruumboð fyrir útibúið, enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

139. gr.

Tilkynna skal til hlutafélagaskrár stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð á eyðublað, sem ráðherra lætur af hendi.

Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti erlenda félagsins og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa, starfsemi félagsins, dagsetning félagssamþykkta og upphæð hlutafjár svo og hvort eða að hve miklu leyti hlutafé sé greitt. Ef hlutaféð er ekki að fullu greitt, skal þess getið, hvenær greiða á eftirstöðvarnar.
3. Heiti útibús, heimilisfang, varnarþing og starfsemi útibús sérgreinda.
4. Nafn, stöðu og heimilisfang útibússtjóra og prókúruhafa svo og hverjir hafi heimild til að skuldbinda útibúið og skulu þeir sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Embættisvottorð um, að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Yfirlýsing félagsstjórnar, staðfest af notarius publicus, um, að félagið hlíti því, að lögskipti þess hér á landi lúti íslenskum lögum og íslenskri lögsögu.
3. Starfsumboð til handa útibússtjóra og prókúruhafa.
4. Samþykktir félagsins á frummáli og í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.
5. Skilríki um, að útibússtjóri og prókúruhafi fullnægi skilyrðum 138. gr.
6. Ársreikningar félagsins þrjú s. l. reikningsár.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

140. gr.

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því, sem skráð er, shr. 147. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs.

141. gr.

Ef hið erlenda félag verður gjaldþrota, skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá svo og skiptarétti, þar sem útibúið á varnarþing, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram.

142. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. Ef hið erlenda hlutafélag ákveður að leggja útibúið niður.
2. Ef þess er krafist af lánardrottni, sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð eða með játningu útibússtjóra, að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans.
3. Ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 138. gr. eða hverfur úr starfi. Ráðherra getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti.
4. Ef hið erlenda félag fullnægir ekki lengur skilyrðum þeim, sem greind eru í 1.—4. tl. 135. gr.

143. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá, og falla þá í gjalddaga þær kröfur hérlendra lánardrottna, sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins. Ef innköllun hefur ekki áður farið fram, skal skiptaráðandi, þar sem útibú var skrásett, láta birta þrisvar í Lögbirtingablaði áskorun til hérlendra lánardrottna þess um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

144. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum, sem hann stofnar til fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins, sbr. 141. gr., eða um atvik, sem valda því, að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 142. gr.

## XVIII. KAFLI
## Skráning hlutafélaga.

145. gr.

Viðskiptaráðherra annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga og heldur hlutafélagaskrá.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og skráningargjöld. Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni, þ. m. t. reikningum hlutafélaga.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða til lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent lögreglustjóra, skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar, enda öðlast tilkynning ekki gildi, fyrr en við skráningu þar.

146. gr.

Tilkynning um stofnun hlutafélags skal greina:

1. Ákvæði samþykkta félagsins um það efni, er greinir í 1.—3., 5. og 9.—13. tl. 6. gr.
2. Upphæð hlutafjár og hve mikill hluti af því er greiddur. Á hvern hátt greiðsla hefur farið fram og hvenær eftirstöðvar skulu greiddar.
3. Nöfn, stöðu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra, er hafa heimild til að rita félagið. Ennfremur nöfn og heimilisföng endurskoðenda. Sama gildir um varamenn.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Stofnsamningur, reikningsgögn þau, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr., svo og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins.
2. Staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar.
3. Sönnur fyrir því, að stofnendur uppfylli þau skilyrði, er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði, sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau, er getur í 81. gr.

Ráðherra getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að taka afstöðu til þess, hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins.

147. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna innan mánaðar, sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Með tilkynningu skulu fylgja sönnur fyrir lögmæti breytinga. Breytingu á búsetu þarf ekki að tilkynna nema aðili taki heimilisfang erlendis. Ákvæði 2. og 4. mgr. 146. gr. gilda. eftir því sem við á.

148. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta hlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum, skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins, skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður til hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal ráðherra láta sjá svo um, að þeim aðila verði gert viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því, að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess, skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 149. gr.

149. gr.

Ráðherra skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess, sem skrásett hefur verið.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

## XIX. KAFLI
## Refsingar o. fl.

150. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

151. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.
2. Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, um hlutaskrá, greiðslur í varasjóð, úthlutun arðs og endurgreiðslu á hlutafjárframlögum.

152. gr.

Hver sá, sem vísvitandi ber út rangar frásagnir, eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað, er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum.

Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum

til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 151. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

153. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir, að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefur önnur áhrif en til var ætlast.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði, til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

154. gr.

Sá, sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum eða varðhaldi.

155. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

## XX. KAFLI
## Gildistaka laganna o. fl.

156. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksfjárhæð hlutafjár öðlist gildi þegar í stað. Ákvæði XII. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979. Ákvæði 82. gr. um skyldu hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda og ákvæði 104. gr. um skyldu til að gera samstæðureikning koma til framkvæmda 1. janúar 1982.

157. gr.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga, sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum, sem greinir í 158.—160. gr.

158. gr.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um hlutafé og reglur II. kafla um stofnun gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 160. gr.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð, er lögin taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og er skráning þess þá

heimil. Um skráningu gilda þó ákvæði 1. mgr. 11. gr. og reglur XVIII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Ef undirbúningur að stofnun hlutafélags er skemmra á veg kominn en í 2. mgr. getur, skal um stofnun þess fara að öllu leyti eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er þó ráðherra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.

159. gr.

Ákvæði V. og VII. kafla taka ekki til hlutafélaga, sem löglega hafa ákveðið hækkun eða lækkun hlutafjár fyrir gildistöku laganna.

Ef skilanefnd hefur verið kosin til að annast félagsslit, áður en lög þessi öðlast gildi, taka ákvæði 2. mgr. 116. gr. ekki til skilanefndarmanna.

Ákvæði 135. gr. gilda ekki um útibú erlends hlutafélags, sem löglega hefur verið stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

160. gr.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta né félagsslita, skulu á fyrsta aðalfundi, eftir að lögin taka gildi, samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laga þessara. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu skyni til næsta aðalfundar á eftir.

161. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

162. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög, lög nr. 59, 6. júní 1957 og lög nr. 41, 29. mars 1961, um breyting á þeim lögum.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

16. maí 1978. Nr. 33.

# LÖG

## um sáttastörf í vinnudeilum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn.

Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt, að afstaða hans sé slík, að telja megi hann óvilhallan í málum launþega og vinnuveitenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara, þegar hann er forfallaður, og er honum til aðstoðar, þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu, eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf, en undanþegnir henni eru þó ráðherrar og hæstaréttardómarar.

Vararíkissáttasemjari og aðstoðarsáttasemjarar hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður hins vegar laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara.

2. gr.

Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

3. gr.

Ef sýnt þykir, að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar, getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðilja, áður en sáttanefnd er skipuð. Sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, meðan þeir eru að störfum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun sáttanefndarmanna.

4. gr.

Ríkissáttasemjari skal hafa með höndum sáttastörf í vinnudeilum og önnur þau störf, sem honum eru falin með lögum þessum og öðrum lögum.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Sérstaklega skal hann gefa gaum öllu, sem gerist í kjaramálum, einkum því sem gæti valdið vinnudeilum.

Samtökum launþega, vinnuveitenda, og ófélagsbundnum vinnuveitendum, sem sjálfir semja um kjör starfsmanna sinna, ber að senda ríkissáttasemjara samrit allra kjarasamninga, jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir, svo og allar síðari breytingar á þeim.

Sömu aðiljar skulu senda ríkissáttasemjara allar kaupgjaldsskrár og önnur ákvæði um starfskjör.

Aðiljum þeim, sem ræðir um í 3. mgr., er einnig skylt að senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga og kröfugerð, jafnskjótt og send eru gagnaðilja.

5. gr.

Samningsaðiljum er skylt að gefa ríkissáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum, hvenær sem hann óskar þess.

Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna, ef hann telur það heppilegt.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðilja eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum, getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til ríkissáttasemjara. Þegar ríkissáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis, er honum skylt að kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum, meðan von er til þess að þær beri árangur.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun samkvæmt 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, er ríkissáttasemjara skylt að kveðja deiluaðilja þegar í stað til samningaviðræðna, þótt þeir hafi þá ekki vísað deilunni til hans.

Samningsaðiljum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund, sem sáttasemjari kveður þá til.

6. gr.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala, sem farið hafa milli aðilja í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur, sem fram kunna að hafa verið bornar, nema með samþykki beggja samningsaðilja.

7. gr.

Sáttasemjari getur krafið aðilja að vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar, sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur, sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

8. gr.

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launþega og vinnuveitenda eða einstakan vinnuveitanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðilja, áður en hann ber fram miðlunartillögu.

9. gr.

Sáttasemjari ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands, getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar.

Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðilja eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum, sem miðlunartillaga nær til, þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 3. mgr. eftir því sem við á.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

10. gr.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

Aðiljar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum en þeim, sem hlut eiga að máli, án samþykkis sáttasemjara, fyrr en greidd hafa verið atkvæði um hana.

11. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðilja heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

12. gr.

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

13. gr.

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þurfa þykir.

14. gr.

Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álítur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

15. gr.

Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum sín á milli.

16. gr.

Nú hafa sáttaumleitanir sáttasemjara hætt án árangurs, og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annar hvor aðili óskar þess, eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðiljum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti seinustu samningatilraunum sínum.

17. gr.

Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðilja eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og þess hins helsta, sem fram fer.

18. gr.

Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1978. Fellur þá úr gildi III. kafli (19.—37. gr.) laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sáttasemjara.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. 2. mgr. A-liður laganna orðist svo:

A. Pkt. 1. „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar.
— 2. Hnit X 24.254,20, Y 10.562,96.
— 3. Hnit X 24.254,20, Y 10.602,04.
— 4. Hnit X 24.243,90, Y 10.602,04.
— 5. Hnit X 24.243,90, Y 10.660,00.
— 6. Hnit X 24.206,30, Y 10.660,00.
— 7. Hnit X 24.206,30, Y 10.650,00.
— 8. Hnit X 24.175,77, Y 10.586,50.
— 9. Hnit X 24.055,00, Y 10.625,00.
— 10. Hnit X 23.955,00, Y 10.965,00.
— 11. Varða við Reykjavíkurveg, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins í Engidal.
— 12. Hnit X 22.208,19, Y 10.852,62 (varða á Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti).
— 13. Hnit X 22.094,89, Y 10.079,01 (steyptur stöpull í hraunjaðrinum milli Kaplakrika og Stórakróks).
— 14. Hnit X 22.110,63, Y 9.534,19 (steyptur stöpull efst á Setbergshamri).
— 15. Hnit X 21.657,44, Y 8.850,84 (steyptur stöpull efst á Fjárhúsholti).
— 16. Hnit X 21.590,11, Y 8.417,44 (steyptur stöpull á Norðlingahálsi, norðan vegar).
— 17. Hnit X 21.903,84, Y 7.972,13 (steyptur stöpull við gömlu landamerkjalínuna í Moshlíð, um 250 m sunnan Elliðavatnsvegar).
— 18. Lækjarbotnar.
— 19. Gráhella.
— 20. Miður Ketshellir, þá eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í
— 21. Kaplatór (Strandatorfur).
— 22. Hnit X 686.237,81, Y 392.971,53 (Markraki í Dauðadölum).
— 23. Hnit ca. X 692.830, Y 392.030 (Melrakkagil í Undirhlíðum).
— 24. Hnit 696.942,32, Y 392.328,03 (varða á Markhelluhól).
— 25. Hraunkrossstapi.
— 26. Miðkrossstapi.
— 27. Hólbrunnshæð.
— 28. Stóri-Grænhóll.
— 29. Skógarhóll.
— 30. Markaklettur við Hraunsnes.

Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951, nema hnit í pkt. 22 (Markraki), pkt. 23 (Melrakkagil) og pkt. 24 (Markhelluhóll), sem eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpi.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 110 31. desember 1974, um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði um kjörskrár í V. kafla laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skulu þeir íbúar Garðakaupstaðar, sem með lögum þessum flytjast í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, teknir á kjörskrá Hafnarfjarðar.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Gunnar Thoroddsen.*

Stjórnartíðindi A 6, nr. 27.—34. Útgáfudagur 18. maí 1978.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1978

11. maí 1978. 147 Nr. 35.

## LÖG

### um lyfjafræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Starfsleyfi lyfjafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar landlæknis og til þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala (pharmacy) er kennd.

3. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn, sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Enn fremur skal hann fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera íslenskur ríkisborgari, sbr. þó ákvæði 17. gr.
2. Vera lögráða.
3. Vera heilbrigður andlega og líkamlega.
4. Hafa unnið að minnsta kosti eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu, eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.
5. Hafa lokið prófi í íslenskri lyfjalöggjöf, ef umsækjandi hefur eigi áður lokið slíku prófi við Háskóla Íslands.

Heimilt er að víkja að hluta eða að öllu frá ákvæðum 4. töluliðs að framan, ef sérstakar ástæður mæla með að dómi þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

Eigi má veita starfsleyfi, sbr. 1. gr., ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi umsækjanda.

### II. KAFLI
### Starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðinga.

4. gr.

Rétt til þess að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.

6. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 4. gr., hefur sá einn sem lokið hefur aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Auk þess gilda ákvæði 3. gr. 1.—5. töluliðs og 2.—4. málsgr. sömu gr.

Fyrrihlutapróf frá Lyfjafræðingaskóla Íslands skal jafngilda aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands.

7. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga.

## III. KAFLI
## Starfsleyfi lyfsala. Lyfsöluleyfi.

8. gr.

Lyfsali nefnist sá lyfjafræðingur, sem veitt hefur verið starfsleyfi til að reka lyfjabúð, og hefur hafið rekstur hennar.

9. gr.

Umsækjandi um lyfsöluleyfi skal vera lyfjafræðingur, sbr. ákvæði I. kafla. Sömu kröfur skal gera til forstöðumanna annarra stofnana í lyfjadreifingu og lyfjaframleiðslu.

10. gr.

Um veitingu lyfsöluleyfa, sérstakar skyldur og réttindi lyfsala og forstöðumanna, sbr. 9. gr., búnað og rekstur lyfjabúða og annað að því lútandi fer samkvæmt gildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

## IV. KAFLI
## Starfsskyldur.

11. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar skulu í starfi sínu gæta fyllstu árvekni, samviskusemi, trúmennsku og vandvirkni í hverju einu.

12. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um alla vitneskju eða grun um sjúkdóma eða önnur einkamál, sem þeir kunna að öðlast í starfi. Þeir skulu þó skýra landlækni og Lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist. Þeim ber skylda til að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfar á vegum lyfsala eða forstöðumanns, sbr. 9. gr., skal hann skýra lyfsalanum eða forstöðumanninum frá vitneskju sinni, en hann síðan tilkynna landlækni, lyfjaeftirliti eða öðrum yfirvöldum.

Ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu taka og til lyfjatækna, meinatækna, ritara og annarra samstarfsmanna lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða lyfsala, er vegna starfa sinna kunna að öðlast sömu vitneskju um sjúkdóma og einkamál manna.

## V. KAFLI
### Missir starfsréttinda.

13. gr.

Landlæknir og Lyfjaeftirlit ríkisins geta lagt til við ráðherra, að lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur verði sviptur starfsleyfi, ef hann vegna drykkjuskaparóreglu, fíknilyfjanotkunar eða fíkniefnanotkunar, geðveiki eða annarra veikinda, vegna alvarlegs hirðuleysis eða ódugnaðar telst lítt hæfur eða óhæfur til þess að sinna starfi sínu. Ef ráðherra fellst á álit landlæknis og lyfjaeftirlits, sviptir hann lyfjafræðinginn eða aðstoðarlyfjafræðinginn starfsleyfi sínu, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.

14. gr.

Ráðherra má veita lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi aftur starfsleyfi það, er hann hefur verið sviptur, sbr. 13. gr., enda séu þá forsendur leyfissviptingarinnar brott fallnar og þeir aðilar, sem nefndir eru í 2. gr., mæli með.

15. gr.

Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur fremur refsiverðan verknað, má með dómi í opinberu máli svipta hann starfsleyfi um tiltekinn tíma eða ótímabundið. Ákæruvaldið skal gefa ráðherra kost á því að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað. Heimilt er að veita hinum dæmda starfsleyfi á ný eftir afplánun refsingar, ef fyrir liggja meðmæli þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

## VI. KAFLI
### Sérfræðingaleyfi.

16. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, fyrirmæli um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafræðingum, er hafa aflað sér sérfræðingsmenntunar í einhverri megingrein lyfjafræði lyfsala (lyfjaefnafræði, lyfjagerðarfræði o. fl.) eða í öðrum greinum, sem kenndar eru lyfjafræðingsefnum, svo sem lífefnafræði (biochemistry), lyfjafræði lækna (pharmacology), eiturefnafræði (toxicology). Áður en reglugerðin er sett, skal leita umsagnar Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands. Að jafnaði skal eigi líða skemmri tími en fimm ár frá því lyfjafræðingur fékk starfsleyfi og þar til honum er veitt sérfræðingsleyfi.

Veiting sérfræðingsleyfa tekur ekki til aðstoðarlyfjafræðinga. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef aðstoðalyfjafræðingur hefur lokið vísindavinnu, sem metin er gild til doktorsprófs.

Leita skal álits þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 1. mgr.

## VII. KAFLI
### Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

17. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, starfsleyfi samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem þar eru sett.

18. gr.

Ákvæði laga þessara um veitingu starfsleyfis lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga ná ekki til þeirra, sem starfsréttindi hafa hlotið samkvæmt lyfsölulögum nr. 30/1963, þegar lögin ganga í gildi.

Þeir lyfjafræðingar, sem hlotið hafa sérfræðiviðurkenningu Lyfjafræðingafélags Íslands, halda henni eins og um veitingu sérfræðingsleyfis skv. 10. gr. hafi verið að ræða.

Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um starfsskyldur og sviptingu leyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa starfsréttindi lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, þegar lögin ganga í gildi, á sama hátt og þeir hefðu öðlast starfsréttindi samkvæmt þessum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963 14., 15. og 46. gr.
2. Sömu lög IV. kafli.
3. Sömu lög 20. og 21. gr. að undanskildum þeim ákvæðum, er lúta sérstaklega að veitingu lyfsöluleyfis.

Enn fremur eru úr gildi felld önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

Nr. 36. 10. maí 1978.

# LÖG

## um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Greiða skal stimpilgjald af þeim skjölum sem um ræðir í III kafla laga þessara.

2. gr.

Sé ekki annars getið í lögum þessum varðandi einstakar tegundir skjala gilda svofelldar almennar reglur um ákvörðun stimpilgjalds:

a) Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi á heilum tug króna skal færa gjaldið niður í næsta heilan tug.
Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 100 kr.

b) Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar sem stimpilskyldan er bundin við.

c) Hljóði stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem áskilin eru eða lofuð um ótiltekinn tíma eða fyrir ákveðið tímabil sem er 25 ár eða lengra, skal reikna stimpilgjald af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabil er ákveðið innan við 25 ár telst stimpilgjaldið af árgjaldinu margföldu með áratölunni. Sé árgjaldið mismunandi skal taka meðalgjaldið.

3. gr.

Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

4. gr.

Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskylt ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.

5. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum er það veitir en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og notarialgerðum, er skapa réttindi eða skyldur sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda er um ræðir.

6. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

7. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskylt nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

8. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breytingu á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu ef hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun. Ella skal greiða gjald fyrir áletrunina og skal gjaldið nema hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

9. gr.

Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna er meta má mismunandi hátt telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

## II UM GREIÐSLU STIMPILGJALDS, STIMPLUN OG ENDURSKOÐUN GJALDSINS

10. gr.

Greiðsla stimpilgjalds skal staðfest með því að líma stimpilmerki á skjalið.

Fjármálaráðuneytið lætur gera stimpilmerki og ákveður útlit þeirra og fjárhæð.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að í stað stimpilmerkja megi staðfesta greiðslu gjaldsins með ástimplun stimpilmerkjavélar, notkun stimpils eða með annarri áletrun á hið stimpilskylda skjal.

11. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðilar hafa eigi undirritað samtímis telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla með sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið hvenær það var. Fjármálaráðuneytið getur lengt frest þennan ef sérstaklega stendur á.

12. gr.

Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina.

Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl, er um hendur þeirra fara, án sérstaks gjalds.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald og bókfærslu gjaldsins sem það kann að setja.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

13. gr.

Þeir sem hafa á hendi stimplun skjala skulu gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast. Sé sá sem stimplunar beiðist óánægður með ákvörðun gjaldsins getur hann skotið því undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn þess er ákvað gjaldið. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði ráðuneytisins getur hann lagt málið fyrir dómstóla.

14. gr.

Stimpilmerki eða aðra staðfestingu um greiðslu stimpilgjalds, sem færð hefur verið á fullgild skjöl, er óheimilt að má af þeim aftur. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því þegar skjal er ógilt með öllu að lögum eða eigi verður af því að það réttarástand skapist sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal er af vangá stimplað of hátt skal endurgreiða það sem ofborgað er.

Endurgreiðslur samkvæmt þessari grein mega því aðeins fara fram að beiðni um þær hafi borist fjármálaráðuneytinu áður en tvö ár eru liðin frá útgáfu þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er þó að víkja frá þessum fresti ef sérstaklega stendur á.

Beiðni um endurgreiðslu skal að jafnaði fylgja frumrit þess skjals, sem beiðnin varðar, eða staðfest eftirrit af því.

15. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki nema svo sé ástatt að opinber starfsmaður eigi sök á því að eigi var stimplað. Fyrnist krafan þá á fjórum árum. Krafa til stimpilgjalds fellur enn fremur niður þegar liðin eru fimm ár frá þeim tíma er skjalið var með öllu úr gildi.

## III UM STIMPILGJALD EINSTAKRA SKJALA

16. gr.

Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum skal greiða 400 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi og eigandinn gerist eignaraðili að félaginu eða eykur eignarhlut sinn í því lækkar stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta hans í félaginu.

Þegar fasteign eða skipi er úthlutað félagsmanni í hlutafélagi eða sameignarfélagi við félagsslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhluti hans í eigninni verður meiri en eignarhluti hans var í félaginu.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa greiðist hálft gjald.

Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í búshelming hans, enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

17. gr.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir fasteignum telst eftir fasteignamati þeirra að leigulóð meðtalinni. Nú hefur fasteignamat ekki farið fram eða liggur ekki fyrir þegar bréf er stimplað og skal gjaldið þá teljast af áætluðu fasteignamatsverði. Fjármálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins, sett nánari reglur um áætlun slíks matsverðs. Ef áætlun matsverðs er sérstökum örðugleikum háð má miða við kaupverð eignar, teljist það sennilegt.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir skipum telst eftir því kaupverði sem sett er á eignina í bréfunum, enda teljist það sennilegt, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum.

18. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst.

19. gr.

Ef heimildarbréf er framselt ber að stimpla framsalið sem afsal.

20. gr.

Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign skal greiða 2 000 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa er stimpilfrjálst.

22. gr.

Skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, öðrum en hlutafélögum, skulu stimpluð á sama hátt og hlutabréf. Hið sama gildir um skilríki fyrir eignarhluta þeirra manna sem bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags þar sem sumir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð en aðrir takmarkaða (kommandit félög).

23. gr.

Félagssamningar félaga með ótakmarkaðri ábyrgð skulu stimplaðir með 2% af því fé sem í félagið er lagt.

Leggi félagi fram persónulega vinnu til félagsins, auk fjárframlags eða í stað þess, skal vinnan metin til samræmis við framlagt fé annarra félaga. Aldrei skal vinnuframlag þó metið lægra en fjárframlag þess félaga sem minnst fé leggur fram til félagsins.

Hljóði félagssamningur ekki um nein fjárframlög skal hann stimplaður með 10 000 kr.

Framsöl á réttindum í félögum, sem falla undir 22. og 23. gr., eru stimpilfrjáls.

24. gr.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1 500 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 500 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1 000 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 300 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs.

25. gr.

Ef veðréttur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð sem frekast er ætlast til að tryggja.

26. gr.

Nú er skuld endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá sá sem stimplun annast innheimta helming gjalds þess er í 24. gr. getur. Sé skuld færð yfir á nafn annars aðila greiðist ekkert stimpilgjald.

27. gr.

Fyrir stimplun víxla og samþykktra ávísana, nema tékka, skal greiða 250 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð skjalsins.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla stimplast það sem skuldabréf.

28. gr.

Nú hljóðar víxill eða samþykkt ávísun um borgun í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir sölugengi þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma er stimplun fer fram.

29. gr.

Framsal á skuld er stimpilfrjálst.

30. gr.

Greiða skal stimpilgjald af vátryggingarsamningum. Ef vátryggingarskírteini er gefið út skal það stimplað, ella samningur, fyrsta greiðslukvittun eða annað skjal er vátrygginguna varðar.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð fjárhæð stimpilgjalds af einstökum tegundum vátrygginga. Skal stimpilgjald annaðhvort miðað við vátryggingarfjárhæð eða iðgjald.

Fjármálaráðuneytið hefur heimild til þess að gera samninga við vátryggingarfélög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum gegn eftirliti sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Enn fremur getur það veitt vátryggingarfélögum undanþágu frá því að framkvæma stimplun gegn annars konar tryggingu fyrir greiðslu stimpilgjalds. Loks getur það undanþegið einstakar tegundir vátrygginga stimpilgjaldi, ef sérstök ástæða þykir til.

31. gr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar skal greiða 5 000 kr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru síðar, skal greiða 400 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund þeirrar fjárhæðar sem verður séreign samkvæmt þeim. Verðmæti fasteigna skal í þessu sambandi metið samkvæmt ákvæðum 17. gr. en frá verði þeirra þannig ákvörðuðu má draga eftirstöðvar áhvílandi þinglýstra veðskulda. Frá veði annarra eigna má draga eftirstöðvar þinglýstra skulda er á þeim hvíla. Lágmarksgjald samkvæmt þessari málsgrein skal vera 5 000 kr.

## IV ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísa til hins stimplaða og þess getið hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað að skjal, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað ber að stimpla hið síðara skjal eftir efni þess.

Það breytir eigi stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar greiðslu á öðru stimpilskyldu skjali, svo sem víxli.

33. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal rita, hvernig aðalskjalið er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi er heldur sannað, að frumritið sé löglega stimplað, skal stimpla samritið eða eftirritið eins og það væri frumrit.

34. gr.

Öllum opinberum starfsmönnum, svo og skiptaforstjórum, er skylt að hafa nákvæmar gætur á að lög þessi séu haldin og kæra brot er þeir verða áskynja um.

Þegar stimpilskyld skjöl eru afhent til þinglýsingar er opinberum starfsmönnum, sem hana annast, skylt að athuga hvort þau séu stimpluð. Ef svo er eigi ber þeim að heimta stimpilgjaldið þá þegar.

35. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum er snerta hann.

36. gr.

Ef stimpilskylt skjal er ekki stimplað innan tilskilins frests skulu þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, gera stimpilbeiðanda að greiða stimpilgjaldsálag er

nemi hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra skjala skal álagið vera 10% fyrir hvert byrjað 7 daga tímabil umfram tilskilinn frest, allt að hálfu grunngjaldinu. Álag þetta má innheimta með lögtaki.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt eftir atvikum að lækka eða láta niður falla stimpilgjaldsálag samkvæmt grein þessari ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

37. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Sömu refsingu skal sá sæta sem gefur rangar skýrslur um atriði er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds, neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða álagi, ritar rangt vottorð á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrits eða dagsetur skjal ranglega til að leyna broti á lögum þessum, nema um ásetningarbrot sé að ræða er varði þyngri refsingu samkvæmt XV kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Skulu skjöl, sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma, stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.

*Gjört að Bessastöðum 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

Nr. 37. 11. maí 1978.

# LÖG

## um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin", skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
g. Rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundi skal halda þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Aldurslagasjóður fiskiskipa skal vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni tryggginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

## II. KAFLI
## Aldurslagasjóður fiskiskipa.

7. gr.

Tilgangur Aldurslagasjóðs fiskiskipa er aðallega að greiða fyrir því, með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð.

8. gr.

Við gildistöku laganna yfirtekur Aldurslagasjóður fiskiskipa allar eignir og skuldbindingar Bráðafúadeildar Samábyrgðarinnar.

9. gr.

Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skipi var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á rúmlest í skipi. Ef skip er yngra en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en vátryggingarverð skipsins.

Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verið eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.

10. gr.

Allir eigendur stálfiskiskipa stærri en 12 rúmlestir og tréfiskiskipa með þilfari annarra en súðbyrtra skipa eru skyldir að vera aðilar að Aldurslagasjóði fiskiskipa og greiða árgjöld til hans.

Árgjöld skulu vera 3 000 kr. á rúmlest af tréskipum, en 1 000 kr. á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en 400 þús. kr. af einu skipi.

Árgjöld falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

Árgjöld endurgreiðast ekki þótt skip liggi í höfn eða standi uppi.

11. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að Tryggingasjóður fiskiskipa leggi Aldurslagasjóði til fé að fengnum tillögum stjórnarnefndar Tryggingasjóðs.

12. gr.

Aldurslagasjóður hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir árgjöldum, þó eigi lengur en 2 ár frá gjalddaga.

13. gr.

Reikningar Aldurslagasjóðs skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Aldurslagasjóður er undanþeginn eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignagjöldum.

14. gr.

Fjárhæðum, sem greindar eru í þessum kafla, getur ráðherra breytt með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðarinnar.

Á sama hátt getur ráðherra sett nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

## III. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

15. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

16. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 19/1976 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sbr. l. nr. 47/1967 og nr. 92/1975.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Árgjöld á árinu 1978, skulu vera helmingur þess, sem ákveðið er í 10. gr. Gjalddagi þeirra er 1. júlí 1978.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

Nr. 38. 11. maí 1978.

# LÖG

## um ónæmisaðgerðir.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ónæmisaðgerðir, sem lög þessi taka til, eru bólusetning gegn: 1. barnaveiki, 2. kikhósta, 3. stífkrampa, 4. mænusótt, 5. mislingum, 6. rauðum hundum, 7. berklaveiki, 8. bólusótt, 9. heilahimnubólgu, 10. hettusótt, 11. öðrum sóttum, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn og sérstök smithætta er fyrir hendi, 12. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Almenningi skal gefinn kostur á ónæmisaðgerð samkvæmt 1. gr. 1.—5. tl., svo eftir því sem þörf krefur samkvæmt 1. gr. 6.—12. tl., þó samkvæmt 12. tl. aðeins að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum annast heilsugæslustöðvar.

3. gr.

Þegar ætla má, að sérstakir aðilar eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt (svo sem farmenn á sjó, áhafnir loftfara, læknar, hjúkrunarfólk, sóttgæslumenn, ferðamenn, tollgæslumenn o. s. frv.), er heilsugæslustöð heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að slíkir aðilar verði bólusettir gegn þeirri sótt, sem um er að ræða.

Þegar mikil sótthætta er yfirvofandi, er heilbrigðismálaráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta hana ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild ef þurfa þykir.

4. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu, í samráði við landlækni, gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem til hagar á hverjum stað, og hafi af þeim sem fyllst not.

Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki með höndum og segir fyrir um framkvæmd hennar.

5. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerða, samkv. lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og skal

hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið, teljist slíks þörf eða fari viðkomandi fram á slíkt.

6. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsugæslustöðvum í té sérstakar skírteinisbækur, ónæmisskírteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá heilsugæslustöð, hafa slíka bók í höndum, varðveita hana og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann gengst undir samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Stefnt skal að því að ráða ekki starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ónæmisbólusetningu áður en það hefur störf.

8. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu skrá ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum í spjaldskrá, enda við því búnar að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmisskírteini glatast. Ónæmisaðgerðir skólalækna skal skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

Skólayfirlæknir hefur yfirumsjón með bólusetningum í skólum og segir fyrir um framkvæmd þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, sem landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í umdæmi þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum sóttum hefur verið bólusett, og hversu margir gegn hverri sótt.

10. gr.

Lyfjaverslun ríkisins annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum.

Kostnaður af framkvæmd ónæmisaðgerða samkv. 1. gr. 1.—11. tl. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Kostnað vegna framkvæmda ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr. 12. tl. laga þessara greiða hlutaðeigendur sjálfir.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þar á meðal um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 36/1950, um ónæmisaðgerðir.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Matthías Bjarnason.*

# ÞINGLÝSINGALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI
### Þinglýsingardómarar.

**1. gr.**

Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli eru þinglýsingardómarar, hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík eru borgarfógetar þinglýsingardómarar, sbr. 3. gr. laga nr. 74/1972.

Nú er sérstakur lögreglustjóri í kauptúni, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli vera þinglýsingardómari að nokkru eða að öllu leyti, eftir atvikum.

**2. gr.**

Þinglýsingardómari skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber dómaranum jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

Fulltrúi dómara getur leyst úr þinglýsingarmáli, þótt dómara bagi þau atvik, er í 1. málsgr. greinir.

**3. gr.**

Úrlausn dómara á þinglýsingarmáli eftir lögum þessum sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Rökstuddar ástæður dómarans fyrir úrlausninni skulu fylgja skjölum máls til Hæstaréttar. Úrlausn skal kærð innan fjögurra vikna frá því, að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum.

Nú kærir aðili úrlausn, og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

## II. KAFLI
### Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

**4. gr.**

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

**5. gr.**

Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda dómara skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem dómara er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur dómari krafist þess, að því fylgi íslensk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

Vegna breytinga á vörslu þinglýsingaskjala má með reglugerð setja önnur fyrirmæli um gerð skjala og tölu eintaka, sem afhenda skal til þinglýsingar.

**6. gr.**

Öll skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, skulu færð í dagbók. Dagbók skal þannig úr garði gerð, að framlagning afrits úr henni geti, eftir atvikum með nauðsynlegum athugasemdum, fullnægt ákvæðum laga þessara um birtingu vikulegrar skrár yfir þinglýst skjöl, sbr. 9. gr. 3. mgr.

Nú er afhent skjal til þinglýsingar í röngu þinglýsingaumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa skjali frá.

Að lokinni færslu skjals í dagbók, skal árita það og endurrit eða samrit þess. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og tilgreiningu viðtökudags.

**7. gr.**

Eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skal þinglýsingardómari sannreyna, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst.

Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 51. gr., 3. málsgr. Sama máli gegnir, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörslu.

Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 15. gr., og réttindum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

Þinglýsingardómari skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, að skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt.

**8. gr.**

Þinglýsingardómarar færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skrásetningarskyld eru.
3. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðar varða, og
4. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem eru ekki skrásetningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef dómara þykir það hentara.

Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þeirra. Einnig getur dómsmálaráðuneytið ákveðið, að tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga, sem þinglýsingabækur geyma, og sé sá háttur hafður annaðhvort í sumum

þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.

Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skrásetningarskyldu skipi og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þar á meðal skipi, sem ekki er skrásetningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, og þá þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð með afhendingu ljósrits af blaðinu.

9. gr.

Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta, auk dagsetningar dagbókarfærslu.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði.

10. gr.

Þau eintök þinglýstra skjala, sem þinglýsingardómari heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn dómara og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt á geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og þar séu lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varða, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

Með reglugerð má einnig ákveða, að sérstakri tækni skuli beitt við vörslu skjala, svo sem með myndun skjala á mikrofilmur. Má hafa þann hátt á í sumum þinglýsingaumdæmum aðeins eða þeim öllum. Takmarka má vörslu skjala með slíkum hætti við ákveðnar tegundir skjala.

11. gr.

Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli þinglýsingardómara sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

12. gr.

Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar, vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt þinglýsingardómara um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

13. gr.

Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram, og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem þinglýsingardómari varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

## III. KAFLI

### Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

14. gr.

Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

15. gr.

Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi, er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 14. gr. 2. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Skjal telst afhent til þinglýsingar á þeim degi, sem tilgreindur er í dagbók, nema full sönnun komi fram um hið gagnstæða. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmst, afhent samdægurs til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elsta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.

16. gr.

Hafi hefðuðum réttindum til fasteignar eigi verið þinglýst, þá skulu þau þó engu að síður standa óhögguð, þrátt fyrir það að 15. og 29. gr., sbr. 32. gr. laga þessara ættu að leiða til annarrar niðurstöðu, ef sá aðili, sem öðlast hefur rétt yfir sömu fasteign, hefur ekki höfðað mál til að fylgja fram rétti sínum innan tveggja ára frá því að hann öðlaðist réttindi sín.

Sé hefðartími eigi liðinn, þegar aðili fékk rétt sinn, verður hann að fylgja eftir rétti sínum með málssókn, áður en ofangreindur frestur er úti, enda sé hefðartími fullnaður á frestinum.

Við fullnaða hefð falla niður þau réttindi yfir fasteigninni, sem fara myndu í bága við þau not, sem hefðin heimilar.

17. gr.

Nú telur þinglýsingardómari sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við viðkomandi ráðuneyti. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borist dómara, tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal dómari bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur dómari strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

18. gr.

Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 5. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

A. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka og
B. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

19. gr.

Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki né ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

## IV. KAFLI

## Þinglýsing, er varðar fasteignir.

### 1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

20. gr.

Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

Setja má það skilyrði fyrir þinglýsingu, að skjali fylgi uppdráttur af lóð eða landi, staðfestur af skipulagsyfirvöldum eða gerður af mælingamanni, sem þinglýsingardómari hefur samþykkt.

21. gr.

Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

22. gr.

Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

23. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

24. gr.

Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 51. gr. 3. málsgr.

Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

25. gr.

Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flust til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingagjald.

26. gr.

Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

**2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.**

27. gr.

Nú verður dómari þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal dómarinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

28. gr.

Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973.

Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

### 3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.

29. gr.

Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fær ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

30. gr.

Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

31. gr.

Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.
2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði. Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

32. gr.

Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

### 4. Réttaráhrif þinglýsingar.

33. gr.

Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

Mótbára, er lýtur að því að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir æsku.

Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

34. gr.

Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

### 5. Brottfall þinglýsingar.

*a. Tímabundið gildi þinglýsingar.*

35. gr.

Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 15. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritunin felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

36. gr.

Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

37. gr.

Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott fyrr en full fimm ár eru liðin frá því að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbann eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

38. gr.

Dómari fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. Dómari skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefur verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá dómari að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

Ef miða skal frest eftir 35.—37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

*b. Aflýsingar.*

39. gr.

Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft. Kvittun rétthafa samkvæmt þinglýsingabók er þó fullnægjandi, ef um er að ræða bréf, sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða eða lífeyrissjóða.

Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

Nú er veðsett fasteign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhafa til eignar, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu úr fjárhæð þeirri, er fasteignin var seld eða lögð út fyrir, og skal þá má úr þinglýsingabók slík veðréttindi, þegar þinglýst er uppboðsafsali eða útlagningu, sem ber það með sér, að þau séu niður fallin. Til þess að slík veðskjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal þinglýsingardómari þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

## V. KAFLI

### Þinglýsing um skrásett skip, 5 rúmlestir og stærri.

40. gr.

Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

Nú er rétthöfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. málsgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

41. gr.

Þinglýsing skjala, er varða skip 5 rúmlestir eða stærra, skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið er skráð. Ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 66/1963 halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

42. gr.

Til nafnbreytingar á skrásettu skipi þarf samþykki þinglýstra eigenda þess. Nafnbreytingu og flutning skips skal dómari tilkynna óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast dómari í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

Nú er skrásett skip, er þessi kafli laganna tekur til, flutt á milli umdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda dómara í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. mgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips milli umdæma.

## VI. KAFLI

### Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir og skrásettar bifreiðar.

43. gr.

Skjali, er varðar skrásett, skráningarskylt skip minna en 5 rúmlesir, svo og skrásetta bifreið, skal þinglýst þar, sem skipið eða bifreiðin er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, og eignarheimild fyrir bifreið þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá eða bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi eða bifreið skal þinglýsa, til þess að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

44. gr.

Veðbréf í skrásettu skráningarskyldu skipi minna en 5 rúmlestir og í bifreið skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi dómaranum ekki borist tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

45. gr.

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta eða skrásett bifreið flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um eignir þessar, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók eða bifreiðabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. málsgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða bifreiðar.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips eða bifreiðar milli umdæma.

46. gr.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21.—23. gr., 25. gr. og eftir því sem við á, ákvæði 27.—28. gr. og 29. gr., 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

## VII. KAFLI

**Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, svo og skip og bifreiðar, sem ekki hafa verið skrásett.**

47. gr.

Skjali, sem varðar lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, eða hefur eigi verið skráð, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess, er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22.—23. gr., 29. gr. 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.

48. gr.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt eða skráð, skal afhent dómara til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem dómari sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að bætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetning sé rétt.

Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi dómara ekki innan þessa frests borist tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu eru háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

## VIII. KAFLI

**Bótaákvæði.**

49. gr.

Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingardómara eða af atvikum, sem greinir í d- og e-liðum þessarar greinar, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. Að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði dómara, sbr. 9. gr., eða vottorði dómara um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.

b. að skjali, sem borist hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.
c. að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.
d. að heimildarskjali, sem greint er í 2. málsgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign eða skrásett skip, 5 rúmlestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.
e. að ákvæði 38. eða 50. gr. hafa leitt til þess að réttindi hans féllu niður.

## IX. KAFLI
## Gildistaka o. fl.

### 50. gr.

Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til þinglýsingardómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er og þinglýst hefur verið a. m. k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt, eða
b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

Nú telur dómari, að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir þinglýsingardómari athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti.

### 51. gr.

Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráðu skráningarskyldu skipi eða skrásettri bifreið og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

Reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 50. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

### 52. gr.

Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. janúar 1949, skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. janúar 1984.

Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna, skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. janúar 1986.

Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingardómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa

glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer samkv. 38. gr. 1. málsgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðilum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, uns dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur eða notkun nýrrar tækni. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem bersýnilega eru niður fallin. Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær ákvæði 10. gr. frv. koma til framkvæmda í einstökum umdæmum.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær færsla skjala í dagbækur samkvæmt 6. gr. skuli tekin upp í einstökum umdæmum. Þar til slík ákvörðun hefur verið tekin, skal viðtöku skjala og áritun um hana hagað með sama hætti og verið hefur fyrir gildistöku laga þessara.

**53. gr.**

Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um þinglýsingapappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala, fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingarvottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveða nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

**54. gr.**

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um þinglýsing skjala og aflýsing nr. 30 7. maí 1928, 7. gr. veðlaga nr. 18 4. nóv. 1887, lög nr. 64 4. júlí 1942, 3. málsgrein 3. gr. laga nr. 74 27. apríl 1972, lög nr. 11 25. febr. 1957, lög nr. 65 13. mars 1957, og 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 53 12. maí 1970.

**55. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 40. 18. maí 1978.

# LÖG

## um tekjuskatt og eignarskatt.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I KAFLI
### SKATTSKYLDIR AÐILAR

#### Skattskylda manna

**1. gr.**

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum **mönnum:**

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar.
4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.—3. tl. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Við ákvörðun á heimilisfesti skal miðað við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

### Skattskylda lögaðila

### 2. gr.

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum lögaðilum:

1. Hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.
2. Gagnkvæmum vátryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.
3. Sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi, þess óskað við skráningu að félagið sé sjálfstæður skattaðili og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili.
4. Samlögum og samtökum sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsaðila sinna, innkaup á rekstrarvörum eða þjónustu í beinum tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi þeirra, enda séu þau skráð í firmaskrá hér á landi og þess getið við skráningu að þau séu sjálfstæðir skattaðilar.
5. Félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tl. 4. gr., svo og dánarbúum, þrotabúum og öðrum búum sem hér er skipt.

Félag, sjóður eða stofnun telst eiga hér heimili ef það er skráð hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Sé þess ekki óskað við skráningu sameignarfélags að félagið sé sjálfstæður skattaðili eða fullnægi lögaðili skv. 1.—4. tl. þessarar greinar ekki skilyrðum til að teljast sjálfstæður skattaðili skal tekjum hans og eignum skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna. Kveði félagssamningur eigi á um skiptingu tekna og eigna skal þeim skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsaðila.

## Takmörkuð skattskylda

3. gr.

Takmarkaða skattskyldu bera þessir aðilar, enda falli þeir ekki undir ákvæði 1. eða 2. gr. eða séu undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr.:

1. Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga eða skemmri tíma á sama almanaksári.
2. Allir menn sem njóta frá íslenskum aðilum launa fyrir störf, þar með talin stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftirlauna, biðlauna, lífeyris, styrkja eða hliðstæðra greiðslna skulu greiða tekjuskatt af þeim greiðslum.
3. Allir aðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
4. Allir aðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
5. Allir aðilar sem eiga fasteign hér á landi eða hafa rétt yfir fasteign hér á landi er þeir hafa af tekjur eða teljast hafa af tekjur samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
6. Allir aðilar sem hafa hér á landi tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
7. Allir aðilar sem hafa tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
8. Erlendir sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja hér á landi og aðrir, sem úrlendisréttar njóta, skulu greiða tekjuskatt af tekjum sem þeir njóta frá innlendum aðilum og af tekjum sem um er rætt í 4.—7. tl.
9. Allir aðilar sem eiga eignir sem skattskyldar tekjur gefa skv. 4.—8. tl. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

## Aðilar undanþegnir skattskyldu

4. gr.

Þessir aðilar greiða hvorki tekjuskatt né eignarskatt:

1. Forseti Íslands og maki hans.
2. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem ríkissjóður ber ótakmarkaða ábyrgð á.
3. Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.
4. Erlend ríki og alþjóðastofnanir, af fasteignum sem þær nota vegna viðurkenndrar starfsemi sinnar hér á landi.
5. Félög, sjóðir og stofnanir sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
6. Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.

## Skattskylda hjóna og barna

5. gr.

Hjón eru sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skal þeim ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi.

6. gr.

Barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, er ekki sjálfstæður skattaðili sé það á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar). Þó skulu þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr. skattlagðar sérstaklega.

## II KAFLI
## SKATTSKYLDAR TEKJUR

### Almenn ákvæði

7. gr.

Til tekna skal telja og skiptir eigi máli hver innir greiðslu þeirra af hendi:

A

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun og eftirlaun, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

   Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.
2. Tryggingabætur, lífeyri, meðlög og styrki. Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. þó 2. tl. 28. gr. Barnsmeðlög skulu þó ekki teljast til skattskyldra tekna að því leyti sem þau takmarkast við fjárhæð barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971. Meðlög eða framfærslueyrir til maka eða fyrrverandi maka telst ekki til tekna hjá móttakanda hafi hjónin slitið samvistum eða eftir lögskilnað, að því leyti sem greiðslur þessar takmarkast við sömu fjárhæð og lágmarksellilífeyrir (grunnlífeyrir) er til einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.
4. Verðlaun og heiðurslaun, vinninga í happdrætti, veðmáli eða keppni. Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.

B

1. Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir og rekstrarstöðvunarbætur.

C

1. Leigutekjur og arð af hvers konar lausafé, þar með talin skip og loftför.
2. Arð, landskuld og leigu eftir hvers konar fasteignir og fasteignaréttindi, þar með talin námaréttindi, vatnsréttindi, jarðvarmaréttindi, veiðiréttur og hvers konar önnur fasteignatengd hlunnindi.

   Þegar heildarleigutekjur af einstökum íbúðum ná ekki hlunnindamati húsnæðis, sbr. 111. gr., skal reikna leiguna til tekna með því mati. Af íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa skal hvorki reikna tekjur né gjöld.
3. Vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað, sbr. 8. gr.
4. Arð af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 9. gr.
5. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra.
6. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum vegna viðskipta þeirra, enda séu þessi viðskipti í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans og talin þar til rekstrarútgjalda eða sé varið til fjárfestingar í eignum sem notaðar eru í atvinnurekstri.
7. Fé sem félög þau sem um ræðir í 4. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum út í hlutfalli við viðskipti þeirra eða færa þeim til séreignar, hvort heldur í stofnsjóð eða á annan hátt.
8. Hagnað af sölu eigna, sbr. 10.—27. gr.
9. Sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskildar í lögum þessum eða sérlögum.

## Skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður

### 8. gr.

Til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður skv. 3. tl. C-liðs 7. gr. teljast:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Með vöxtum teljast áfallnar verðbætur á afborganir og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
3. Vextir hjá innlendum og erlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tl., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti. Með vöxtum teljast einnig áfallnar verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tl.
4. Afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Afföllin skal reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé krafan látin af hendi áður en afborgunartíma er lokið telst sá hluti affallanna, sem ekki hefur þegar verið tekjufærður en fæst endurgreiddur í sölu- eða afhendingarverði, til tekna í einu lagi á afhendingar- eða söluári.
5. Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok. Gengishagnað af verðbréfum og öðrum langtímakröfum til lengri tíma en árs, talið frá lokum tekjuárs, er þó heimilt að reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma eða á fimm árum að vali skattaðila. Sé enginn sérstakur gjalddagi tilgreindur eða umsaminn ber að reikna gengishagnaðinn og telja til tekna miðað við kaupgengi hlutaðeigandi gjaldeyris við hver árslok.

   Frá gengishagnaði ársins þannig reiknuðum skal draga gengistap, sbr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað.

**Skattskyldur arður, jöfnunarhlutabréf**

**9. gr.**

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hlutareigandans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári, að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna má ekki vera hærra en svarar til hækkunar á hlutafé félagsins í samræmi við almennar verðhækkanir frá 1. janúar 1979 eða frá stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvenær eða fyrir hvaða verð hlutirnir eða hlutabréfin hafa verið keypt.

**Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna**

**10. gr.**

Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga, áður fengins söluhagnaðar og verðbreytinga eftir því sem nánar er ákveðið í 11.—27. gr.

Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.

**Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna**

**11. gr.**

Hagnaður af sölu eigna, sem heimilt er að fyrna skv. 32. gr., og af sölu réttinda, sem tengd eru þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra, að frádregnum áður fengnum fyrningum hins vegar, þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.

**12. gr.**

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í ársbyrjun 1979, í stað umreiknaðs stofnverðs og fenginna fyrninga, sbr. 2. mgr. 11. gr. Hagnaðurinn telst þá mismunur á söluverði annars vegar og fasteignamati að frádregnum fengnum fyrningum á árinu 1979 eða síðar hins vegar, þegar fasteigna-

matið og fyrningarnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

13. gr.

Á því ári sem skattskyldur söluhagnaður eigna skv. 11. gr. færist til tekna er skattaðila heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr., um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Eigi skattaðili ekki eignir, sem hann getur fyrnt á þennan hátt á því ári þegar sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem fyrna má skv. 32. gr. innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef eignanna er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

**Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna**

14. gr.

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í ársbyrjun 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga frá þeim tíma, í stað stofnverðs.

Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr.

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar í stað hinnar seldu innan þess tíma, og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem er undir stærðarmörkum þeim er greinir í 16. gr. og er í eigu manna, sbr. 5. mgr. þeirrar greinar.

15. gr.

Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

### Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði

### 16. gr.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en fimm ár, en hafi hann átt hið selda í fimm ár eða lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manna og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 600 m³ á söludegi ef um einstakling er að ræða en 1 200 m³ ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut. Stærðarmörk þau sem gilda fyrir hjón gilda einnig um sölu eftirfarandi maka á íbúðarhúsnæði sem var í eigu hjónanna. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr. Ákvæði þeirrar greinar gilda einnig um meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði í eigu hvers konar lögaðila.

Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., hins vegar þegar stofnverðið og söluhagnaðurinn hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

Þegar maður selur íbúðarhúsnæði sem hann hefur byggt eða endurbætt og salan fer fram innan fimm ára frá því síðast var lagt í byggingarkostnað, skal einungis sá hluti söluhagnaðarins teljast skattskyldur sem svarar til þess hlutfalls af heildarbyggingarkostnaði sem í var lagt innan fimm ára frá söludegi. Áður en þetta hlutfall byggingarkostnaðar er reiknað skal umreikna hann samkvæmt ákvæðum 26. gr.

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli heildarrúmmáls hins selda húsnæðis og þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söludegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki fyrirmælum laganna um skattskyldu þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðarhúsnæðis.

### Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

### 17. gr.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu hlutabréf.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem raunverulegt kaupverð, sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er

hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

18. gr.

Hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu eignarhluta telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar. Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun þess árs sem salan fer fram á eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 55% af skattalegum varasjóði, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.

**Ýmis ákvæði um söluhagnað**

19. gr.

Söluverð eigna telst heildarandvirði þeirra að frádregnum beinum kostnaði við söluna.

20. gr.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði telst hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr. Með sama hætti telst söluhagnaður af rekstrarvörubirgðum og öðrum hliðstæðum eignum sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnurekstri ávallt til skattskyldra tekna.

21. gr.

Bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljast söluverð eigna og reiknast söluhagnaður og fer um meðferð hans eftir ákvæðum 10.—27. gr. eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er skattaðila þó heimilt að færa skattskyldan söluhagnað til tekna með jöfnum fjárhæðum á allt að fimm árum, í fyrsta sinn á söluári. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna er heimilt að verja söluhagnaðinum til öflunar sams konar eigna innan þriggja ára. Söluhagnaðurinn telst þá ekki til tekna en færist til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

Þrátt fyrir frestun eða dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

22. gr.

Hafi skattaðili eignast selt íbúðarhúsnæði við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma við sölu miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

23. gr.

Tap á sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári.

24. gr.

Þegar eign er látin af hendi við makaskipti skal það teljast sala hennar og fer um skattskyldu söluhagnaðar eftir ákvæðum 10.—27. gr. laga þessara.

Ef ákvörðun kaup- eða söluverðs í makaskiptasamningi er óeðlileg geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt verð og miðað skattlagningu söluhagnaðar við það.

25. gr.

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð eða landi, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, þar með talin sala íbúða.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs í hendi kaupanda.

26. gr.

Verðbreytingarstuðull til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum skal reiknaður árlega, í fyrsta sinn fyrir árið 1980. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. lög nr. 93/1975.

Ríkisskattstjóri skal birta verðbreytingarstuðul í lok hvers tekjuárs og gildir hann fyrir það ár.

27. gr.

Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna af heildarsöluverðmætinu, til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninganna, þó ekki á lengri tíma en sjö árum. Til skuldaviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir söludag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir, eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

Þrátt fyrir dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

**Hvað ekki telst til tekna**

**28. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.
2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Einnig skaðabætur og vátryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 21. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.

3. Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila.
4. Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

   Þessi eignaauki skal þó skattlagður, að svo miklu leyti sem hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar, hafi hann myndast innan fimm ára fyrir söludag.
5. Fæði sjómanns er hann fær hjá útgerðarmanni um borð í skipi. Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild aflatryggingasjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í íslenskum fiskiskipum.
6. Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.
7. Persónuafsláttur og barnabætur sem um ræðir í VI kafla laga þessara.

## III KAFLI
## FRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM

### Almenn ákvæði

### 29. gr.

Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

Frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.

### Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar

### 30. gr.

Frá tekjum manna skv. II kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

**A**

1. Skyldusparnað manna á aldrinum 16—25 ára sem þeim er skylt að spara samkvæmt lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
2. Fargjöld vegna ferða á vegum atvinnurekanda og vegna langferða milli heimilis og vinnustaðar í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
3. Útgjöld vegna móttekins risnufjár og ökutækjastyrkja í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
4. Þann hluta hlunninda sem veittur er með fatnaði, fæði, húsnæði og öðrum hliðstæðum hætti og innifalinn er í tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. en eigi er talinn manni til hagsbóta með hliðsjón af heimilisaðstæðum og öðrum atvikum að mati ríkisskattstjóra. Eigi skiptir máli hvort hlunnindi þessi eru látin í té í reiðufé eða fríðu.
5. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
6. Tekjur skv. 4. tl. A-liðs 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 115. gr.

7. Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 17 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

B

1. Þann hluta vaxtatekna, sbr. 1. tl. 8. gr., sem umfram er vaxtagjöld, verðbætur og afföll, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 51. gr., enda stafi þessar tekjur og gjöld ekki af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Með vaxtatekjum í þessu sambandi skal telja gengishagnað af innstæðum í innlendum bönkum í erlendum verðmæli þegar frá honum hefur verið dregið gengistap af sams konar innstæðum. Til vaxtagjalda, verðbóta og affalla í þessu sambandi teljast þó ekki vextir, verðbætur og afföll af fasteignaveðlánum til fimm ára eða lengri tíma, þó eigi hærri fjárhæð en sem svarar til helmings hæstu lögleyfðra fasteignaveðlánsvaxta af hámarksláni Húsnæðismálastofnunar ríkisins í árslok. Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra.
2. Vaxtatekjur barna innan 16 ára aldurs eftir sömu reglum og greinir í 1. tl. þessa stafliðar.
3. Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 250 000 kr. hjá einstaklingi og 500 000 kr. hjá hjónum. Arður barns innan 16 ára aldurs sem er á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar) telst með arði foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda framangreindar hámarksfjárhæðir um samanlagðan arð foreldris og barns.
4. Vaxtatekjur af stofnsjóðseign, sbr. 2. tl. 8. gr.
5. Fé það sem fært hefur verið félagsmanni í félagi skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. til séreignar í stofnsjóði hans á árinu, að hámarki 5% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi.

C

1. Sjómannafrádrátt að fjárhæð 1600 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi telst stunda sjómannsstörf. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

   Fjármálaráðherra ákveður nánar í reglugerð hvernig dagafjöldi í þessu sambandi skal ákveðinn.

   Sjómenn á íslenskum fiskiskipum, sem þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði og njóta ekki fæðisgreiðslu frá áhafnadeild aflatryggingasjóðs, skulu, auk þess sem um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðar, fá fæðisfrádrátt fyrir hvern úthaldsdag að mati ríkisskattstjóra.
2. Fiskimannafrádrátt er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.
3. Námsfrádrátt, sem nema skal helmingi af þeim tekjum manns á aldrinum 16—26 ára sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hefur verið dreginn frádráttur skv. 1.—4. tl. A-liðs þessarar greinar, enda hafi hann stundað nám í a. m. k. 6 mánuði á tekjuárinu. Frádráttur þessi skal þó eigi vera hærri en 260 000 kr. Sé nám stundað skemur en í 6 mánuði lækkar hámark frádráttarins hlutfallslega.
4. Kostnað við stofnun heimilis á því ári sem maður gengur í hjúskap. Skal frádrátturinn vera 185 000 kr. fyrir hvort hjóna.

D

1. Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristryggingin keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og

séu þar m. a. fyrirmæli um vörslu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en 11% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum. Hafi atvinnurekandi greitt hluta iðgjaldsins skerðist réttur launþega til frádráttar sem því nemur.

Fjármálaráðherra getur veitt heimild til að víkja frá framangreindu hámarki iðgjaldsfrádráttar þegar sérstaklega stendur á.

2. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% af þeim tekjum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum.
3. Iðgjald af lífsábyrgð sem maður hefur keypt sér. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 40 000 kr.

E

1. Vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tl. 1. mgr. 51. gr.
2. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum, enda sé hver gjöf ekki undir 5 000 kr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falli undir þennan tölulið.

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—5. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar. Hjón sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. verða bæði að velja sömu frádráttarreglu að þessu leyti.

## Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri

### 31. gr.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

   Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Hafi það verið greitt skiptir heldur ekki máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum.

   Frá tekjum má enn fremur draga gjafir þær sem um ræðir í 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.
2. Aðstöðugjöld og landsútsvör sem ákvörðuð eru samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Gjöld þessi má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn gjaldanna myndaðist.
3. Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Nafnverð útistandandi viðskiptaskulda í árslok er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum, sbr. 2. mgr. 5. tl. 74. gr.
4. Veittan afslátt og verðbætur af vörum eða þjónustu.
5. Fé það er innlend vátryggingarfélög færa í árslok í iðgjaldasjóð vegna þess hluta iðgjalda sem fellur á næsta reikningsár og í bótasjóð til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka.

6. Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 53. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
7. Þann hluta vaxtatekna, sbr. 1. tl. 8. gr., sem umfram er vaxtagjöld, verðbætur og afföll, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 51. gr., enda stafi þessar tekjur og gjöld af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Með vaxtatekjum í þessu sambandi skal telja gengishagnað af innstæðum í innlendum bönkum í erlendum verðmæli þegar frá honum hefur verið dregið gengistap af sams konar innstæðum.
8. Helming þess arðs sem félög þau sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. fá úthlutað frá sams konar félögum.
9. Helming þeirrar fjárhæðar er félög sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 5% af nafnverði hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.
10. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu samkvæmt lögum um samvinnufélög.

    Hafi félög þessi viðskipti við aðra en félagsaðila sína er sá hluti hreinna tekna, sem svarar hlutfalli viðskipta utanfélagsaðila af heildarviðskiptum, skattskyldur hjá félögunum. Félögum þessum er þó jafnan heimilt að draga frá skattskyldum tekjum arð af viðskiptum við félagsaðila sína á rekstrarárinu er nemi allt að ⅔ hlutum hreinna tekna enda sé sú fjárhæð greidd félagsaðilum eða færð þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Slíkur arður skal þó aldrei nema meiru en 5% af viðskiptum félagsaðila.
11. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 4. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, þó eigi hærra hlutfall af hreinum tekjum félags en sem svarar hlutfalli viðskipta félagsaðila af heildarviðskiptum þess.
12. Tillög sem skattskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. leggja í varasjóð. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11. tl. þessarar málsgreinar.

Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum með frádrætti skv. 9.—12. tl. 1. mgr.

### Fyrnanlegar eignir

#### 32. gr.

Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir, þó ekki íbúðarhúsnæði, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

1. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki.
2. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði.
3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.
5. Stofnkostnaður, svo sem kostnaður vegna skráningar fyrirtækis, öflunar atvinnurekstrarleyfa, kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja.

**33. gr.**

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna.

**34. gr.**

Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ. e. bókfært verð til skatts. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

**Fyrningargrunnur eigna**

**35. gr.**

Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna.

Fyrningargrunnur eigna telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr., að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr. Þegar stofnverð eigna hækkar eða lækkar eftir að hafin er nýting þeirra skal breytingin færð til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni þess árs þegar breytingin verður.

**36. gr.**

Fyrningargrunn fyrnanlegra eigna, eins og hann er í byrjun hvers rekstrarárs, skal hækka samkvæmt verðbreytingarstuðli viðkomandi árs, sbr. 26. gr. Sama á við um stofnverð eigna þótt ekki sé hafin nýting þeirra við öflun tekna enda séu þær í eigu skattaðila í byrjun þess rekstrarárs þegar verðbreyting er reiknuð.

Heildarfjárhæð áður fenginna fyrninga, eins og hún er í byrjun þess rekstrarárs, þegar verðbreyting er reiknuð, skal breyta á sama hátt og fyrningargrunni.

Ef fyrningargrunnur lækkar á einhverju ári samkvæmt verðbreytingarstuðli skulu áður fengnar fyrningar einnig lækkaðar. Fyrningargrunnur skal þó ekki lækkaður niður fyrir stofnverð.

**37. gr.**

Árlegar verðbreytingar samkvæmt 36. gr. færast til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni eigna og áður fengnum fyrningum. Mismunur breytinganna færist síðan á sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem teljast skal til eigin fjár.

**Fyrningarhlutföll**

**38. gr.**

Fyrning skal að vali skattaðila ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignaflokks. Árlegt fyrningarhlutfall skal eigi vera hærra en sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður 10%.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra 12%.
3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl. 18%.
4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, 2%.

   Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hærra hámark fyrningarhlutfalls einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulið eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en 10%.
5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari grein

má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr. 20%.

Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulið er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulið er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.

**39. gr.**

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að ¾ hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur, t. d. ef um er að ræða íbúð í fyrnanlegri eign, skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við rúmmál.

**40. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 200 000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.

Við sölu eigna sem færðar hafa verið til frádráttar tekjum samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári. Sama gildir um tjónbætur eða annað andvirði fyrir afhendingu slíkra eigna.

**41. gr.**

Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra eigna vegna tjóns má gjaldfæra á því ári þegar viðgerð fer fram, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð.

**42. gr.**

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum. Eigi má mynda rekstrartap vegna þessarar fyrningar og ekki má nota hana til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

**43. gr.**

Eignir skv. 1. og 2. tl. 32. gr. má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af fyrningargrunni hennar.

**Takmörkun á fyrningum vegna skulda**

44. gr.

Lögaðilar og menn, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu reikna árlega tiltekinn hundraðshluta af heildarskuldum, þegar frá þeim hafa verið dregnar eignir skattaðila sem tengdar eru atvinnurekstri, aðrar en fyrn-

anlegar eignir skv. 32. gr. og eignarhlutar í félögum, sbr. 2. gr. Þá fjárhæð, sem þannig reiknast, skal færa annars vegar í sérstakan reikning, mótreikning fyrninga, og hins vegar til lækkunar á endurmatsreikningi, sbr. 37. gr. Nemi þessar tilteknu eignir hærri fjárhæð en heildarskuldir reiknast ekki tillag í mótreikning fyrninga.

Til skulda skattaðila skv. 1. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Til skulda manna, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki í þessu sambandi skuldir sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, enda fari þær ekki fram úr 4 000 000 kr. hjá einstaklingi og 8 000 000 kr. ef um hjón er að ræða. Ójöfnuð rekstrartöp frá fyrri árum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 31. gr., má draga frá skuldum áður en tillag er reiknað.

Hundraðshluti tillags skv. 1. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Tillag í mótreikning fyrninga samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og miðast við stöðu eigna og skulda í byrjun reikningsárs.

45. gr.

Heildarfjárhæð mótreiknings fyrninga í byrjun hvers árs skal framreikna samkvæmt verðbreytingarstuðli viðkomandi árs, sbr. 26. gr. Í lok hvers árs skal færa til frádráttar fengnum fyrningum á árinu skv. 38. gr. og 42. gr. fjárhæð er nema skal 15% af framreiknuðum mótreikningi í árslok.

Á því ári, sem mótreikningur fyrninga verður hærri en nemur samanlögðum eftirstöðvum fyrningarverðs allra fyrnanlegra eigna, skal telja það sem umfram er til skattskyldra tekna og til lækkunar á mótreikningi fyrninga. Þeir aðilar, sem myndað hafa mótreikning skv. 44. gr. og ekki eiga fyrnanlegar eignir, skulu færa tillagið til tekna á því ári sem það reiknast.

Mótreikningur fyrninga eða færslur af honum hafa ekki áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs fyrnanlegra eigna.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar og 44. gr.

Ýmis ákvæði um fyrningar

46. gr.

Við ákvörðun fyrningargrunns eignar, sem yfirtekin er við makaskipti, skal farið eftir ákvæðum 24. gr.

47. gr.

Verði eigendaskipti að eign við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal fyrningargrunnur slíkrar eignar óbreyttur standa í hendi erfingja frá því sem hann var í hendi arfleifanda.

48. gr.

Á því ári þegar rekstri er hætt, hann seldur eða látinn af hendi á annan hátt er ekki heimilt að fyrna eignir sem við hann voru bundnar. Ákvæði 1. og 2. mgr. 40. gr., eiga þá ekki við.

49. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að gera öllum framtalsskyldum aðilum að halda skrá um fyrnanlegar eignir í því formi og með þeim hætti er hann ákveður.

50. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum um fyrningarhlutföll og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

### Vaxtagjöld, afföll og gengistöp

51. gr.

Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr., teljast:

1. Vextir af skuldum, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað og árlegan eða tímabundinn fastakostnað eða þóknanir af lánum, þar með talið af víxillánum og stimpilgjöld af víxlum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á afborganir og vexti.
2. Afföll af seldum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldarviðurkenningum, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin skulu reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé skuld yfirtekin af öðrum eða falli greiðsluskylda niður áður en afborgunartíma er lokið teljast eftirstöðvar affalla ekki til frádráttar tekjum. Hafi skuld verið yfirtekin í sambandi við eignasölu er seljanda þó heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum affallanna, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar.
3. Vextir af stofnsjóðsinnstæðum í félögum sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
4. Gengistöp af hvers konar skuldum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast þau við sölugengi viðkomandi erlends gjaldeyris í árslok. Gengistap af verðbréfum og öðrum langtímaskuldum og kröfum til lengri tíma en árs, talið frá lokum tekjuárs, ber þó að reikna til gjalda með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma eða á fimm árum að vali skattaðila.

   Frá gengistapi ársins þannig reiknuðu skal draga gengishagnað, sbr. 5. tl. 8. gr., og færa mismuninn til gjalda sem gengistap.

   Þegar langtímaskuld er yfirtekin af öðrum í sambandi við eignasölu og gengistap af henni hefur ekki verið að fullu gjaldfært er seljanda heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum gengistapsins.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðeins frádráttarbær að fullu séu þau tengd atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um gjöld skv. 1., 2. og 4. tl., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, fer eftir ákvæðum 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.

### Hvað ekki telst rekstrarkostnaður

52. gr.

Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja:

1. Gjafir, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf.
2. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna lagabrota skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum.
3. Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr.

## IV KAFLI
## ÝMIS ÁKVÆÐI UM TEKJUR

### Ráðstöfun varasjóðs

53. gr.

Aðilum sem myndað hafa varasjóð samkvæmt ákvæðum 12. tl. 1. mgr. 31. gr. ber að ráðstafa honum til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi sínu, sbr. 6. tl. 1. mgr. 31. gr. Sama gildir um þann varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt ákvæðum fyrri skattalaga. Sé varasjóði ráðstafað á annan hátt skal telja þá fjárhæð, sem þannig er ráðstafað, að viðbættu 25% álagi til skattskyldra tekna.

54. gr.

Það telst m. a. óheimil ráðstöfun á varasjóði ef aðili ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

1. Veitir hluthöfum, aðilum samvinnufélaga, eigendum sameignarfélaga, stjórnendum þessara félaga eða aðilum þeim tengdum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins, eða veitir þeim nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun, venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur, eða úttekt af eigin fé (höfuðstól) í sameignarfélagi sem er hærra en svarar til 10% af bókfærðu eigin fé félagsins í byrjun úttektarárs eftir að tekið hefur verið tillit til opinberra gjalda sem álögð eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til eigin fjár í þessu sambandi.
2. Kaupir eign á óeðlilega háu verði eða selur eign á óeðlilega lágu verði. Skulu skattyfirvöld þá meta hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismunur kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar telst óheimil ráðstöfun úr varasjóði.

55. gr.

Nú ráðstafar aðili fé úr varasjóði á einhvern þann hátt sem greinir í 54. gr. og fellur það þá til skattgreiðslu á ráðstöfunarárinu samkvæmt ákvæðum 53. gr., þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok tekjuársins að viðbættu 25% álagi skv. 53. gr. Óheimilt er að veita frádrátt frá tekjum skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. af þessari tekjufærðu fjárhæð.

### Sameining félaga

56. gr.

Sé hlutafélagi slitið þannig að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Við slíkan samruna hlutafélaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

Þegar samvinnufélög sameinast eftir 27. gr. laga nr. 46/1937 skal hið sameinaða félag taka við öllum skattréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.

57. gr.

Sé sameignarfélagi, sem myndað hefur varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr., slitið, þannig að það sé algjörlega sameinað öðru slíku sameignarfélagi eða hlutafélagi og eigendur í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu eignarhluta eða hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir eignarhluta sína í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann

sem lét eignarhluta sinn af hendi og heldur ekki fyrir félag það sem slitið var. Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

Ef sameignarfélagi, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, er breytt í hlutafélag þannig að eigendur í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir eignarhluta sína í félagi því sem slitið var, þá skal þessi breyting ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigendur sameignarfélagsins eða félagið sjálft. Við slíka breytingu skal hlutafélagið taka við öllum skattréttarlegum skyldum og réttindum sameignarfélagsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. bera eigendur sameignarfélags, sem slitið er eða breytt er í hlutafélag, ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reikningsár fyrir slit eða breytingu.

### Óvenjuleg skipti í fjármálum

58. gr.

Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.

### Ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur

59. gr.

Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., skal ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar. Skattstjóri ákvarðar síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglunum og skal þá gætt aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda skulu miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem því ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra.

Telji skattyfirvöld að endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., sé hærra en makinn eða barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skulu þau ákvarða tekjur makans eða barnsins af starfinu.

### Tekjutímabil

60. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ. e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

61. gr.

Ríkisskattstjóri getur heimilað þeim sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%. Enn fremur getur hann heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári. Einnig er ríkisskattstjóra heimilt að leyfa samskonar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta.

## V KAFLI
## TEKJUSKATTSSTOFN

### Almenn ákvæði

62. gr.

Tekjuskattsstofn er sú fjárhæð sem skattur er reiknaður af og ákveðst þannig:

1. Tekjuskattsstofn manna, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, telst tekjur samkvæmt II kafla, eftir því sem við á, að teknu tilliti til þess frádráttar sem slíkum aðilum er heimilaður skv. 30. gr.
2. Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur samkvæmt II kafla, að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
3. Tekjuskattsstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er þessi:
   a. Tekjur samkvæmt II kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
   b. Tekjur samkvæmt II kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.

   Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa töluliðar verði neikvæður, telst tekjuskattsstofn einungis tekjur samkvæmt a-lið.

   Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 6. tl. 1. mgr. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila.

### Tekjuskattsstofn hjóna og barna

63. gr.

Hjón sem samvistum eru skulu telja fram tekjur sínar sem hér segir:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A- og C-liðum 1. mgr. 30. gr. svo og D-lið 1. mgr. þeirrar greinar eða fastan frádrátt skv. 2. mgr. sömu greinar velji hjónin þá frádráttarreglu.
2. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna

sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. þessarar greinar. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. svo og frádrátt skv. E-lið 1. mgr. 30. gr. velji hjón ekki fastan frádrátt skv. 2. mgr. þeirrar greinar.

3. Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. og 31. gr., skal telja hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum og skulu þær skattlagðar með öðrum tekjum þess, sbr. ákvæði 3. tl. 62. gr.

Þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skulu hreinar tekjur af rekstrinum taldar hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur. Starfi hjón sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og hafi bæði þá sérþekkingu eða leyfi sem krafist er, eða sé slíkrar sérþekkingar eða leyfa ekki krafist, skal skipta hreinum tekjum af rekstrinum í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig og telja til tekna hjá hvoru hjóna. Geri hjón ekki fullnægjandi og rökstudda grein fyrir vinnuframlagi hvors um sig eða þyki skýrslur þeirra tortryggilegar skulu skattyfirvöld áætla skiptingu hreinna tekna af atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi.

Um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi fer eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. þessa töluliðs.

Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

64. gr.

Þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði 63. gr. aðeins hluta úr ári, t. d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka skulu telja fram tekjur sínar á þeim tíma sem umrædd skilyrði voru uppfyllt í samræmi við ákvæði 63. gr. og skulu skattlögð sem hjón þann tíma. Tekjur á öðrum tíma ársins skal telja fram hjá þeim, sem þær hafði, sem einstaklingi, og skattleggja þær samkvæmt því. Um útreikning tekjuskatts og ónýtts persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 70. gr. eftir því sem við á. Þeim sem gengið hafa í hjúskap á árinu eða uppfyllt hafa skilyrði 2. mgr. 63. gr. er þó jafnan heimilt að telja fram allar tekjur sínar á árinu sem hjón í samræmi við ákvæði 63. gr. og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun ónýtts persónuafsláttar samkvæmt því. Á sama hátt er eftirlifandi maka heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans í samræmi við ákvæði 63. gr.

Sé svo ástatt hjá hjónum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi skattlagður sem einstaklingur. Til tekna hjá honum skal telja allar sérafla- og séreignatekjur hans í samræmi við ákvæði um ótakmarkaða skattskyldu hér á landi að viðbættu sannanlegu framfærslufé frá hinum makanum. Sé eigi unnt að færa sönnur á slíkt framfærslufé skal skattyfirvöldum heimilt að áætla sanngjarnt og hæfilegt framfærslufé með hliðsjón af öllum aðstæðum hjónanna.

Barnabætur skv. 69. gr. skulu skiptast milli þeirra aðila sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar og miðast við tímabil framfærsluskyldu. Sá aðili sem um er rætt í 2. mgr. þessarar greinar skal njóta helmings barnabóta skv. 1. mgr. 69. gr., eftir því sem við á.

65. gr.

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. 1. mgr. 63. gr. ef

foreldrar þess eru skattlagðir sem hjón en ella með tekjum þess foreldris eða manns sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr.

Þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 2.—5. tl. A-liðs svo og 1. og 2. tl. C-liðs og D-lið 1. mgr. 30. gr. skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

### Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni

66. gr.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef útgjöld vegna menntunar manns eftir 26 ára aldur hafa skert gjaldþol hans verulega.
6. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
7. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

## VI KAFLI
## TEKJUSKATTSÚTREIKNINGUR, AFSLÆTTIR OG BARNABÆTUR

### Skattstigi manna

67. gr.

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir:

Af fyrstu 2 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 18%, af næstu 2 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 26% en af tekjuskattsstofni yfir 4 000 000 kr. reiknast 34%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð sem þannig fæst telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

### Persónuafsláttur

68. gr.

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. skal vera 250 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem

nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans, kirkjugarðsgjald og sóknargjald á skattárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans, kirkjugarðsgjald og sóknargjald á skattárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

**Barnabætur**

69. gr.

**Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal** ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 65 000 kr. með fyrsta barni en 100 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára á tekjuárinu skulu barnabætur vera 25 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 40% hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi. Barnabætur greiðast ekki á fæðingarári barns en þær greiðast til loka þess árs þegar barn nær 16 ára aldri.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

**Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.**

Hjón sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 63. gr., enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

**Tekjuskattur manna sem heimilisfastir eru á Íslandi hluta úr ári o. fl.**

70. gr.

Hjá manni sem hefur tekjur sem um ræðir í 5. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. skal við álagningu tekjuskatts á aðrar tekjur hans nota það skattþrep sem beita skyldi ef hann hefði ekki notið frádráttar sem þar um ræðir.

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 12. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 12 og margfalda útkomu með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

Dvalarmánuði skal telja í heilum mánuðum. Brot úr mánuði skal teljast sem heill mánuður.

### Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu

71. gr.

Tekjuskatt aðila, sem skattskyldir eru skv. 3. gr., skal ákvarða sem hér segir:

1. Tekjuskatt manna, sem um ræðir í 1. tl. 3. gr., skal ákvarða á sama hátt og um er rætt í 2. mgr. 70. gr. Sama gildir ef um ónýttan persónuafslátt er að ræða.
2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tl. 3. gr., skal nema 25% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m. a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra þeirra, sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila, eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila.

   Sá aðili sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar, en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 15% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.
3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tl. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. mgr. 67. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

   Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

### Tekjuskattur lögaðila

72. gr.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 45% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

## VII KAFLI
## EIGNARSKATTUR

### Skattskyldar eignir

73. gr.

Til skattskyldra eigna skal telja allar fasteignir, lausafé og hvers konar önnur verðmæt eignarréttindi, með þeim takmörkunum sem um ræðir í 75. gr., og skiptir ekki máli hvort eignirnar gefa af sér arð eða ekki.

74. gr.

Við mat skattskyldra eigna gilda eftirfarandi reglur:

1. Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hliðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

   Eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.
2. Búpening skal telja til eignar svo sem hann væri framgenginn að vori næst á eftir, með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn.
3. Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt 26. gr. Séu upplýsingar um slíkt verð ekki fyrir hendi metur skattstjóri eignir þessar til verðs.
4. Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þar með taldar rekstrarvörubirgðir, svo sem hráefni, eldsneyti, veiðarfæri og vörur á framleiðslustigi, skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðsluverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum. Þó skal heimilt að draga allt að 30% frá þannig reiknuðu matsverði.
5. Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum gjaldföllnum vöxtum og verðbótum. Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kauphingi skal telja þau til eignar á kauphingsverði síðasta kauphingsdags fyrir lok reikningsárs.

   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá nafnverði útistandandi viðskiptaskulda er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.
6. Erlenda peninga, innstæður og kröfur skal telja til eignar á kaupgengi í árslok.
7. Réttindi til stöðugra tekna skal telja til eignar eftir því endurgjaldi sem hæfilegt væri fyrir þau í lok hvers árs. Skattstjóri getur metið verð þessara réttinda.

**Hvað ekki telst til eignar**

75. gr.

Til eignar, sbr. 73. gr., telst ekki:

1. Skilyrt fjárréttindi, svo sem réttur til líftryggingarfjár sem ekki er fallið til greiðslu.
2. Réttur til eftirlauna, lífeyris, framfærslu eða annarra slíkra tímabilsgreiðslna sem bundinn er við einstaka menn.
3. Réttur til leigulauss bústaðar og hliðstæð afnotaréttindi, sbr. þó 2. mgr. 1. tl. 74. gr.
4. Til eignar hjá mönnum telst ekki fatnaður til einkanota, húsgögn, húsmunir, bækur og munir sem hafa persónulegt gildi.
5. Eigin hlutabréf hlutafélags, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr.

### Frádráttur frá eignum

76. gr.

Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Til skulda teljast í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddur afsláttur af verði seldra vara í árslok, enda sé skattaðila skylt að lögum, samþykktum sínum, ef um lögaðila er að ræða, eða samningum að greiða félags- eða viðskiptamanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur. Til skulda teljast enn fremur öll opinber gjöld sem varða viðkomandi reikningsár.

Frá eignum aðila, sem um ræðir í 4. tl. 3. gr., má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

Frá eignum aðila, sem um ræðir í 5.—8. tl. 3. gr., má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.

77. gr.

Lögaðilum skv. 2. gr. er heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé.

78. gr.

Heimilt er skattaðila að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og nafnverð verðbréfa, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, að því marki sem innstæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir. Til skulda hjá mönnum í þessu sambandi telst þó ekki fjárhæð sem svarar til helmings hámarksláns Húsnæðismálastofnunar ríkisins í árslok. Hjá hjónum skal hámark þetta vera helmingi hærra. Innborgað hlutafé, stofnsjóðir og nafnskráð stofnfé telst til skulda lögaðila í þessu sambandi.

### Tímaviðmiðun eignarskattsstofns

79. gr.

Eignarskatt skal miða við eignarskattsstofn skattaðila í árslok. Þó mega þeir, er með leyfi skattstjóra nota annað reikningsár en almanaksár, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan skattálagningu.

### Eignarskattsstofn

80. gr.

Eignarskattsstofn eru þær eignir, sem eftir verða, þegar frá verðmæti eigna, sem um ræðir í 73. gr., hafa verið dregnar fjárhæðir, sem um ræðir í 76., 77. og 78. gr., eftir því sem við á.

Eignarskattsstofn skal ákvarða í heilum þúsundum króna og sleppa því sem umfram er.

81. gr.

Hjón, sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 83. gr. Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

82. gr.

Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns.

### Eignarskattsútreikningur

83. gr.

Eignarskattur manna reiknast þannig:

Af fyrstu 8 000 000 kr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur.
Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,8%.

84. gr.

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,8% af eignarskattsstofni.

## VIII KAFLI
## SKATTUMDÆMI, SKATTSTJÓRAR, RÍKISSKATTSTJÓRI, SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI, RÍKISSKATTANEFND O. FL.

### Skattumdæmi

85. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavíkurumdæmi; nær yfir Reykjavíkurborg.
2. Vesturlandsumdæmi; nær yfir Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi; nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra; nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra; nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi; nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi; nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
8. Vestmannaeyjaumdæmi; nær yfir Vestmannaeyjakaupstað.
9. Reykjanesumdæmi; nær yfir Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. mgr. segir.

### Skattstjórar

86. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi. Fjármálaráðherra skipar skattstjóra. Engan má skipa skattstjóra nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði:

1. Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Sé íslenskur ríkisborgari.
4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má þó frá ákvæði þessa töluliðar ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar eða hefur áður verið skipaður skattstjóri.

### Umboðsmenn skattstjóra

87. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa umboðsmann skattstjóra utan aðseturs skattstjóra. Hreppstjóra, sveitarstjóra, bæjarstjóra og oddvita er skylt að gegna störfum umboðsmanns sé þess óskað.

Fjármálaráðherra skal gefa út erindisbréf fyrir umboðsmenn.

### Ríkisskattstjóri o. fl.

88. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra. Engan má skipa í það embætti nema hann fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr., um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Fullnægja skulu þeir hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

### Ríkisskattanefnd

89. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í ríkisskattanefnd til sex ára í senn. Hefur nefndin aðsetur í Reykjavík.

Í ríkisskattanefnd eiga sæti þrír menn og ákveður fjármálaráðherra hver skuli vera formaður hennar en hann skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattarétti og skattamálum. Skal seta í ríkisskattanefnd vera aðalstarf nefndarmanna og fer um heimild nefndarmanna til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954.

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Allir nefndarmenn skulu úrskurða í hverju máli.

Eigi má maður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

Verði ríkisskattanefnd eigi fullskipuð vegna forfalla nefndarmanna, eða vegna þess að þeir mega ekki taka þátt í meðferð máls skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal fjármálaráðherra skipa mann til að taka þátt í meðferð mála meðan þannig stendur á.

## IX KAFLI
## FRAMTÖL OG SKÝRSLUGJAFIR

### Framtals- og skattlagningarstaður

90. gr.

Menn, sem um ræðir í 1. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuári. Þó skulu menn, sem um ræðir í 2. tl.

1. gr., telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu síðast lögheimili fyrir brottflutningsdag. Þá skulu þeir, er um ræðir í 4. tl. 1. gr., telja fram og vera skattlagðir þar sem skip þeirra eða loftfar er skrásett.

Aðilar, sem um ræðir í 2. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga heimili, en heimili þeirra telst þar sem þeir eru skráðir, telja heimili sitt samkvæmt samþykktum sínum eða þar sem raunveruleg stjórn þeirra er. Dánarbú, þrotabú og önnur bú undir skiptum skulu telja fram og skattleggjast þar sem skipti fara fram.

Aðilar sem hér eru skattskyldir skv. 3. gr. skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga eignir eða hafa tekjur.

Megi samkvæmt framangreindu skattleggja skattaðila á fleiri stöðum en einum eða sé annars vafi á hvar skattaðili skuli skattlagður skal ríkisskattstjóri skera úr.

### Skattframtöl

91. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt I kafla laga þessara, svo og þeir sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 5. og 6. tl. 4. gr., skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur á síðastliðnu ári og eignir í árslok, svo og önnur atriði er máli skipta við skattálagningu. Skýrslu bókhaldsskyldra aðila skal fylgja ársreikningur í samræmi við ákvæði bókhaldslaga ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmis við ákvæði skattalaga. Skýrslu þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga, skal enn fremur fylgja rekstrar- og efnahagsreikningur.

Framtalsskyldan hvílir á hverjum manni. Fjárhaldsmenn skulu telja fram fyrir þá sem ekki eru fjárráða. Erfingjar skulu telja fram fyrir bú sem er undir einkaskiptum. Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu telja fram fyrir þrotabú, dánarbú og önnur bú er þeir hafa undir skiptum. Skattframtölin skulu undirrituð af framteljendum. Ef um bókhaldsskylda aðila er að ræða skal ársreikningurinn, sbr. 1. mgr., undirritaður af sömu aðilum.

Framtalsskyldan hvílir á stjórnum lögaðila. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal framtalinu fylgja ársreikningur, sbr. 1. mgr., undirritaður af stjórninni. Í skráðum félögum er nægilegt að jafnmargir stjórnarmenn og binda félagið undirriti ársreikninginn.

Ríkisskattstjóri getur veitt aðilum, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 5. og 6. tl. 4. gr., tímabundnar undanþágur frá framtalsskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar, enda liggi fyrir óyggjandi upplýsingar um starfsemi aðila.

Ef skattaðili er búsettur erlendis, dvelur erlendis eða getur af öðrum ástæðum eigi talið fram sjálfur er honum heimilt að veita manni, er lögheimili hefur hér á landi, umboð til að gera framtal og undirrita það og skal þá skriflegt umboð fylgja.

Nú er framtalsskyldur maður að mati skattstjóra ófær um að gera framtal sitt sökum hrumleika, sjúkdóms eða annarra hliðstæðra ástæðna og skal þá skattstjóri eða umboðsmaður hans veita honum aðstoð til þess, en framteljandi skal láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn. Sá er aðstoð veitir skal rita á skattframtalið yfirlýsingu um að hann hafi aðstoðað við gerð þess.

### Launaskýrslur o. fl.

92. gr.

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur

fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ef framangreindar greiðslur eru inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila og sá, er unnið var fyrir, getur eigi látið umkrafðar upplýsingar í té, hvílir skýrslugjafarskyldan á milligönguaðilanum.

Allir, sem hafa á leigu eða hafa afnot gegn gjaldi af fasteign, námurétti eða veiðirétti, lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur vegna leigunnar eða afnotanna ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Skylt er móttakanda greiðslu samkvæmt þessari grein að sýna greiðanda nafnskírteini sitt, en á greindum skýrslum skal nafnnúmers móttakanda getið.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið almenna skyldu til að afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu ókeypis og í því formi sem hann ákveður um önnur atriði sem máli skipta varðandi álagningu skatta samkvæmt lögum þessum, svo sem um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, kaup og sölu á hráefni og afurðum, hlutafé og arð, stofnfé og stofnfjárvexti og vinninga í happdrætti og keppni.

### Framtalsfrestur

93. gr.

Framtalsskyldir menn, sbr. 90. gr., sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 10. febrúar ár hvert. Skattstjóra er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til febrúarloka.

Framtalsskyldir menn, sbr. 90. gr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 15. mars ár hvert. Skattstjóri getur veitt þessum aðilum skilafrest til 15. apríl.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 31. maí ár hvert.

Þeir menn sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. tl. 3. gr. og eru á förum úr landi skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en viku fyrir brottför sína.

Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 1. janúar ár hvert ákveða hvenær skila skuli gögnum er um ræðir í 5. mgr. 91. gr. og 92. gr.

### Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir

94. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 102. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi og getur þá ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri vísað sökinni til sakadómara til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera viðstaddur þá rannsókn eða láta fulltrúa sinn vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkissaksóknara og þess aðila sem um rannsókn bað. Ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri hlutast síðan til um meðferð hins skattalega þáttar málsins að lögum.

## X KAFLI
## ÁLAGNING, KÆRUR O. FL.

### Álagning

95. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur. Enn fremur getur skattstjóri leiðrétt fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda, svo og einstaka liði framtals ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattaðila viðvart um slíkar breytingar. Þá skal skattstjóri ákvarða um ívilnanir skv. 66. gr.

Telji skattaðili eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 93. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó 106. gr.

96. gr.

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að framtal eða einstakir liðir þess eða fylgigögn séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði, skal hann skriflega skora á framteljanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þar með talið bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma leggur hann skatt á eða endurákvarðar skattinn samkvæmt framtali og fengnum skýringum og gögnum, sbr. þó 106. gr. Ef eigi er bætt úr annmörkum á framtali, svar frá framteljanda berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir, send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg eða bókhald og önnur gögn, sem skattframtal byggist á, verða ekki talin nægilega örugg heimild um atvinnurekstur eða starfsemi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattaðila svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða eða endurákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó 106. gr.

Hafi skattaðili eigi talið fram til skatts og álagning skatta því byggð á áætlun, en síðar kemur í ljós að áætlun hefur verið of lág, skal áætla honum skattstofna að nýju og reikna skatta hans í samræmi við það. Á sama hátt skal ákvarða eða endurákvarða skattaðila skatt ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum eða ef ekki hefur verið lagt á skattaðila.

Séu skattar endurákvarðaðir samkvæmt þessari málsgrein skal gæta ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, sbr. einnig 106. gr., eftir því sem við á.

Séu skattar endurákvarðaðir eftir reglum 1. eða 2. mgr. þessarar greinar skal tilkynna skattaðila endurákvörðunina með ábyrgðarbréfi. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað skattaðila eða umboðsmanns hans má skattstjóri þó endurákvarða skatt án þess að tilkynna honum það. Skattstjóri skal tilkynna viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs um álagningu samkvæmt þessari grein og senda samrit þeirrar tilkynningar til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Hafi skattstjóri grun um að veruleg skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra sem ákveður hver annast skuli rannsókn í málinu.

97. gr.

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.

Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákvarða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág.

98. gr.

Eigi síðar en 31. maí skulu skattstjórar hafa lokið álagningu skv. 95. gr. á alla menn er um ræðir í 1. og 2. mgr. 93. gr. Skal senda hverjum gjaldanda tilkynningu um þá skatta er á hann hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaði, að álagningu samkvæmt þessari málsgrein sé lokið. Þá skal skattstjóri senda ríkisskattstjóra skrá um þá er á hefur verið lagt og samrit til ríkisendurskoðanda.

Skattstjóri skal hefja álagningu skv. 95. gr., sbr. 96. gr., á aðila er um ræðir í 3. mgr. 93. gr. þegar er framtöl berast og skal henni að fullu lokið fyrir 1. október ár hvert. Skal skattstjóri tilkynna gjaldendum álögð gjöld jafnharðan með ábyrgðarbréfi. Jafnframt skal skattstjóri tilkynna ríkisskattstjóra um álagninguna og senda samrit þeirrar tilkynningar til ríkisendurskoðanda.

Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi.

Kærur til skattstjóra

99. gr.

Nú telur einhver skattstofn eða skatt sinn eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá því er póstlögð var tilkynning um álagningu eða endurákvörðun. Sé um að ræða álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. skal miða kærufrest við auglýsingu skattstjóra um að álagningu sé lokið. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu þegar í stað send ríkisskattstjóra. Breytingar á skatti skal jafnframt senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af skattstjóra eða af þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þess starfs.

### Kærur til ríkisskattanefndar

100. gr.

Úrskurði skattstjóra, sbr. 99. gr., má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur skattaðila til ríkisskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum sem kærandi telur nauðsynleg.

Ríkisskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra endurrit kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattanefnd senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum, sem henni kunna að hafa fylgt, og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanefnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem hann telur ástæðu til. Greinargerð skal hann hafa sent ríkisskattanefnd innan mánaðar frá því að honum barst málið.

Skattaðila er heimilt að krefjast þess að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd. Ríkisskattanefnd getur einnig ákveðið sérstakan málflutning ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur ef ríkisskattanefnd ákveður. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Í þessum málum er nefndin ekki bundin við þau tímatakmörk um afgreiðslu máls sem sett eru í 8. mgr. þessarar greinar.

Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn eða álagning sé byggð. Breytingar á gjöldum skal tilkynna innheimtumanni skattsins og ríkisskattstjóra. Afrit úrskurða skal ríkisskattanefnd senda viðkomandi skattaðilum, skattstjóra og ríkisskattstjóra.

Ríkisskattanefnd skal gefa út úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal að úrskurðir, sem almennt gildi hafa, birtist þar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanefnd.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kærur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda.

## XI KAFLI
## ÝMIS ÁKVÆÐI UM SKATTYFIRVÖLD

### Ríkisskattstjóri

101. gr.

Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa, sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að sam-

ræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkisskattstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað framtöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um skatta og gjöld sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., sbr. einnig 106. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra eftir reglum 99. og 100. gr. þessara laga.

### Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit

102. gr.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild er hafi með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri stýrir starfsemi deildarinnar.

Skattrannsóknarstjóri skal hafa með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum. Hann skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. mgr. 96. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari málsgrein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

### Vanhæfi skattyfirvalda

103. gr.

Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

### Gerðabækur

104. gr.

Skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur um þau atriði og í því formi, er fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um.

### Eftirlit fjármálaráðherra

105. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar skatt-

framtöl og gögn varðandi þau og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

## XII KAFLI
## VIÐURLÖG OG MÁLSMEÐFERÐ

### Álag

106. gr.

Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Berist framtal, sem álagning verður byggð á, eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu skattstjóra er lokið, má þó aðeins bæta 1% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil hafa dregist fram yfir frestinn, þó ekki hærra álagi en 15%.

Séu annmarkar á framtali, sbr. 96. gr., eða einstakir liðir ranglega fram taldir, má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna. Bæti skattaðili úr annmörkum eða leiðrétti einstaka liði á framtali áður en álagning fer fram, má skattstjóri þó eigi beita hærra álagi en 15%.

Fella skal niður álag samkvæmt grein þessari ef skattaðili færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali eða vanskil þess, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann skilaði framtali á réttum tíma, bætti úr annmörkum á framtali eða leiðrétti einstaka liði þess.

Um kæru til skattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir ákvæðum 99. og 100. gr. laganna.

### Refsingar

107. gr.

Skýri skattaðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Einnig má, að fullnægðum sömu saknæmisskilyrðum, sekta skattaðila, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem áætlun reyndist of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 96. gr. Álag skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Skýri framteljandi rangt eða villandi frá einhverjum atriðum er varða framtal hans, má gera honum sekt allt að 1 000 000 kr., enda þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 500 000 kr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skattframtöl annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 92. gr., skal greiða sekt allt að jafnhárri þeirri fjárhæð er undan skyldi dregin með upplýsingunum eða vanrækt var að gefa upplýsingar um. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Að öðru leyti skal hver sá sem vísvitandi vanrækir skyldu sína samkvæmt ákvæðum 91. og 94. gr. greiða sekt allt að 1 000 000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum geta eigi orðið hærri en 20 000 000 kr. Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila framið brot, sem refsivert er skv. 4. mgr. þessarar

greinar, má einnig gera lögaðila þeim sem í hlut á sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti varðar brot auk sektar varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 1 000 000 kr. nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

**Málsmeðferð og fyrning**

108. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess að máli verði vísað til dómstóla. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr., eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar. Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður.

Sektir, sem ríkisskattanefnd úrskurðar, renna í ríkissjóð. Gilda sömu reglur að því er innheimtu þeirra varðar og um skatta samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Mál út af brotum, sem koma til meðferðar dómstóla, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

## XIII KAFLI
## ÝMIS ÁKVÆÐI

109. gr.

Skattar, álagðir samkvæmt lögum þessum, renna í ríkissjóð. Um innheimtu þeirra, vexti og ábyrgð á greiðslu þeirra fer eftir ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

110. gr.

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þó menn þessir láti af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

111. gr.

Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

112. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem

eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu opinberra gjalda við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. eða 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum og eignum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila eða ábendingu skattstjóra, að lækka tekjuskatt og eignarskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

113. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 93., 98., 99. og 100. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

114. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar.

Ráðherra getur kveðið á í reglugerð um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

115. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

116. gr.

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 40. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1980.

117. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum og skulu þá skattstjórar leysa þau störf af hendi uns öðruvísi verður ákveðið.

118. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 89. gr. um ríkisskattanefnd skulu koma til framkvæmda 1. janúar 1980 og fellur niður frá sama tíma umboð ríkisskattanefndar sem skipuð er skv. 32. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 13. gr. laga nr. 7/1972. Frá sama tíma fellur niður umboð nefndar sem um ræðir í 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, svo og lög nr. 7 22. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I kafli laga nr. 10 22. mars 1974, II kafli laga nr. 11 28. apríl 1975, II kafli laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. desember 1977 og III kafli laga

nr. 3 17. febrúar 1978 um breyting á þeim lögum. Þó skulu ákvæði framangreindra laga gilda um álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1979 vegna tekna á árinu 1978 og eigna í lok þess árs.

Þá falla niður lög nr. 22 9. mars 1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda sem eru á förum úr landi o. fl. frá og með 1. janúar 1979 og gilda ákvæði laga þessara frá þeim tíma.

## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

### I

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og verið hafa sjálfstæðir skattaðilar en fullnægja ekki skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 2. gr., skulu eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1980 senda skattstjóra þar tilgreind gögn um að skilyrðum hafi verið fullnægt, æski þau þess að teljast áfram sjálfstæðir skattaðilar.

### II

Úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978 að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári, er ávallt heimil án þess að hún teljist til arðs, sbr. 9. gr. Til hreinnar eignar félags í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum, sbr. einnig 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Skattfrelsi slíkrar úthlutunar er því skilyrði bundið að hún hafi ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareigenda eða hluthafa í hlutafélagi.

Um úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á breytingu hreinnar eignar eftir árslok 1978, fer eftir ákvæðum 9. gr.

### III

Yfirfæranleg rekstrartöp í árslok 1978, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr. laga nr. 68/1971, er heimilt að flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum uns þau hafa verið jöfnuð skv. 6. tl. 1. mgr. 31. gr. þessara laga.

### IV

Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs. Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) og fengnum fyrningum samkvæmt skattalögum skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. Mismunur þessa fyrningargrunns og framreiknaðra fyrninga telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna og birta verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978 og skal stuðullinn fyrir árið 1964 einnig gilda um eignir sem skattaðili eignaðist fyrir þann tíma. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. nú lög nr. 93/1975.

Kostnaðarverð (stofnverð) eigna, sem skattaðili á og eignaðist á einhverju framangreindra ára, skal margfalda með stuðli viðkomandi árs. Hafi stofnverð eigna hækkað eftir kaupár skal hækkunin margfölduð með stuðli þess árs þegar hækkun varð.

Á sama hátt skulu fengnar fyrningar samtals til ársloka 1978 vegna þessara eigna margfaldaðar með stuðli kaupárs. Fyrning þannig framreiknuð telst fengin

heildarfyrning. Til fenginna fyrninga í þessu sambandi telst þó ekki verðstuðulsfyrning samkvæmt 6. mgr. C-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972. Kostnaðarverð einstakra eigna og fengnar fyrningar samtals vegna þeirra skulu þannig margfaldaðar með sama stuðli og hækka því eftirstöðvar fyrningarverðs samkvæmt þeim stuðli.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati 1. janúar 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs, þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga þannig framreiknaðra telst fengin heildarfyrning. Áður fengnar fyrningar samkvæmt C-lið 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs þegar fasteignamatið er notað sem endurmatsverð samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar um er að ræða eignir þær sem um getur í 3. tl. 38. gr., er skattaðila heimilt að nota sama verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem hann hefur eignast fyrir árið 1973 í stað stuðuls hvers árs fyrir þann tíma. Stuðullinn skal vera jafn stuðli ársins 1971 eins og hann verður ákveðinn skv. 2. mgr. og skal upphaflegt kostnaðarverð og fengnar fyrningar samtals til ársloka 1978 margfaldaðar með þessum stuðli. Ekki skiptir máli á hvaða árum fyrir 1973 skattaðili eignaðist umræddar eignir.

Ef skattaðili hefur eignast fyrnanlega eign fyrir árið 1964 getur hann sótt um heimild til ríkisskattstjóra til að nota annan stuðul en þann sem ákveðinn er fyrir árið 1964, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, enda leggi hann fram fullnægjandi upplýsingar um upphaflegt kostnaðarverð og fengnar fyrningar. Ríkisskattstjóri reiknar þá verðstuðul viðkomandi ára eftir breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar eða hliðstæðum upplýsingum og hafa skal hann samráð við Hagstofu Íslands ef byggingarvísitala liggur ekki fyrir.

Skattaðilar sem eiga fyrnanlegar eignir í ársbyrjun 1979 skulu senda skattstjóra eigi síðar en með skattframtali 1980 greinargerð um matið ásamt skrá um hinar endurmetnu eignir, aldur þeirra, upphaflegt kostnaðarverð og notaðar fyrningar. Skattstjóri úrskurðar um matið og má skjóta úrskurði hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Sé skilyrðum þessarar málsgreinar eigi fullnægt af hálfu skattaðila kemur ekki til endurmats á fyrnanlegum eignum eldri ára.

Á árinu 1979 skal tillag í mótreikning fyrninga, sbr. 44. gr., reiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli þess árs, en það skal vera sami stuðull og notaður er til framreiknings á eignum sem aflað er á árinu 1978.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

## V

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir árið 1979, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og um er rætt í ákvæði til bráðabirgða IV eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fenginna fyrninga umræddra eigna.

## VI

Komi í ljós á skattframtali fyrir tekjuárið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir sem um ræðir í 78. gr. eða tekjur af þeim, sem skatt-

frjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagður eignarskattur vegna fyrri ára á hinar óframtöldu fjárhæðir né tekjuskattur á tekjur af fjármunum þessum, enda hafi eignir þessar myndast fyrir ársbyrjun 1978.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

Nr. 41. 18. maí 1978.

# LÖG

## um Iðntæknistofnun Íslands.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

**2. gr.**

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála, og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

**3. gr.**

Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.

Deildaskipting skal ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Þegar settar eru á stofn sérdeildir, skulu heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja sérdeild. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum sérdeildar við iðnaðinn.

Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar sérdeildir skuli hagað.

**4. gr.**

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar sem hér segir:

Einn fulltrúa án tilnefningar,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna,
einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,
einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til 2ja ára í senn.

**5. gr.**

Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið.

**6. gr.**

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Skal hann skipaður til 4ra ára í senn.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

**7. gr.**

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjögra ára í senn.

Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

**8. gr.**

Framkvæmdanefnd stofnunarinnar skal skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum aðaldeilda, framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins.

Forstjóri stofnunarinnar skal vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk framkvæmdanefndar skal vera að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins, m. a. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

**9. gr.**

Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a) Framlag í fjárlögum.
b) Hluti af jöfnunargjaldi. frá og með 1979.
c) Tekjur fyrir selda þjónustu, samkvæmt gjaldskrá sem iðnaðarráðherra staðfestir. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda og eðlis þjónustunnar.
d) Greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna, samkvæmt samningi hverju sinni.
e) Framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur.

**10. gr.**

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar í umboði stjórnar og í samráði við framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:

a) Með fastri ráðningu.
b) Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.
c) Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.

Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

**11. gr.**

Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar Íslands er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, iðnskóla og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

Starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

**12. gr.**

Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og gegn greiðslu nema fyrir liggi skriflegt samþykki verkbeiðanda.

**13. gr.**

Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins, sbr. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, skal haldast.

**14. gr.**

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

**15. gr.**

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31 16. apríl 1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. kafli laga nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

**16. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjald samkvæmt 45. gr. laga nr. 64 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skal innheimt til loka ársins 1978 og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

Nr. 42. 18. maí 1978.

## IÐNAÐARLÖG.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuiðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önn-

ur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Heimilisiðnaður skal undanskilinn ákvæðum laganna.

2. gr.

Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu, svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

4. gr.

Nú vill félag eða stofnun reka iðnað og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu allir, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla þau skilyrði, sem í 3. gr. eru sett.
2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar og stjórnendur félags skilyrðum 3. gr.
3. Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna, búsettra á Íslandi.

Iðnaðarráðherra getur veitt sams konar undanþágur frá ákvæðum 1. og 2. töluliðs og í 3. gr. segir.

5. gr.

Leyfi glatast, ef leyfishafi missir einhverra þeirra skilyrða, sem í 3. og 4. gr. segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum. Nú missir stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags slíkra skilyrða, eða félag eða stofnun missir íslenskt heimilisfang, og skal þá aðili hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því að breyting varð, en hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Leyfi er bundið við nafn. Rétt er maka að halda áfram iðnaði látins maka síns án nýs leyfis, enda fullnægi makinn lögmæltum skilyrðum.

Bú aðila, er leyfi hafði, má reka iðnaðinn, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má reka iðnað arfleiðanda án nýs leyfis, þar til hann er fjárráða, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Greina skal í iðnaðarleyfi, hvers konar verksmiðjuiðnað heimilt sé að reka samkvæmt því og hvar hann megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka verksmiðjuiðnað annarrar tegundar en nefnd er í leyfi.

Veita má sama aðila leyfi til að reka verksmiðjuiðnað í fleiri en einni grein og leyfi til að reka verksmiðjuiðnað á fleiri stöðum en einum.

8. gr.

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila að ræða.

Í sveitum, kauptúnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

9. gr.

Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.

10. gr.

Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir, og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi eigi skemur en tvö ár.

Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

11. gr.

Sá hefur fyrirgert meistarabréfi sínu, sem missir einhvers þeirra skilyrða, er fullnægja þarf til þess að öðlast það.

12. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf að fenginni umsögn hlutaðeigandi iðnráðs, svo og iðnaðarleyfi.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf eða iðnaðarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðila þá rétt að bera málið undir iðnaðarráðherra. Enn fremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir iðnaðarleyfi og meistarabréf.

13. gr.

Halda skal skrá yfir iðnaðarleyfi og meistarabréf, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt.

Leyfishafar skulu jafnan tilkynna lögreglustjóra heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú og allar breytingar, er þar á verða. Lögreglustjóri framsendir síðan þær tilkynningar til skrár þeirrar, sem haldin er.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli um þessi efni.

14. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skal hlutverk þess vera að veita lögreglustjórum aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum laga þessara varð-

andi handiðnað, auk þess að starfa samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

Í iðnráði skulu vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum. Ráðherra setur reglugerð um kosningu til þeirra og starfssvið.

**15. gr.**

Það varðar sektum:

1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi, eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.
2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.
3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu.
4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.
5. Ef maður eða fyrirtæki tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eða það eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í, eða heldur nemendur án löglegs samnings.

Sektir renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

**16. gr.**

Heimilt er að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögum þessum, til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs, tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróft brot er að ræða.

**17. gr.**

Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum eldri laga.

**18. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 79, 13. ágúst 1971.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

10. maí 1978. Nr. 43.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.**

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, uns sönnur eru færðar á að leyfi sé veitt.

2. gr.

Orðin „borist skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

3. gr.

4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 44. 10. maí 1978.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Einar Ágústsson.*

Fylgiskjal.

## SAMNINGUR
milli Lýðveldisins Íslands
og Sambandslýðveldisins Þýskalands
um gagnkvæma aðstoð í tollamálum

Lýðveldið Ísland
og
Sambandslýðveldið Þýskaland,

sem beita sér fyrir því, að tryggt sé, að tollar og önnur inn- og útflutningsgjöld séu rétt álögð og tollalöggjöf sé virt,

sem hafa hugfast, að brot á tollalöggjöfinni skaðar efnahagslega, fjármálalega og viðskiptalega hagsmuni þeirra,

sem eru þess fullviss, að framkvæmd tollalöggjafar og baráttu gegn brotum á henni megi skipuleggja á árangursríkari hátt með samvinnu tollyfirvalda þeirra,

og með tilliti til tilmæla tollasamvinnuráðsins frá 5. desember 1953 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

### 1. gr.
### Skilgreiningar.

1) „Tollalöggjöf" táknar í samningi þessum þau lög og reglugerðir um inn-, út- og gegnumflutning, sem varða tolla og öll önnur gjöld, endurgreiðslu þeirra, bönn, takmarkanir og eftirlit að því er varðar vöruflutninga yfir landamæri.

2) „Tollstjórn" táknar í samningi þessum sambandstollstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands og tolladeild fjármálaráðuneytisins á Íslandi ásamt lægra settum tollyfirvöldum.

### 2. gr.
### Gildissvið.

1) Aðildarríki samnings þessa eru ásátt um að veita hvort öðru gagnkvæma að-

## VERTRAG
zwischen der Republik Island und der Bundesrepublik Deutschland über die gegenseitige Unterstützung in Zollangelegenheiten

Die Republik Island
und
die Bundesrepublik Deutschland,

in dem Bestreben, die genaue Erhebung der Zölle und sonstigen Ein- und Ausgangsabgaben sowie die Einhaltung der Zollgesetze sicherzustellen,

in der Erwägung, dass Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze ihren wirtschaftlichen, fiskalischen und kommerziellen Interessen schaden,

in der Überzeugung, das die Durchführung der Zollgesetze und die Bekämpfung von Zollzuwiderhandlungen durch die Zusammenarbeit ihrer Zollverwaltungen erfolgreicher gestaltet werden können, und

im Hinblick auf die Empfehlung des Rates für die Zusammenarbeit auf dem Gebiete des Zollwesens über gegenseitige Verwaltungshilfe vom 5. Dezember 1953,

sind wie folgt übereingekommen:

### Artikel 1
### Begriffsbestimmungen

1) „Zollgesetze" im Sinne dieses Vertrages sind die Rechts- und Verwaltungsvorschriften über die Ein-, Aus- und Durchfuhr, die sich auf Zölle oder alle sonstigen Abgaben oder Erstattungen oder auf Verbote, Beschränkungen und Kontrollen des grenzüberschreitenden Warenverkehrs beziehen.

2) „Zollverwaltungen" im Sinne dieses Vertrages sind in der Bundesrepublik Deutschland die Bundeszollverwaltung und in der Republik Island die Zollabteilung im Finanzministerium und die ihr unterstellten Zollbehörden.

### Artikel 2
### Anwendungsbereich

1) Die Vertragstaaten kommen überein, sich gegenseitig nach Massgabe der Be-

stoð með fulltingi tollstjórna sinna í samræmi við ákvæði þessa samnings, til þess að tryggja álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda, að haldnar séu reglur um inn-, út- og gegnumflutning, og til þess að koma í veg fyrir, rannsaka og sækja til saka fyrir brot á tollalöggjöf sinni.

2) Innan ramma þessa samnings ber að veita aðstoð

a) í málum, er varða rannsókn, úrskurði og réttargögn í sambandi við tollflokkun, verðmætisákvörðun og önnur veigamikil atriði, sem snerta framkvæmd tollalöggjafar,

b) í málum, sem rísa vegna brota á tollalöggjöfinni, að svo miklu leyti, sem þau falla innan valdsviðs tollyfirvalda í landi því, sem til aðstoðar mælist.

3) Aðstoð innan ramma þessa samnings er veitt í samræmi við lög þess ríkis, sem tilmælum er beint til.

### 3. gr.
### Vöruskrár.

Tollstjórnir í aðildarríkjum samningsins skulu skiptast á skrám um vörur þær, þar sem tollalöggjöfin hefur verið brotin, eða grunur liggur á, að hún sé brotin við inn- eða útflutning.

### 4. gr.
### Eftirlit með flutningatækjum, vörum og einstaklingum.

Tollstjórn annars aðildarríkisins, að fengnum tilmælum frá tollstjórn hins aðildarríkisins, skal innan valdsviðs síns, eins og frekast er unnt, hafa sérlega nákvæmt eftirlit með

a) land-, sjó- og loftflutningstækjum, sem grunur leikur á, að séu notuð við brot á tollalöggjöf hins aðildarríkisins,

b) grunsamlegum flutningi á ákveðnum vörum, sem tollstjórn þess aðildarríkis samningsins sem aðstoðar beiðist

stimmungen dieses Vertrages über ihre Zollverwaltungen Unterstützung zu leisten zur Sicherstellung der Erhebung der Zölle und sonstigen Ein- und Ausgangsabgaben, der Einhaltung der Vorschriften über die Ein-, Aus- und Durchfuhr sowie zur Verhinderung, Ermittlung und Verfolgung von Zuwiderhandlungen gegen ihre Zollgesetze.

2) Unterstützung im Rahmen dieses Vertrages ist zu leisten

a) in Ermittlungs-, Festsetzungs-, Rechtsbehelfs- und Rechtsmittelverfahren im Zusammenhang mit der Tarifierung, Bewertung und anderen für die Durchführung der Zollgesetze wesentlichen Merkmalen;

b) in Verfahren wegen Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze, soweit im ersuchenden Staat die Zollverwaltung dafür zuständig ist.

3) Unterstützung im Rahmen dieses Vertrages wird nach dem Recht des ersuchten Vertragstaates gewährt.

### Artikel 3
### Listen von Waren

Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten tauschen Aufstellungen der Waren aus, von denen bekannt ist oder bei denen der Verdacht besteht, dass sie unter Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze ein- oder ausgeführt werden.

### Artikel 4
### Überwachung von Fahrzeugen, Waren und Personen

Die Zollverwaltung eines Vertragstaates überwacht auf Ersuchen der Zollverwaltung des anderen Vertragstaates, soweit ihr dies möglich ist, in ihrem Zuständigkeitsbereich besonders sorgfältig

a) die Land-, Wasser- und Luftfahrzeuge, bei denen der Verdacht besteht, dass sie zu Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze des anderen Vertragstaatens benutzt werden;

b) den verdächtigen Verkehr bestimmter Waren, die die ersuchende Zollverwaltung eines Vertragstaates als Gegen-

telur að notaðar séu til víðtæks smygls til hins sama ríkis,

c) stöðum, þar sem komið er fyrir óvenjulegum vörubirgðum, sem gefa ástæðu til að ætla, að séu ætlaðar til vöruflutninga, sem ganga í berhögg við tollalöggjöf hins aðildarríkisins,

d) einstaklingum, sem þekktir eru fyrir, eða grunaðir eru um brot á tollalöggjöf hins aðildarríkisins.

stand eines umfangreichen, mit ihm als Bestimmungsland betriebenen Schleichhandels bezeichnet;

c) die Orte, an denen ungewöhnliche Warenlager eingerichtet werden, die vermuten lassen, dass diese Lager dem Zwecke eines Warenverkehrs dienen, der gegen die Zollgesetze des anderen Vertragstaates verstösst;

d) die Personen, von denen bekannt ist oder bei denen der Verdacht besteht, dass sie Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze des anderen Vertragstaates begehen.

### 5. gr.
### Útgáfa vottorða.

Tollstjórnir aðildarríkjanna skulu, ef tilmæli berast, láta gagnkvæmt í té sérhver þau vottorð, sem staðfesta, að ákveðnar vörur, sem fluttar eru út frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, hafi verið fluttar inn á yfirráðasvæði hins aðildarríkisins samkvæmt settum reglum, og greina, ef með þarf, frá tollmeðferð þeirri, sem vörurnar hafa fengið.

### Artikel 5
### Erteilung von Bescheinigungen

Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten erteilen sich gegenseitig auf Ersuchen jede Bescheinigung, durch die bestätigt wird, dass bestimmte Waren, die aus dem Hoheitsgebiet eines Vertragstaates ausgeführt werden, ordnungsgemäss in das Hoheitsgebiet des anderen Vertragstaates eingeführt worden sind, und in der gegebenenfalls das Zollverfahren angegeben wird, zu dem die Waren abgefertigt wurden.

### 6. gr.
### Veiting upplýsinga.

1) Tollstjórnir aðildarríkjanna skulu gagnkvæmt veita að fengnum tilmælum, einkum með sendingu á skýrslum, fundargerðum og vottfestum afritum af skjölum, allar tiltækar upplýsingar

a) um atriði, sem stuðlað geta að því, að nákvæm álagning fáist á tollum og öðrum inn- og útflutningsgjöldum og að tollalöggjöf verði framfylgt,

b) um verknað unninn eða áformaðan, sem stríðir gegn, eða virðist stríða gegn tollalöggjöf þess aðildarríkis, sem aðstoðar beiðist.

2) Tollstjórnir aðildarríkjanna skulu einnig óbeðnar og svo skjótt sem auðið er veita gagnkvæmt allar upplýsingar um brot á tollalöggjöfinni, sem almennt er mikill áhugi fyrir, að barist sé gegn.

### Artikel 6
### Erteilung von Auskünften

1) Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten erteilen sich gegenseitig auf Ersuchen — insbesondere durch Übersenden von Berichten, Niederschriften oder beglaubigten Kopien von Schriftstücken — alle ihnen zur Verfügung stehenden Auskünfte

a) über Umstände, die geeignet sind, die genaue Erhebung der Zölle und sonstigen Ein- und Ausgangsabgaben sowie die Einhaltung der Zollgesetze sicherzustellen,

b) über festgestellte oder geplante Handlungen, die gegen die Zollgesetze des ersuchenden Vertragstaates verstossen oder zu verstossen scheinen.

2) Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten teilen einander auch unaufgefordert so schnell wie möglich alle Auskünfte hinsichtlich der Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze mit, an deren

Snertir þetta einkum þau tollalög aðildarríkis, sem ætlað er að hindra, rannsaka og kæra fyrir dómstólum smygl og ólöglega verslun með ávana- og fíkniefni, vopn, skotfæri og sprengiefni auk hátollavara á borð við áfengi og tóbaksvörur.

3) Tollstjórnir aðildarríkjanna geta í samráði fjölgað tegundum tilgreindra vara í 2. tl. og ákveðið, um hvaða einstaklinga, flutningstæki eða vörumagn beri að veita upplýsingar óumbeðið.

Bekämpfung ein besonders starkes allgemeines Interesse besteht. Dies gilt insbesondere für die Zollgesetze eines Vertragstaates, die die Verhinderung, Ermittlung und Verfolgung des Schmuggels und illegalen Handels mit Suchtstoffen und psychotropen Stoffen, mit Waffen, Munition und Explosivstoffen sowie mit hochsteuerbaren Waren wie Alkohol und Tabakwaren zum Ziele haben.

3) Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten können in gegenseitigem Einvernehmen den Warenkatalog in Absatz 2 erweitern und auch bestimmen, bei welchen Personen, Fahrzeugen oder Warenmengen die unaufgeforderten Auskünfte erteilt werden.

### 7. gr.
### Rannsóknir.

1) Að fengnum tilmælum tollstjórnar annars aðildarríkis samningsins skal tollstjórn hins aðildarríkisins takast á hendur eftirlit, sannreynd eða rannsókn í málum, sem greinir í 2. tl. 2. greinar.

2) Niðurstöður eftirlitsins, sannreyndarinnar eða rannsóknarinnar skal láta í té þeirri tollstjórn, sem til aðstoðar mælist.

### Artikel 7
### Ermittlungen

1) Auf Ersuchen der Zollverwaltung eines Vertragstaates führt die Zollverwaltung des anderen Vertragstaates in Verfahren nach Artikel 2 Abs. 2 Überprüfungen, Feststellungen oder Ermittlungen durch.

2) Das Ergebnis der Überprüfungen, Feststellungen oder Ermittlungen wird der ersuchenden Zollverwaltung mitgeteilt.

### 8. gr.
### Þagnarskylda.

Fyrirspurnir, upplýsingar, tilkynningar og álitsgerðir auk annarra boða, sem berast til aðildarríkis samkvæmt þessum samningi, eru háð þagnarskyldu í samræmi við löggjöf þess ríkis.

### Artikel 8
### Pflicht zur Geheimhaltung

Anfragen, Auskünfte, Anzeigen und Gutachten sowie sonstige Mitteilungen, die nach diesem Vertrag einem Vertragstaat zugehen, unterliegen der Geheimhaltungspflicht nach den gesetzlichen Vorschriften dieses Vertragstaates.

### 9. gr.
### Undantekningar frá aðstoðarskyldu.

1) Telji tollstjórn sú, sem tilmælum er beint til, að það gæti skaðað sjálfstæði lands hennar, öryggi þess, raskað almanna-friði (ordre public) eða skaðað aðra veigamikla hagsmuni ríkisins, ef orðið væri við tilmælunum, getur umrætt ríki neitað að veita aðstoð, að einhverju leyti eða öllu, eða gert aðstoðina

### Artikel 9
### Ausnahmen von der Verpflichtung zur Unterstützung

1) Ist die ersuchte Zollverwaltung der Ansicht, dass die Erledigung des Ersuchens geeignet ist, die Souveränität, die Sicherheit, die öffentliche Ordnung (ordre public) oder andere wesentliche Interessen des ersuchten Vertragstaates zu beeinträchtigen, so kann sie die Unterstützung ganz oder teilweise verweigern

háða því, að ákveðnum skilyrðum eða kröfum verði fullnægt.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 45 000 000. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Um hæfnisskilyrði endurskoðenda skulu gilda sömu reglur og um endurskoðendur í hlutafélögum.

11. gr.

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess.

Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er vátrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum

þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu enda sé slíks þörf til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

12. gr.

Heimilt er að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags. Arður þessi má þó eigi vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé. Aldrei má greiða slíkan arð, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins meiri en arðgreiðslu nemur, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé í bótasjóð, í áhættusjóð, í iðgjaldasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

13. gr.

Í samþykktum gagnkvæms vátryggingarfélags skal skýrt fram tekið, hvernig félagsslitum skuli háttað, sérstaklega hversu fara skuli um hreina eign félagsins við félagsslit.

**Erlend vátryggingarfélög.**

14. gr.

Erlend vátryggingarfélög geta fengið leyfi tryggingamálaráðherra til starfsemi hér á landi.

Slíkt leyfi má því aðeins veita, að félagið hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu og hafi starfað þar á því tryggingasviði í a. m. k. 5 ár.

15. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 35 000 000.

Skal félagið árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

Eigin tryggingasjóður erlends vátryggingarfélags, sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga, skal ávaxtaður sem hér segir:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja.
6. Í fasteignum, sem félagið á allt að 60% af brunabótamatsverði.

Að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, er erlendu vátryggingarfélagi þó heimilt að ávaxta fé tryggingasjóðs á annan hátt.

Félagið skal sjá til þess, að á hverjum tíma séu fyrir hendi hjá því eignir af því tagi, sem hér greinir, og nemi minnst upphæð eigin tryggingasjóðs samanlagt.

16. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur vátryggingarstarfsemi, skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð og aðalumboðsaðilja, sem hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Íslensku vátryggingarfélagi er heimilt að hafa á hendi aðalumboð fyrir erlent vátryggingarfélag.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess hér, og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum, sem stofnast hafa vegna starfsemi þess hér.

Í reglugerð skal ráðherra ákveða, hvaða skýrslum og gögnum slíkt félag skuli árlega skila tryggingaeftirlitinu um starfsemi sína.

**Almenn ákvæði.**

17. gr.

Ársreikningar vátryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ársreikninga skal birta í ársskýrslu tryggingaeftirlitsins, en að auki skal birta meginniðurstöður þeirra í Lögbirtingablaði í því formi, sem tryggingaeftirlitið ákveður í samráði við tryggingamálaráðherra.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá vátryggingarfélögum.

Ef ársreikningur vátryggingarfélags er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félags, getur tryggingaeftirlitið krafist þess, að nýr ársreikningur verði saminn og hann lagður fyrir félagsfund.

18. gr.

Erlend vátryggingarfélög, sem hér starfa, skulu gera reikninga og skýrslur um starfsemi sína hér á landi eftir þeim reglum, sem greinir í 17. gr.

19. gr.

Vátryggingarfélag skal leggja hluta af hagnaði sínum ár hvert í áhættusjóð. Framlag í áhættusjóð ár hvert skal að lágmarki nema 10% en að hámarki 25% af hagnaði ársins. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldstekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra, eftir meðmælum tryggingaeftirlits.

20. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir að flytja tryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, skulu bæði félögin senda tryggingaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt þeim gögnum, sem eftirlitið óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti á nokkurn hátt skaðað vátryggingartaka og vátryggða hjá félögunum.

Tryggingaeftirlitið skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra vegna yfirfærslubeiðninnar.

Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir ráðherra leyfi til færslunnar.

21. gr.

Óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt vátryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart vátryggingartökum þeirra, skulu þau senda um það umsókn til tryggingaeftirlitsins ásamt þeim gögnum, sem eftirlitið óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess, hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra. Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

22. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenskum vátryggingarfélögum eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.

23. gr.

Í nafni vátryggingarfélags skal koma fram að félagið reki vátryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til eða gefa í skyn að vátryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn vátryggingarfélagsins eða skrásett firmamerki þess, skal koma skýrt fram í tilkynningum og öllu prentuðu máli, sem frá félaginu fer. Starfi félag eða annar aðili sem umboðsaðili fyrir vátryggingarfélag, skal koma fram, að um umboð sé að ræða. Erlent vátryggingarfélag, sem hér starfar, má nota nafn aðalumboðsaðilja og komi þá jafnframt fram, að um umboð sé að ræða og nafn hins erlenda vátryggingarfélags.

Sérhver umboðsmaður eða sölumaður, sem hefur með höndum sölu vátrygginga hér á landi, skal bera skilríki útgefin og undirrituð af stjórn eða framkvæmdastjóra þess vátryggingarfélags, sem hann starfar fyrir, er sanni, að hann starfi á þess vegum.

Þegar um erlent vátryggingarfélag er að ræða, skulu skilríkin undirrituð af aðalumboðsmanni félagsins hér á landi.

## Um líftryggingarfélög.

24. gr.

Vátryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 34. gr., senda tryggingaeftirlitinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.

5. Tilkynningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 25. gr.

25. gr.

Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

26. gr.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaeftirliti án óeðlilegrar tafar.

27. gr.

Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs, nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlitsins.

Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabil verði færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju uns jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

28. gr.

Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 24. gr.

29. gr.

Líftryggingasjóður skv. 28. gr. skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af bruna-

bótamatsverði húseigna og mannvirkja og 60% af fasteignamatsverði eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.

7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélög, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

30. gr.

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Þegar líftryggingasjóður er ávaxtaður eins og segir í 1. tl. 1. mgr. 29. gr., skal fé lagt á sérstaka bankabók, sem árituð er sem eign líftryggingasjóðs. Skal með hana farið eins og um verðbréf sé að ræða, sbr. 1. mgr., eftir því sem við getur átt. Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum eða bankabókum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 29. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

31. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr. skal hún þegar í stað taka í sínar vörslur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

32. gr.

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 31. gr., skal tryggingaeftirlitið leita til annarra íslenskra líftryggingarfélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur vátryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

## III. KAFLI
## Um skráningu og tilkynningaskyldu vátryggingarfélaga.

### 33. gr.

Halda skal skrá, vátryggingarfélagaskrá, um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi, og skal hún vera í vörslu tryggingaeftirlitsins.

### 34. gr.

Hvert félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka vátryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

### 35. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega vátryggingarfélag, skal strax tilkynna til vátryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

### 36. gr.

Missi félag rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá.

### 37. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi.

## IV. KAFLI
## Eftirlit með vátryggingarfélögum.

### 38. gr.

Sérstök stofnun, tryggingaeftirlitið, hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra skipar forstöðumann tryggingaeftirlitsins en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að

hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn tryggingamálaráðuneytis og ráðherra.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.

39. gr.

Tryggingaeftirlitið lætur fara fram könnun á hverjum þeim þætti í rekstri vátryggingarfélaga, sem það telur ástæðu til á hverjum tíma. Löggiltum endurskoðendum vátryggingarfélaga er skylt að veita eftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar hjá félögunum, sem það óskar eftir.

Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðanda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 500 000. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 500 000, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðanda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

40. gr.

Félög, sem fá leyfi til vátryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þau ætla að nota.

Hyggist þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, breyta vátryggingarskilmálum sínum eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.

Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptahátt í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga hvort iðgjöld vátrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Vátryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í vátryggingum og að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um að réttar upplýsingar séu gefnar um þær vátryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

41. gr.

Tryggingaeftirlitið skal árlega kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélags á grundvelli ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg eru til þess að slík könnun geti farið fram.

Eigið fé starfandi vátryggingarfélags skal á hverjum tíma nema minnst tilteknu lágmarki, sem reiknað er út eftir nánari reglum, sem tryggingamálaráðherra setur með reglugerð. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarksgjaldþol vátryggingarfélaga, hvernig það skuli reiknað og að hve miklu leyti hlutafé, stofnfé, varasjóðir og annað eigið fé skuli tekið með til útreiknings á gjaldþoli.

Tryggingaeftirlitið skal tilkynna vátryggingarfélagi niðurstöður sínar þegar að lokinni könnun og gefa því kost á að koma að skýringum og athugasemdum við niðurstöðurnar. Að þeim athuguðum skal tryggingaeftirlitið gera tillögur um úrbætur, ef þörf krefur.

42. gr.

Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra, að jafnaði á venjulegum skrifstofutíma.

43. gr.

Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal setja félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

44. gr.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 31. gr.

## V. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

45. gr.

Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu vátryggingargreina.

46. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

47. gr.

Starfsmönnum tryggingaeftirlitsins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags.

48. gr.

Nú rís ágreiningur milli tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd á lögum þessum, og er þá unnt að skjóta þeim ágreiningi til umsagnar nefndar, sem skipuð er af tryggingaráðherra.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarfélaga eða viðkomandi vátryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.

49. gr.

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

50. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 26 18. apríl 1973, um vátryggingarstarfsemi.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

# LÖG

## um embættisgengi kennara og skólastjóra.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I.
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal ein námseining jafngilda fullri námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu einingakerfi skal staðfest af matsnefnd sem menntamálaráðuneytið skipar þannig: Einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin leitar upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á, en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

2. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildir a. m. k. 30 námseiningum, auk annarrar tilskilinnar menntunar sem tilgreind er í öðrum greinum þessara laga, sbr. þó 9. gr.

3. gr.

Kennarar, sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt, skulu fá þessa menntun viðurkennda, sbr. 1. gr., ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans,
b) að fyrir liggi matshæf gögn varðandi námið,
c) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

4. gr.

Nú hefur umsækjandi um kennarastöðu stundað nám við erlenda menntastofnun og leggur fram prófskírteini eða námsvottorð. Leiki vafi á hvort umsækjandi hafi aflað sér þeirrar menntunar sem krafist er til starfsins skal matsnefnd, skv. 1. gr., meta hæfni umsækjandans að því er menntun varðar.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur og skipar kennara, yfirkennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla.

Um meðferð umsókna um stöður við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Þegar um er að ræða sömu stöður við framhaldsskóla skal leita umsagna skólastjóra og/eða skólanefndar.

Í auglýsingum um kennarastöðu skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar eða aldursstig nemenda sem kennara er ætlað að kenna.

6. gr.

Sæki fleiri en einn kennari um sömu stöðu og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

7. gr.

Eigi skal skipa kennara við skóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Sæki enginn um stöðu kennara sem fullnægir ákvæðum þessara laga um menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd telur hæfan.

8. gr.

Til þess að verða skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri, en tvö sé um heimavistarskóla að ræða. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum. Sæki enginn um stöðu skólastjóra sem fullnægir ákvæðum þessarar greinar varðandi menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólanefnd telur hæfan.

9. gr.

Kennarar, sem lokið hafa kennaranámi fyrir gildistöku þessara laga eða hafa verið settir eða skipaðir í kennara- og skólastjórastöðu fyrir sama tíma, halda óskertum réttindum sem þeir hafa nú lögum samkvæmt.

10. gr.

Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd, skv. 1. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara eða skólastjóra skólans enda sé það ekki tekið fram í lögum eða reglugerðum fyrir viðkomandi skóla. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

## II.
## Grunnskóli.

11. gr.

a) Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla, í öðrum greinum en um getur í c-, d- og e-lið þessarar greinar, skal umsækjandi hafa lokið
   1) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
   2) kennaranámi á háskólastigi ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein eða á sérsviði,
   3) öðru jafngildu námi.

b) Kennarar, sem lokið hafa B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands, B.A.-prófi, B.S.-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum og fullnægja einnig skilyrðum 2. greinar, hafa rétt til kennslu í grunnskóla.

c) Sérkennarar afbrigðilegra nemenda á grunnskólastigi skulu auk almennrar kennarmenntunar, sbr. a-lið, hafa lokið fullgildu framhaldsnámi í sérgrein sinni svo sem hér segir:

1) kennarar treglæsra og tornæmra barna 30 námseiningum,
2) talkennarar, blindrakennarar, heyrnleysingjakennarar, kennarar þjálfunar- og hæfingarskóla, kennarar fjölfatlaðra barna og atferlistruflaðra barna 60 námseiningum.

d) Til þess að verða skipaður handmenntakennari, myndíðakennari, tónmenntakennari eða kennari í heimilisfræðum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 námseiningar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

e) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við grunnskóla skal umsækjandi
1) hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum eða
2) öðru jafngildu námi.

12. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við forskóla skal umsækjandi hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, sbr. 11. gr., a-lið. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með menntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

## III.

## Framhaldsskólar.

13. gr.

Til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 60 einingar í sérgrein.

14. gr.

Kennarar, sem hafa lokið B.A.-, B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar. Þó skal umsækjandi með cand. mag.-próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

15. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.:

a) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa
1) lokið námi og fullgildum prófum frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða
2) öðru jafngildu námi.

b) Til þess að verða skipaður kennari í list- og verkmenntagreinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í listaháskóla eða öðrum sérskólum sem jafngildir a. m. k. 90 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.

c) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal umsækjandi
1) a. m. k. hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða, og
2) hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.

d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal umsækjandi
hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og
siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlestir.

e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal umsækjandi fullnægja öðru hvoru eftirfarandi skilyrða:
1) hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða
2) hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnarréttindi, auk starfsreynslu og meistararéttinda.

f) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við hjúkrunarskóla skal umsækjandi
hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða
öðru jafngildu námi.

g) Til þess að verða skipaður kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum í framhaldsskóla, skal umsækjandi hafa lokið hússtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru námi sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

16. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.:

a) Til þess að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

b) Til þess að verða skipaður kennari í myndlistar- og listiðnagreinum við Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal umsækjandi hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, í listaháskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.

c) Til þess að verða skipaður kennari í tónlistargreinum við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík verður umsækjandi að fullnægja þessum skilyrðum:
1) hafa tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfæraleik, söng eða tónfræðum, eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu eða
2) hafa lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (Conservatoire) eða tónlistarháskóla eða
3) hafa sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.

d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum Hótel- og veitingaskóla Íslands skal umsækjandi
hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og
hafa 2 ára starfsreynslu við hótelstörf eða skyldan rekstur.

e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.

17. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur skal umsækjandi hafa

1) lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands, og
2) sérhæft sig til starfsins við stofnun sem menntamálaráðuneytið samþykkir; skal námið jafngilda a. m. k. 60 námseiningum.

Heimilt er að setja kennara með fullgildu kennaraprófi við hlutaðeigandi stofnun (skóla) um eins árs skeið til reynslu, enda sérhæfi hann sig síðan til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75, 28. nóv. 1919.

Lög um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 20, 1. febr. 1936.

Lög um menntun kennara, nr. 16, 12. mars 1947, að því er tekur til 49., 51., 52., 53. og 54. gr.

2. gr., fyrsta málsgrein, laga um Íþróttakennaraskóla Íslands, nr. 65, 29. maí 1972 um réttindi til íþróttakennslu.

18. gr. íþróttalaga, nr. 49, 7. apríl 1956.

6. gr. laga um heyrnleysingjaskóla, nr. 13, 31. mars 1962.

11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22, 3. maí 1972.

11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 1, 2. jan. 1973.

6. gr. laga um Hótel- og veitingaskóla Íslands, nr. 6, 30. mars 1971.

4. gr. laga um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 35, 18. apríl 1962.

10. gr., önnur málsgrein, laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38, 11. maí 1965.

18. gr. laga um Fósturskóla Íslands, nr. 10, 6. apríl 1973.

14. gr., fyrsta málsgrein, laga um menntaskóla, nr. 12, 25. mars 1970, að því er tekur til kennara og skólastjóra.

15. gr. laga um menntaskóla, nr. 12, 25. mars 1970.

18. gr. laga um iðnfræðslu, nr. 68, 11. maí 1966, að undanskildum ákvæðum greinarinnar um stundakennara og erindisbréf kennara og skólastjóra.

Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

# LÖG

## um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skal hann sæta sektum samkvæmt 33. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 36. gr." í 1. málsgr. 17. gr. komi: skal refsa honum samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðanna „skal hann sekur samkvæmt 42. gr." í 1. málsgr. 19. gr. komi: skal refsa honum samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað „dómsmálaráðherra" í 27. gr. komi: heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Í stað „dómsmálaráðherra" í 3. og 4. málsgr. 30. gr. komi: heilbrigðismálaráðherra.

5. gr.

33. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af útsöluverði sambærilegs áfengis hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Brot gegn 3. og 7. gr. varða fangelsi auk sektar, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað, varðar það fangelsi auk sektar. Sama er um brot veitingamanns, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

6. gr.

34. gr. orðist svo:

Gera skal upptækt til ríkissjóðs:

a. Áfengi, sem ólöglega er flutt til landsins.
b. Áfengi, sem skotið er undan innsigli eða vanrækt að skýra frá.
c. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, sbr. 4. mgr. 19. gr.
d. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum.
e. Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum.
f. Áfengi í vörslu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. 21. gr.

7. gr.

35. gr. orðist svo:

Skip, sem áfengi er ólöglega flutt með hingað til lands, sbr. 3. gr., skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Sama gildir um skip, þá er skipstjóri skýrir rangt frá um áfengi, er hann hefur meðferðis, eða dregur að skýra frá áfengisbirgðum, sbr. 4. gr.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um flugvélar eða annan farkost, sem áfengi hefur verið flutt með.

8. gr.

36. gr. orðist svo:

Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun telst brot fullframið, þegar áfengið hefur verið flutt inn í landhelgi.

9. gr.

37. gr. orðist svo:

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyslu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um lyfsala og starfsmenn þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyslu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla.

10. gr.

38. gr. orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum, svo og sviptingu veitingaleyfis um stundarsakir og fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Brot þjónustumanna varða og refsingu samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

39. gr. falli niður.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingastarfsemi, sekur um brot á lögum þessum, og brot á sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, og skal þá auk refsingar svipta hann veitingaleyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

13. gr.

41. gr. falli niður.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Hafi bifreiðastjóri ítrekað gerst sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot margítrekað.

15. gr.

43.—45. gr. falli niður.

16. gr.

46. gr. orðist svo:

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að brotin verði ákvæði 3. gr., 1. málsgr. 6. gr. eða 7. gr., veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og öðrum flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 53. 16. maí 1978.

# LÖG

## um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum þeirra vöruflokka, sem lögin ná til, góða og óskemmda vöru, sem uppfyllir í öllum meginatriðum þær upplýsingar um vöruna, sem seljanda er skylt að gefa.

2. gr.

Eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal starfrækja Fóðureftirlit ríkisins (FR), Áburðareftirlit ríkisins (ÁR) og Sáðvöru eftirlit ríkisins (SR).

Deildarstjóri eftirlitsdeildarinnar sér um daglega framkvæmd eftirlitsins og rekstur undir stjórn forstjóra Rala.

3. gr.

Til aðstoðar eftirlitsdeildinni eru þrjár ólaunaðar nefndir:

1. Fóðurnefnd þannig skipuð:
Búfjárræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, fóðursérfræðingur tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralæknir tilnefndur af yfirdýralækni.
2. Áburðarnefnd þannig skipuð:
Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.
3. Sáðvörunefnd þannig skipuð:
Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.

4. gr.

Starfssvið nefndanna skal vera:

1. Gefa sérfræðilegar álitsgerðir í tjónamálum um þau efni, sem lög þessi taka til, sbr. 26. gr.
2. Vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlitsins í heild.
3. Gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingar á reglugerð um eftirlitið þegar ástæða þykir til.

5. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn eftirlitsdeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir aðilum, sem eftirlitsskylda nær til, né sitja í stjórn eftirlitsskyldra fyrirtækja.

6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur hvenær sem er bannað innflutning einstakra vörutegunda, sem lögin ná til, ef þær að dómi eftirlitsdeildar eru skaðlegar eða með öllu gagnslausar við íslenskar aðstæður. Einnig getur landbúnaðarráðuneytið bannað eða takmarkað innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskrar framleiðslu.

7. gr.

Skylt er þeim, sem versla með vörur, sem lögin ná til, að láta fylgja vörum sínum þær upplýsingar, sem eftirlitsdeild (ED) ákveður hverju sinni eða ákveðnar eru í reglugerðum. ED gefur út staðla um eftirlitsskyldar vörutegundir í samráði við sérfræðinga Rala og Búnaðarfélags Íslands, þar sem því verður við komið, og getur landbúnaðarráðuneytið bannað framleiðslu og verslun með vörutegundir, sem ekki eru innan staðals.

8. gr.

ED Rala skal taka sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir. Starfsmenn ED skulu hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum, hvar og hvenær sem þeir óska þess.

9. gr.

Eftirlitsdeild skal nota almennt viðurkenndar rannsóknaraðferðir við rannsóknir sínar. Þegar sýni hefur verið rannsakað samkv. 8. gr. skulu hlutaðeigandi aðila tilkynntar niðurstöðurnar skriflega.

10. gr.

Eftirlitsdeild skal birta opinberlega niðurstöður tekinna sýna eins oft og þurfa þykir. Víki niðurstöður rannsókna meira frá tilgreindum mörkum en leyft er sam-

kvæmt reglugerð, er eftirlitsdeildinni heimilt að stöðva sölu á vörunni og grípa til þeirra ráða, sem að hennar dómi koma í veg fyrir tjón.

11. gr.

Seljanda eftirlitsskyldrar vöru er skylt að bæta kaupendum það tjón, sem þeir hafa sannanlega orðið fyrir vegna þess að varan hefur ekki verið í samræmi við upplýsingar og ábyrgð seljanda og reglur eftirlitsdeildarinnar.

Í reglugerð skulu vera nánari reglur um bótaskyldu, einnig um bótaskyldu vegna geymsluskemmda er fram kunna að koma.

12. gr.

Innflytjandi fóðurvöru og sáðvöru skal í hvert sinn er hann hefur ákveðið innflutning á eftirlitsskyldri vöru tilkynna eftirlitsdeildinni:

1. Nafn framleiðanda/seljanda ásamt þeim upplýsingum sem hann kann að hafa um vöruna.
2. Heildarmagn sendingar og magn hverrar einstakrar tegundar og hlutfallslega samsetningu ef um blandaða vöru er að ræða.
3. Uppskipun er því aðeins heimil að innflytjandi hafi fullnægt fyrrgreindri tilkynningarskyldu til eftirlitsdeildarinnar.

## II. KAFLI
## Um fóðureftirlit.

13. gr.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess, að skírskotað er til óviðkomandi mála, og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök, sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

### 28. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það, sem í té er látið og lög þessi taka til, þannig úr garði gert, að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t. d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu, sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar, þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið.

### 29. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa, að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

### 30. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar eða rekur atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

### 31. gr.

Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem látið er í té og lög þessi taka til, að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það, sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það, sem í kaupbætinum felst, sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

32. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis, sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

33. gr.

Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því, sem í té er látið og lög þessi taka til, að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta, hver niðurstaðan verður.

Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

34. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars eða þann, sem kemur fram á hans vegum, með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt, sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt, eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt, sem greinir í 1. mgr., og eiga þá ákvæði 1. mgr. við, ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

35. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi, er lög þessi taka til, að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá, sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því, að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim, sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar, er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.—3. mgr. greinar þessarar, og er atvinnurekendum þá óheimilt að færa sér það í nyt.

36. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt, að greinilegt sé með verðmerkingum, hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

37. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið og lög þessi taka til, er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga svo og erlend ríkisskjaldarmerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

38. gr.

Samkeppnisnefnd getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið. Févíti má innheimta með lögtaki.

39. gr.

Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

40. gr.

Bann samkvæmt 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfelli að sækja ekki um bann, getur sá gert það, sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða annað, sem í té er látið og lög þessi taka til, og málið snertir eða samtök þeirra, sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

41. gr.

Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

42. gr.

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

43. gr.

Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26.—27. gr., getur verðlagsstofnun lokið með sátt, ef það er ekki mikilvægt.

Sáttin felst í því, að fyrir þann, sem talinn er hafa unnið verk, sem fellur undir 26. eða 27. gr., eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrirmæli um bann að viðlögðu févíti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun samkeppnisnefndar samkvæmt 38. gr. Viðurkenning, sem gerð er eftir að sá tími er liðinn, sem til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

## VI. KAFLI
## Almenn ákvæði.

45. gr.

Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Enn fremur getur

verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

46. gr.

Hafi fyrirtæki hagnast af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar eða verðlagsstofnunar, getur verðlagsráð ákveðið, að hagnaður umfram þann, sem til var ætlast, komi til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

## VII. KAFLI
## Meðferð og áfrýjun mála.

47. gr.

Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir verðlagsráð og samkeppnisnefnd. Greinargerðum skal skilað til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún ákveður.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

Fundir verðlagsráðs og samkeppnisnefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

48. gr.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun samkeppnisnefndar og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar.

49. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta 5 000—20 000 kr. dagsektum.

Verðlagsráð ákveður dagsektir og má innheimta þær með lögtaki.

50. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

## VIII. KAFLI
## Birting.

51. gr.

Þær ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, svo og athuganir samkvæmt ákvæðum 13. gr. skulu birtar á þann hátt, sem ákveða skal með reglugerð. Enn fremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem verðlagsstofnun berast samkvæmt 14. gr.

Áður en niðurstöður athugana samkvæmt ákvæðum 13. gr. eru birtar, skulu þær kynntar samtökum hlutaðeigandi aðila.

## IX. KAFLI
### Refsiákvæði, gildistaka o. fl.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga.

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða löggildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

53. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Um kvaðningu sérfróðra meðdómenda gilda almennar reglur.

Hraða skal eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögum þessum. Héraðsdómarar skulu án tafar tilkynna verðlagsstofnuninni málalok samkvæmt 112.—114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu, ef vara hefur verið verðmerkt og jafnframt boðin til sölu í neytendaumbúðum með hærra verði en magn hennar heimilar, þótt ekki sé sönnuð sala hennar.

54. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau eru staðfest og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a) Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.
b) Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.
c) 10. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.
d) Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.
e) Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.
f) Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.
g) Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.
h) Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.
i) Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

20. maí 1978. Nr. 57.

# LÖG

## um heilbrigðisþjónustu.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.

1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

## I. KAFLI
## Yfirstjórn.

2. gr.

2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.

2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.

Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.

3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð lækna, heilbrigðisstofnana, innheimtir þær og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við deildir ráðuneytis.

3.3. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Ráðherra skipar aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.

3.4. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og

Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Landlæknir er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: Læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefna tvo menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar. Ráðið skal starfa án þóknunar.

5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.

5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

5.4. Ráðið skal hafa heimild til að ráða sér ritara og leita álits sérfræðinga á einstökum málum. Kostnaður við starf ráðsins skal greiddur úr ríkissjóði.

## II. KAFLI

### Um læknishéruð og heilbrigðismálaráð.

6. gr.

6.1. Landið skiptist í læknishéruð sem hér segir:

6.1. 1. Reykjavíkurhérað, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.

6.1. 2. Reykjaneshérað, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

6.1. 3. Vesturlandshérað, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

6.1. 4. Vestfjarðahérað, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

6.1. 5. Norðurlandshérað vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

6.1. 6. Norðurlandshérað eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.

6.1. 7. Austurlandshérað, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

6.1. 8. Suðurlandshérað, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfosskaupstað.

6.2. Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn; í Reykjavík borgarlækni.

7. gr.

7.1. Í hverju héraði skal starfa heilbrigðismálaráð.

7.2. Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað að héraðslæknir er formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, og skal hver slík stofnun jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins. Í Reykjavík kýs borgarstjórn 7 fulltrúa óbundinni kosningu, en stjórnir heilbrigðisstofnana ríkisins og einkaaðila tilnefna fulltrúa frá hverri stofnun.

7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:

7.3.1. Stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og sveitarstjórna.

7.3.2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.

7.3.3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.

7.4. Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða að fengnum tillögum landlæknis.

8. gr.

8.1. Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina, er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.

8.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

9. gr.

9.1. Kostnaður, annar en launa- og ferðakostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða, greiðist úr ríkissjóði.

9.2. Kostnaður heilsugæslulækna vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.

9.3. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnu áliti landlæknis og viðkomandi heilbrigðismálaráðs, ákvæði um starfsaðstöðu héraðslæknis svo og starfslið.

10. gr.

10.1. Um laun heilsugæslulækna, sem jafnframt eru héraðslæknar, fer eftir launasamningum fjármálaráðuneytis og L.Í. á hverjum tíma.

## III. KAFLI

### Um heilsugæslu.

11. gr.

11.1. Heilsugæsla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

12. gr.

12.1. Setja skal á stofn heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.

12.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.

12.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæslustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.

12.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæslustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins)

fyrir sjúkrahús, sbr. 33. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

13. gr.

13.1. Heilsugæslustöðvar geta verið með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H 2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H 1), þar sem starfar einn læknir ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð.

Heilsugæslustöð (H), þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur móttöku sjúklinga reglubundið. Heilsugæslustöð (H) skal stjórnunarlega heyra undir næstu heilsugæslustöð 1 eða heilsugæslustöð 2.

Ráðherra getur ákveðið að læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir hafi reglulega móttöku á stað utan heilsugæslustöðva, sé aðstaða til þess að mati héraðslæknis og landlæknis.

13.2. Starfslið heilsugæslustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.

13.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkvæmt 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæslustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

Ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð.

14. gr.

14.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæsluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

14.2. **REYKJAVÍKURHÉRAÐ.**

Staðarval heilsugæslustöðva og fyrirkomulag um samvinnu stöðva innan héraðsins verði ákveðið af borgarstjórn í samráði við héraðslækni og staðfest af ráðherra.

14.3. **VESTURLANDSHÉRAÐ.**

**1. Akranesumdæmi.**

1) Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.

**2. Borgarnesumdæmi.**

1) Borgarnes H 2, starfssvæði Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur.
2) Kleppjárnsreykir H.

**3. Ólafsvíkurumdæmi.**

1) Ólafsvík H 2, starfssvæði Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur.
2) Hellissandur H.

### 4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H 2, starfssvæði Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur og Eyrarsveit.
2) Grundarfjörður H.
3) Búðardalur H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.

## 14.4. VESTFJARÐAHÉRAÐ.

### 1. Patreksfjarðarumdæmi.

1) Patreksfjörður H 2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur.
2) Bíldudalur H.

### 2. Ísafjarðarumdæmi.

1) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur.
2) Suðureyri H.
3) Súðavík H.
4) Reykjanesskóli H.
5) Þingeyri H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
6) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
7) Bolungarvík H 1, starfssvæði Bolungarvíkurkaupstaður.

### 3. Hólmavíkurumdæmi.

1) Hólmavík H 1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur, Bæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur.
2) Árnes H.
3) Reykhólar H.

## 14.5. NORÐURLANDSHÉRAÐ VESTRA.

### 1. Hvammstangaumdæmi.

1) Hvammstangi H 2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.

### 2. Blönduósumdæmi.

1) Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
2) Skagaströnd H.

### 3. Sauðárkróksumdæmi.

1) Sauðárkrókur H 2, starfssvæði Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
2) Hofsós H.

### 4. Siglufjarðarumdæmi.

1) Siglufjörður H 2, starfssvæði Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur.

## 14.6. NORÐURLANDSHÉRAÐ EYSTRA.

### 1. Dalvíkurumdæmi.

1) Dalvík H 2, starfssvæði Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur.
2) Hrísey H.
3) Ólafsfjörður H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.

### 2. Akureyrarumdæmi.

1) Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaðar, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur.
2) Grenivík H.

### 3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H 2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur, Skútustaðahreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H 1.

### 4. Þórshafnarumdæmi.

1) Þórshöfn H 1, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.
2) Raufarhöfn H 1, starfssvæði Raufarhafnarhreppur.

## 14.7. AUSTURLANDSHÉRAÐ.

### 1. Egilsstaðaumdæmi.

1) Egilsstaðir H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.

2) Borgarfjörður eystri H.
3) Seyðisfjörður H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.
5) Bakkafjörður H, starfssvæði Skeggjastaðahreppur.

### 2. Norðfjarðarumdæmi.

1) Neskaupstaður H 2, starfssvæði Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
2) Eskifjörður H 1, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.
3) Reyðarfjörður H.
4) Fáskrúðsfjörður H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
5) Stöðvarfjörður H.

### 3. Hafnarumdæmi.

1) Höfn H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
2) Djúpivogur H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
3) Breiðdalsvík H.

## 14.8. SUÐURLANDSHÉRAÐ.

### 1. Víkurumdæmi.

1) Vík í Mýrdal H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
2) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftaversshreppur.

### 2. Rangárvallaumdæmi.

1) Hvolsvöllur H 1, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur.
2) Hella H 1, starfssvæði Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.

### 3. Árnesumdæmi.

1) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur.
2) Laugarvatn H.
3) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur.
4) Eyrarbakki H.
5) Hveragerði H 2, starfssvæði Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
6) Þorlákshöfn H.

4. Vestmannaeyjaumdæmi.

1) Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

14.9. REYKJANESHÉRAÐ.

1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður, Miðneshreppur og Gerðahreppur.
2) Grindavík H.
3) Sandgerði H.
4) Gerðar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

1) Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Vatnsleysustrandarhreppur og Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) Garðabær H 2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

3. Kópavogsumdæmi.

1) Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.

4. Mosfellsumdæmi.

1) Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

5. Seltjarnarnesumdæmi.

1) Seltjarnarnes H 2, starfssvæði Seltjarnarneskaupstaður.

14.10. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið, skal heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

14.11. Þar sem tveir læknar eða fleiri eru starfandi á heilsugæslustöð getur ráðherra ákveðið að fengnum tillögum landlæknis og heilbrigðisráðs að einn þeirra skuli hafa tímabundna búsetu á heilsugæslustöð (H) í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðslæknis, og sérstök staðarleg rök mæli með slíkri skipan.

15. gr.

15.1. Flokkun stöðva samkv. 14. gr. er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

16. gr.

16.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæslustöðva, svo sem rakið er í 14. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæslustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

17. gr.

17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til starfa við heilsugæslustöðvar. Þær skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.

17.2. Stefnt skal að því að hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum hafi sérmenntun í heilsuvernd, ljósmóðurfræði eða öðru framhaldsnámi hjúkrunarfræðinga.

17.3. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil, að heilbrigðismálaráð telji þess þörf.

17.4. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um réttindi þeirra og skyldur.

18. gr.

18.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.

18.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.

18.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæslustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 18.1.

19. gr.

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á svo sem hér segir:

1) Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
2) Lækningarannsóknir.
3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.
4) Hjúkrun í heimahúsum.
5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
   5.1. Mæðravernd.
   5.2. Ungbarna- og smábarnavernd.
   5.3. Heilsugæsla í skólum.
   5.4. Berklavarnir.
   5.5. Kynsjúkdómavarnir.
   5.6. Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
   5.7. Sjónvernd.
   5.8. Heyrnarvernd.
   5.9. Heilsuvernd aldraða.
   5.10. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
   5.11. Félagsráðgjöf.
   5.12. Umhverfisheilsuvernd.
   5.13. Atvinnusjúkdómavarnir.

Ráðherra getur ákveðið að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu á heilsugæslustöð.

19.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæslustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og annað sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfshættu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við landlækni og hlutaðeigandi heilbrigðismálaráð.

19.3. Ráðherra setur læknum, sem starfa á heilsugæslustöð, erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

20. gr.

20.1. Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist að jöfnu af hvorum aðila, ríkissjóði og sveitarfélögum.

20.2. Ráðherra setur gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

21. gr.

21.1. Stjórn heilsugæslustöðva, H 1 og H 2, skal þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 30. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

21.3. Séu tveir eða fleiri læknar á heilsugæslustöð, skal stofna læknaráð. Formaður þess er jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar.

22. gr.

22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.

b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

## IV. KAFLI
## Um sjúkrahús.

23. gr.

23.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

24. gr.

24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Sværðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.

4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæslustöð eða annars staðar sem eingöngu er ætlað til gæslu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

24.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 24.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

25. gr.

25.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahús er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 24. greinar.

26. gr.

26.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

26.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

27. gr.

27.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 26. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

28. gr.

28.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

29. gr.

29.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 24. gr. skal starfa sérstakur yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri.

29.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og hjúkrunarstjórar deilda. Yfirlæknir (forstöðumaður) sérdeildar ber ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Hann skal hafa eftirlit með starfsemi deildarinnar og stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru til andsvara stjórn sjúkrahússins um öll málefni, er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir.

29.3. Formaður læknaráðs svæðis- og deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður þess en í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og sjúkrahússtjórn og læknaráð sjúkrahússins hins vegar.

29.4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

## 30. gr.

30.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32.3. gr., tilnefnir 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.

30.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.

30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama máli gegnir um annað starfslið er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

30.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.

30.5. Sjúkrahússtjórnir skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 4 ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.

## 31. gr.

31.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæslustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu áliti innan sex vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.

31.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., og stjórnarnefndar, sbr. 30.1., sbr. þó 21. gr. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.

31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr. Þó þarf ekki að leita þeirrar umsagnar ef reglur sjúkrahúss kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækni deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma.

31.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

31.5. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs og viðkomandi sjúkrahússtjórnar. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

32. gr.

32.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.

32.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.

32.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

32.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.

33. gr.

33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi heilbrigðismálaráð, landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva. Áætlun skal gera til 5 ára og endurskoðast árlega og færast fram við gerð fjárlaga.

34. gr.

34.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 33. gr.

34.2. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma og annast rekstur á heilbrigðisstofnunum í samræmi við ákvæði þessara laga.

Ráðherra getur ákveðið að ríki og sveitarfélag eða sveitarfélög reki heilbrigðisstofnun í sameiningu þyki slíkt henta. Ráðherra getur gert samkomulag við aðra aðila um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.

34.3. Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað samkvæmt 34.2., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga en greiða viðhald fasteigna og tækja að jöfnu.

35. gr.

35.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

## V. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 36. gr.

36.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbót á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

### 37. gr.

37.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknastofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

37.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

### 38. gr.

38.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum. Í stjórn líknarfélaga, er þiggja styrk frá ríkissjóði og reka heilbrigðisþjónustu, skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann.

38.2. Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

### 39. gr.

39.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.

39.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

### 40. gr.

40.1. Heimilt er ráðuneytinu, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum og læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

### 41. gr.

41.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

41.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

41.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

41.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

42. gr.

42.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 56/1973.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Ljóst er að uppbygging heilsugæslustöðva samkv. lögum þessum mun taka langan tíma og verða missnemma á ferð á ýmsum stöðum.

   Nú eru staðir þar sem ekki hafa enn verið reistar slíkar heilsugæslustöðvar en til staðar eru læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið, sem taki laun hjá ríki, en eru reknar af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum á staðnum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um. Telji ráðuneytið þessar stöðvar og starfsemi þeirra fullnægjandi sem bráðabirgðalausn þar til heilsugæslustöð fyrir svæðið hefur verið reist í samræmi við lög þessi skulu þær njóta viðurkenningar og fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðins, sérlærðs fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu, og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.
2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgert er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæslustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda er heimilt að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæslustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1965, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Matthías Bjarnason.*

# LÖG

## um Þjóðleikhús.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna og einn samkvæmt tilnefningu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri Þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiriháttar ákvarðanir er stofnunina varða.

6. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 13. gr., að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna.

7. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

8. gr.

Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raði niður á æfingum og æfingatímum, skipuleggi leikferðir innanbæjar og utan og annist önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

10. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Skulu bókmennta- og leiklistarráðunautur og listdansstjóri vera í fullu starfi, en starf tónlistarráðunauts skal vera ⅓ af fullu starfi.

11. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal leitast við, að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

12. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félaga, sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda allt að einu ári.

13. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

14. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

15. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

16. gr.

Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp öðru leiksviði, svo mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga, og leysi það þá af hólmi bráðabirgðasvið það sem komið hefur verið upp í veitingasal leikhúskjallara.

17. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

18. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til. Eigi skal ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

19. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86, 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

20. maí 1978. Nr. 59.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Orðið „fæðingarstyrks“ í 10. gr. falli niður.
16. gr. laganna falli niður.

3. gr.

25. gr. laganna orðist svo:
Framlagi atvinnurekenda, sbr. 20. gr., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 29. gr., með iðgjaldi, reiknuðu sem hundraðshluta af greiddum launum. Nær gjaldskylda til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum, skal meta þau til peninga eftir sömu reglum og gilda um launaskatt. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Við f-lið 29. gr. laganna bætist:
Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:
Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr., skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 30. gr. standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal með reglugerð ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra, sem getur í f-lið 29. gr.
Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár, að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

Iðgjald af launþegum, sbr. a-lið 29. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum, eins og þau eru skilgreind í 25. gr. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, vélsleða, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.

Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau, sem nefnd eru í 3. og 4. málsgr., skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.

6. gr.

Í stað b-liðar 1. málsgr. 39. gr. laganna komi þrír stafliðir, er orðist svo:

b. Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.
c. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
d. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun.

Stafliðir c-f í 1. málsgr. 39. gr. verði stafliðir e-h, og aftan við málsgreinina bætist: Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja, samkv. stafliðum b—d. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

7. gr.

Á eftir orðinu „sjúkrahúsi“ í 1. málsgr. 42. gr. laganna komi „þ. á m. fæðingarstofnun“.

8. gr.

Í stað stafliða f-h í 1. málsgr. 43. gr. laganna komi stafliðirnir f-j, er orðist svo:

f. Við fæðingu í heimahúsum, kostnað vegna aðstoðar ljósmóður, ákveðinn með þeim hætti, sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.
g. Tannlækningar samkvæmt 44. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.

i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast ¾ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar.

Í stað 3. og 4. málsgr. 43. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða, með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar, hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

9. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, veitta af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við, greiða sjúkrasamlög svo sem hér segir:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6—15 ára 50% af kostnaði við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerðir og tannréttingar, en 37.5% af þessum aðgerðum. Sveitarfélögum skal skylt að leggja fram jafnmikið á móti. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglinga 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 75% kostnaðar við tannréttingarmeðferð, sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára, þar til meðferð er lokið.

   Heimilt er að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglingi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda sé tryggingayfirlækni gerð grein fyrir því, þegar þörfin kemur upp eða a. m. k. áður en unglingurinn verður 17 ára, að rétt sé að fresta aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykki það.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

   Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%.

   Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.

10. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlag greiðir sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur, sé um þær að ræða, falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verði að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en 3 mánuði.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. í 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, er óvinnuhæfni er staðreynd af lækni.

Fullir dagpeningar skulu nema kr. 1 647 fyrir einstakling og kr. 448 fyrir hvert barn á framfæri innan 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Fullra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður launaða vinnu, sem nemur minna en heils dags vinnu, en a. m. k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna, sem nemur minna en hálfs dags starfi, greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálf-

um dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema fjórðungi fullra dagpeninga, að viðbættum ¾ hlutum sannaðra greiðslna fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum, er tilgreini vinnutíma, greidd laun og nafnnúmer viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. — Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki fjórðung dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda, samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu samkv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í 3 mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða, hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu 2 mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót, sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

11. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 25. og 36. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 68 1971, og skulu ákvæði 40.—43. gr. þeirra laga gilda um iðgjöld eftir því, sem við á. Þó skulu iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár.

Í reglugerð samkvæmt 4. málsgr. 36. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

12. gr.

66. gr. laganna falli niður.

13. gr.

1. málsgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 65. gr. um iðgjöld af ökumönnum bifreiða og ákvæði næstu málsgreina hér á eftir. Ákvæði laga nr. 68 1971, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda, svo og um innheimtu framlags sveitarfélaga til sjúkrasamlaga.

14. gr.

2. málsliður 1. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 2. málsgr. 36. gr.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu iðgjalda gjaldárið 1979 vegna gjaldstofna ársins 1978.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Við gildistöku laga þessara skulu höfuðstólsandvirði slysalífeyris og annað fé slysatrygginga renna til varasjóðs slysatrygginga. Úr þeim sjóði skal síðan inna af hendi eingreiðslur og greiðslur sjúkrahjálpar vegna bótaskyldra slysa, sem orðið hafa fyrir árslok 1978, svo og lífeyris og dagpeninga vegna tímabils fyrir árslok 1978.
2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri 75% öryrkja sem hafa vinnugetu, en nýtast ekki á vinnumarkaðinum, og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur lífeyristrygginga. Meðan vinnusamningurinn stendur greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnunin endurgreiðir:

75% af þeim launum sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið,
50% af þeim launum sem hann fær greidd annað starfsárið, og
25% af þeim launum sem hann fær greidd þriðja starfsárið og telst þá samningstímabili lokið.

Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

16. maí 1978. Nr. 60.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.**

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svo hljóðandi:
Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í 3. tölulið.
Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.

Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hverrar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefnda“ í 2. málsgr. komi: jarðanefnda.

8. gr.

Við 39. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsgr. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972, um orlof húsmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí.

Orlofsnefndum er heimilt að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef þörf krefur.

Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Jafnframt fellur úr gildi III. kafli laga nr. 94 30. desember 1975, um breyting á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

20. maí 1978. Nr. 62.

# LÖG

## um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Íslenskum stjórnmálaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum. Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu.

**2. gr.**

Lög þessi taka til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða, og einnig til blaða og tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félagasamtaka.

3. gr.

Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

4. gr.

Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að tíu milljónum króna.

Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Einar Ágústsson.*

**Stjórnartíðindi A 7, nr. 35—62. Útgáfudagur 6. júní 1978.**

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1978

24. maí 1978. 315 Nr. 63.


## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum til þess að tryggja hag þeirra, sem lægst laun hafa, og greiða þannig fyrir lausn á vinnudeilu þeirri, er nú stendur milli samtaka launþega og vinnuveitenda og valda mun alvarlegri röskun á framleiðslustarfsemi í landinu og þjóðinni tekjutapi, ef ekki leysist. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

**1. gr.**

2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal frá 1. júní 1978 greiða fullar verðbætur skv. ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun þeirra launþega, sem hafa 115 000 krónur eða lægri laun á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við verðbótavísitölu þá, er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978. Á dagvinnulaun, sem hærri eru, skal greiða sömu verðbætur að krónutölu og greiða skal skv. kjarasamningum á laun, sem voru 115 000 krónur á mánuði skv. framansögðu, enda nemi verðbætur skv. 1. gr. eigi hærri fjárhæð. Verðbætur skv. þessari gr. umfram verðbætur skv. 1. gr. nefnast verðbótaviðauki og greiðast eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu og teljast hvorki til kauptaxta né reiknitalna ákvæðisverka.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar þar á meðal hvaða greiðslur skuli telja til dagvinnulauna, hvernig fara skuli með kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, og með hvers konar álög og kaupauka hverju nafni sem nefnast, einnig um vaktavinnulaun og laun fyrir tímamælda ákvæðisvinnu verkafólks og iðnverkafólks og aðra ákvæðisvinnu og um uppgjörstíma fyrir verðbótaviðauka.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1978.

*Gjört í Reykjavík 24. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Geir Hallgrímsson.*


**Stjórnartíðindi A 8, nr. 63. Útgáfudagur 24. maí 1978.**

A 40*

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1978

Nr. 64. 316 18. maí 1978.

## LÖG

**um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 65. 16. maí 1978.

## LÖG

**um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 600 000“ í 2. mgr. komi: kr. 1 200 000.

c. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Í stað „1.25%“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1‰.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

18. maí 1978. Nr. 66.

# LÖG

## um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1976, verði svo hljóðandi:

Lengd almenningsbifreiða til fólksflutninga má vera allt að 13 m miðað við tveggja öxla bifreið. Sé bifreið búin þremur öxlum má lengd hennar vera meiri. Dómsmálaráðherra getur með ákvæðum í reglugerð eða á annan hátt sett reglur um hámarkslengd slíkra bifreiða, ef þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að taka leigu eftir sorpílát, sem sveitarstjórn leggur húseigendum til. Leigugjald skal ákveða í reglugerð og er gjaldið tryggt með lögveðsrétti í húseign leigutaka í tvö ár eftir gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

Nr. 68. 10. maí 1978.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 95 24. des. 1971.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

46. gr. 2. málsgr. laganna orðist svo:

Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

19. maí 1978. Nr. 70.

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 13 31. mars 1962, um heyrnleysingjaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. grein, svo hljóðandi:

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 19. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

# LÖG

## um breyting á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Á eftir 2. málsgr. 40. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir 39. gr.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*



# LÖG

## um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:

Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.

**2. gr.**

Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin:

Skiptameðferð þessari skal þinglýsa.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta" í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*



# LÖG

## um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði en sveitarfélögin 10%.

3. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

4. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið gerir tillögur um einn mann, Tryggingastofnun ríkisins um einn, Samband ísl. sveitarfélaga um einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Heyrnarhjálp einn sameiginlega, Sérkennarafélag Íslands, talkennaradeild einn og Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn.

5. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutunar heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að því er tekur til heyrnartækjameðferðar og heyrnarrannsókna.

6. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

7. gr.

Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skal þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk.

8. gr.

Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Slíkar deildir skulu starfa í samráði við stofnunina í Reykjavík.

9. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

# LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1976.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1976 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

| | Gjöld: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins | 355 064 | 547 525 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 1 200 225 | 1 225 911 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 9 282 787 | 11 392 165 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 732 716 | 917 106 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 2 867 507 | 3 725 084 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 1 366 523 | 2 057 318 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 3 131 121 | 4 535 108 |
| 07 | Félagsmálaráðuneytið | 2 636 435 | 3 227 321 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 19 544 304 | 22 632 976 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 2 768 888 | 2 901 382 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 6 367 505 | 7 945 139 |
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 1 760 895 | 1 638 046 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 5 041 055 | 5 241 558 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 53 017 | 55 379 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 61 138 | 63 808 |
| 15 | Fjárlaga- og hagsýslustofnun | 1 688 071 | 2 401 940 |
| | Mismunur | 1 485 139 | 816 085 |
| | Samtals | 60 342 390 | 71 323 851 |

| | Tekjur: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 11 | Skattar | 59 627 686 | 70 164 826 |
| 12 | Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings | 198 464 | 245 509 |
| 13 | Ýmsar tekjur | 516 240 | 913 516 |
| | Mismunur | | |
| | Samtals | 60 342 390 | 71 323 851 |

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

# FJÁRAUKALÖG

## fyrir árið 1976.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1976 er veitt:

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi | 34 381 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 25 686 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 2 109 378 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 184 390 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 857 577 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 690 795 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 1 403 987 |
| 07 | Félagsmálaráðuneytið | 590 886 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 3 088 672 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 132 494 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 1 577 634 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 200 503 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 2 362 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 2 670 |
| 15 | Fjárlaga- og hagsýslustofnun | 713 869 |
| | Samtals | 11 615 284 |

*Gjört í Reykjavík 17. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

Nr. 77. 10. maí 1978.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Lokaorð 2. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. málsgr. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

10. maí 1978. Nr. 78.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsliður 3. gr. orðist svo: Heimild þessi gildir til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

10. maí 1978. Nr. 79.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

37. gr. 1. málsgr. 2. málsliður laganna orðist svo:

Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á

varnarþingi fasteignar eða skrásetts skips, og hennar skal getið á verslanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verslanaskrá.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 80. 16. maí 1978.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

Forseti Íslands
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

Nr. 81. 18. maí 1978.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

Forseti Íslands
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Össuri Guðbjartssyni eyðijörðina Kollsvík í

Rauðasandshreppi á því verði sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

18. maí 1978. Nr. 82.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.**

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:
   a. Regla 3 b orðist svo:
      b. Blöndur, samsettar vörur, úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður (sett), sem eigi verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir þær, enda verði slíku mati komið við.
   b. Regla 3 c orðist svo:
      c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan skal telja þær til þess tollskrárnúmers sem síðast er þeirra tollskrárnúmera sem að jöfnu koma til álita.
2. Á 4. kafla:
   Athugasemd 1 við 4. kafla orðist svo:
   1. Til mjólkur telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, hleypt mjólk, kefír, jóghúrt og önnur gerjuð eða sýrð mjólk.
3. Á 5. kafla:
   a. Athugasemd 1 b við 5. kafla orðist svo:
      b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim er teljast til nr. 05.05 eða 05.07, og afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum er teljast til nr. 05.15 (41. eða 43. kafli).
   b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 1 d við 5. kafla komi: (nr. 96.01)
   c. 05.06 falli brott.
   d. 05.09 orðist svo:

| | |
|---|---|
| 05.09 | Fílabein, skjaldbökuskeljar, horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskíði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og skíðishár og úrgangur frá þessum vörum |

e. 05.10 falli brott.
f. 05.11 falli brott.

4. Á 7. kafla:
Í stað svigans „(nr. 11.03)“ í athugasemd c við 7. kafla komi: (nr. 11.04).

5. Á 10. kafla:
Athugasemd við 10. kafla orðist svo:
Til kaflans telst aðeins korn sem hvorki hefur verið afhýtt né unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður, hálfsoðinn eða efnabættur ris og brotris.

6. Á 11. kafla:
a. Í stað tilvitnunar „21.01“ innan sviga í athugasemd 1 a við 11. kafla komi: 21.02.
b. 11.02 ásamt undirliðum og skiptiliðum orðist svo:
11.02 Grjón úr korni og annað unnið korn (t. d. valsað, flatt út, fágað, kurlað eða afhýtt en ekki frekar unnið), þó ekki ris sem telst til nr. 10.06; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:
10 — Hveitigrjón
— Önnur grjón úr korni:
21 — — Maís, kurlaður
29 — — Annars
— Annað unnið korn, (þó ekki mjöl og grjón), t. d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt, en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:
— — Úr höfrum:
31 — — — Í smásöluumbúðum 5 kg og minna
32 — — — Í öðrum umbúðum
39 — — Annars
c. 11.03 falli brott.
d. 11.04 orðist svo:
11.04 Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum sem teljast til nr. 07.05 eða úr ávöxtum sem teljast til einhvers númers í 8. kafla; mjöl og grjón úr sagó og rótum og rótarhnýðum sem teljast til nr. 07.06
e. 11.06 falli brott.

7. Á 12. kafla:
a. Á eftir orðinu „umfeðmingsgrasi“ í athugasemd 2 við 12. kafla komi: (þó ekki af tegundinni vicia faba).
b. 12.05 falli brott.
c. 12.08 orðist svo:
12.08 Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar; Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.

8. Á 13. kafla:
a. Fyrirsögn 13. kafla orðist svo:
Jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu.
b. Í stað svigans „(nr. 19.01)“ í athugasemd b við 13. kafla komi: (nr. 19.02)
c. Í stað svigans „(nr. 33.05)“ í athugasemd h við 13. kafla komi: (nr. 33.06)
d. 13.01 falli brott.

9. Á 14. kafla:
   a. Í stað orðanna „Flétti- og útskurðarefni“ í fyrirsögn 14. kafla komi: Fléttiefni.
   b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 4 við 14. kafla komi: (nr. 96.01)
   c. 14.04 falli brott.
10. Á 15. kafla:
   a. 15.09 falli brott.
   b. 15.14 falli brott.
   c. 15.15 orðist svo:
   15.15 Hvalraf (spermacet), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað; býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað
   d. 15.17 orðist svo:
   15.17 Degras; leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- eða dýraríkinu
11. Á 17. kafla:
   a. 17.02 ásamt skiptilið, 01, orðist svo:
   17.02 Annar sykur í föstu formi; síróp án bragð- og litarefna; hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi, brenndur sykur:
   01 — Drúfusykur (glúkósi), án bragð- eða litarefna
   b. 17.03 ásamt skiptiliðum orðist svo:
   17.03 Melassi:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 01 — Til fóðurs ..... | 0 | | 0 | | 0 | |
| 02 — Með bragð- eða litarefnum, ót. a. ..... | 70 | | 70 | | 70 | |
| 09 — Annar ..... | 20 | | 20 | | 20 | |

   c. 17.05 falli brott.
12. Á 19. kafla :
   a. 19.01 falli brott.
   b. 19.02 ásamt nýjum skiptilið, 02, orðist svo:
   19.02 Maltextrakt; vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 02 — Maltextrakt ..... ..... | 25 | 10 | 20 | 5 | 15 | 0 |

   c. 19.06 falli brott.
   d. 19.07 orðist svo:
   19.07 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta; altarisbrauð, hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, ríspynnur og þess konar vörur
13. Á 21. kafla:
   a. Ný athugasemd, e, bætist við 1. athugasemd við 21. kafla og orðist svo:
   e. Tilreidd enzym sem teljast til nr. 35.07.
   b. 21.01 falli brott.

c. 21.02 ásamt nýjum undirlið svo og skiptiliðum orðist svo:

21.02 Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum; brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:

— Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum; brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 11 — — Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim ..... | 34 | 14 | 26 | 7 | 17 | 0 |
| 19 — — Annað ..... | 70 | | 70 | | 70 | |

d. Við nr. 21.07 bætist nýr skiptiliður, 12, er orðist svo:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 12 — Síróp með bragð- eða litarefnum ..... | 70 | | 70 | | 70 | |

14. Á 25. kafla:

a. Á eftir orðunum „Sé ekki annað tekið fram“ í athugasemd 1 við kaflann komi:

... eða sérstaklega tilgreint í 3. athugasemd hér að neðan.

b. Athugasemd 2 g við kaflann orðist svo:

g. Tilbúnir kristallar (þó ekki optískar vörur) úr natríumklóríði eða magnesíumoxydi, 2,5 g að þyngd eða meira hver einstakur kristall (nr. 38.19), og optískar vörur úr natríumklóríði eða magnesíumoxydi (nr. 90.01).

c. Ný athugasemd, 3, bætist við kaflann og orðist svo:

3. Til nr. 25.32 teljast m. a.: jarðlitir, einnig brenndir eða blandaðir innbyrðis; náttúrlegur járngljásteinn; merskúm (einnig í slípuðum stykkjum) og raf; plötur, stengur o. þ. h. sem gert er úr samanlímdu en ekki frekar unnu merskúmi eða rafi; harðkol (jet); náttúrlegt strontíumkarbónat (einnig brennt), þó ekki strontíumoxyd; brotin leirvara.

d. 25.09 falli brott.

e. 25.19 orðist svo:

25.19 Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít); brædd magnesía; glædd magnesía, einnig blönduð litlu magni af öðru oxydi fyrir glæðingu; annað magnesíumoxyd, einnig kemískt hreint

f. 25.25 falli brott.

g. 25.29 falli brott.

h. 25.32 orðist svo:

Jarðefni, ót. a.

15. Á 27. kafla:

a. „33.02“ í athugasemd 1 c við kaflann falli brott.

b. 27.04 ásamt nýjum undirliðum, 10 og 20, orðist svo:

27.04 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó, einnig í töflum; gaskoks:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 10 — Koks og hálfkoks úr steinkolum; gaskoks | 0 | | 0 | | 0 | |
| 20 — Koks og hálfkoks úr brúnkolum eða mó | 0 | | 0 | | 0 | |

c. 27.05 falli brott.

16. Á VI. flokki:
Ný athugasemd, 3, bætist við flokkinn og orðist svo:
3. Vörusamstæður (sett) úr tveimur eða fleiri efnisþáttum, sem sumir eða allir teljast til þessa flokks og ætlast er til að blandað sé saman svo að úr verði framleiðsluvara er telst til VI. eða VII. flokks, skulu teljast til þess tollskrárnúmers sem sú framleiðsluvara fellur undir, enda uppfylli efnisþættirnir eftirtalin skilyrði:
a. Að augljóst sé af frágangi efnisþáttanna að nota eigi þá saman án endurpökkunar áður.
b. Að efnisþættirnir séu innfluttir saman.
c. Að ljóst sé, bæði vegna eðlis efnisþáttanna og magnhlutfalls þeirra innbyrðis, að þeir eigi fyllilega saman.

17. Á 28. kafla:
a. Athugasemd 3 a orðist svo:
a. Natríumklóríd og magnesíumoxyd, einnig kemískt hrein, og önnur steinefni sem teljast til V. flokks.
b. Orðin „úr magnesíumoxydi eða“ í athugasemd 3 e við kaflann falli brott.
c. Á eftir orðinu „góðmálmar“ í athugasemd 3 f við kaflann komi:
... og legeringar góðmálma.
d. Á eftir orðinu „Málmar“ í athugasemd 3 g við kaflann komi:
... og málmlegeringar.
e. Orðin „úr magnesíumoxydi eða“ í athugasemd 3 h við kaflann falli brott.
f. 28.07 falli brott.
g. 28.11 falli brott.
h. 28.18 orðist svo:
28.18 Hydroxyd og peroxyd magnesíums; oxyd, hydroxyd og peroxyd strontíums og baríums
i. 28.24 orðist svo:
28.24 Kóbaltoxyd og kóbalthydroxyd; venjulegt kóbaltoxyd
j. 28.26 falli brott.
k. 28.30 orðist svo:
28.30 Klóríd, oxyklóríd og hydroxyklóríd; brómíd og oxybrómíd; jódíd og oxyjódíd:
l. 28.31 orðist svo:
28.31 Hypoklórít; venjulegt kalsiumhypoklórít; klórít; hypobrómít
m. 28.32 orðist svo:
28.32 Klóröt og perklóröt; brómöt og perbrómöt; jódöt og perjódöt
n. 28.33 falli brott.
o. 28.34 falli brott.
p. 28.41 falli brott.
q. 28.53 falli brott.
r. 28.55 orðist svo:
28.55 Fosfíð, einnig án kemískrar skýrgreiningar
s. 28.56 orðist svo:
28.56 Karbíð, einnig án kemískrar skýrgreiningar:
t. 28.57 orðist svo:
28.57 Hydríð, nítríð, azíð, silícíð og bóríð, einnig án kemískrar skýrgreiningar
u. 28.58 orðist svo:
28.58 Önnur ólífræn sambönd (þar með talið eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika); fljótandi andrúmsloft (einnig þótt eðalgösin hafi verið fjarlægð); samanþjappað andrúmsloft; amalgöm önnur en amalgöm góðmálma

18. Á 29. kafla:
    a. Athugasemd 1 h við 29. kafla orðist svo:
        h. Eftirtalin efni afmælds styrkleika til framleiðslu á azólitarefnum: Díazóníumsölt og tengilefni þeirra, díazóteranleg amín og sölt þeirra.
    b. Eftirgreindur nýr liður, g-liður, skal koma í athugasemd 2 við 29. kafla og bókstafstákn á núverandi liðum jafnframt breytast úr g-i í h-k:
        g. Enzym (nr. 35.07).
    c. 29.17 falli brott.
    d. 29.18 falli brott.
    e. 29.20 falli brott.
    f. 29.32 falli brott.
    g. Í stað orðanna „hormón og enzym" í fyrirsögn undirkafla XI í 29. kafla komi: ... og hormón
    h. 29.40 falli brott.
19. Á 30. kafla:
    Í stað svigans „(nr. 33.05)" í athugasemd 2 a við kaflann komi: (nr. 33.06)
20. Á 32. kafla:
    a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
        2. Til nr. 32.05 teljast blöndur stabiliseraðra diazóníumsalta og tengilefna þeirra til framleiðslu á azólitarefnum.
    b. 32.01 orðist svo:
        32.01 Sútunarefnaextraktar úr jurtaríkinu; sútunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannin dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum
    c. 32.02 falli brott.
    d. Aftan við orðin „í smásöluumbúðum" í lok texta nr. 32.09 komi:
    ; upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:
21. Á 33. kafla:
    a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
        2. Sem „ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur" í nr. 33.06 teljast m. a.:
            a. Tilbúinn lyktareyðir fyrir hýbýli, einnig með ilmefni.
            b. Vörur, einnig óblandaðar (þó ekki vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía) sem nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar eða sem lyktareyðir fyrir hýbýli og eru í smásöluumbúðum er gefa slíka notkun til kynna.
    b. 33.01 orðist svo:
        33.01 Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóíd; konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enfleurage eða maceration; terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum
    c. 33.02 falli brott.
    d. 33.03 falli brott.
    e. 33.05 falli brott.
    f. 33.06 ásamt nýjum skiptilið, 13, orðist svo:
        33.06 Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur; vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 13 — Vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir olía, einnig þótt nota megi til lækninga ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

22. Á 35. kafla:
a. Aftan við orðið „klístur“ í fyrirsögn við kaflann komi: ; enzym.
b. Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
1. a. Ger (nr. 21.06).
b. Lyfjavörur (nr. 30.03).
c. Enzymframleiðsla til forsútunar (nr. 32.03).
d. Enzymframleiðsla til þvotta og aðrar vörur sem teljast til 34. kafla.
e. Prentaðar vörur úr gelatíni (49. kafli).
c. Á eftir orðunum „önnur próteín“ í nr. 35.04 komi:
(þó ekki enzym sem teljast til nr. 35.07).
d. Nýtt tollskrárnúmer, 35.07.00, bætist við kaflann og orðist svo:

| | | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | E | A | E | A | E |
| | | % | % | % | % | % | % |
| 35.07.00 | Enzym; tilreidd enzym, ót. a. ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

23. Á 36. kafla:
a. Í stað orðanna „Til nr. 36.08 telst einungis“ í upphafi athugasemdar 2 við kaflann komi:
Sem „eldfim efni“ í nr. 36.08 telst einungis:
b. 36.03 falli brott.
c. 36.04 orðist svo:
36.04 Kveikiþráður; sprengiþráður; hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar
d. 36.07 falli brott.
e. 36.08 orðist svo:
36.08 Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar; vörur úr eldfimum efnum

24. Á 37. kafla:
a. 37.06 falli brott.
b. 37.07 ásamt nýjum skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:
37.07 Kvikmyndafilmur, lýstar og framkallaðar, einnig með hljómbandi eða einungis með hljómbandi, negatív eða pósitív:

| | | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | E | A | E | A | E |
| | | % | % | % | % | % | % |
| 01 | — Einungis með hljómbandi ..... | 35 | | 35 | | 35 | |
| 09 | — Aðrar ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

25. Á 38. kafla:
a. Athugasemd 1 a 2 við kaflann orðist svo:
2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, sveppum, rottum og illgresi, efni til að hindra spírun, efni til að stjórna plöntuvexti og önnur þess konar efni í því formi sem tilgreint er í nr. 38.11.
b. 38.02 falli brott.
c. 38.03 orðist svo:
38.03 Ávirk kol; ávirk náttúrleg steinefni; dýrakol, einnig notuð
d. 38.04 falli brott.
e. 38.09 orðist svo:

38.09 Viðartjara; viðartjöruolíur (þó ekki blönduð upplausnarefni og þynnar er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía; bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr náttúrlegum harpixefnum:

f. 38.10 falli brott.

g. 38.11 orðist svo:

38.11 Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, sveppum, rottum og illgresi, efni til að hindra spírun, efni til að stjórna plöntuvexti og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofannefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):

h. Við nr. 38.19 bætist nýr skiptiliður, 47, er orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 47 — — Gasvatn og notaður gashreinsunarleir ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

26. Á VII. flokki:

Á eftir fyrirsögn við VII. flokk komi ný athugasemd er orðist svo:

Athugasemd:

Vörusamstæður (sett) úr tveimur eða fleiri efnisþáttum, sem sumir eða allir teljast til þessa flokks og ætlast er til að blandað sé saman svo að úr verði framleiðsluvara er telst til VI. eða VII. flokks, skulu teljast til þess tollskrárnúmers sem sú framleiðsluvara fellur undir, enda uppfylli efnisþættirnir eftirtalin skilyrði:

a. Að augljóst sé af frágangi efnisþáttanna að nota eigi þá saman án endurpökkunar áður.

b. Að efnisþættirnir séu innfluttir saman.

c. Að ljóst sé, bæði vegna eðlis efnisþáttanna og magnhlutfalls þeirra innbyrðis, að þeir eigi fyllilega saman.

27. Á 39. kafla:

a. Orðið „blævængir“ í athugasemd 1 g við kaflann falli brott.

b. Tollskrárnúmer 39.07.18 orðist svo:

39.07.18 Flöskur, krukkur, dósir og brúsar, ót. a.; tappar, lok, hettur og annar lokunarbúnaður

c. Tollskrárnúmer 39.07.81 orðist svo:

39.07.81 Skúffuskápar og hlutar til þeirra.

28. Á 41. kafla:

a. Í stað „05.06“ innan sviga í athugasemd 1 a við kaflann komi: 05.15.

b. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.02 komi: 41.06 eða 41.08.

c. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.03 komi: 41.06 eða 41.08.

d. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.04 komi: 41.06 eða 41.08.

e. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.05 komi: 41.06 eða 41.08.

f. 41.07 falli brott.

29. Á 42. kafla:

Í athugasemd 1 g við kaflann falli tilvitnunin „92.09 eða“ brott.

30. Á 44. kafla:

a. Á eftir orðunum „vörur úr“ í athugasemd 3 við kaflann komi: trefjaplötum.

b. Í stað „13.01“ í athugasemd 1 b við kaflann komi: 14.05.

c. 44.06 falli brott.

d. 44.08 falli brott.

e. 44.09 ásamt skiptiliðum, 22 og 23, orðist svo:

44.09 Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspænir; tréþráður; pulpviður í smástykkjum eða mylsnu; tréspænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum; trjáviður í göngustafi, regnhlífahandföng, verkfærahandföng o. þ. h., grófunninn en ekki renndur, beygður eða frekar unninn:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 22 — — Trjáviður í göngustafi, regnhlífar, handföng, verkfærahandföng o. þ. h. | 0 | | 0 | | 0 | |
| 23 — — Tréþráður ..... | 30 | | 30 | | 30 | |

f. 44.10 falli brott.

g. 44.11 ásamt nýjum undirliðum orðist svo:

44.11 Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 10 — Byggingarplötur úr pressuðum trefjum (hardboard) ..... | 0 | | 0 | | 0 | |
| 20 — Aðrar ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

h. 44.22 orðist svo:

44.22 Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þar með taldir tunnustafir:

i. Við nr. 44.27 bætist nýr skiptiliður, 02, er orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 02 — Fatahengi og annað þess háttar .... | 19 | 8 | 16 | 4 | 12 | 0 |

j. Orðin „snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar“ í tollskrárnúmeri 44.28.95 falli brott.

31. Á 46. kafla:

a. 46.01 falli brott.

b. 46.02 ásamt skiptilið, 03, orðist svo:

46.02 Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar; fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 03 — Fléttur og aðrar þess konar vörur; fléttaðir borðar ..... | 25 | | 25 | | 25 | |

c. Tilvitnunin „46.01 —“ í nr. 46.03 falli brott.

32. Á 48. kafla:

a. Í 1. línu athugasemdar 2 við kaflann falli orðin „og 48.02“ brott.

b. Í stað orðanna „teljast ekki til þessara númera“ í 4. línu athugasemdar 2 við kaflann komi: telst ekki til þessa númers.

c. Í stað tilvitnunarinnar „48.02“ í 6. línu athugasemdar 4 við kaflann komi: 48.01.

d. Í nr. 48.01 falli orðið „vélunninn“ brott.

e. 48.02 falli brott.

f. 48.06 falli brott.

g. 48.07 orðist svo:

48.07 Pappír og pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki prentaðar vörur er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:

h. 48.09 falli brott.

i. 48.16 orðist svo:

48.16 Kassar, pokar og aðrar umbúðir, úr pappír og pappa; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og annað þess háttar úr pappír og pappa almennt til notkunar í skrifstofum, verslunum o. þ. h.:

j. 48.17 falli brott.

33. Á XI. flokki:

a. Athugasemd 2 við flokkinn orðist svo:

2. A. Vörur, sem geta talist til einhvers númers í 50.—57. kafla og eru úr tveimur eða fleiri spunaefnum, skulu flokkast eins og þær væru eingöngu úr því spunaefni sem mest er af í vörunni miðað við þunga.

B. Þegar farið er eftir því er að ofan greinir gilda eftirfarandi reglur:

a. Málmgarn skal skoðast sem sérstakt spunaefni og þungi þess teljast sem samanlagður þungi spunatrefjanna og málmþráðanna sem það er gert úr. Við tollflokkun vefnaðar ber að telja málmþráð sem spunaefni.

b. Þegar í vörulið er gert ráð fyrir að vörur séu úr mismunandi spunatrefjategundum (t. d. silki og silkiúrgangi, kembdri ull og greiddri ull) ber að skoða þær sem eina tegund.

C. Ákvæði í A- og B-liðum þessarar athugasemdar taka einnig til garns sem um getur í 3. og 4. athugasemd hér á eftir.

b. Ný athugasemd, 8, bætist við athugasemdir við XI. flokk og orðist svo:

8. Sem vefnaður í 50.—57. kafla telst einnig vefnaður sem gerður er úr lögum samsíða þráða sem lögð eru í hvasst eða rétt horn hvert á annað. Lög þessi eru fest saman á mótum þráðanna með límingu eða varmaaðferð.

34. Á 50. kafla:

a. 50.05 orðist svo:

50.05 Garn úr bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi, ekki umbúið til smásölu

b. 50.06 falli brott.

c. 50.07 orðist svo:
50.07 Garn úr náttúrlegu silki, bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi, umbúið til smásölu; silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki
d. 50.08 falli brott.
e. 50.09 orðist svo:
50.09 Vefnaður úr náttúrlegu silki, bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi
f. 50.10 falli brott.

35. Á 53. kafla:
a. 53.12 orðist svo:
53.12 Vefnaður úr hrosshári eða öðru grófu dýrahári
b. 53.13 falli brott.

35A. Á 55. kafla:
Tolltaxti undirliða 10 og 30 í dálkum merktum A í nr. 55.09 breytist og verði: 0% 1978, 0% 1979 og 0% 1980. Tolltaxtar í dálkum merktum E falli brott.

36. Á 57. kafla:
a. 57.05 falli brott.
b. 57.07 orðist svo:
57.07 Garn úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu; pappírsgarn:
c. 57.08 falli brott.
d. 57.09 falli brott.
e. 57.11 orðist svo:
57.11 Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu; vefnaður úr pappírsgarni
f. 57.12 falli brott.

37. Á 59. kafla:
a. Athugasemd 1 við 59. kafla verði athugasemd 1 A.
b. Ný athugasemd, B, bætist við athugasemd 1 við kaflann og orðist svo:
B. Með hugtakinu „flóki" er hvarvetna í tollskránni m. a. átt við dúk úr vef spunatrefja þar sem samloðun dúksins er mynduð með samstungu trefja úr sjálfum dúknum.
c. 59.09 falli brott.
d. Við nr. 59.12 verði nýir skiptiliðir, 01, 02 og 09, teknir upp og orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 01 — Presenningsdúkur ..... | 0 | | 0 | | 0 | |
| 02 — Einangrunarbönd ..... | 25 | | 25 | | 25 | |
| 09 — Aðrar ..... | 13 | 5 | 11 | 2 | 9 | 0 |

38. Á 60. kafla:
Ný athugasemd, 6, bætist við kaflann og orðist svo:
6. Með hugtakinu „prjónavörur" er hvarvetna í tollskránni m. a. átt við vörur úr stungubundnum dúk þar sem stungan er mynduð með lykkjusaum úr spunagarni.

39. Á 61. kafla:
a. Í tollskrárnúmeri 61.01.05 falli tilvitnun í nr. 59.09 brott.
b. Í tollskrárnúmeri 61.02.05 falli tilvitnun í nr. 59.09 brott.
c. 61.08 falli brott.

40. Á XII. flokki:
Í fyrirsögn við XII. flokk falli orðið „blævængir" brott.

41. Á 67. kafla:
    a. Í fyrirsögn við 67. flokk falli orðið „blævængir“ brott.
    b. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:
    e. Duftpúðar (nr. 96.05) og sáld úr mannshári (nr. 96.06).
    c. Athugasemd 2 d við kaflann falli brott.
    d. 67.03 orðist svo:
    67.03 Mannshár, greitt, þynnt, bleikt eða unnið á annan hátt; ull, annað dýrahár og önnur spunaefni, unnin til hárkollugerðar o. þ. h.
    e. 67.04 orðist svo:
    67.04 Hárkollur, gerviskegg, gerviaugabrúnir og -augnahár, hárlokkar o. þ. h. úr manns- eða dýrahári eða úr spunaefni; aðrar vörur úr mannshári (þar með talin hárnet)
    f. 67.05 falli brott.
42. Á 68. kafla:
    a. Athugasemd 1 k við kaflann orðist svo:
    k. Vörur er teljast til nr. 95.08 og gerðar eru úr efnum sem tilgreind eru í athugasemd 2 b við 95. kafla.
    b. Í stað orðsins „Kvarnasteinar“ í nr. 68.04 komi:
    **Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h., kvarnasteinar**
    c. 68.05 falli brott.
    d. Tollskrárnúmer 68.13.01 orðist svo:
    68.13.01 Vélaþéttingar og efni í þær úr asbesti, asbestblöndum o. þ. h.
43. Á 70. kafla:
    a. 70.02 falli brott.
    b. Sviginn „(ballotini)“ í nr. 70.19 falli brott.
44. Á 71. kafla:
    a. Athugasemd 3 ij við kaflann falli brott og bókstafstákn breytist jafnframt úr k—q í ij—p.
    b. Í stað tilvitnunar „68.04—68.06“ í 1. línu athugasemdar 3 l við kaflann komi: 68.04, 68.06
    c. Á eftir orðunum „glæddar blöndur“ innan sviga í 1. línu athugasemdar 5 við kaflann komi: og málmsambönd
45. Á XV. flokki:
    a. Í stað tilvitnunar „(nr. 36.07)“ í athugasemd 1 b komi: (nr. 36.08).
    b. Athugasemd 2 c við flokkinn orðist svo:
    c. Vörur í nr. 83.01, 83.02, 83.07, 83.09, 83.14 og rammar og speglar úr ódýrum málmi í nr. 83.06.
    c. Í stað svigans „(að undanteknum númerunum 73.29 og 74.13)“ í 7. línu athugasemdar 2 við flokkinn komi: (að undanteknu nr. 73.29).
    d. Athugasemd 3 við flokkinn orðist svo:
    3. Flokkun legeringa (annarra en járnlegeringa og koparforlegeringa sem skýrgreindar eru í 73. og 74. kafla):
    a. Legeringar úr ódýrum málmum flokkast eftir þeim málmi sem mest er af í legeringunni miðað við þunga.
    b. Málmlegeringar gerðar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks en einnig að hluta úr efnum sem teljast ekki til flokksins, flokkast eins og legeringar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, ef þyngd hinna ódýru málma er jafnmikil eða meiri en annarra efna.
    c. Í þessum flokki tekur orðið „legering“ til glæddra blandna úr dufti ódýrra málma og ósamfelldra innri blandna þeirra fenginna með bræðslu (þó ekki „cermets“) svo og málmsambanda.

46. Á 73. kafla:

a. 73.27 ásamt nýjum skiptiliðum, 04 og 05, orðist svo:

73.27 Vírnet, vírdúkur, vírgrindur, girðingarnet, steypustyrktarnet og áþekk efni, úr járn- eða stálvír; möskvateygðar (expanded) plötur úr járni og stáli:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 04 — Möskvateygðar plötur ..... | 0 | | 0 | | 0 | |
| 05 — Færibönd ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

b. 73.28 falli brott.

bb. 73.32 orðist svo:

73.32 Boltar og rær (þar með taldir skrúfteinar (bolt ends) og „pinnboltar"), með eða án skrúfgangs, skrúfur (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), hnoð, fleinar, splitti og áþekkar vörur, úr járni eða stáli; skífur (þar með taldar spenniskífur) úr járni eða stáli.

c. 73.38 ásamt nýjum undirlið svo og skiptiliðum orðist svo:

73.38 Hlutir, venjulega notaðir til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota, og hlutar til slíkra vara, úr járni eða stáli; járn- og stálull; pottahreinsarar, leppar, hanskar o. þ. h. til hreinsunar og fágunar, úr járni eða stáli:

— Áhöld til heimilishalds og hlutar til þeirra; járn og stálull; pottahreinsarar, leppar, hanskar o. þ. h. til hreinsunar og fágunar:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 11 — — Úr ryðfríu stáli ..... | 80 | | 80 | | 80 | |
| 12 — — Járn- og stálull ..... | 17 | | 9 | | 0 | |
| 19 — — Annað ..... | 80 | | 80 | | 80 | |

d. 73.39 falli brott.

47. Á 74. kafla:

a. 74.09 falli brott.

b. 74.11 orðist svo:

74.11 Vírnet, vírdúkur, vírgrindur, girðingarnet, styrktarnet o. þ. h. (einnig endalaus bönd), úr koparvír; möskvateygðar (expanded) plötur úr kopar

c. 74.12 falli brott.

d. 74.13 falli brott.

e. 74.14 falli brott.

f. 74.15 orðist svo:

74.15 Naglar, stifti, heftur, lykkjur, kengir, krækjur, sinklar, bólunaglar, spíkarar og teiknibólur, úr kopar eða úr járni eða stáli með koparhaus; boltar og rær (þar með taldir skrúfteinar (bolt ends) og „pinnboltar"), með eða án skrúfgangs, skrúfur (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), hnoð, fleinar, splitti og áþekkar vörur, úr kopar, skífur (þar með taldar spenniskífur), úr kopar.

g. Nýir skiptiliðir, 05 og 06, bætist við nr. 74.19 og orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 05 — Geymar, ker og önnur þess konar ílát, með yfir 300 lítra rúmtaki, undir alls konar efni (þó ekki undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir), einnig klædd að innan eða hitaeinangruð en ekki með mekanísk tæki eða útbúnað fyrir upphitun eða kælingu ..... | 25 | 10 | 20 | 5 | 15 | 0 |
| 06 — Keðjur og keðjuhlutar ..... | 60 | | 60 | | 60 | |

48. Á 76. kafla:
a. 76.13 falli brott.
b. 76.14 falli brott.
c. Nýir skiptiliðir, 13, 14, 15 og 16, bætist við nr. 76.16 og orðist svo:
— Vírnet, vírdúkur, styrktarvefnaður o. þ. h.:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 13 — — Net (einnig plasthúðað) úr vír sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál (BWG13) ..... | 10 | | 10 | | 10 | |
| 14 — — Vírdúkur ..... | 0 | | 0 | | 0 | |
| 15 — — Annað ..... | 25 | | 12 | | 0 | |
| 16 — Möskvateygðar (expanded) plötur .... | 0 | | 0 | | 0 | |

49. Á 77. kafla:
a. 77.02 orðist svo:
77.02 Stengur og prófílar úr magnesíum; magnesíumvír; plötur, ræmur og þynnur úr magnesíum; einnig spænir af jafnri stærð, duft og flögur úr magnesíum; pípur, pípuefni og holar stengur úr magnesíum, aðrar vörur úr magnesíum, ót. a.
b. 77.03 falli brott.

50. Á 79. kafla:
a. 79.05 falli brott.
b. Nýr skiptiliður, 05, bætist við nr. 79.06 og orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 05 — Tilsniðnir byggingarhlutar ..... | 25 | | 12 | | 0 | |

51. Á 82. kafla:
a. Athugasemd 3 við kaflann falli brott og athugasemd 4 verði athugasemd 3.
b. 82.09 ásamt nýjum skiptilið, 02, orðist svo:
82.09 Hnífar með skerandi eða sagtenntri egg (þar með taldir bjúghnífar), er ekki teljast til nr. 82.06, svo og blöð til þeirra:

| | | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | E | A | E | A | E |
| | | % | % | % | % | % | % |
| | 02 — Hnífablöð ..... | 25 | | 12 | | 0 | |

c. 82.10 falli brott.

52. Á 83. kafla:

a. 83.06 ásamt nýjum skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:

83.06 Myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss, úr ódýrum málmi; rammar úr ódýrum málmi fyrir ljósmyndir, málverk o. þ. h.; speglar úr ódýrum málmi:

| | | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | E | A | E | A | E |
| | | % | % | % | % | % | % |
| | 01 — Rammar fyrir ljósmyndir, málverk o. þ. h.; speglar ..... | 34 | 14 | 26 | 7 | 17 | 0 |
| | 09 — Annað ..... | 90 | | 90 | | 80 | |

b. 83.09 orðist svo:

83.09 Spennur, töskurammar, sylgjur, krókar, lykkjur, reimkrókar og aðrar svipaðar vörur úr ódýrum málmi, almennt notaðar til fatnaðar, skófatnaðar, ferðaútbúnaðar, handtaskna og annars þess háttar; holhnoð og klaufhnoð úr ódýrum málmi; perlur og paljettur, úr ódýrum málmi

c. 83.10 falli brott.

d. 83.12 falli brott.

53. Á XVI. flokki:

a. Í stað orðanna „eða rafmagnstæki (t. d. undirlagsskífur)“ í athugasemd 1 a við flokkinn komi: rafmagnstæki eða í öðru iðnaðarskyni

b. Í stað orðanna „til iðnaðar“ í athugasemd 1 b við flokkinn komi: í öðru iðnaðarskyni.

c. Í stað tilvitnunar „96.02“ í athugasemd 1 n við flokkinn komi: 96.01.

54. Á 84. kafla:

a. 84.04 falli brott.

b. 84.05 orðist svo:

84.05 Gufuvélar, einnig með katli:

bb. Tolltaxti tollskrárnúmers 84.23.61 í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.

c. Við nr. 84.24 bætist nýr undirliður, 40, er orðist svo:

| | | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | A | E | A | E | A | E |
| | | % | % | % | % | % | % |
| | 40 — Aðrar vélar og tæki ..... | 4 | | 2 | | 2 | |

d. Tollskrárnúmer 84.24.41 og 84.24.49 falli brott.

e. Tollskrárnúmer 84.59.81 orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 81 — — Til trjávöru- og húsgagnaiðnaðar svo og bursta- og körfugerðar, ót. a. .. | 0 | | 0 | | 0 | |

f. Við nr. 84.59 bætist nýr skiptiliður, 84, er orðist svo:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 84 — — Til efnaiðnaðar, ót. a. ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

g. Við nr. 84.61 bætist nýr skiptiliður, 13. Jafnframt breytist töluröð núgildandi skiptiliða úr 13—15 í 14—16:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 13 — — Hitastilltir lokar ..... | 35 | | 35 | | 35 | |

55. Á 85. kafla:

a. 85.11 ásamt undirliðum orðist svo:

85.11 Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum; tæki til upphitunar efna með spani eða torleiði; rafmagns- eða lasergeisla-, suðu-, lóðningar- og skurðarvélar og -tæki:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 10 — Rafbræðslu- og hitunarofnar og tæki til hitunar efna með spani eða torleiði og hlutar til þeirra ..... | 0 | | 0 | | 0 | |
| 20 — Rafmagns- eða lasergeisla-, suðu-, lóðningar- og skurðarvélar og -tæki og hlutar til þeirra ..... | 0 | | 0 | | 0 | |

b. Í nr. 85.20 falli orðin „rafmagnsleifturlampar til myndatöku“ brott. Jafnframt falli undirliður, 30, í nr. 85.20 niður til samræmis.

c. Á eftir orðinu „hálfleiðarar;“ í nr. 85.21 komi: ljósdíóður;

d. Tollskrárnúmer 85.01.31 orðist svo:

85.01.31 — — 1000 kW og minni.

e. Í stað orðanna „600 volt“ í tollskrárnúmerum 85.19.11 og 85.19.13 komi: 660 volt.

56. Á XVII. flokki:

Í stað svigans „(nr. 96.02)“ í athugasemd 2 k við flokkinn komi: (nr. 96.01)

57. Á 86. kafla:

a. 86.01 falli brott.

b. 86.03 orðist svo:

86.03 Aðrir dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir; kolavagnar

58. Á 87. kafla:

aa. Tolltaxti tollskrárnúmers 87.01.31 í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.

a. 87.11 orðist svo:

87.11 Ökutæki fyrir fatlaða og sjúka, einnig vélknúin eða með öðru drifi

b. 87.13 ásamt skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:

87.13 Barnavagnar og hlutar til þeirra:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 01 — Barnavagnar ..... | 50 | | 50 | | 50 | |
| 09 — Hlutar ..... | 50 | | 50 | | 50 | |

c. Tolltaxti tollskrárnúmera 87.14.21, 87.14.22, 87.14.23 og 87.14.41 í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.

d. Við nr. 87.02 bætist nýr skiptiliður, 17, er orðist svo:

17 — — Ökutæki með burðarþol 3 tonn og þar yfir til flutnings bæði á mönnum og vörum, ót. a. ..... 30 30 30

59. Á 89. kafla:

Aftan við orðið „flotkvíar" í nr. 89.03 komi:; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar.

60. Á XVIII. flokki:

Orðið „segulmögnuð" í fyrirsögn við flokkinn falli brott.

61. Á 90. kafla:

a. Í stað „nr. 83.12" í sviga í athugasemd 1 c við kaflann komi: nr. 83.06

b. 90.07 ásamt undirlið yfir leifturljósatæki til ljósmyndunar orðist svo:

90.07 Ljósmyndavélar; leifturljósatæki til ljósmyndunar og leifturlampar (flashbulbs), þó ekki úrhleðslulampar er teljast til nr. 85.20:

— Leifturljósatæki til ljósmyndunar og leifturlampar, þó ekki úrhleðslulampar er teljast til nr. 85.20:

c. Aftan við orðið „kafla" í nr. 90.13 bætist: ; lasertæki, þó ekki laserdíóður

cc. Nýr skiptiliður, 03, bætist við nr. 90.26 og orðist svo:

03 — Mjólkurmagnsmælar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

Tolltaxti í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.

d. Við nr. 90.28 bætist nýr undirliður, 20, er orðist svo:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| 20 — Rafeindatæki og -áhöld til að mæla eða greina jónageislun ..... | 7 | | 7 | | 7 | |

e. Tollskrárnúmer 90.28.21 og 90.28.29 falli brott.

f. Tollskrárnúmer 90.28.30 orðist svo:

— Önnur rafeindatæki og -áhöld:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 31 — — Bergmálsdýptarmælar (ekkólóð), asdictæki og aðrir þvílíkir rafmagns- og rafeindadýptarmælar og fisksjár | 4 | | 4 | | 4 | |
| 39 — — Annars ..... | 7 | | 7 | | 7 | |

g. Tilvitnunin „90.28.21" í tnr. 90.29.01 breytist og verði: 90.28.31.

62. Á 92. kafla:

a. Orðið „segulmögnuð" í fyrirsögn við kaflann falli brott.

b. Í stað svigans „(nr. 96.02)" í athugasemd 1 d við kaflann komi: (nr. 96.01)

c. 92.09 falli brott.

d. Í nr. 92.10 falli orðin „(þó ekki strengir)" brott.

e. Í nr. 92.11 svo og í undirlið fyrir segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki o. s. frv. falli orðið „segulmögnuð" brott.

63. Á 95. kafla:

a. Núverandi athugasemdir við kaflann a—n verði athugasemd nr. 1 jafnframt því sem stafliður b falli brott. Stafliðir c—n verði stafliðir b—m.

b. Ný athugasemd, 2, bætist við kaflann og orðist svo:

2. Í hugtakinu „útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu" í nr. 95.08 felast eftirgreindar vörur:

a. Hörð fræ, kjarnar, skurn, hnetur og önnur þess háttar jurtaefni sem notuð eru til útskurðar (t. d. fílabeinshnetur og dompálmahnetur).

b. Harðkol (jet) (þar með harðkolaeftirlíkingar úr jarðefnum), raf, merskúm, samanlímt raf og samanlímt merskúm.

c. 95.01 falli brott.

d. 95.02 falli brott.

e. 95.03 falli brott.

f. 95.04 falli brott.

g. 95.05 orðist svo:

95.05 Skjaldbökuskel, perlumóðir, fílabein, bein, horn, kórall (náttúrlegur eða tilbúinn) og önnur unnin útskurðarefni úr dýraríkinu, og vörur úr þeim

h. 95.06 falli brott.

i. 95.07 falli brott.

j. 95.08 orðist svo:

95.08 Unnin útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu og vörur úr þeim; mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal og kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:

64. Á 96. kafla:

a. Í fyrirsögn við kaflann falli orðið „fjaðrakústar" brott.

b. Í stað tilvitnunar „nr. 96.03" í athugasemd 2 við kaflann komi: nr. 96.01

c. 96.01 ásamt skiptiliðum orðist svo:

96.01 Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus (t. d. vendir og sóflar), með eða án skafts; aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum); tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum; málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:

| | Frá 1/1 1978 | | Frá 1/1 1979 | | Frá 1/1 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | A | E | A | E | A | E |
| | % | % | % | % | % | % |
| — Burstar og sópar, ót. a.: | | | | | | |
| 01 — — Úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts | 34 | 14 | 26 | 7 | 17 | 0 |
| 02 — — Fyrir vélar | 0 | | 0 | | 0 | |
| 03 — — Með plastbaki, ót. a. | 46 | 20 | 34 | 10 | 22 | 0 |
| 04 — — Tannburstar | 50 | | 50 | | 50 | |
| 05 — — Aðrir | 46 | 20 | 34 | 10 | 22 | 0 |
| 06 — Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum | 35 | | 35 | | 35 | |
| 07 — Málningarpenslar og málningarrúllur | 34 | 14 | 26 | 7 | 17 | 0 |
| 09 — Annað | 46 | 20 | 34 | 10 | 22 | 0 |

d. 96.02 falli brott.
e. 96.03 falli brott.
f. 96.04 falli brott.

65. Á 98. kafla:
98.13 falli brott.

2. gr.

Á 3. gr. er gerð eftirfarandi breyting:
Í stað orðanna „allt að 5000 kr. tollverðmæti“ í 9. tl. komi: allt að 10 000 kr. verðmæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

18. maí 1978. Nr. 83.

# LÖG

## um jöfnunargjald.

Forseti Íslands
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skal greiða 3% jöfnunargjald í ríkissjóð og gildir það jafnframt um innflutning frá öðrum löndum.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því sem við á.

3. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafa í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.
Tekjum af gjaldi þessu er til falla árið 1978 skal ráðstafa samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og um framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1980.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

Nr. 84. 29. maí 1978.

# AUGLÝSING

## um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—1980.

Alþingi hefur hinn 25. apríl 1978 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um breyting á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—1980.

Alþingi ályktar, að árið 1978 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | | |
|---|---|---|
| **1.1.** | **Fastir liðir:** | |
| 1. | Bensíngjald | 4 460 |
| 2. | Þungaskattur | 1 250 |
| 3. | Gúmmígjald | 90 |
| | Markaðir tekjustofnar | 5 800 |
| 4. | Ríkisframlag | 1 300 |
| **1.2.** | **Sérstök fjáröflun:** | |
| 1. | NA-vegur lántaka | 800 |
| 2. | Almenn lántaka | 1 400 |
| | Samtals | 9 300 |
| | Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega | 400 |

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | | 1978 | |
|---|---|---|---|
| **2.1.** | **Stjórn og undirbúningur:** | | |
| 1. | Skrifstofukostnaður | 190 | |
| 2. | Verkfræðilegur undirbúningur | 254 | |
| 3. | Umferðartalning og vegaeftirlit | 37 | |
| 4. | Eftirlaunagreiðslur | 29 | |
| | | | 510 |
| **2.2.** | **Viðhald þjóðvega:** | | |
| 1. | Sumarviðhald | | |
| | 1. Viðhald malarvega | 1 042 | |
| | 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 179 | |
| | 3. Viðhald brúa | 120 | |
| | 4. Viðhald varnargarða | 17 | |
| | 5. Heflun vega | 483 | |
| | 6. Rykbinding | 96 | |
| | 7. Vinnsla efnis | 491 | |
| | 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 132 | |
| | 9. Vegmerkingar | 40 | |
| | | 2 600 | |
| 2. | Vetrarviðhald | 620 | |
| | | | 3 220 |
| **2.3.** | **Til nýrra þjóðvega:** | | |
| 1. | Stofnbrautir | 2 951 | |
| 2. | Þjóðbrautir | 700 | |
| 3. | Girðingar og landgræðsla | 70 | |
| | | | 3 721 |
| **2.4.** | **Til fjallvega o. fl.:** | | |
| 1. | Aðalfjallvegir | 17 | |
| 2. | Aðrir fjallvegir | 23 | |
| 3. | Reiðvegir | 2 | |
| 4. | Þjóðgarðavegir o. fl. | 15 | |
| | | | 57 |
| **2.5.** | **Til brúagerða:** | | |
| 1. | Brýr 10 m og lengri | 458 | |
| 2. | Smábrýr | 105 | |
| | | | 563 |
| **2.6.** | **Til sýsluvega:** | | 340 |
| **2.7.** | **Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:** | | 706 |
| **2.8.** | **Til véla og áhaldahúsa:** | | |
| 1. | Til véla- og verkfærakaupa | 38 | |
| 2. | Til byggingar áhaldahúsa | 56 | |
| | | | 94 |
| **2.9.** | **Til tilrauna:** | | 29 |
| **2.10.** | **Til greiðslu halla:** | | |
| 1. | Halli í árslok 1976 | 106 | |
| 2. | Halli 1977 áætl. | 130 | |
| 3. | Yfirfært á næsta ár | 176 | 60 |
| | Samtals | | 9 300 |
| | Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega .... | | 400 |

## SUNDURLIÐUN:

### 2.3. Til nýrra þjóðvega.

### 1. Stofnbrautir.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. | Lánsh. m.kr. |
|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | |
| 10 | Álftaversvegur—Hafursey | 1.4 | |
| 14 | Um Reynisfjall | 4 | |
| 15 | Um Hólsá | 2.6 | |
| 17 | Um Steina | 30 | |
| 28 | Landvegur—Þjórsá | 188 | 40 |
| 30 | Skeiðavegur | | |
| 02 | Ólafsvallav.—Skálholtsv. | 20 | |
| 34 | Eyrarbakkavegur | | |
| 02–04 | Selfoss—Þorlákshafnarvegur | 95 | 20 |
| 35 | Biskupstungnabraut | | |
| 02 | Sog—Vaðnes | 15 | |
| 36 | Þingvallavegur | | |
| 06 | Ristarhlið—Kárastaðir | 45 | |
| 38 | Þorlákshafnarvegur | | |
| 02–03 | Þrengslav.—Þorlákshöfn | 2 | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | |
| 16 | Dalsmynni—Kiðafell | 78 | |
| 36 | Þingvallavegur | | |
| 02 | Gljúfrasteinn—Suðurá | 45 | |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | |
| 03–04 | Kópavogur—Hafnarfjörður | 70 | 40 |
| 45 | Garðskagavegur | | |
| 03 | Garður—Sandgerði | 45 | |
| 433 | Reykjalundarvegur | | |
| 01 | Að Reykjalundi | 5 | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | |
| 05 | Um Borgarfjörð | 600 | |
| 51 | Akranesvegur | | |
| 01 | Vesturlandsv.—Akranes | 75 | 15 |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | | |
| 02 | Um Urriðaá | 15 | |
| 06 | Um Gröf | 5 | |
| 08 | Kirkjuhóll—Ytri-Garðar | 20 | |
| 55 | Heydalsvegur | | |
| 01 | Styrking | 25 | 10 |
| 56 | Stykkishólmsvegur | | |
| 03 | Snæfellsnesv.—Nesvogur | 12 | |
| 57 | Snæfellsnesvegur | | |
| 06 | Um Álftafjörð | 20 | 5 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | |
| 08 | Um Jónsvað | 30 | 10 |
| 1 | Vesturlandsvegur | | |
| 01 | Sýslumörk—Miklagil | 90 | 30 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | |
| 01 | Garpsdalur—Gróustaðaá | 3 | |
| 03 | Kambur—Bær | 6.5 | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. | Lánsh. m.kr. |
|---|---|---|---|
| 03 | Skáldstaðir—Bjarkarlundur | 2 | |
| 09 | Utan Eyrar | 30 | 5 |
| 14 | Fossá—Vatnsdalsá | 50 | 5 |
| 23 | Hjarðardalsá—Ingjaldssandsv. | 8 | |
| 25 | Yfir Öndunarfjörð | 5 | |
| 61 | Djúpvegur | | |
| 01 | Þorskafjarðarheiði | 4 | |
| 10 | Strandsel—Ögur | 22 | 5 |
| 10–11–12 | Skarðshlíð—Eyri, Skötufirði | 25 | 5 |
| 14 | Hestfjarðará—Eyri | 3 | |
| 16 | Um Vatnshlíð | 6 | |
| 21 | Vestfjarðavegur—Ísafjörður | 70 | 20 |
| 63 | Bíldudalsvegur | | |
| 05 | Í Reykjarfjarðarbotni | 8 | |
| 68 | Hólmavíkurvegur | | |
| 04 | Um Bæ | 6 | |
| 04 | Um Prestsbakka | 20 | |
| 06 | Um Slitrur | 28.5 | |
| 09 | Austan Þorpa | 2 | |
| 10 | Um Heydalsá | 4 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | |
| 03 | Um Hrútafjarðarháls | 60 | 20 |
| 06 | Um Víðidalsá | 15 | |
| 08 | Vatnsdalur—Reykjabraut | 32 | 5 |
| 13 | Í Langadal | 32 | 10 |
| 15 | Hjá Vatnshlíð | 10 | |
| 21 | Á Öxnadalsheiði | 18 | |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | |
| 03 | Varmahlíð—Sauðárkrókur | 30 | |
| 05 | Austur-Eylendi | 40 | 15 |
| 76 | Siglufjarðarvegur | | |
| 08 | Móskógar—Brúnastaðir | 25 | |
| 10 | Almenningsnöf—Gangamunni | 5 | |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | |
| 02 | Knappsstaðir—Siglufjarðarv. | 10 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | |
| 01 | Um Öxnadalsheiði | 20 | |
| 05 | Norðan Akureyrar | 66 | 15 |
| 11 | Svalbarðsströnd—Víkurskarð | 41 | 12 |
| 15 | Ljósavatnsskarð | 8 | |
| 16 | Kross—Fosshóll | 10 | 3 |
| 20 | Brún—Máskot | 10 | 5 |
| 20 | Vestan Helluvaðs | 6 | |
| 21 | Vindbelgur—Neslandavík | 2 | |
| 23 | Arnarvatn—Námaskarð | 80 | 8 |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | |
| 01 | Hörgárdalsv.—Norðurlandsv. | 30 | |
| 03 | Hagaás—Dalvík | 20 | 12 |
| 85 | Norðausturvegur | | |
| 01–02 | Kaldakinn | 21 | 7 |
| 07–08 | Tjörnes | 20 | |
| 10 | Lón—Víkingavatn | 26 | 5 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. | Lánsh. m.kr. |
|---|---|---|---|
| 17 | Melrakkaslétta | 42 | 5 |
| 25–26 | Syðra-Áland—Langanesv. | 15 | |
| 802 | Ólafsfjarðarv. eystri | | |
| 02 | Ólafsfjörður—Ólafsfj.v. | 24 | 8 |
| 901 | Austurlandsvegur | | |
| 08 | Jökuldalsv.eystri—Hvanná | 24 | 10 |
| 13 | Lagarfljótsbrú—Norðfjarðarvegur | 26 | |
| 15 | Upphéraðsv.—Litla-Sandfell | 15 | |
| 22 | Skrúðskambur—Fossgerði | 20 | 5 |
| 30–32 | Fyrir Hvalneshorn | 30 | 10 |
| 34 | Brekka—Þorgeirsstaðir | 9 | |
| 44–45 | Jökulsá—Kvíá | 21 | 5 |
| 985 | Norðausturvegur | | |
| 04 | Hafnarvegur—Hundsvatnslækur | 13 | |
| 09 | Vopnafjörður—Hlíðarvegur | 20 | |
| 12 | Teigará—Bæjaröxl | 7 | |
| 992 | Norðfjarðarvegur | | |
| 05 | Suðurfjarðav.—Reyðarfjörður | 47 | 10 |
| 05 | Suðurfjarðav.—Reyðarfj. (brú) | 25 | |
| 09 | Eskifjörður—Gangamunni E. | 44 | |
| 993 | Seyðisfjarðarvegur | | |
| 03 | Sýslumörk—Kaupstaður | 39 | 10 |
| 996 | Suðurfjarðavegur | | |
| 03 | Hafranes—Vattarnes | 13 | |
| 05 | Höfðahús—Búðir | 39 | 10 |
| | Samtals | 2 951 | 400 |

## 2. Þjóðbrautir.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. |
|---|---|---|
| 22 | Stórhöfðavegur | |
| 01 | Ýmsir staðir | 6 |
| 26 | Landvegur | |
| 04 | Galtalækur—Búrfell | 14 |
| 204 | Meðallandsvegur | |
| 02 | Um Eldvatn | 18 |
| 208 | Búlandsvegur | |
| 01 | Ýmsir staðir | 4 |
| 252 | Landeyjavegur | |
| 01–06 | Ýmsir staðir | 6 |
| 261 | Fljótshlíðarvegur | |
| 02 | Hvolsvöllur—Hlíðarendi | 15 |
| 268 | Þingskálavegur | |
| 02–03 | Þingskálar—Næfurholt | 5 |
| 275 | Ásvegur | |
| 01 | Um Skammalæk | 14 |
| 30 | Hrunamannavegur | |
| 04 | Um Laxárholt | 1.5 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. |
|---|---|---|
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | |
| 02 | Stokkseyri—Baugsstaðir | 10 |
| 35 | Biskupstungnabraut | |
| 05 | Austan Brúarár | 10 |
| 06 | Um Litla-Fljót | 8.5 |
| 37 | Laugarvatnsvegur | |
| 02 | Um Laugarvatn | 18 |
| 308 | Hamarsvegur | |
| 01 | Skógsnes—Sýrlækur | 12 |
| 44 | Hafnavegur | |
| 02 | Flugvöllur—Stapafellsvegur | 12 |
| 416 | Álftanesvegur | |
| 01 | Að þéttbýli | 33 |
| 425 | Nesvegur | |
| 01 | Hafnir—Reykjanesviti | 5 |
| 503 | Akrafjallsvegur | |
| 03 | Við Akranes | 3 |
| 514 | Laugarholtsvegur | |
| 01 | Bæjarsveitarv.—Laugarholt | 10 |
| 518 | Hálsasveitarvegur | |
| 01 | Sturlu-Reykir—Litli-Hvammur | 10 |
| 523 | Hvítársíðuvegur | |
| 01 | Um Fróðastaði | 10 |
| 533 | Álftaneshreppsvegur | |
| 01 | Tenging við Ólafsvíkurveg | 3 |
| 535 | Grímsstaðavegur | |
| 01 | Ólafsvíkurvegur—Vegamót Grenja | 7 |
| 540 | Hraunhreppsvegur | |
| 01 | Um Norðlæk | 3 |
| 559 | Laxárdalsvegur | |
| 02 | Laxárdalsheiði | 13 |
| 574 | Útnesvegur | |
| 02–04 | Styrking | 10 |
| 576 | Framsveitarvegur | |
| 01 | Hjá Bár | 5 |
| 588 | Gillastaðavegur | |
| 01 | Laxárdalsvegur—Laxá | 5 |
| 590 | Klofningsvegur | |
| 07 | Fagridalur—Tjaldanes | 30 |
| 607 | Reykhólasveitarvegur | |
| 01 | Um Barmahlíð | 14 |
| 622 | Svalvogavegur | |
| 04 | Meðaldalsá—Sveinseyri | 14 |
| 624 | Ingjaldssandsvegur | |
| 01 | Gemlufall—Núpur | 9 |
| 633 | Vatnsfjarðarvegur | |
| 01–04 | Djúpvegur—Djúpvegur | 10 |
| 659 | Laxárdalsvegur | |
| 02 | Sýslumörk—Hólmavíkurv. | 5 |
| 664 | Flateyrarvegur | |
| 01 | Sólbakki, Garðar—Hvilft | 9 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. |
|---|---|---|
| 665 | Súgandafjarðarvegur | |
| 01 | Um Botnsheiði | 12 |
| 704 | Miðfjarðarvegur | |
| 03 | Bjarg—Laugarbakki | 6 |
| 711 | Vatnsnesvegur | |
| 01 | Hvammstangi—Skarð | 22 |
| 715 | Víðidalsvegur vestri | |
| 01 | Hvarf—Kolugil | 8 |
| 717 | Borgarvegur | |
| 01 | Síðuvegur—Vatnsnesvegur | 2 |
| 726 | Auðkúluvegur | |
| 01 | Reykjabraut—Svínvetningabr. | 35 |
| 734 | Svartárdalsvegur | |
| 01 | Norðurlandsv.—Bergsstaðir | 3 |
| 742 | Mýravegur | |
| 01 | Skagastrandarv.—Laxárdalsv. | 5 |
| 745 | Skagavegur | |
| 06 | Keta—Selnes | 2 |
| 09 | Þverárfjallsv.—Sauðárkrókur | 11 |
| 752 | Skagafjarðarvegur | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur | 5 |
| 781 | Deildardalsvegur | |
| 01 | Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv. | 3 |
| 786 | Sléttuhlíðarvegur | |
| 01 | Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv. | 2 |
| 787 | Flókadalsvegur | |
| 01 | Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv. | 6 |
| 789 | Sléttuvegur | |
| 01 | Siglufjarðarv.—Ólafsfjarðarv. | 25 |
| 83 | Grenivíkurvegur | |
| 02 | Fnjóskadalsv.—Grenivík | 21 |
| 805 | Svarfaðardalsvegur | |
| 01–02 | Ólafsfjarðarv.—Atlastaðir | 22 |
| 811 | Hjalteyrarvegur | |
| 01 | Ólafsfjarðarv.—Hjalteyri | 3 |
| 821 | Eyjafjarðarbraut vestri | |
| 02 | Finnastaðav.—Eyjafjarðarbr. eystri | 18 |
| 829 | Eyjafjarðarbraut eystri | |
| 01 | Norðurlandsv.—Munkaþverá | 12 |
| 856 | Laxárdalsvegur vestri | |
| 01 | Staðarbraut—Halldórsst. | 3 |
| 868 | Laxárdalsvegur | |
| 01 | Norðausturv.—Holt | 8 |
| 869 | Langanesvegur | |
| 01–03 | Þórshöfn—Flugvöllur | 13 |
| 94 | Borgarfjarðarvegur | |
| 01–03 | Seyðisfjarðarv.—Steinsvað | 26 |
| 925 | Hróarstunguvegur | |
| 04 | Vífilsstaðavegur—Austurlandsv. | 2 |
| 931 | Upphéraðsvegur | |
| 01 | Austurlandsvegur—Rauðilækur | 22 |
| 04 | Innan við Gilsá | 6 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1978 Fjárv. m.kr. |
|---|---|---|
| 938 | Múlavegur syðri | |
| 01 | Skriðdalsvegur—Birkihlíð | 4 |
| 953 | Mjóafjarðarvegur | |
| 01 | Norðfjarðarv.—Háheiði | 11 |
| 954 | Helgustaðavegur | |
| 02 | Mjóeyri—Stóra-Breiðavík | 1 |
| 964 | Breiðdalsvegur | |
| 01 | Austurlandsv.—Austurlandsv. | 6 |
| 91 | Hafnarvegur í Bakkafirði | |
| 01 | Norðausturvegur—Hafnarkauptún | 13 |
| | Samtals | 700 |

2.5. **Til brúagerða.**

1. **Til brúa 10 m og lengri**

| | Fjárv. í m.kr. |
|---|---|
| Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.) | 15 |
| Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (204) | 52 |
| Svínadalsá á Jónsvaði (60) | 43 |
| Prestbakkaá (68) | 36 |
| Heydalsá (68) | 20 |
| Víðidalsá (1) | 88 |
| Grjótá á Öxnadalsheiði (1) | 18 |
| Búðarárgil (85) | 70 |
| Staðará hjá Ánastöðum (sýsluv.) | 7 |
| Njörvadalsá í Reyðarfirði (92) | 5 |
| Breiðdalsá í Reyðarfirði (96) | 38 |
| Breiðdalsá í Breiðdal (964) | 38 |
| Djúpá hjá Holtaseli (sýsluv.) | 28 |
| Samtals | 458 |

*Samgönguráðuneytið, 29. maí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

# FORSETABRÉF

## um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:*

Alþingi 99. löggjafarþing, lýkur störfum laugardaginn 6. maí 1978. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

*Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um sérstakt tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

þeim kjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris, breytingu á meðalgengi íslenskrar krónu eða höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Seðlabankinn ákveður vexti af lánum þessum svo og öll önnur lánskjör og skal tekið mið af lánskjörum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

30. desember 1978. Nr. 115.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 70/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1979 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1979, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
   a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
   b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu;
   c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;
   d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1978 450 000 kr. og hjá hjónum 750 000 kr.
3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 3 450 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 600 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er.

   Sjúkratryggingagjald skal álagt í heilum hundruðum króna þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.-4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Magnús H. Magnússon.*

Nr. 116. 30. desember 1978.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977 skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1978:

1. Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

| | |
|---|---|
| Einstaklingar | 297 000 |
| Hjón | 415 800 |

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1978.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Magnús H. Magnússon.*

# LÖG

## um nýbyggingagjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leggja skal sérstakt gjald, nýbyggingagjald, á öll mannvirki sem meta skal fasteignamati samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði er undanþegið gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Heimilt er ráðherra að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu.

3. gr.

Gjaldstofn nýbyggingagjalds skal vera áætlaður byggingarkostnaður mannvirkis og skal gjaldið vera 2% af gjaldstofni.

Skal byggingarkostnaður í þessu sambandi miðast við rúmmetratölu mannvirkis og áætlaðan byggingarkostnað á þeim tíma, er sú áætlun fer fram. Skal Hagstofa Íslands gefa út skrá um áætlaðan byggingarkostnað á rúmmetra í hinum ýmsu tegundum mannvirkja og skal gjaldstofn miðaður við þá áætlun. Skrár þessar skulu gefnar út í desembermánuði og júnímánuði ár hvert og skal gjaldtaka miðuð við þær næstu sex mánuði miðað við 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að skrár Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. skuli ekki taka til ákveðinna tegunda mannvirkja, heldur skuli byggingarkostnaður þeirra áætlaður af Fasteignamati ríkisins samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

Sé einstakt mannvirki svo sérstætt að mati innheimtumanns að byggingarkostnaður verði ekki miðaður við meðaltalsreglur, er greinir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal Fasteignamat ríkisins áætla byggingarkostnað þess og skal þá gjaldið miðað við þá áætlun.

4. gr.

Eindagi nýbyggingagjalds miðast við útgáfu byggingarleyfis eða upphaf byggingarframkvæmda sé mannvirki ekki háð byggingarleyfi.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum skal lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Skal þeim er hyggjast stofna til framkvæmda við gjaldskyld mannvirki skylt að láta innheimtumanni í té upplýsingar um rúmmetratölu fyrirhugaðs mannvirkis, teikningar af því og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til ákvörðunar gjaldsins.

6. gr.

Taka má gjald samkvæmt lögum þessum lögtaki hjá byggingarleyfishafa eða eiganda mannvirkis. Nýbyggingagjaldinu fylgir lögveð í mannvirki því sem gjaldið er á lagt og skal ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef mannvirkið eyðileggst eftir að gjaldið er fallið í eindaga er sami lögveðréttur fyrir því í tryggingafjárhæðum þess.

Sveitarstjórn er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirkjum, sem gjaldskyld eru samkvæmt lögum þessum, nema fyrir liggi sönnun þess að gjaldið hafi verið greitt að fullu. Sé þessa ekki gætt er sveitarstjórn ábyrg fyrir greiðslu gjalds af viðkomandi eign og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið beint að sveitarstjórn við innheimtu þess.

Sé gjald samkvæmt lögum þessum eigi greitt innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með eindaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 7 000 000 kr., sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra skal með reglugerð kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. janúar 1979.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1979 skal Hagstofa Íslands birta skrá skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir 15. janúar.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Tómas Árnason.*

Nr. 118. 30. desember 1978.

# LÖG

**um breytingu á lögum nr. 41 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.**

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1978“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Hjörleifur Guttormsson.*

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. desember 1977 og III. kafla laga nr. 3 17. febrúar 1978, um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. mgr. C-liðar 15. gr. (sbr. 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972) falli niður og breytist málsgreinatalan samkvæmt því.

2. gr.

1. mgr. D-liðar 15. gr. (sbr. 5. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er um getur í 1. og 2. tl. C-liðs með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 10% af heildarfyrningarverði þeirra, að frádreginni hækkun vegna endurmats samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I. Eigandi ræður, hvenær hann notar heimild þessa, en aldrei má hann nota meira en fimmta hluta þessara sérstöku fyrninga á einu ári.

3. gr.

A-liður 25. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 63/1977) orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum, telji þau fram hvort í sínu lagi:
   Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, af þar næstu 341 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 40% og af skattgjaldstekjum yfir 1 202 500 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
2. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:
   Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, af þar næstu 351 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 40% og af skattgjaldstekjum yfir 1 582 230 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

4. gr.

2. mgr. B-liðar 25. gr. (sbr. 9. gr. laga nr. 20/1976 og 9. gr. laga nr. 11/1975) orðist svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar, skal ríkissjóður leggja fram fé, sem nemur allt að þessum mun, og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða álagt sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Þó

skal greiðsla útsvars gjaldársins fyrir hvern gjaldanda aldrei nema hærri fjárhæð en útsvar hefði numið, ef útsvarsstofn hefði verið lækkaður um a) bætur skv. II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum, b) námsfrádrátt, er skattstjóri ákvarðar vegna þeirra, er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu og c) lækkun skattgjaldstekna, er skattstjóri ákvarðar skv. 52. gr. laga þessara. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður.

5. gr.

D-liður 25. gr. (sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975) orðist svo:

D. Tekjuskattur þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 65% af skattgjaldstekjum.

6. gr.

26. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977) orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast þannig:

   Af fyrstu 11 400 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 17 100 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 1,2%.

   Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1979 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1978, skal álagður eignarskattur skv. 1. mgr. þessa töluliðar lækkaður um 68 400 kr. hjá einstaklingi og um 102 600 kr. hjá hjónum.

   Hjá öðrum mönnum, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 2 100 000 kr., ef um einstaklinga er að ræða, en lægri vergar tekjur til skatts en 2 700 000 kr., ef hjón eiga í hlut, skal eignarskattur, sem ekki nær 68 400 kr. hjá einstaklingi, en 102 600 hjá hjónum, lækkaður um 20%.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 1,6% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1978.

**Ákvæði til bráðabirgða**

Ákvæði V.—VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum skulu gilda til 31. desember 1979 þrátt fyrir gildistöku laga nr. 40/1978. Koma ákvæði VIII.—XIII. kafla laga nr. 40/1978 því til framkvæmda frá og með 1. janúar 1980. Þá skulu ákvæði laga nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda sem eru á förum úr landi o. fl. gilda til 31. desember 1979 þrátt fyrir ákvæði 118. gr. laga nr. 40/1978. Að öðru leyti fer um gildistöku laga nr. 40/1978 eftir ákvæðum 118. gr. þeirra laga.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Tómas Árnason.*

# LÖG

## um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur að fjárhæð allt að 4 800 m.kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveituframkvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast allt að 230 m.kr. lán fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna á árinu 1978. Heimild þessi komi til viðbótar ábyrgðarheimild í lið LXXV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 er nemi allt að 4 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eða Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að taka lán til byggingar jarðstöðvar og sjálfvirkrar millilandasímstöðvar er nemi allt að 1 550 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Tómas Árnason.*

# LÖG
## um kjaramál.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun

1. gr.

1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

2. gr.

Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

3. gr.

Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

### II. KAFLI
### Um bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977, nr. 56/1977, nr. 3/1978 og nr. 91/1978

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu taka sömu hlutfallshækkun 1. september 1978 og 1. desember 1978 og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

### III. KAFLI
### Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gilti í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

7. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. september 1978 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gilti samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

## IV. KAFLI

**Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III. kafla**

8. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1978 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1977, skal álagður eignarskattsauki skv. a-lið 1. mgr. lækkaður um 16 000 kr. hjá einstaklingi og um 24 000 kr. hjá hjónum.

Eignarskattsauki samkv. þessari grein skal einnig lækkaður um sömu fjárhæð hjá þeim einstaklingum sem á skattárinu 1977 höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 400 000 kr. miðað við einstakling og 1 800 000 kr. miðað við hjón, enda hafi skattgjaldseign skattþegns ekki verið yfir 12 000 000 kr. ef um einstakling er að ræða og 18 000 000 kr. ef hjón eiga í hlut.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr.

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
b. Samsköttuð hjón og karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaður um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þegar frá þeim hreinu tekjum hefur verið dregin sú upphæð sem ætla má að reiknuð laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila, eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977 að viðbættri upphæð reiknaðra launa þessara manna svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Við ákvörðun á reiknuðum launum skv. 2. mgr. fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli ákvæða 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt staflíðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. staflið a., b. og c.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 4. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um upphæð reiknaðra launa skv. 2. og 3. mgr. að frádregnum hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr.

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir: Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum reiknuðum

launum, sbr. 9. gr., svo og yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Fella skal niður skatt samkvæmt þessum tölulið nái hann ekki 15 000 kr.

2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:

Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. greinar greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum er ákvarðast í samræmi við ákvæði VII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

11. gr.

Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara og gilda um þá ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta styðjast við sömu skatta og sömu stofna sem á byggðist álagning eignarskatts og tekjuskatts samkvæmt skattskrám 1978. Verði um að ræða breytingu á eignarskatti, skattgjaldstekjum eða fyrningum við úrskurð á kærum eða af öðrum ástæðum vegna gjaldársins 1978 ber skattyfirvöldum og ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum að lækka eða hækka eða leggja á skatta, sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara, til samræmis við þær breytingar.

12. gr.

Innheimtu skatta skv. 8.—10. gr. laga þessara skal skipt jafnt á fjóra gjalddaga, hinn 1. nóvember 1978, 1. desember 1978, 1. janúar 1979 og 1. febrúar 1979. Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á einstaka skattaðila eftir ákvæðum 8.—10. gr. laga þessara ekki 4 000 kr. skulu þeir felldir niður við innheimtu. Skattar þessir skulu innheimtir af sömu aðilum og innheimta tekjuskatt og eignarskatt. Um dráttarvexti og innheimtu þeirra skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þeim er gilda um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

## V. KAFLI
### Um gjald á ferðalög til útlanda

13. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur. Gildistími þessa ákvæðis er til 31. desember 1979.

## VI. KAFLI
### Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 (laga nr. 86/1977) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 2 000 milljónum króna. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

## VII. KAFLI
### Um gildistöku o. fl.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum. Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Ólafur Jóhannesson.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um verðjöfnunargjald af raforku.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess, að ákveða með bráðabirgðalögum verðjöfnunargjald af raforku á tímabilinu 1. janúar 1979 til 31. desember s. á.

Ákvæði um verðjöfnunargjald af raforku voru fyrst sett með lögum nr. 83/1974, og voru þau upphaflega sett til þess að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, og eftir stofnun Orkubús Vestfjarða á s. l. ári, jafnframt til þess að styrkja fjárhag þess. Gjaldinu hefur verið skipt þannig, að 80% renna til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

Í áðurgreindum lögum var verðjöfnunargjaldið sett til eins árs og hafa lögin síðan verið endurnýjuð árlega.

Frumvarp um verðjöfnunargjald þetta var lagt fram á Alþingi 14. þ. m., en ekki vannst tími til þess að afgreiða það fyrir jólaleyfi þingmanna. Á Alþingi kom ekki fram ágreiningur um framlengingu gjaldsins í óbreyttu formi.

Í frumvarpinu var verðjöfnunargjaldið 19% en í þessum bráðabirgðalögum er það 13% svo sem það hefur verið.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað „1975" í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur: 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Hjörleifur Guttormsson.*

# FORSETABRÉF

## um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 100. löggjafarþings, frá 22. desember 1978 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 25. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

30. desember 1978. 415 Nr. 124.

# FJÁRLÖG
## fyrir árið 1979.

## A-HLUTI
## Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

### 1. gr.
### Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

| Rekstrarreikningur | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Tekjur: | | |
| Beinir skattar | 46 934 900 | |
| Óbeinir skattar | 158 656 845 | |
| Aðrar tekjur | 3 359 044 | 208 950 789 |
| Gjöld: | | |
| Samneysla | 80 369 417 | |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 87 658 005 | |
| ÷ Sértekjur stofnana | 3 999 785 | |
| Rekstrarliðir samtals | 164 027 637 | |
| Stofnkostnaður, fjárfesting | 12 932 282 | |
| Fjármagnstilfærslur | 25 326 500 | 202 286 419 |
| Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld | | 6 664 370 |
| **Lánahreyfingar** | | |
| Lánahreyfingar inn: | | |
| Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa | 4 200 000 | |
| Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé | 5 424 000 | |
| Erlend lán | 5 648 000 | |
| Fjáröflun alls | 15 272 000 | |
| ÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina | 4 550 000 | |
| Fjáröflun skv. lánsfjáráætlun | 10 722 000 | |
| ÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun | 6 691 000 | |
| Lánsfé til A-hluta skv. lánsfjáráætlun | 4 031 000 | |
| Afborganir af veittum lánum í A-hluta | 80 000 | 4 111 000 |
| Lánahreyfingar út: | | |
| Eiginfjárframlag í Landsvirkjun | 180 000 | |
| Hlutafé í Járnblendifélaginu | 536 000 | |
| Iðnþróunarsjóður Portúgals, framlag | 54 000 | |
| Afborganir af teknum lánum til A-hluta: | | |
| Seðlabanki Íslands | 5 099 270 | |
| Aðrir | 1 909 716 | |
| Útstreymi á viðskiptareikningum | 500 000 | 8 278 986 |
| Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir | | 4 167 986 |
| **Greiðslujöfnuður**, greiðsluafgangur | | 2 496 384 |

**2. gr.**

Árið 1979 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

| | Gjöld: | Þús. kr. | Rekstrar- Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| 00 | **Æðsta stjórn ríkisins** | | **1 505 668** |
| 01 | **Forsætisráðuneytið** | | **2 746 429** |
| 101 | Yfirstjórn | 136 725 | |
| 102—902 | Annað | 2 609 704 | |
| 02 | **Menntamálaráðuneytið** | | **32 368 107** |
| 101 | Yfirstjórn | 370 818 | |
| 201—885 | Fræðslumál | 29 229 682 | |
| 901—999 | Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi | 2 767 607 | |
| 03 | **Utanríkisráðuneytið** | | **2 188 285** |
| 101—102 | Yfirstjórn | 349 880 | |
| 201 | Löggæsla á Keflavíkurflugvelli | 486 231 | |
| 301—313 | Sendiráð | 828 980 | |
| 399—401 | Alþjóðastofnanir | 523 194 | |
| 04 | **Landbúnaðarráðuneytið** | | **10 636 697** |
| 101—172 | Yfirstjórn | 134 414 | |
| 201—299 | Búnaðarmál | 10 057 727 | |
| 501—503 | Skólar | 444 556 | |
| 05 | **Sjávarútvegsráðuneytið** | | **4 596 894** |
| 101 | Yfirstjórn | 108 413 | |
| 201—299 | Útvegsmál | 4 336 661 | |
| 901 | Annað | 151 820 | |
| 06 | **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið** | | **11 135 492** |
| 101—102 | Yfirstjórn | 148 479 | |
| 201—284 | Dómgæsla, lögreglumál o. fl. | 10 077 800 | |
| 301—373 | Þjóðkirkjan | 909 213 | |
| 07 | **Félagsmálaráðuneytið** | | **7 740 889** |
| 101 | Yfirstjórn | 67 274 | |
| 271—272 | Húsnæðismál | 6 440 700 | |
| 301—999 | Önnur félagsmál | 1 232 915 | |
| 08 | **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið** | | **67 097 230** |
| 101 | Yfirstjórn | 118 409 | |
| 271—273 | Tryggingamál | 51 007 300 | |
| 301—399 | Heilbrigðismál | 15 815 681 | |
| 471—502 | Annað | 155 840 | |
| | **Flutt** | | **140 015 691** |

3. gr.

Árið 1979 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

**reikningur**

**Tekjur:**

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| | **Skattar** | | |
| | **Beinir skattar** | | |
| | **Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga:** | | **6 122 900** |
| | Iðgjöld lífeyristrygginga: | | |
| 0 0020 | Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda ..... | 3 504 000 | |
| | Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld: | | |
| 0 0030 | Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum ..... | 1 584 200 | |
| 0 0050 | Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs ..... | 1 034 700 | |
| | **Eignarskattar** ..... | | **5 200 000** |
| | Eignarskattur, almennir: | | |
| 0 0100 | Eignarskattar einstaklinga ..... | 1 852 000 | |
| 0 0103 | Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga .. | 16 000 | |
| 0 0110 | Eignarskattur félaga ..... | 2 561 000 | |
| 0 0113 | Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga ..... | 21 000 | |
| 0 0117 | Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði ..... | 550 000 | |
| 0 0140 | Erfðafjárskattur ..... | 200 000 | |
| | **Tekjuskattar** ..... | | **35 612 000** |
| | Tekjuskattar: | | |
| 0 0120 | Tekjuskattur einstaklinga ..... | 23 135 000 | |
| 0 0123 | Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga .. | 324 000 | |
| 0 0124 | Sjúkratryggingagjald ..... | 4 350 000 | |
| 0 0130 | Tekjuskattur félaga ..... | 7 730 000 | |
| 0 0133 | Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga ..... | 73 000 | |
| | **Óbeinir skattar** | | |
| | **Gjöld af innflutningi** ..... | | **42 575 357** |
| | Aðflutningsgjöld: | | |
| 0 0210 | Aðflutningsgjöld ..... 30 800 000 | | |
| | Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .. 1 540 000 | | |
| | | 29 260 000 | |
| 0 0240 | Byggingariðnaðarsjóðsgjald ..... | 50 000 | |
| 0 0252 | Byggingarsjóðsgjald af innflutningi ..... | 154 000 | |
| | Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald: | | |
| 0 0260 | Innflutningsgjald af bensíni ..... | 7 483 000 | |
| 0 0270 | Gúmmígjald ..... | 107 000 | |
| | Innflutningsgjald af bifreiðum: | | |
| 0 0280 | Innflutningsgjald af bifreiðum ..... | 4 300 000 | |
| | Gjald af gas- og brennsluolíu: | | |
| 0 0220 | Gjald af gas- og brennsluolíu ..... | 585 000 | |
| 0 0230 | Jöfnunargjald ..... 1 050 000 | | |
| | Þar af vegna endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts ..... 500 000 | | |
| | | 550 000 | |
| | **Flutt** | | 89 510 257 |

Gjöld:

Rekstrar-

| | | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt | | 140 015 691 |
| 09 | **Fjármálaráðuneytið** | | | 8 164 514 |
| | 101—104 | Yfirstjórn | 457 352 | |
| | 201—282 | Toll- og skattheimta | 2 076 488 | |
| | 381—384 | Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun | 3 452 983 | |
| | 402—999 | Annað | 2 177 691 | |
| 10 | **Samgönguráðuneytið** | | | **19 191 120** |
| | 101 | Yfirstjórn | 72 301 | |
| | 211 | Vegamál | 12 628 000 | |
| | 321—672 | Önnur samgöngumál | 6 490 819 | |
| 11 | **Iðnaðarráðuneytið** | | | **7 394 531** |
| | 101 | Yfirstjórn | 78 710 | |
| | 201—299 | Iðnaðarmál | 953 114 | |
| | 301—399 | Orkumál | 6 362 707 | |
| 12 | **Viðskiptaráðuneytið** | | | **20 067 120** |
| | 101 | Yfirstjórn | 92 858 | |
| | 201 | Niðurgreiðslur | 18 902 900 | |
| | 202—999 | Annað | 1 071 362 | |
| 13 | **Hagstofa Íslands** | | | **182 473** |
| 14 | **Ríkisendurskoðun** | | | **220 301** |
| 15 | **Fjárlaga- og hagsýslustofnun** | | | **7 050 669** |
| | 101—181 | Yfirstjórn | 107 712 | |
| | 991 | Ýmis lán ríkissjóðs, vextir | 6 942 957 | |

**reikningur**

**Tekjur:**

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 89 510 257 |
| | Hagnaður af sölu varnarliðseigna: | | |
| 0 0290 | Hagnaður af sölu varnarliðseigna | 86 357 | |
| | **Skattar af framleiðslu** | | 13 715 000 |
| | Vörugjald: | | |
| 0 0611 | Vörugjald | 435 000 | |
| 0 0600 | Álgjald | 280 000 | |
| 0 0615 | Sérstakt vörugjald | 13 000 000 | |
| | **Skattar af seldri vöru og þjónustu** | | 91 742 900 |
| | Söluskattur: | | |
| 0 0300 | Söluskattur 66 160 000 | | |
| | Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 4 760 000 | | |
| | | 61 400 000 | |
| | Skemmtanaskattar: | | |
| 0 0621 | Miðagjald til Menningarsjóðs | 26 000 | |
| 0 0622 | Skemmtanaskattur | 185 000 | |
| | Launaskattur: | | |
| 0 0400 | Launaskattur | 10 850 000 | |
| | Rekstrarhagnaður ÁTVR: | | |
| 0 0510 | Rekstrarhagnaður ÁTVR | 18 200 000 | |
| 0 0530 | Gjald af seldum vindlingum | 68 000 | |
| 0 0540 | Gjald af einkasöluvörum | 6 500 | |
| | Flugvallagjald: | | |
| 0 0681 | Flugvallagjald | 770 000 | |
| | Gjöld af útfluttum sjávarafurðum: | | |
| 0 0892 | Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum | 215 000 | |
| | Aðrir skattar: | | |
| 0 0672 | Sérleyfisgjald | 22 000 | |
| 0 0671 | Gjald af eyðublöðum heillaskeyta | 400 | |
| | **Aðrir óbeinir skattar** | | 10 623 588 |
| | Aukatekjur og stimpilgjald: | | |
| 0 0800 | Stimpilgjald | 2 800 000 | |
| 0 0810 | Aukatekjur | 550 000 | |
| 0 0820 | Þinglýsingar | 120 000 | |
| | Flutt | | 205 591 745 |

Rekstrar-

Gjöld:

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Flutt | | 202 286 419 |

| | |
|---|---|
| Gjöld samtals ..... | 202 286 419 |
| Tekjur umfram gjöld ..... | 6 664 370 |
| Samtals | 208 950 789 |

reikningur

## Tekjur:

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 205 591 745 |
| | Ýmsir skattar af bifreiðum: | | |
| 0 0720 | Bifreiðaskattur | 1 850 000 | |
| 0 0750 | Skráningargjald bifreiða | 250 000 | |
| 0 0740 | Skoðunargjald bifreiða | 80 000 | |
| | Ýmsir skattar af skipum: | | |
| 0 0831 | Lestagjald | 2 500 | |
| 0 0833 | Vitagjald | 18 000 | |
| 0 0832 | Skipaskoðunargjald | 11 000 | |
| | Tekjur af sölu erlends gjaldeyris: | | |
| 0 0841 | Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna | 1 000 000 | |
| 0 0842 | Leyfisgjald | 350 000 | |
| 0 0843 | Gjald á ferðalög til útlanda | 1 600 000 | |
| | Aðrir óbeinir skattar: | | |
| 0 0884 | Verðjöfnunargjald | 1 210 000 | |
| 0 0850 | Áhættugjald vegna ríkisábyrgða | 60 000 | |
| 0 0891 | Skipulagsgjald | 125 000 | |
| 0 0881 | Rafmagnseftirlitsgjald | 160 573 | |
| 0 0860 | Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í. | 91 200 | |
| 0 0871 | Prófgjald bifreiðarstjóra | 27 252 | |
| 0 0872 | Prófgjald iðnnema | 10 000 | |
| 0 0895 | Sérlyfjagjald | 8 000 | |
| 0 0894 | Hvalveiðigjald | 63 | |
| 0 0898 | Nýbyggingagjald | 300 000 | |
| | **Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta** | | 557 444 |
| | Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum: | | |
| 0 1010 | Afgjöld ríkisjarða | 7 000 | |
| 0 1030 | Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn | 90 544 | |
| 0 1020 | Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli | 459 900 | |
| | **Ýmsar tekjur** | | 2 801 600 |
| | Vextir og arður af hlutabréfum: | | |
| 0 2010 | Vextir | 2 200 000 | |
| 0 2020 | Arður af hlutabréfum | 45 000 | |
| | Ýmsar tekjur: | | |
| 0 6991 | Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta | 9 500 | |
| 0 2030 | Sameignir ríkisins | 80 000 | |
| 0 1901 | Yfirverð líknarfrímerkja | 100 | |
| 0 1902 | Samúðarskeyti Landssímans | 17 000 | |
| 0 1911 | Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs | 350 000 | |
| 0 1990 | Ýmsar óvissar tekjur | 100 000 | |
| | Tekjur samtals | | 208 950 789 |

## 4. gr.

### 00 Æðsta stjórn ríkisins

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **101** | **Embætti forseta Íslands:** | | |
| 20 | Laun | 41 698 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 18 358 | |
| 4 | Viðhald | 5 000 | |
| | Gjöld samtals | | 65 056 |
| **201** | **Alþingi:** | | |
| 20 | Laun | 838 709 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 384 086 | |
| 90 | Yfirfærslur: | | |
| 94 | Til einstaklinga og samtaka | 25 400 | |
| | Gjöld samtals | | 1 248 195 |
| | Viðfangsefni: | | |
| 0102 | Þingfararkaup alþingismanna | 512 495 | |
| 0103 | Skrifstofu- og alþingiskostnaður | 532 517 | |
| 0104 | Rekstrarkostnaður fasteigna | 72 144 | |
| 0105 | Útgáfukostnaður Alþingistíðinda | 80 850 | |
| 0106 | Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings | 4 659 | |
| 0107 | Hús Jóns Sigurðssonar | 12 320 | |
| 0108 | Þingmannasamtök NATO | 2 970 | |
| 0109 | Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka | 25 400 | |
| 0110 | Þingmannafundir Evrópuráðsins | 4 840 | |
| | Gjöld samtals | 1 248 195 | |
| **301** | **Ríkisstjórn:** | | |
| 20 | Laun | 107 484 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 20 068 | |
| | Gjöld samtals | | 127 552 |
| **401** | **Hæstiréttur:** | | |
| 20 | Laun | 64 865 | |
| | Gjöld samtals | | 64 865 |
| | Samtals | | 1 505 668 |

## 01 Forsætisráðuneytið

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **101** | **Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:** | | |
| 20 | Laun | 61 212 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 28 016 | |
| 4 | Viðhald | 4 945 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 420 | |
| 90 | Yfirfærslur: | | |
| 94 | Til einstaklinga og samtaka | 42 132 | |
| | Gjöld samtals | | 136 725 |
| | Viðfangsefni: | | |
| 0101 | Yfirstjórn | 79 014 | |
| 0102 | Stjórnarráðshús | 7 640 | |
| 0103 | Fálkaorðan | 1 000 | |
| 0105 | Framlag til Kanadasjóðs | 60 | |
| 0106 | Viðhald ráðherrabústaðar við Tjarnargötu | 1 400 | |
| 0107 | Rekstur ráðherrabústaðar við Tjarnargötu | 5 544 | |
| 0109 | Ráðherrabústaður á Þingvöllum | 995 | |
| 0110 | Til Hrafnseyrar | 5 000 | |
| 0111 | Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs | 31 000 | |
| 0113 | Gjöf Jóns Sigurðssonar | 5 072 | |
| | Gjöld samtals | 136 725 | |
| **102** | **Þjóðhagsstofnun:** | | |
| 20 | Laun | 121 201 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 34 925 | |
| 4 | Viðhald | 300 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 300 | |
| | Gjöld samtals | 156 726 | |
| 0 | Sértekjur | 78 363 | |
| | Mismunur | | 78 363 |
| **171** | **Framlag til Byggðasjóðs:** | | |
| 90 | Yfirfærslur: | | |
| 91 | Til fyrirtækja í B-hluta | 2 458 000 | |
| | Gjöld samtals | | 2 458 000 |
| | Viðfangsefni: | | |
| 0101 | Almenn starfsemi | 1 328 000 | |
| 0102 | Skuldagreiðslur vegna byggðalína | 1 130 000 | |
| | Gjöld samtals | 2 458 000 | |

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **901** | **Húsameistari ríkisins:** | | |
| 20 | Laun | 95 629 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 12 002 | |
| 4 | Viðhald | 850 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 2 300 | |
| | Gjöld samtals | 110 781 | |
| 0 | Sértekjur | 68 500 | |
| | Mismunur | | 42 281 |
| | **Viðfangsefni:** | | |
| 0101 | Yfirstjórn | 28 117 | |
| 0102 | Teiknistofa | 70 573 | |
| 0103 | Byggingaeftirlit | 12 091 | |
| | Gjöld samtals | 110 781 | |
| **902** | **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:** | | |
| 20 | Laun | 10 870 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 7 590 | |
| 4 | Viðhald | 3 600 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 14 500 | |
| | Gjöld samtals | 36 560 | |
| 0 | Sértekjur | 5 500 | |
| | Mismunur | | 31 060 |
| | Samtals | | 2 746 429 |

## 02 Menntamálaráðuneytið

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| 101 | **Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:** | | |
| 20 | Laun | 246 428 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 120 890 | |
| 4 | Viðhald | 1 000 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 2 500 | |
| | Gjöld samtals | | 370 818 |
| 201 | **Háskóli Íslands:** | | |
| 20 | Laun | 2 104 061 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 406 052 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 633 900 | |
| | Gjöld samtals | 3 144 013 | |
| 0 | Sértekjur | 745 879 | |
| | Mismunur | | 2 398 134 |
| | **Viðfangsefni:** | | |
| 0101 | Yfirstjórn | 148 688 | |
| 0102 | Guðfræðideild | 44 741 | |
| 0103 | Læknadeild | 448 461 | |
| 0104 | Tannlæknadeild | 107 083 | |
| 0105 | Lyfjafræði lyfsala | 31 611 | |
| 0106 | Lagadeild | 68 897 | |
| 0107 | Viðskiptadeild | 95 797 | |
| 0108 | Heimspekideild | 281 506 | |
| 0109 | Verkfræðideild | 638 991 | |
| 0110 | Bókasafn | 77 399 | |
| 0111 | Íþróttakennsla | 20 494 | |
| 0112 | Rekstur fasteigna | 225 523 | |
| 0113 | Sameiginleg útgjöld | 122 361 | |
| 0114 | Félagsvísindadeild | 101 398 | |
| 0115 | Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa | 633 900 | |
| 0116 | Mannfræðistofnun háskólans | 12 029 | |
| 0120 | Reiknistofnun | 85 134 | |
| | Gjöld samtals | 3 144 013 | |
| 202 | **Tilraunastöð háskólans á Keldum:** | | |
| 20 | Laun | 116 401 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 96 593 | |
| 4 | Viðhald | 3 500 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 15 500 | |
| | Gjöld samtals | 231 994 | |
| 0 | Sértekjur | 130 164 | |
| | Mismunur | | 101 830 |

| | | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **203** | **Raunvísindastofnun háskólans:** | | |
| 20 | Laun | 212 856 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 51 465 | |
| 4 | Viðhald | 12 065 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 32 374 | |
| | Gjöld samtals | 308 760 | |
| 0 | Sértekjur | 3 000 | |
| | Mismunur | | 305 760 |
| | **Viðfangsefni:** | | |
| 0101 | Yfirstjórn | 31 934 | |
| 02 | Eðlisfræðistofa | 57 540 | |
| 03 | Efnafræðistofa | 54 106 | |
| 04 | Jarðvísindastofa, jarðfræðideild | 36 869 | |
| 05 | — jarðeðlisfræðideild | 35 883 | |
| 06 | — háloftadeild | 19 302 | |
| 07 | Reiknifræðistofa | 21 042 | |
| 08 | Rekstur fasteigna | 27 880 | |
| 09 | Stærðfræðistofa | 24 204 | |
| | Gjöld samtals | 308 760 | |
| **205** | **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:** | | |
| 20 | Laun | 70 377 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 13 965 | |
| 4 | Viðhald | 1 000 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 22 000 | |
| | Gjöld samtals | 107 342 | |
| 0 | Sértekjur | 4 000 | |
| | Mismunur | | 103 342 |
| **206** | **Orðabók háskólans:** | | |
| 20 | Laun | 33 251 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 2 825 | |
| | Gjöld samtals | | 36 076 |
| **231** | **Náttúrufræðistofnun Íslands:** | | |
| 20 | Laun | 47 531 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 12 444 | |
| 4 | Viðhald | 1 150 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 3 100 | |
| | Gjöld samtals | | 64 225 |
| **232** | **Rannsóknaráð ríkisins:** | | |
| 20 | Laun | 30 095 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 31 768 | |
| 4 | Viðhald | 450 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 2 800 | |
| | Gjöld samtals | 65 113 | |
| 0 | Sértekjur | 1 500 | |
| | Mismunur | | 63 613 |

| | Viðfangsefni: | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| 0101 | Yfirstjórn | 41 656 | |
| 0103 | Þátttökugjald í Nordforsk | 3 300 | |
| 0106 | Til nýrra rannsóknarverkefna | 11 000 | |
| 0107 | Upplýsingaþjónusta | 9 157 | |
| | Gjöld samtals | 65 113 | |

**276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 90 | Yfirfærslur: | | |
| 91 | Til fyrirtækja í B-hluta | 91 200 | |
| | Gjöld samtals | | 91 200 |

**301 Menntaskólinn í Reykjavík:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20 | Laun | 317 063 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 20 651 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 10 000 | |
| | Gjöld samtals | | 347 714 |

**302 Menntaskólinn á Akureyri:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20 | Laun | 260 779 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 28 941 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 7 000 | |
| | Gjöld samtals | | 296 720 |

**303 Menntaskólinn á Laugarvatni:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20 | Laun | 81 831 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 13 640 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 8 000 | |
| | Gjöld samtals | 103 471 | |
| 0 | Sértekjur | 2 500 | |
| | Mismunur | | 100 971 |

**304 Menntaskólinn við Hamrahlíð:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20 | Laun | 435 189 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 33 108 | |
| 6 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 8 000 | |
| | Gjöld samtals | 476 297 | |
| 0 | Sértekjur | 6 000 | |
| | Mismunur | | 470 297 |

**305 Menntaskólinn við Sund:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20 | Laun | 343 256 | |
| 2 | Önnur rekstrargjöld | 21 782 | |
